









# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

**Föstudagur**
**3. desember 2010**
284. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000




### Harmleikur í Keflavík

*Dagný Gísladóttir skrifar bók um mannskæðan bruna í félagsheimilinu Skildi fyrir 75 árum.*

**tímamót** 32



### Akureyri með níu í röð

*Akureyri hélt sigurgöngu sinni áfram og Valsmenn komust af botninum.*

**íþróttir** 54

### veðrið í dag




**BJARTVIÐRI** víða um land en þó lítilsháttar él allra austast. Strekkingur með austurströndinni en annars fremur hægur vindur. Frost á bilinu 0 til 12 stig, kaldast inn til landsins.

**VEÐUR** 4






**KVÖLDKÖFUN Á ÞINGVÖLLUM** Napurt var þegar sautján kafarar renndu sér í upplýsta gjána Silfru á Þingvöllum á níunda tímanum í gærkvöld. Köfunin var hluti af tilraun til að setja heimsmet í fjöldaköfun en kafað var samtímis í nokkrum löndum. Einn kafaranna, Tobias Klose, segir það ekki koma í ljós fyrr en í dag hvort tilraunin hafi heppnast. Eftir sundið gæddu kafararnir sér á kjötsúpu í sumarbústað í nágrenninu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Nýtt vaxtabótakerfi í bígerð

**Ríkisstjórnin mun líklega kynna aðgerðapakka til bjargar skuldugum heimilum í dag. Þrjár leiðir verða farnar, þar á meðal verður tekið upp nýtt vaxtabótakerfi. Hefur ekki áhrif á greiðslur lífeyrissjóðanna.**

**EFNAHAGSMÁL** Nýtt vaxtabótakerfi, til viðbótar því gamla, er ein þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin stefnir að til aðstoðar skuldugum heimilum.

Samkomulagsdrög um aðgerðir liggja fyrir á milli ríkisstjórnar, lífeyrissjóða og banka. Ekki er búið að skrifa undir samkomulagið en það verður líklega gert í dag.

Aðgerðirnar eru í raun þríþættar. Mörkin til að komast inn í sértæka skuldaaðlögun verða lækkuð þannig að auðveldara verður fyrir fólk með litla greiðslugetu að komast í sértæku aðlögunina. Þá á einnig að auðvelda fólki að fara 110 prósenta leiðina svokölluðu, þar sem skuldir eru færðar niður í 110 prósent af markaðsvirði eigna.

Þriðja aðgerðin er síðan nýja vaxtabótakerfið sem snýr að umtalsverðri vaxtaniðurgreiðslu í gegnum skattkerfið. Nánari útfærslur á eftir að gera á kerfinu sem á að kallast á við gamla vaxtabótakerfið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður nýja kerfið eignatengt.

Óvíst er hver kostnaður við aðgerðirnar verður en þær eiga að ná til 40 til 50 þúsund manns.

„Ef ekkert óvænt kemur upp, á ég von á því að það takist að lenda þessu einhvern tíma á morgun [í dag],“ sagði Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, sem sat á fundi með einum ráðherranna þegar rætt var við hann.

Arnar sagði aðkomu lífeyrisjóðanna að aðgerðunum eina og sér ekki mundu hafa áhrif á lífeyrisgreiðslur sjóðanna. „Það helgast af því að lífeyrissjóðirnir eru með þannig veðstöðu að í langflestum tilfellum eru þeir vel innan marka. En auðvitað kemur fyrir að við lendum að einhverju leyti fyrir utan og þá verður einfaldlega að meta hvort um óinnheimtanlegar kröfur sé að ræða eða ekki,“ sagði Arnar sem ekki svaraði því hvort lífeyrissjóðirnir myndu koma að fjármögnun vaxtabótakerfisins. Það ætti eftir að koma í ljós.

**- kh, gar**

#### Aðgerðirnar

- aðgengi auðveldað að sértækri skuldaaðlögun.
- aðgengi auðveldað að 110 prósenta leiðinni.
- nýtt vaxtabótakerfi tekið upp, samhliða því gamla.

Framandi örvera, sem fannst í stöðuvatni í Kaliforníu, er ólík öllu öðru lífi:

# Baktería sem nærist á arseniki

**VÍSINDI** Vísindamenn hafa fundið áður óþekkta örveru í stöðuvatni í Kaliforníu. Hún er einstök í sinni röð fyrir það að hún getur nýtt sér arsenik til að vaxa og dafna.

„Þetta vekur upp vangaveltur um hvað annað geti verið mögulegt,“ segir Ariel D. Anbar við háskólann í Arizona, annar tveggja höfunda rannsóknar, sem birt er í tímaritinu Science.

Til þessa hafa vísindamenn talið að sex efni þyrfti til að mynda líf: kolefni, vetni, köfnunarefni, súrefni, fosfór og brennisteinn.

Þessar nýfundnu örverur, sem eru bakteríur, geta hins vegar notað arsenik í stað fosfórs og kom sú niðurstaða vísindamönnunum mjög á óvart.

Felisa Wolfe-Simon, vísindamaður hjá líffræðideild bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA, sem stjórnaði rannsókninni, segir að engin önnur þekkt lífvera geti notað arsenik í stað fosfórs.

„Þetta leiðir líkur að því að líf geti orðið til með öðrum hætti en eingöngu þeim, sem þróaðist hér á jörðinni,“ segir Wolfe-Simon. Þessi fundur getur því orðið til þess að vísindamenn, sem leita merkja um líf á öðrum hnöttum, hafi hér eftir fleiri möguleika í huga.

**- gb**









## SPURNING DAGSINS



*„Ólafur, ætlið þið að keyra þetta mál í gegn með trukki?“*

„Nei, en ekki heldur á bremsunni. Við förum þetta á löglegum og vistvænum hraða.“

Vegagerðin og Þingvallanefnd ætla að draga úr miklum hraðakstri sem sagður er fylgja nýjum vegi um Lyngsdalsheiði. Ólafur Örn Haraldsson er þjóðgarðsvörður á Þingvöllum.

Skylda formanns samninganefndar að greina frá því sem skaðar stöðuna, segir utanríkisráðuneytið:

# Formaður bænda segir ábyrgð „klínt“ á þá

**EVRÓPUMÁL** Orð formanns samninganefndar Íslands gagnvart ESB, Stefáns Hauks Jóhannessonar, í Fréttablaðinu á laugardag sýna að „fjarvera [Bændasamtakanna] frá fundum í Brussel var nauðsynleg“ segir Haraldur Benediktsson, formaður samtakanna, í leiðara Bændablaðsins í gær. Því með þeim sé reynt að „klína ábyrgð á bændur“ á samningum Íslands við ESB. Þetta viðhorf Stefáns Hauks „stórskaðar það traust sem ríkja þarf“ milli nefndarinnar og samtakanna, segir Haraldur.

Kveðst Haraldur hafa sent Stefáni Hauki bréf og krafist nánari skýringa á þessum orðum.

Stefán Haukur viðurkenndi á laugardag að sú afstaða samtakanna að taka ekki þátt í yfirstandandi rýniferli gæti gert samningsstöðu landsins „lakari en ella“. Þar kom fram að álag er á íslenskri stjórnsýslu, en öll tilkölluð hagsmunasamtök leggja nefndinni lið, nema Bændasamtökin.

Haraldur sagði í blaðinu á þriðjudag að andstaða Jóns Bjarnasonar landbúnaðarráðherra við aðildarviðræðurnar hefði þýtt að ekki náðist að vinna ákveðin verk í ferlinu. Þessu hafnaði landbúnaðarráðuneytið í gær.

Innan utanríkisráðuneytis er það talin skylda formanns samninganefndar að greina frá því ef eitthvað kann að hindra að besta mögulega samningi verði náð, segir heimild þar. Ekki sé hægt að sjá að Stefán Haukur hafi ráðist að bændum, heldur þvert á móti hafi hann bent á þekkingu þeirra og mikilvægi í ferlinu.

Ráðuneytinu hafði ekki borist bréf Haraldar í gær. **- kóþ**



**HARALDUR BENEDIKTSSON** Formaður Bændasamtakanna segir orð Stefáns Hauks, um að hjáseta bænda í rýniferlinu skaði samningsstöðu landsins, ómakleg. Samtökin hafi víst unnið að „viðkvæmum verkefnum“ í aðildarferlinu að beiðni stjórnvalda.

Kennarar ræða kjaramálin:

## Taka afstöðu til nýs samstarfs

**KJARAMÁL** Fulltrúar í stjórnum og samninganefndum aðildarfélaga Kennarasambands Íslands funda um stöðuna í kjaramálum í dag.

„Ég á von á að það verði tekin afstaða til hvort við verðum með í sameiginlegum málum eða verðum ein og sér,“ segir Eiríkur Jónsson, formaður sambandsins.

Samtök atvinnulífsins eru áfram um víðtækt samstarf á vinnumarkaði í anda stöðugleikasáttmálans frá því á síðasta ári. Kennarar telja sig hafa komið illa frá því tímabili og hafa til þessa verið neikvæðir í garð nýs samstarfs. **- bþs**



**VASKIR KRAKKAR** Börn af leikskólanum Hæðarbóli hjálpuðu bæjarstjóra við fyrstu skólfustunguna. MYND/GARDABAER.IS

Nýr leikskóli í Garðabæ:

## Tryggja öllum leikskólapláss

**GARÐABÆR Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, og Áslaug Hulda Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar, tóku í fyrradag fyrstu skóflustunguna að nýjum leikskóla við Línakur í Garðabæ.**

**Þeim til aðstoðar var hópur barna af leikskólanum Hæðarbóli.**

**Gert er ráð fyrir að skólinn muni rúma 100 börn, en með byggingu hans er öllum börnum yfir 18 mánaða aldri í Garðabæ tryggð leikskóladvöl. Kostnaður við bygginguna er ráðgerður 247 milljónir og er áætlað að hann hefji starfsemi vorið 2012.** **- þj**

# Hriplek vörn hjá endurskoðendum

**Komi upp vafaatriði við gerð ársreikninga og uppgjöra geta endurskoðendur kallað eftir gögnum frá viðskiptavini. Allir eiga að bregðast við því, segir lektor í reikningshaldi. Grunur leikur á að uppgjör Landsbankans hafi verið falsað.**

**VIÐSKIPTI** Endurskoðendur geta krafist allra þeirra gagna sem þeir telja sig þurfa á að halda við endurskoðun uppgjöra. Þeir eiga ekki að sætta sig við framlögð gögn viðskiptavina sinna.

„Þeir eiga ekki að láta sér nægja eitthvað sem kúnninn leggur fram,“ segir Bjarni Frímann Karlsson, lektor í reikningshaldi við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Hann leggur áherslu á að verði endurskoðendur varir við eitthvað athugavert í uppgjörum viðskiptavina sinna eigi þeir að kalla eftir gögnum. Enginn viðskiptavinur á að geta neitað að verða við ósk þeirra, að sögn Bjarna.

Slitastjórn Landsbankans hefur tilkynnt stjórn Pricewaterhouse-Coopers (PwC) um ætlaða bótaskyldu vegna vanrækslu við endurskoðun á reikningum bankans árið 2007 auk þess að hafa ekki gert fyrirvara við árshlutauppgjör í aðdraganda bankahrunsins árið 2008.

Herdís Hallmarsdóttir, lögmaður sem sæti á í slitastjórn Landsbankans, segir að óskað hafi verið eftir vinnugögnum PwC. Þeirri ósk hafi verið hafnað. „Vinnugögnin gætu sýnt fram á að eitthvað af því sem við höldum fram er ekki rétt,“ segir hún.

Í yfirlýsingu PwC segir að hlutverk fyrirtækisins hafi verið að láta í té álit á ársreikningum og hafa skoðun á hvort reikningsskil væru í samræmi við lög og reglur. Tekið hafi verið mið af þeim upplýsingum sem þeir höfðu aðgang að.

„Maður hefur ekki allar upplýsingar. Þessi afsökun endurskoðenda virðist harla léttvæg,“ segir Bjarni. **jonab@frettabladid.is**



**BJARNI Í PONTU** Háskóli Íslands stóð fyrir fyrirlestraröð um lærdóminn af bankahruninu eftir útkomu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Bjarni sagði skýrsluna sýna slæleg vinnubrögð endurskoðenda. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Helstu atriðin að mati slitastjórnar

- Grunur leikur á að eigið fé Landsbankans hafi verið ofmetið árið 2007 og hafi verið komið undir 8,0 prósenta lögbundið lágmark. Eiginfjárhlutfall Landsbankans var sagt 11,7 prósent í ársreikningi.
- Endurskoðendur gerðu ekki fyrirvara við uppgjör Landsbankans 2008.
- Endurskoðendur skilgreindu aldrei feðgana Björgólf Guðmundsson, formann bankaráðs Landsbankans, og Björgólf Thor son hans sem skylda aðila. Þeir áttu rúm 40 prósent í Landsbankanum frá ársbyrjun 2003.

### Taldi endurskoðendur á gráu svæði

Endurskoðendur hafa sloppið furðu vel þrátt fyrir að hafa brugðist við gerð ársreikninga banka og fjármálafyrirtækja fyrir hrun. Þetta sagði Bjarni Frímann Karlsson í erindi sínu í fyrirlestraröð Háskólans um lærdóma af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Hann benti á að endurskoðendur hefðu ofmetið eignir bankanna stórkostlega fyrir hrun og ekki fært eignir þeirra niður að ráði þrátt fyrir sterkar vísbendingar um lausafjárvandræði. Þá hefðu endurskoðendur átt að gera sér grein fyrir lánum bankanna fyrir kaupum á þeirra eigin bréfum. „Bókhaldsmeðferð var á mjög gráu svæði,“ sagði Bjarni.



**VONARSTRÆTI 12** Bakhúsið var fært til án vandræða um daginn en aðalhúsið bifaðist ekki í gær.

Þungt pundið í flokkshúsi:

## Yfirsást 25 tonn í Vonarstræti 12

**FRAMKVÆMDIR verktakar sem hugðust í gær flytja húsið á Vonarstræti 12 á nýjan stað á horni Kirkjustrætis og Tjarnargötun urðu að játa sig sigraða þegar í ljós kom að byggingin er um það bil 25 tonnum þyngri en áætlað var. Dæmið verður nú endureiknað. Búist er við að hægt verði að ljúka verknu með því að bæta þriðja krananum við þá tvo sem í gær megnuðu ekki að lyfta húsinu. Þingflokkur VG hefur haft aðstöðu í húsinu sem er í eigu Alþingis og er ætlað að vera í enda húsaraðar þingsins við Kirkjustræti.** **- gar**

Stefnir í að hitamet verði sett:

## 2010 eitt þriggja heitustu áranna

**MEXÍKÓ, AP** Árið 2010 er nú þegar orðið eitt af þremur heitustu árum sögunnar, en hin tvö eru 2005 og 1998. Árinu er ekki lokið, og það gæti því enn orðið það allra heitasta.

Áratugurinn 2001-2010 er sá heitasti, sem þekkst hefur frá því reglubundnar mælingar hófust árið 1850. Kaldir vetur í Evrópu gera það hins vegar að verkum að árið 2010 er orðið hið kaldasta í álfunni síðan 1996.

Þetta kemur fram í gögnum Alþjóðaveðurstofnunarinnar, sem kynnt voru í gær á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Cancun í Mexíkó. **- gb**






Börn í velferðarríkjum búa við meira ójafnrétti en börn í sumum þróunarlöndum:

# Sjónvarpssöfnun fyrir Barnahjálpina

**FÓLK** Með Fréttablaðinu í dag fylgir sérstakt blað tileinkað Barnahjálpinni og sölu Rauða nefsins. Í kvöld verður skemmtiþáttur í opinni dagskrá á Stöð 2 þar sem efnt verður til landssöfnunar til styrktar Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna.

Börn í mörgum evrópskum velferðarríkjum og í Bandaríkjunum búa við meira ójafnrétti en börn í sumum þróunarlöndum. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu um börn sem eiga á hættu að dragast aftur úr öðrum börnum.

„Skýrslan skoðar ákveðin einkenni mismununar, það er stöðu þeirra barna sem á botninum eru – og spyr hversu langt efnalega vel stæð lönd leyfi fátækustu börnum að heltast úr lestinni,“ segir í tilkynningu frá Barnahjálpinni. Litið var til efnislegrar velferðar, jafnréttis í menntun og jafnréttis í heilbrigðismálum.

„Ítalía, Bandaríkin, Grikkland, Belgía og Bretland eru til dæmis lönd sem leyfa hópi viðkvæmustu barnanna að heltast mun meira úr lestinni en lönd eins og Danmörk, Finnland, Írland, Sviss og Holland,“ segir í tilkynningunni.

Haft er eftir Gordon Alexander, forstjóra rannsóknarmiðstöðvar UNICEF, Innocenti, að löndin 25 sem borin séu saman séu öll háþróuð velferðarríki með svipaða getu til að takmarka fátækt meðal barna.

„Sú staðreynd að sumum löndum gengur betur en öðrum sýnir einungis að hægt er að brjóta upp fátæktarmunstrið,“ segir Alexander. **- gar**



**ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON** Einn fimm kynna skemmtiþáttar kvöldsins á Stöð 2 undirbýr sig undir landssöfnun á Degi Rauða nefsins með viðeigandi hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# Nýr þjónustuvefur eimskip.is og eport.is

## GLUGGI SEM OPNAR ÞÉR MÖGULEIKA Á ENN BETRI VIÐSKIPTUM



**Eimskip.is** er glæsilegur, viðmótsþýður og aðgengilegur vefur þar sem auðvelt er að nálgast upplýsingar um þjónustu Eimskipafélagsins um heim allan.

**ePort.is** er nýr þjónustuvefur Eimskips, einfaldur og þægilegur í notkun, sem veitir viðskiptavinum aðgang að fullkomnu upplýsingakerfi Eimskipafélagsins.

Korngarðar 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | Fax 525 7009 | www.eimskip.is

EIMSKIP
Yfir hafið og heim

## GENGIÐ 02.12.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,47 | 116,03 |
| Sterlingspund | 180,45 | 181,33 |
| Evra | 152,32 | 153,18 |
| Dönsk króna | 20,438 | 20,558 |
| Norsk króna | 18,880 | 18,992 |
| Sænsk króna | 16,617 | 16,715 |
| Japanskt jen | 1,3712 | 1,3792 |
| SDR | 176,89 | 177,95 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,8894

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tveggja vikna loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna haldin í Mexíkó:

# Styttist í samninga um eftirlit

**MEXÍKÓ, AP** Þótt litlar líkur séu á að samkomulag takist á sextándu loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Mexíkó um að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda, þá hafa Bandaríkjamenn og Kínverjar að mestu náð saman um það hvernig eftirliti með útblæstri verður háttað.

Ráðstefnan, sem hófst í byrjun vikunnar og stendur út næstu viku, er framhald á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn fyrir ári, en henni lauk eins og svartsýnisraddir höfðu spáð, nefnilega án árangurs að mestu.

Nokkrir embættismannafundir hafa verið haldnir síðan þá, að því er virðist með þeim árangri að andrúmsloftið er töluvert skárra en í fyrra, að minnsta kosti milli Bandaríkjamanna og Kínverja, sem hafa í það minnsta ekki verið jafn uppteknir af því að skiptast á gagnkvæmum ásökunum.

Lokatakmark ráðstefnuhaldanna er að ná nýjum loftslagssamningi, sem tekur við af Kyoto-bókuninni þegar gildistími hennar rennur út árið 2012. - gb




**LOFTSLAGSRÁÐSTEFNAN Í CANCUN** Fólk á gangi fyrir utan ráðstefnuhöllina. NORDICPHOTOS/AFP

Tólf mánuðir á skilorði:

# Hafði samræði við þrettán ára

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í tólf mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að láta stúlku sem þá var þrettán ára hafa við sig samræði. Þetta gerðist á þáverandi dvalarstað mannsins.

Rannsókn málsins hófst að frumkvæði foreldra stúlkunnar í mars 2010. Sama dag var tekin skýrsla af manninum. Játaði hann þar brot sitt. Sátt tókst um bótakröfu stúlkunnar á hendur manninum og greiddi hann henni 600 þúsund krónur. - jss

Finnbogi leggur ekkert til MP:

# Kaupa ekki hlut í bankanum

**VIÐSKIPTI „Við eigum ekki í viðræðum um aðkomu að MP banka," segir Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands.**



FINNBOGI JÓNSSON

**MP banki tapaði 1,9 milljörðum króna á fyrri hluta árs. Unnið hefur verið að því að auka eigið fé bankans í samráði við Fjármálaeftirlitið (FME). Gunnar Karl Guðmundsson, forstjóri MP banka, sagði í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 á mánudag að rætt hafi verið við lífeyrissjóðina og Framtakssjóðinn um kaup þeirra á hlutafé bankans.**

**Finnbogi sagði að ekki yrði opinberað hverjir leiti til Framtakssjóðsins þegar ekkert verði úr viðskiptunum.** - jab

## ÁRÉTTING

Fréttablaðið birti laufabrauðsuppskrift Hjördísar Stefánsdóttur hússtjórnarkennara í gær, en tekið skal fram að steikingaraðferðin kemur ekki frá henni. Hjördís segir að best sé að steikja laufabrauð úr léttri fitu, sérstakri steikingarfitu eða djúpsteikingarfitu, en ekki tólg eins og kom fram í blaðinu í gær. Þá tekur Hjördís fram að ekki skuli notast við dagblöð þegar fitan er síuð af kökunum, heldur einungis eldhúspappír.

## LEIÐRÉTTING

Þau mistök urðu í Markaðnum, fylgiriti Fréttablaðsins um viðskipti, á miðvikudag að fullt nafn viðmælanda féll út. Sá heitir Haraldur Bergsson og er hann framkvæmdastjóri Next á Íslandi.

# Þúsund hafa látið vita um grunsamlegar mannaferðir

**Nágrannavarsla hefur leitt til þess að lögregla hefur gómað innbrotsþjófa, nánast á staðnum, og fundið þýfi. Það sem af er árinu hafa lögreglu borist 987 ábendingar frá almenningi um grunsamlegt athæfi.**

**LÖGREGLUMÁL** „Nágrannavarslan hefur komið sér afar vel og það er mikill áhugi hjá fólki," segir Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu, spurður um árangur nágrannavörslu, sem lögregla hefur lagt áherslu á í baráttunni gegn innbrotum.

Geir Jón kveður ábendingar fólks hafa leitt til þess að innbrotsþjófar hafi verið teknir, sumir hverjir við iðju sína og þýfi hafi náðst. Hann segir borgara sýna mikla árvekni þegar grunsamlegar mannaferðir og athæfi séu annars vegar. Það sem af er árinu hafa lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu borist 987 ábendingar um grunsamlegar mannaferðir.

„Ég get nefnt sem dæmi um fólk sem tók myndir út um gluggann heima hjá sér og fylgdist með tveimur einstaklingum sem fóru út úr bíl og brutust inn í hús. Þegar þeir voru búnir að athafna sig drifu þeir sig á brott. Fólkið kom myndunum og upplýsingum til okkar og málið var auðleyst.

Í öðru tilviki benti bílnúmer á bíræfna innbrotsþjófa um miðjan dag í íbúðarhverfi. Fólk tók eftir því að verið var að bera muni út úr nágrannahúsi, en vissi ekki til þess að neinn væri að flytja. Það tók niður númerið á bílnum og kom því til lögreglu. Þegar farið var að athuga málið reyndist númerið vera á sendibíl sem var á ferðinni með mikið af þýfi úr íbúðarhúsinu."

Þá segir Geir Jón almenning hafa miðlað lýsingum á fólki sem hægt hafi verið að tengja við ákveðin atvik. Það hafi auðveldað eftirfylgni mála þar sem fyrir hafi legið sterkur vitnisburður um að viðkomandi hafi verið á þeim stað þar sem brotist hafði verið inn.

„Það eru vísbendingar af þessu tagi sem lögreglan er að kalla eftir, því þær geta auðveldað úrlausn mála," undirstrikar Geir Jón. „Þetta upplýsingastreymi frá fólki til lögreglu er alltaf að aukast. Við viljum fá allar ábendingar sem kunna að vera fyrir hendi og vinnum síðan úr þeim. Við sjáum að almenningur getur hjálpað okkur mjög mikið og höfum bent á það."

Geir Jón segir að lögreglan greini frá þeim góða árangri sem nágrannavarslan hefur þegar skilað. Fólk sé því upplýst um að varslan beri árangur og umræðan smiti út frá sér, þannig að sífellt fleiri borgarar séu á varðbergi.

jss@frettabladid.is

### Tilkynningar til lögreglu um grunsamlegar mannaferðir

**Fjöldi tilkynninga til lögreglu höfuðborgarsvæðisins**

| 2007 | 2008 | 2009 |
|---|---|---|
| 829 | 903 | 1248 |

**Samanburður milli árshluta**

| | |
|---|---|
| 1. jan-2. des. 2007 | 767 |
| 1. jan-2. des. 2008 | 801 |
| 1. jan-2. des. 2009 | 1143 |
| 1. jan-2. des. 2010 | 987 |

Heimild: LRH



**INNBROTSÞJÓFAR** Ábendingum borgara til lögreglu vegna grunsamlegra mannaferða hefur fjölgað verulega og þær hafa borið góðan árangur. Lögregla metur nágrannavörslu mikils.




## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**HELGIN**
Það verður nokkuð bjart veður á landinu um helgina en þó má búast við að þykkni upp þegar líður á morgundag en létti svo aftur til seinnipart sunnudags. Það hlánar um tíma allra vestast annars verður áframhaldandi frost.



**Á MORGUN** Fremur hægur vindur um mest allt land.

**SUNNUDAGUR** Fremur hægur vindur um mest allt land.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 13° |
| Basel | 4° |
| Berlín | -9° |
| Billund | -2° |
| Frankfurt | -5° |
| Friedrichshafen | -1° |
| Gautaborg | 0° |
| Kaupmannahöfn | 0° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 2° |
| Mallorca | 11° |
| New York | 6° |
| Orlando | 18° |
| Ósló | -9° |
| París | -4° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | -2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*



# EINFALT

## AÐ SKILA OG SKIPTA

**AÐ SKIPTA JÓLAGJÖFUM ER EINFALT...**

hjá okkur geta þínir nánustu valið úr yfir 50.000 vörutegundum og allir finna eitthvað við sitt hæfi:

*leikföng, spil, snyrtivörur, fatnaður, skór, skemmtiefni, bækur, búsáhöld, raftæki og margt fleira.*




OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Telur þú starf stjórnlagaþingsins mikilvægt?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 51,8% |
| NEI | 48,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að heimila aukinn innflutning á kjúklingi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Snjór og kuldar tefja enn samgöngur víðs vegar í löndum Evrópu:

# Milljónir urðu strandaglópar

**BRETLAND** Milljónir manna komust hvergi og þurftu að fresta ferðum sínum þegar loka þurfti flugvöllum og tafir urðu á lestarsamgöngum víðs vegar um Evrópu vegna snjóa og kulda í gær.

Í Danmörku voru íbúar á sunnanverðu Sjálandi hvattir til að halda sig heima, og komust raunar hvergi vegna fannfergis.

Snjór lá yfir nánast öllu Þýskalandi í gærmorgun og þurftu tugir manna að sofa í lestarvögnum í Frankfurt og Leipzig vegna þess að öll hótel urðu yfirfull eftir að fresta þurfti lestarferðum.

Loka þurfti flugvellinum í Prag í Tékklandi í fyrrinótt og í Póllandi fór frostið niður í 26 stig, sem er nánast óþekkt á þessum árstíma.

Í Belgíu mynduðust samtals um 600 kílómetra langar umferðarteppur og í norðanverðu Frakklandi sátu þúsundir ökumanna fastir í bílum sínum.

Veðurfræðingar spá áframhaldi á snjókomunni næstu daga. - gb



**FERÐAST Á SKÍÐUM** Í Cherbourg í Frakklandi smellti þessi vegfarandi skíðum undir fæturna og komst léttilega leiðar sinnar. NORDICPHOTOS/AFP

Ósk um eggjainnflutning:

# Ráðuneyti tafði mál í yfir tvö ár

**STJÓRNSÝSLA** Umboðsmaður Alþingis hefur lagt fyrir landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið að fara að stjórnsýslulögum vegna umsókna um innflutning á landbúnaðarvörum.

Fyrirtæki eitt kvartaði til umboðsmanns í ágúst þegar liðin voru tvö ár og fjórir mánuðir án þess að ráðuneytið svaraði umsókn um leyfi til að flytja inn egg frá Svíþjóð. Umboðsmaður segir málsmeðferð ráðuneytisins ekki samrýmast málshraðareglu stjórnsýslulaga. - gar










# Skoða lækkun tolla á innfluttum kjúklingi

**Landbúnaðarráðuneyti skoðar hvort endurskoða eigi innflutningskvóta á kjúklingi. Tap framleiðenda vegna sýkinga nemur hundruðum milljóna króna. SVÞ krefja ráðherra um tafarlausa heimild fyrir auknum tollfrjálsum innflutningi.**

**LANDBÚNAÐUR** „Það er verið að skoða þessi mál mjög alvarlega,“ segir Bjarni Harðarson, upplýsingafulltrúi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um kröfur um tollfrjálsan innflutning á kjúklingi.

Ráðuneytinu barst formlegt erindi í gær frá Samtökum verslunar og þjónustu þar sem þess er krafist af Jóni Bjarnasyni landbúnaðarráðherra að hann heimili aukinn innflutning nú þegar og mikilvægt sé að hann sé án aðflutningsgjalda. Ástæðan er síendurtekin tilfelli salmonellusýkinga hjá innlendum framleiðendum sem leiða til skorts á kjúklingi á markaðnum.



**BJARNI HARÐARSON**

Bjarni segir að mikilvægt sé að hafa í huga að bæði framleiðendur og innflytjendur séu hagsmunahópar í málinu og verið sé að afla gagna í ljósi þess. „Nú er verið að skoða birgðastöðu á markaðnum fyrst og fremst,“ segir Bjarni. „Fyrstu athuganir okkar benda til þess að það séu nægar birgðir og það er byggt á upplýsingum víða að.“

Bjarni segir enn fremur að nefnd sem fjallar um innflutningsmál þurfi að skoða og fjalla um málið áður en ráðuneytið getur tekið ákvörðun.

Í nóvember greindust tveir eldishópar jákvæðir af salmónellu til viðbótar við þá 27 sem greinst hafa á þessu ári. Þessum hópum þarf að farga og urða fuglana. Einnig hafa greinst þrír sláturhópar til viðbótar við þá 18 sem greinst höfðu á árinu. Í Bændablaðinu í gær kom fram að á tveimur og hálfu ári hefði meira en hálfri milljón kjúklinga verið fargað.

Halldór Runólfsson yfirdýralæknir segir að grunur leiki á að sýkingarnar berist til framleiðenda með fóðrinu. Verið sé að nota innflutt sojamjöl í auknum mæli sem prótíngjafa í fóðurframleiðslu og margt bendi til þess að sýkingin dreifist með því. Ekkert hefur þó verið staðfest í þeim efnum.

sunna@frettabladid.is



**KJÚKLINGAFRAMLEIÐSLA** Framkvæmdarstjóri Reykjagarðs segir fyrirtækið ekki ná að anna allri eftirspurn á markaðnum sökum salmonellusýkingar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## Hundruð milljóna tjón á þessu ári

Matthías Hannes Guðmundsson, framkvæmdastjóri Reykjagarðs, segir tjón fyrirtækisins vegna salmonellusýkinga á þessu ári nema á annað hundrað milljónum króna.

„Við náum ekki að skaffa allt sem við gætum skaffað, það er nokkuð ljóst,“ segir Matthías. „Það er verið að framleiða minna magn sem gerir það að verkum að erlendur kjúklingur er fluttur inn, sem er bara ágætt og nauðsynlegt fyrir markaðinn.“

Sveinn Jónsson, framkvæmdastjóri Matfugls, segir fjárhagslegt tjón fyrirtækisins á þessu ári hlaupa á tugum eða hundruðum milljónum króna. Hann segir fyrirtækið þó ná að anna eftirspurn á markaðnum og vöruskil frá verslunum vegna útrunnins kjúklings á hundruðum kílóa á mánuði.

Útgerðin Samherji bætir 260 þúsund króna jólabónus ofan á uppbót starfsfólks:

# Greiða 80 milljónir í bónusa

**VIÐSKIPTI** Útgerðarfélagið Samherji hefur ákveðið að greiða starfsfólki sínu í landi 260 þúsund króna launauppbót í desember til viðbótar við umsamda 46 þúsund króna desemberuppbót. Uppbótin nemur í heildina 320 þúsund krónum á mann og kostar Samherja í kringum 80 milljónir króna að frátöldum tengdum gjöldum.

Þeir sem hafa starfað hjá Samherja í ár og meira fá fulla launauppbót, aðrir fá helming hennar.

Haft er eftir Þorsteini Má Baldvinssyni, forstjóra Samherja, í tilkynningu að það sé ánægjuefni að geta umbunað starfsfólki með þessum hætti. Þetta er annað skiptið á árinu sem Samherji greiðir starfsfólki sínu launauppbót.

Samherji hóf í fyrra að gera reikninga sína upp í evrum. Skuldbindingar félagsins eru að mestu í erlendri mynt og aðeins tæp eitt prósent lána í krónum. Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu gera sjö af tíu stærstu útgerðarfélögum landsins upp í annarri mynt en krónu.

Stjórn Samherja greiddi hluthöfum fimm milljónir evra í arð vegna afkomu fyrirtækisins í fyrra. Það jafngildir tæpum 767 milljónum króna á gengi gærdagsins. Arðgreiðslur námu rúmum átta hundruð milljónum í fyrra. - jab



**GERT AÐ FISKI** Starfsfólk Samherja sem unnið hefur lengur en í ár hjá fyrirtækinu fær 320 þúsund krónur í bónus fyrir jólin. MYND/SAMHERJI



**FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM**

## Borðstofuhúsgögn

**Nýjar sendingar**

skovby
Excellent Dining Rooms

Afar vönduð sænsk húsgögn
Mikið úrval

## Hvíldarstólar

**Nýjar sendingar**

Eitt mesta úrval landsins af hvíldarstólum



**Í tilefni af 50 ára afmæli Valhúsgagna bjóðum við nú 20% afslátt af öllum vörum í versluninni**

## Sófar

**Ný sending frá Italsofa**

Stakir sófar 3+2, hornsófar, sófasett, svefnsófar o.fl.



**Opið allar helgar í desember**

**www.valhusgogn.is**

**Valhúsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

Opið virka daga kl. 10-18 **Laugardag kl. 11-16 / Sunnudag kl. 13-16**

## VEISTU SVARIÐ?



*1 Hvað heitir fyrirtækið sem vill flytja inn eitt þúsund rafmagnsjeppa?*

*2 Hversu mikið verður greitt í aðgangseyri að Frostrósum og Jólagestum Björgvins samkvæmt áætlun Fréttablaðsins?*

*3 Hvaðan kemur Jóladagatal barnanna í ríkissjónvarpinu í þetta sinn?*

**SVÖR**

*1. Northern Lights Energy. 2. 300 milljónir króna. 3. Frá Noregi.*

Lögregla yfirheyrði tíu pilta vegna stórfellds ólöglegs niðurhals efnis af netinu:

# Grunaðir um að þiggja greiðslur

**LÖGREGLUMÁL** Sumir þeirra tíu einstaklinga sem lögregla yfirheyrði vegna stórfellds ólöglegs niðurhals efnis í fyrrakvöld og gærdag eru grunaðir um að hafa fengið greitt fyrir dreifingu þess.

Ekki liggur fyrir í hvaða formi greiðslurnar voru, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins, en það er einn þáttur málsins sem lögregla rannsakar nú.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gerði níu húsleitir í fyrradag vegna málsins, sjö á Akureyri og í nágrenni og tvær á höfuðborgarsvæðinu.

Tíu piltar á aldrinum 15 til 20 ára eru grunaðir um aðild að málinu. Þeir voru yfirheyrðir í fyrrakvöld og einhverjir þeirra aftur í gær.

Hald var lagt á margar tölvur og tölvubúnað auk þess sem marijúana, um 80 grömm, fannst í einu húsanna.

Rannsókn málsins hefur staðið yfir um nokkurt skeið. Upphaf þess má rekja til kæru sem Samtök myndrétthafa lögðu fram og sneri að ólöglegu niðurhali og dreifingu höfundarréttarvarins efnis af netinu.

Efnið sem um er að ræða er fyrst og fremst kvikmyndir og sjónvarpsþættir.

Rannsókn málsins miðar vel en mikið verk er fram undan við að fara yfir tölvubúnaðinn sem tekinn var. **- jss**



**HÖFUNDARRÉTTARBROT** Lögregla á eftir að rannsaka innihald tölvubúnaðar sem tekinn var hjá piltunum.


Tryggjum öllum börnum gleðileg jól
Taktu þátt í Pakkajólum Bylgjunnar við jólatréð í Smáralind
Pakkajól Bylgjunnar
Við óskum öllum gleðilegra jóla
BYLGJAN 989

Humar 2000 kr.kg
Skelflettur Humar 5900 kr.kg
Skötuselur 2890 kr.kg
Skatan er klár í slaginn
Sjáumst eldhress á eftir.
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Auglýsingasími 512 50 50
Allt sem þú þarft...

Fasteignafélagið Reginn A3 ehf. til sölu

Reginn ehf. dótturfélag Landsbankans hefur falið Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans að annast sölu á öllu hlutafé í fasteignafélaginu Reginn A3 ehf. Félagið á 7 fasteignir sem eru að meginhluta leigðar undir smásölurekstur á höfuðborgarsvæðinu. Félagið er með 24 leigusamninga við 19 leigutaka. Heildarfjöldi útleigðra fermetra er um 7.800.

Söluferlið hefst formlega með þessari auglýsingu og er opið öllum áhugasömum fjárfestum sem standast hæfismat og sýnt geta fram á fjárfestingargetu umfram 350 milljónir króna.

Unnt er að nálgast allar frekari upplýsingar um söluferlið, félagið og önnur gögn, þar með talið trúnaðaryfirlýsingu og eyðublað fyrir fjárfesta, á vefsíðu Landsbankans, landsbankinn.is, frá klukkan 15.00 þann 23. nóvember 2010.

**Frestur til að skila inn bindandi tilboðum rennur út klukkan 16.00 mánudaginn 20. desember 2010.**

***Reginn ehf. er sértækt dótturfyrirtæki Landsbankans sem fer með eignarhald bankans á fasteignum eða hlutafé fasteignafélaga sem líklegt er að bankinn eigi um einhvern tíma. Stofnun Regins og starfsemi félagsins er einn þáttur í þeim víðtæku ráðstöfunum sem Landsbankinn beitir við fjárhagslega endurskipulagningu atvinnufyrirtækja.***

Reginn
Landsbankinn
NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.
ENNEMM / SÍA / NM44458




**FRÁ KÍNA** Flest börn sem eru ættleidd af íslenskum foreldrum koma frá Kína. Um hundrað eru á biðlista hérlendis. MYND/GETTY

# Skattaskýrsla lengdi bið eftir barni

**Sýslumaðurinn í Búðardal hefur eftir bankahrunið hert eftirlit með fjárhag þeirra sem vilja ættleiða barn. Íslensk ættleiðing gagnrýnir störf sýslumanns sem er einráður þegar kemur að ættleiðingum.**

**STJÓRNSÝSLA** „Það þarf ekki sérfræðing til að sjá að það er óeðlilegt að ein manneskja taki ákvörðun um útgáfu allra ættleiðingarleyfa á Íslandi“, segir Vigdís Ó. Sveinsdóttir, lögfræðingur Íslenskrar ættleiðingar (ÍÆ), sem fór fram á það fyrr á þessu ári að dómsmála- og mannréttindaráðuneytið kannaði stjórnsýslu Áslaugar Þórarinsdóttur, sýslumanns í Búðardal. Tilefnið var breytt vinnulag hennar við meðferð umsókna um ættleiðingar eftir hrunið og hert eftirlit með fjárhag umsækjenda.

Sýslumaður sendi umsækjendum, sem eru í endurnýjunarferli með forsamþykki til ættleiðingar, bréf fyrr á þessu ári. Þar kemur fram að hún hafi farið þess á leit við barnaverndarnefndir sveitarfélaganna að farið verði vandlega yfir núverandi eigna- og skuldastöðu umsækjenda. Sama eigi við um hugsanlegar breytingar á öðrum högum fólks, eins og hvort viðkomandi hafi enn vinnu. Ástæðan er hrunið og áhrif þess á fjárhag einstaklinga og fjölskyldna.

Vigdís sendi athugasemdir til dómsmálaráðuneytisins fyrir hönd ÍÆ fyrr á þessu ári. Telur ÍÆ að vinnulag sýslumanns fari í bága við helstu meginreglur stjórnsýsluréttar og beri vott um „afar bága stjórnsýsluhætti af hálfu sýslumanns.“ Í athugasemdunum kemur fram að sýslumaður óskaði eftir því við umsækjendur að þeir skil-

> Það þarf ekki sérfræðing til að sjá að það er óeðlilegt að ein manneskja taki ákvörðun um útgáfu allra ættleiðingarleyfa.
>
> **VIGDÍS Ó. SVEINSDÓTTIR**
> LÖGFRÆÐINGUR ÍÆ

uðu skattframtali fyrir árið 2009 áður en framtalsfrestur var liðinn, og afgreiðsla umsókna var frestað á meðan. Heimildir Fréttablaðsins herma að þetta sé aðeins eitt dæmi þess að Áslaug gangi hart fram og geri kröfur sem enga stoð eigi í lögum og reglum. Hefur hún til dæmis sett það fyrir sig að umsækjendur búi í leiguhúsnæði, sem hefur tafið afgreiðslu umsóknar.

Sýslumaður sendi ráðuneytinu álit sitt á málflutningi ÍÆ þegar eftir því var leitað. Í stuttu máli hafnar hún öllu sem kemur fram í erindi ÍÆ og segir það lýsa „með alvarlegum hætti bæði vankunnáttu og skorti á skilningi á þeim lögum, reglum og alþjóðlegu samningum um ættleiðingar sem sýslumanni ber að fara eftir.“

Í svarbréfi ráðuneytisins til ÍÆ segir að ekkert sé við stjórnsýsluna að athuga, hún sé bæði lögmæt og vönduð.

Vigdís telur meðferð ráðuneytisins með ólíkindum og málinu sé hvergi nærri lokið af hálfu ÍÆ.

**svavar@frettabladid.is**

markhonnun.is

# nettó

*gleðjumst saman um jólin*



## SVÍNALUNDIR
FERSKAR

40% afsláttur

**1.499** kr/kg
áður 2.498 kr/kg

**GJAFAKORT NETTÓ**
GÓÐ GJÖF FYRIR ALLA

# *Hátíðasteikur í úrvali*

### HAMBORGARHRYGGUR
KJÖTSEL



31% afsláttur

**896** kr/kg
áður 1.298 kr/kg

### HANGIFRAMPARTUR
SS - BIRKIREYKTUR ÚRB.

25% afsláttur



**1.964** kr/kg
áður 2.618 kr/kg

### HANGILÆRI
MEÐ BEINI FRÁ KJARNAFÆÐI




25% afsláttur

**1.499** kr/kg
áður 1.998 kr/kg

### KALKÚNN



**1.098** kr/kg
áður 1.498 kr/kg

### MELÓNA
GRÆN

50% afsláttur



**135** kr/kg
áður 269 kr/kg

### HUMAR
2 KG ASKJA

31% afsláttur



**3.995** kr/pk.
áður 5.798 kr/pk.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

**Tilboðin gilda 02. - 05. des.**
eða meðan birgðir endast



**KVEIKT Á KERTUM** Risastórri sjö arma ljósastiku hefur verið komið upp í Washingtonborg í tilefni af ljósahátíð gyðinga. NORDICPHOTOS/AFP

Lögmaður þekkir ekki viðlíka dæmi um eignaupptöku þar sem sönnunarbyrði er snúið við:

# Einn sýknaður af aðild að kókaínsmygli

**DÓMSTÓLAR** Hæstiréttur hefur staðfest fjögurra og hálfs árs fangelsisdóm yfir Davíð Garðarssyni fyrir að smygla til landsins 1,6 kílóum af kókaíni frá Spáni. Rétturinn klofnaði hins vegar í afstöðu til aðildar Guðlaugs Agnars Guðmundssonar að smyglinu. Meirihlutinn taldi aðild hans ekki hafna yfir vafa, en sakfelldi hann um leið fyrir peningaþvætti. Dómur yfir honum fór úr fjórum og hálfu ári í tvö.

Fangelsisdómur þriðja mannsins, Péturs Jökuls Jónassonar, sem áfrýjaði til Hæstaréttar fór úr þremur árum í tvö.

Tveir aðrir sem dæmdir voru fyrir aðild sína að smyglinu undu dómi héraðsdóms, en það eru Orri Freyr Gíslason, sem fékk þriggja og hálfs árs dóm og burðardýrið Jóhannes Mýrdal sem fékk tveggja ára dóm.

Fyrir Hæstarétti gerði Guðlaugur Agnar kröfu um að hafnað yrði upptöku eigna sem kveðið var á um í héraði. Hæstiréttur hafnaði þeirri kröfu og vísaði til heimildar í hegningarlögum um eignaupptöku. Guðlaugur Agnar hafi ekki getað sýnt fram á að aflað hafi verið á lögmætan hátt tæplega 4,7 milljónum króna og skartgripa að tveggja milljóna króna virði.



**FRÁ ÞINGFESTINGU** Davíð Garðarsson við þingfestingu máls á hendur honum og fjórum öðrum fyrir fíkniefnasmygl frá Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Svona dómar hafa ekki gengið áður svo ég muni eftir,“ segir Björgvin Þorsteinsson, lögmaður Guðlaugs og furðar sig á því hvernig sönnunarbyrði hafi verið snúið við hvað varðar eignarhald á verðmætunum, sem gerð hafi verið upptæk í bankahólfi föður Guðlaugs. „Og pabbi hans hélt því fram að hann ætti peningana. Ég skil ekki hvernig þetta er hægt,“ segir hann og útilokar ekki að reynt verði að skjóta málinu til Mannréttindadómstóls Evrópu. **- óká**


## AUGLÝSING UM ÚRSKURÐ UM SLITAMEÐFERÐ

Þann 22. nóvember sl. kvað Héraðsdómur Reykjavíkur upp úrskurð þess efnis að Kaupþing banki hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 26, Reykjavík („Kaupþing“), væri tekinn til slitameðferðar samkvæmt B hluta XII. kafla laga nr. 161/2002, sbr. 3. og 4. tl. ákvæðis V til bráðabirgða í sömu lögum.

Þann 9. október 2008 tók Fjármálaeftirlitið yfir vald hluthafafundar Kaupþings í samræmi við lög nr. 161/2002 sbr. og 5. gr. laga nr. 125/2008 og skipaði skilanefnd Kaupþings, sem tók við öllum heimildum stjórnar félagsins samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995 í samræmi við 100. gr. a laga nr. 161/2002.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þann 24. nóvember 2008 var Kaupþingi veitt heimild til greiðslustöðvunar til 13. febrúar 2009. Var sú heimild framlengd þrisvar sinnum, að síðustu til 24. nóvember 2010 en heimild til greiðslustöðvunar getur aðeins staðið samanlagt í tvö ár.

Með bráðabirgðaákvæðum laga nr. 44/2009, um breytingu á lögum nr. 161/2002, er tóku gildi 22. apríl 2009, var sett sérregla um upphaf slitameðferðar fjármálafyrirtækja, sem hafði verið skipuð skilanefnd fyrir gildistöku laganna. Samkvæmt sérreglunni skyldu ákvæði 1. mgr. 101. gr., 102. gr. 103. gr. og 103. gr. a laga nr. 161/2002, eins og þeim var breytt með 1. mgr. 5. gr. og 6.–8. gr. laga nr. 44/2009, gilda um greiðslustöðvunina með sama hætti og ef bankinn hefði verið tekinn til slitameðferðar með dómsúrskurði á þeim degi er lögin tóku gildi. Slitameðferð Kaupþings hófst því þann 22. apríl 2009, við gildistöku laganna, og skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur bankanum slitastjórn með bréfi dags. 25. maí 2009.

Innköllun til skuldheimtumanna með ábendingu um þá fresti sem virða þurfti var gefin út í júní 2009. Birtist hún m.a. í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Fresti til að lýsa kröfum lauk 30. desember 2009 en rúmlega 28.000 kröfur bárust innan frestsins. Hafa þegar verið haldnir þrír fundir til að fjalla um lýstar kröfur og verður sá fjórði haldinn í dag, 3. desember 2010.

Samkvæmt 2. tl. bráðabirgðaákvæðis nr. V í lögum nr. 161/2002 eins og þeim var breytt með 2. gr. laga nr. 132/2010 er úrskurður um slitameðferð nauðsynlegur til þess að slitameðferð verði haldið áfram eftir að greiðslustöðvun lýkur. Jafnframt er slíkur úrskurður staðfesting þess sem þegar hefur verið gert samkvæmt beinum fyrirmælum laga nr. 44/2009. Það þýðir m.a. að þær ráðstafanir sem gerðar voru í greiðslustöðvun bankans, svo sem þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið á grundvelli 101.–103. gr. og 103. gr. a laga nr. 161/2002 eftir 22. apríl 2009 halda gildi sínu. Að því leyti sem rétthæð krafna og önnur réttaráhrif ráðast almennt af þeim degi er úrskurður um slitameðferð gengur skal á sama hátt miða við gildistökudag þeirra laga, þ.e. 22. apríl 2009.

Með bréfi dags. 17. nóvember 2010 kröfðust skilanefnd og slitastjórn Kaupþings þess að bankinn yrði tekinn til slitameðferðar með dómsúrskurði. Var sá úrskurður kveðinn upp þann 22. nóvember 2010 enda taldi dómurinn augljóst af þeim gögnum sem lögð voru fyrir dóminn að efnisskilyrði 3. tl. 2. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002 væru uppfyllt, að Kaupþing gæti ekki staðið að fullu í skilum við lánardrottna sína og að sú staða myndi sýnilega ekki breytast. Þá var kveðið á um það að úrskurðurinn skyldi hafa réttaráhrif frá 22. apríl 2009, sbr. 2. tl. ákvæðis V til bráðabirgða laga nr. 161/2002, sbr. 2. gr. laga nr. 132/2010.

Auglýsing þessi er birt til að uppfylla þá skyldu sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar nr. 872/2006, um tilkynningu og birtingu ákvarðana um endurskipulagningu fjárhags og slit lánastofnana.

Reykjavík, 2. desember 2010

| Skilanefnd Kaupþings banka hf. | Slitastjórn Kaupþings banka hf. |
|---|---|
| Steinar Þór Guðgeirsson, hrl. | Ólafur Garðarsson, hrl. |
| Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl. | Davíð B. Gíslason, hdl. |
| Knútur Þórhallsson | Feldís L. Óskarsdóttir, hdl. |
| Theodór S. Sigurbergsson | |

KAUPÞING




**BARIST VIÐ ELDANA** Slökkviliðið átti litla möguleika á að ráða við ofsa eldanna. NORDICPHOTOS/AFP

# Tugir farast í skógareldum

**Verstu náttúruhamfarir í sögu Ísraels hafa kostað að minnsta kosti fjörutíu manns lífið. Stjórnvöld sögðu eldana stjórnlausa og báðu um hjálp annarra ríkja.**

**ÍSRAEL** Slökkvilið Ísraels sagðist í gærkvöld ekkert ráða við skógareldana sem geisuðu skammt frá borginni Haífa. Stjórnvöld sögðu þetta verstu náttúruhamfarir í sögu Ísraels.

Um tíma æddu eldarnir áfram í hlíðum Karmelfjalla og fóru hálfan annan kílómetra á aðeins þremur mínútum. Rýma þurfti nokkur þorp og voru þúsundir manna fluttir burt frá hættusvæðunum. Meðal annars þurfti að rýma sjúkrahús, stúdentagarða, fangelsi og samyrkjubú.

Um fjörutíu fangaverðir létu lífið þegar kviknaði í strætisvagni, sem þeir voru í. Ferð þeirra var heitið að Damon-fangelsinu, þar sem rýma þurfti fangelsið vegna eldanna. Mennirnir höfðu ekki unnið í fangelsinu, heldur brugðust við hjálparbeiðni vegna eldanna.

„Þeir reyndu að flýja en brunnu lifandi. Þetta var hræðilegt,“ hafði ísraelska dagblaðið Jerusalem Post eftir talsmanni slökkviliðsins. Alls voru um fimmtíu fangaverðir í vagninum, en tíu þeirra tókst að komast undan í tæka tíð.

Óvenju miklir þurrkar eru nú í Ísrael og sterkir vindar bera eldinn hratt. Óljóst var um eldsupptökin í gær.

Eli Jischai innanríkisráðherra lét kalla út allt slökkvilið í norðanverðu landinu og Ehud Barak varnarmálaráðherra sagði að her landsins myndi taka þátt í slökkvistarfinu.

> Þeir reyndu að flýja en brunnu lifandi. Þetta var hræðilegt.
>
> TALSMAÐUR SLÖKKVILIÐSINS Í ÍSRAEL

Tugir manna voru sárir eftir eldana, þar á meðal lögreglustjórinn í Haífa sem var illa haldinn.

„Við höfum misst alla stjórn á eldunum,“ hafði ísraelska dagblaðið Haaretz eftir talsmanni slökkviliðsins í Haífa. „Það er ekki til nógu mikið af slökkvibúnaði í Ísrael til að slökkva eldinn.“

Stjórnin í Kýpur og á Grikklandi höfðu í gær brugðist við hjálparbeiðni, en einnig hafði verið leitað til Bandaríkjanna, Búlgaríu, Króatíu, Spánar, Frakklands og Rúmeníu eftir aðstoð, meðal annars um að fá herþotur frá nálægum flugvöllum til að aðstoða við slökkvistarfið.



**VARÐ ELDINUM AÐ BRÁÐ** Strætisvagn með fjörutíu fangavörðum brann í einu vetfangi.

gudsteinn@frettabladid.is


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÝRÐU UMRÆÐUNNI Í ÁTT TIL ÞÍN

Meiri Vísir.

vísir.is

Ellingsen

– FULLT HÚS JÓLAGJAFA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • **mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16**
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is**

# DEVOLD

# UNDIRFATNAÐUR

## – GEFÐU HLÝLEGA JÓLAGJÖF!



Tveggja laga ullarundirfatnaðurinn sem andar vel og flytur raka frá líkamanum þar sem hann gufar svo upp. Fötin eru mjög mjúk og þægileg og henta vel fyrir þá sem eru viðkvæmir fyrir ullarfatnaði.

DEVOLD ACTIVE nærbolur.
**Verð 4.990 kr.**

DEVOLD ACTIVE
síðar ullarbuxur.
**Verð 4.990 kr.**

DEVOLD EXPEDITION
nærbolur.
**Verð 9.990 kr.**

DEVOLD EXPEDITION
síðar ullarbuxur.
**Verð 9.490 kr.**

DEVOLD MULTI SPORT
nærbolur.
**Verð 9.490 kr.**

DEVOLD MULTI SPORT
síðar ullarbuxur.
**Verð 8.490 kr.**

DEVOLD ACTIVE
buff.
**Verð 3.490 kr.**

DEVOLD ACTIVE
nærbolur.
**Verð 4.990 kr.**

HAFJELL JR sokkar.
Hlýir og góðir.
2 pör í pakka.
**Verð 1.990 kr.**

PIPAR\TBWA · SÍA







Arctic Trucks gerir tveggja milljarða samning við norska og sænska herinn:

# Afgreiða 53 brynvarin ökutæki

**VIÐSKIPTI** Forsvarsmenn íslenska fyrirtækisins Arctic Trucks hafa skrifað undir fjögurra ára rammasamning við norska og sænska herinn, með möguleika á framlengingu til næstu tíu ára, um framleiðslu á jeppum frá fyrirtækinu.

Samningurinn felur einnig í sér heildarlausnir varðandi ökutækin, þar með talda þjálfun ökumanna, viðhaldsþjónustu, viðgerðir og varahluti. Arctic Trucks tók þátt í útboði á verkinu og varð niðurstaðan ljós í gær.

„Við erum afar stolt af því að fá þetta verkefni,“ segir Örn Thomsen, framkvæmdastjóri Arctic Trucks í Noregi. Hann segir samkeppnina á þessum markaði mikla og því sé það stór áfangi að undirrita slíkan samning.

Fyrsta pöntunin sem fyrirtækið afgreiðir er 53 brynvarin ökutæki, en samningurinn er upp á 130 milljónir norskra króna, eða tæplega tvo og hálfan milljarð íslenskra króna.



**ARCTIC TRUCKS** Félagið afgreiðir 53 bíla í fyrstu pöntun.



**LÖGREGLUMAÐUR** Fái íslenska sérsveitin að bera rafbyssur við skyldustörf mun hún feta í fótspor hollenskra sérsveitarmanna, en tilraun þeirra með notkun vopnanna hefur staðið frá því á síðasta ári, þegar þessi mynd var tekin. NORDICPHOTOS/AFP

# Vill að sérsveitin fái að beita rafbyssum

**Ríkislögreglustjóri telur ástæðulaust að vopna venjulega lögreglumenn með rafbyssum. Telur þó rétt að heimila sérsveitinni að beita vopnunum í tilraunaskyni. Ofbeldisbrotum gegn lögreglu fækkar milli ára samkvæmt nýrri skýrslu.**

**LÖGREGLUMÁL** Engin ástæða er til þess að lögreglumenn hér á landi verði vopnaðir rafbyssum, að mati ríkislögreglustjóra. Hann vill þó heimila sérsveitarmönnum að beita slíkum vopnum í tilraunaskyni, að því er fram kemur í skýrslu embættisins um ofbeldi gegn lögreglumönnum.

Alls voru 108 ofbeldisbrot framin gegn lögreglumönnum á síðasta ári. Fram kemur í skýrslunni að heldur hafi dregið úr fjölda brota af þessu tagi. Árið 2008 voru brotin 118 talsins, og 120 árið 2007.

**108** ofbeldisbrot gegn lögreglumönnum voru framin á síðasta ári.

Í skýrslu ríkislögreglustjóra er bent á að á Norðurlöndunum hafi aðeins lögreglan í Finnlandi tekið upp notkun á rafbyssum. Í Bandaríkjunum og Kanada, þar sem rafbyssur hafa verið hvað mest notaðar, hafa tæplega 300 látist af þeirra völdum.

„Sé tekið mið af þessum þáttum og því að brotum hefur ekki fjölgað umtalsvert á Íslandi, fækkað ef eitthvað er, þá er það mat ríkislögreglustjóra að slík tæki eigi ekki að taka í almenna notkun á Íslandi. Hins vegar sé vert að kanna hvort sérsveitin eigi að prófa frekar þessi tæki og hafa sem hluta af sínum staðalbúnaði tímabundið,“ segir í skýrslunni.

Verði almennum lögreglumönnum heimilað að bera rafbyssur og beita þeim gæti það leitt til þess að byssurnar yrðu notaðar sem tæki til að kalla fram hlýðni fólks, líkt og reynsla Bandaríkjamanna hefur leitt í ljós, segir í skýrslunni.

„Slíkt myndi leiða til lakara trausts til lögreglunnar og gera henni þar með erfiðara fyrir við að leysa þau verkefni sem henni er ætlað í samfélaginu,“ segir þar.

Ríkislögreglustjóri telur ekki þörf á að breyta reglum um búnað lögreglumanna til að þeir geti borið rafbyssur og beitt þeim.

brjann@frettabladid.is

## Lögreglan komin að þolmörkum

Lögreglumönnum hefur fækkað umtalsvert milli ára og eru þeir nú 662 talsins, að því er fram kemur í skýrslu Ríkislögreglustjóra. Það er svipaður fjöldi og árið 2008, en í fyrra voru þeir 712 talsins. Skýrðist fjölgun milli ára af fjölda nema sem útskrifuðust úr lögregluskólanum. Árið 2007 voru lögreglumenn 712 talsins.

Alls eru nú 480 íbúar í landinu fyrir hvern lögreglumann. Árið 2007 voru 432 íbúar á hvern lögreglumann.

Í skýrslu Ríkislögreglustjóra kemur fram að lögreglan sé „komin að þolmörkum“ vegna fækkunar lögreglumanna. Verði þeim fækkað frekar sé það líklegt til að draga verulega úr öryggi þeirra.





J. Frank Michelsen úrsmíðameistari, stofnandi Michelsen úrsmiða, á kontór sínum á Sauðárkróki, ca. árið 1920.




# *Úrsmiðir síðan 1909*

Í fjórar kynslóðir hafa Michelsen úrsmiðir þjónustað Íslendinga af þeirri sérþekkingu og hæfni sem reynslan hefur kennt þeim og gengið hefur áfram innan fjölskyldunnar, mann fram af manni, kynslóð eftir kynslóð. Í tilefni 100 ára afmælis Michelsen úrsmiða árið 2009 voru Michelsen úr endurvakin eftir 70 ára hlé.

Nú er kynnt til sögunnar nýtt Michelsen úr

## *Reykjavík 64°N/22°W.*

Vandað mekanískt sjálfvinduúrverk, 316L stálkassi með rispufríu safírgleri. Svört, steingrá eða silfurlit skífa og 15 mismunandi handgerðar leðurólar í boði.

Úrin eru sérframleidd í númeruðu og takmörkuðu upplagi.

**Reykjavík 64°N/22°W**

Silfurskífa
Elgskinnsól
Verð 157.000 kr.

MICHELSEN

ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is

# EINFALDIR OG GÓÐIR EFTIRRÉTTIR
eftir þínu höfði!

**Debic Parfait**
**Gerðu þinn eiginn ís eða ístertu.**
Parfait er hrist í umbúðunum í ca 20 sek. og sett í skál. Þeytt í 2 mín. á miklum hraða. Síðan er tilvalið að bæta hinum ýmsu hráefnum við t.d súkkulaði, hnetum, líkjöri, sælgæti, marengs o.fl. Síðan er allt sett í form og inn í frysti í 4-6 klukkustundir.

**Debic Créme Brûlée**
Créme brûlé eins auðvelt og það gerist. Créme brûlé er hrist í umbúðunum í 20 sek. og síðan sett í pott og hitað. Því er síðan hellt í skál, kælt og sykur bræddur ofan á. (Sjá nánari leiðbeiningar á umbúðum).
Úr verður frábært brûlé eins og þekkist á veitingastöðum.




## ROBIN APPELSÍNUR

Robin

- Eru stútfullar af C-vítamínum
- Inniheldur einnig fólasín og E-vítamín
- Í appelsínum er einnig að finna steinefnin kalk, fosfór og magnesíum



## JÓLA KLEMENTÍNUR

Robin

Innihalda:
- Mikið af C-vítamínum
- Önnur vítamín svo sem þíamín (b1), ríbóflavín (b2) og fólasín
- Steinefnin kalk, fosfór magnesíum og kalíum
- Járn sem er snefilsteinefni
- Einungis 45 hitaeiningar í 100gr af klementínum
- Eru tilvaldar á milli mála




## JÓLA BLÓMIN
fást í Hagkaup



Greni | Amaryllislaukar | Hyasintulaukar | Ilex í potti | Jólastjörnur



TILBOÐ
HAMLET JÓLASTAFIR
299 kr/pk




TILBOÐ
HARIBO LAKKRÍSKONFEKT
249 kr/pk



BAGUETTE OG SMÁBRAUÐ
108 kr/pk




TILBOÐ
QUALITY STREET 2 KG
2.799 kr/stk



KAFFITÁR KAFFI 2 TEG.
699 kr/stk

NÝTT
BAHLSEN KÖKUR




Gildir til 5. desember á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær




# PÖRUSTEIK

*að hætti kokkalandsliðsins*

Kryddsoð:

| | | |
|---|---|---|
| 1 stk. | laukur | Afhýðið lauk og hvítlauk. Skerið lauk, hvítlauk og gulrót í bita og mýkið í ólífuolíu í potti. Bætið vatni og kryddi út í og sjóðið í 1 klst. Sigtið soðið fyrir notkun. |
| 1 stk. | heill hvítlaukur | |
| 1 stk. | gulrót | |
| 1 dl | ólífuolía | |
| 1 lítri | vatn | |
| 10 stk. | kóríanderfræ | |
| 5 stk. | piparkorn | |
| 2 stk. | negulnaglar | |
| 1 stk. | lárviðarlauf | |

Pörusteik:

| | |
|---|---|
| 1 ½ kg | mögur rifjasteik (pörusteik) maldon sjávarsalt og pipar |
| ½ lítri | kryddsoð, sjá hér að framan |
| 1 msk. | sojasósa |
| 1 ½ msk. | hveiti |
| 10 g | smjör |

Ristið raufar í pöruna með ½ cm millibili. Leggið steikina í ofnfast fat eða pott og látið pöruna snúa niður. Hellið vatni yfir, látið það ná upp á 2/3 hluta pörunnar, og sjóðið í 20 mín. Setjið steikina á rist, nuddið með sjávarsalti og kryddið með pipar. Steikið í ofni við 220°C í 20 mín., lækkið hitann niður í 180°C og hellið kryddsoði og sojasósu yfir. Steikið áfram í 1½ klst. og stillið ofninn á grill á loka mínútunum. Hellið soðinu af, fleytið af mesta fitu og þykkið með smjörbollu; smjöri og hveiti sem hrært hefur verið saman í potti. Berið svínasteikina fram með heimalöguðu rauðkáli og kartöflum.




**Ungnautahakk**




**Nauta mínútusteik**




**Úrbeinað lambalæri**
í mangó chutney marineringu




**Bayonneskinka**
úr læri

*Tilvalinn á ostana og með villibráðinni!*




## SULTAÐUR RAUÐLAUKUR

Sultaður rauðlaukur hentar einstaklega vel með ostum, brauði, kexi, paté, villibráð og öllu öðru kjötmeti.




TILBOÐ
JÓLABRAUÐ
199 kr/stk




TILBOÐ
GRÓFT BAGUETTE
199 kr/stk




TILBOÐ
VÍNARBRAUÐS LENGJA
379 kr/stk

KYNNING
í Skeifunni 3. og 4. desember




TILBOÐ
KÖTLU VÖFFLUMIX
369 kr/pk




TILBOÐ
GOODFELLAS PIZZA
398 kr/stk







TILBOÐ
NÓA KONFEKT 1 KG
2.559 kr/pk




TILBOÐ
JÓI FEL KÖKUDEIG
499 kr/pk

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*



**HVÍTUR Á TRÝNI** Úlfaldi þessi ber þess merki að hafa stungið trýninu í snjóinn, sem kyngt hefur niður í dýragarðinn í Frankfurt eins og víðar í Evrópu. NORDICPHOTOS/AFP

Bandarískir erindrekar þrýsta á spænska ráðamenn vegna atburða í Bagdad:

# Vilja fá dómsmál fellt niður

**SPÁNN** „Eitt af helstu viðfangsefnum bandaríska sendiráðsins í Madríd undanfarin sjö ár hefur verið að reyna að fá fellt niður sakamál gegn þremur bandarískum hermönnum, sem sakaðir eru um að hafa drepið spænskan sjónvarpstökumann,“ segir spænska dagblaðið El Pais, sem hefur upplýsingar um þetta úr leyniskjölum bandarísku utanríkisþjónustunnar.

Þetta er eitt af fjölmörgum málum, sem fjölmiðlar hafa fjallað um eftir að leyniskjölin tóku að birtast á vefsíðunni Wikileaks.

Bandarísku hermennirnir þrír, Thomas Gibson, Philip Wolford og Philip de Camp, hafa verið ákærðir á Spáni fyrir að hafa drepið myndatökumanninn José Cuoso í Bagdad 8. apríl árið 2003, þar sem hann var að fjalla um Íraksstríðið, sem þá var nýhafið.



**MÓTMÆLI Í MADRÍD** Spænskir fréttaljósmyndarar halda á lofti myndum af Cuoso í spænska þinginu. NORDICPHOTOS/AFP

Cuoso var þá staddur á Palestínuhótelinu þegar skotið var á hótelið úr bandarískum skriðdrekum. Annar myndatökumaður, Taras Protsyuk frá Úkraínu, lét þar einnig lífið þennan dag.

Samkvæmt leyniskjölunum hafa bandarískir stjórnarerindrekar og embættismenn átt fjölmarga fundi um málið undanfarin ár með spænskum ráðamönnum og reynt ítrekað að fá það fellt niður. - gb

Fjármál Fljótsdalshéraðs:

# Gera ráð fyrir rekstrarafgangi

**FLJÓTSDALSHÉRAÐ** Fjárhagsáætlun Fljótsdalshéraðs fyrir árið 2011 gerir ráð fyrir 19,5 milljóna króna rekstrarafgangi í samstæðureikningi. Þar af er gert ráð fyrir um hálfri milljón í afgang í A-hluta. Í frétt á heimasíðu sveitarfélagsins segir að skuldir og skuldbindingar A-hluta séu um 5.272 milljónir króna eða 213 prósent af rekstrartekjum. Þar segir að Fljótsdalshérað hafi átt í samskiptum við eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga í ljósi þungrar fjárhagsstöðu þess. - þj

# Bjarni vill að Ísland grípi tækifæri á heilbrigðissviði

**Fulltrúar PrimaCare kynntu áform um einkasjúkrahús í Mosfellsbæ fyrir þingmönnum Suðvesturkjördæmis á mánudag. Formaður Sjálfstæðisflokksins segir heilbrigðisþjónustu geta skapað þjóðarbúinu nýjar tekjur.**

**ATVINNUMÁL** Hópur alþingismanna úr Suðvesturkjördæmi sótti á mánudag kynningarfund hjá félaginu PrimaCare sem hyggur á rekstur einkasjúkrahúss í Mosfellsbæ með áherslu á liðskiptiaðgerðir fyrir útlendinga.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, var meðal þeirra þingmanna sem sóttu fundinn. Bjarni skrifaði eftir fundinn á Facebook-síðu sína að áformin væru mjög metnaðarfull. Lagt væri upp með að sjúkrahúsið yrði í fremstu röð í heiminum.

„Á heilbrigðissviðinu liggja mikil tækifæri fyrir okkur Íslendinga til að laða að fjárfestingu, skapa störf og nýjar tekjur fyrir þjóðarbúið. Þessi tækifæri eigum við að grípa. Stefna stjórnvalda mun ráða úrslitum um það hvort greinar á borð við þessa geta náð fótfestu hér á landi,“ skrifar Bjarni á Facebook.

Í kynningarefni Gunnars Ármannssonar, framkvæmdastjóra fyrir PrimaCare, kom meðal annars fram að stjórnvöld á Möltu hefðu nú sett sér það markmið að eyjan verði orðin eftirsóttur áfangastaður fyrir lækningaferðamennsku á árinu 2015 og hrint af stað markaðsátaki í samstarfi við hagsmunaaðila.

Fulltrúar PrimaCare segja að liðskiptasjúklingum í Bandaríkjunum fjölgi um tíu prósent á ári og að eftirspurnin eftir aðgerðum muni sjöfaldast á næstu tuttugu árum. Þær verði rúmar fjórar milljónir árið 2030. „Helmingur sjúklinga sem þurfa mjaðmaliðskiptaaðgerð árið 2016 mun ekki fá hana og 72 prósent þeirra sem þurfa hnjáliðskiptaaðgerð,“ segir í kynningarefninu sem þingmönnunum var sýnt.

Þá segir PrimaCare að biðlistar eftir aðgerðum muni lengjast með fjölgun sjúklinga. Á sama tíma fækki bæklunarlæknum því lítil nýliðun sé í greininni. „Hagræðingaraðgerðir í heilbrigðisþjónustu valda því að aðgerðir vegna sjúkdóma sem ekki eru lífshættulegir eru látnar sitja á hakanum,“ segir PrimaCare. Í þessu felist bæði mikil tækifæri fyrir Mosfellsbæ og Ísland allt. Jafna megi þessu við tvö álver án mengunar. Ný störf verði allt að eitt þúsund auk afleiddra starfa.

„Tekjur á ári þegar full starfsemi er komin í gang er 120 milljónir Bandaríkjadala, um 14 milljarðar króna, sem gerir fyrirtækið að einu af 40 stærstu fyrirtækjum landsins,“ segir í kynningu PrimaCare. gar@frettabladid.is



**BJARNI BENEDIIKTSSON** Formaður Sjálfstæðisflokksins segir stefnu stjórnvalda munu ráða úrslitum um hvort starfsemi á borð við einkasjúkrahús PrimaCare í Mosfellsbæ nái fótfestu á Íslandi.




**FORSÍÐA KYNNINGAREFNIS FYRIR ÞINGMENN** Aðstandendur PrimaCare segja tekjur af einkasjúkrahúsi í Mosfellsbæ geta orðið um 14 milljarðar króna á ári. Allt að eitt þúsund ný störf skapist og tala starfa í Mosfellsbæ þar með tvöfaldast.

## PrimaCare

### Íslenskir aðstandendur

- **Gunnar Ármannsson** framkvæmdastjóri.
- **Finnur Snorrason** yfirlæknir, sérfræðingur í bæklunarlækningum.
- **Bjarki Diego** lögmaður.
- **Þorvaldur Ingvarsson** lækningaforstjóri, sérfræðingur í bæklunarlækningum.
- **Sigurður Sigurðsson** svæfingarlæknir.

### Bakhjarlar

- **Shiboomi, Bandaríkin** Hugmyndafræðilegir arkitektar og viðskiptafélagi
- **Skanska, Bandaríkin** Eitt af stærstu verktakafyrirtækjum heims
- **Oppenheimer, Sviss** Leiðandi fjármögnunarráðgjafar á alþjóðamörkuðum.
- **Hill International, Bandaríkin** Eitt fremsta byggingarfyrirtæki í heimi.
- **Clifford Chance, Bretland** Ein fremsta lögfræðistofa heims.
- **Carlos Zapata** Heimsþekktur verðlaunaarkítekt

### Markaðurinn

- **Lækningaferðamennska:**
  6.400 milljarðar króna 2009
  11.500 milljarðar króna 2012
- **Mjaðmaliðskiptaaðgerðir í Bandaríkjunum:**
  2.200 milljarðar króna 2007
  4.000 milljarðar króna 2030
- **Hnjáliðskiptaaðgerðir í Bandaríkjunum:**
  3.000 milljarðar króna 2007
  25.500 milljarðar króna 2030

Heimild: PrimaCare



**ÚR HÚSDÝRAGARÐINUM** Jólahald hefst í Húsdýragarðinum um helgina.

Jólahald í Húsdýragarðinum:

# Sauðféð fær jólaklippingu

**DÝRALÍF** **Sauðfé Fjölskyldu- og húsdýragarðsins fær jólaklippinguna á sunnudag. Þá mætir Guðmundur Hallgrímsson frá Hvanneyri til rúningsverka en þær eru orðnar æði margar ærnar og hrútarnir sem hann hefur rúið.**

**Guðmundur mun hefjast handa klukkan eitt en með honum í för verða konur sem munu spinna band úr ullinni.**

**Jóladagskráin er að hefjast í garðinum og um helgina, milli klukkan tvö og þrjú, verður hægt að skella sér í hestvagnaferð í riflega aldargömlum hestvagni.**

Leitað að hákarli í Rauðahafi:

# Beit handlegg af mönnum

**EGYPTALAND** Strandgæslan í Egyptalandi leitar nú að hákarli sem talið er að hafi ráðist á fjóra ferðamenn á þriðjudag. Þeir voru að synda í skerjagarðinum í Rauðahafinu syðst á Sínaískaga. Hákarlinn beit handlegg af tveimur ferðamannanna.

Talið er að sami hákarlinn hafi svo ráðist á rússnesk hjón sem voru saman á sundi. Hann beit í fætur og bakið á konunni og í fætur mannsins. Flogið var með allt fólkið á sjúkrahús í Kaíró þar sem það liggur þungt haldið.




Uppboðsverkin má skoða á gasar.is

Nína Tryggvadóttir
*Ved Söen-København*

MÁLVERKA UPPBOÐ

Miðvikudaginn 8. desember | kl. 18.30

Miðvikudaginn 8. desember næstkomandi fer fram málverkauppboð í Gásum. Forsýning á verkum verður helgina 4.-5. desember í **sýningarsal Gása, Ármúla 38, kl. 10-16.**

Á uppboðinu verða verk eftir Kjarval, Kristján Davíðsson, Pétur Gaut, Nínu Tryggvadóttur, Svavar Guðnason, Tolla, Tryggva Ólafsson, Þorvald Skúlason o.fl.

**Verið velkomin.**

Ármúli 38 | 568 5150 | gasar.is

Gásar galleri innrömmun umboðssala




**KJÖRSTJÓRNIN** Frá kynningu úrslita í kosningu á stjórnlagaþing. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fulltrúum afhent kjörbréf:

# Fjórir fá bréf á laugardag

**STJÓRNMÁL** Kjörnum fulltrúum á stjórnlagaþing voru afhent kjörbréf í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík í gær.

Allir kjörnir stjórnlagaþingmenn nema fjórir, mættu til að fá bréfið afhent hjá landskjörstjórn. Kallað var eftir því hvort einhver gerði athugasemdir við kjör fulltrúanna, en það gerði enginn. Þeir fjórir sem ekki gátu mætt í gær fá kjörbréf sín afhent á laugardag.

Á mánudag gekk undirbúningsnefnd stjórnlagaþings í gær frá tímabundinni ráðningu upplýsingafulltrúa og tæknistjóra stjórnlagaþings. Berghildur Erla Bernharðsdóttir fjölmiðlafræðingur var ráðin upplýsingafulltrúi og Finnur Pálmi Magnússon tölvunarfræðingur tæknistjóri. - óká

# 25% AF ÖLLUM BORÐSTOFUHÚSGÖGNUM

2. TIL 5. DESEMBER





OG VIÐ MEINUM ÖLLUM BORÐSTOFUHÚSGÖGNUM

VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

ILVA
sendum um allt land

**ILVA Korputorgi Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík, sími 522 4500 www.ILVA.is**
**mánudaga - föstudaga 11-18:30, laugardag 10-20, sunnudag 12-20**

shop online

**FRÉTTASKÝRING:** Skiptar skoðanir um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2011

# Ósammála um hagræðingarleiðir

**Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, sem lögð var fyrir borgarstjórn á þriðjudag, hefur valdið miklum úlfaþyt, enda eru þar lagðar til hækkanir á sköttum og þjónustugjöldum, sem sjálfstæðismenn í minnihlutanum hafa mótmælt harðlega.**



**FARIÐ YFIR MÁLIN** Jón Gnarr borgarstjóri á skrafi við S. Björn Blöndal, aðstoðarmann sinn, og Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, oddvita sjálfstæðismanna í borgarstjórn. Þau eru ekki á einu máli um leiðir til hagræðingar í fjármálum borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samkvæmt meirihluta Besta flokksins og Samfylkingar lá fyrir að brúa þurfti um fimm milljarða gat milli fyrirhugaðra tekna og gjalda borgarinnar á næsta ári. Í áætluninni er farin svokallaða blandaða leið þar sem 2,9 milljarðar eru fengnir með hagræðingu í rekstri, 844 milljónir með hækkun skatta og 919 milljónir með gjaldskrárhækkunum og magnbreytingu í þjónustu.

Það sem helst er deilt um eru gjaldskrárhækkanirnar. Þær eru á allflestum liðum en koma meðal annars niður á leikskólagjöldum, lækkun systkinaafsláttar og hækkunum í frístundaheimili við grunnskólana.

### Nauðsynlegar aðgerðir

Meirihlutinn hefur varið þessar hugmyndir með því að þær séu gerðar af nauðsyn. Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, sagði meðal annars í samtali við Fréttablaðið að gengið hafi verið út frá því að jafnvægis væri gætt annars vegar á milli þess að hlífa fjölskyldum við álögum og hins vegar að sjá til þess að varanlegur sparnaður næðist af aðgerðunum.

Sjálfstæðismenn í borgarstjórn segja hins vegar að hækkanirnar á sköttum og gjöldum muni bæði hægja á umsvifum í samfélaginu og lengja kreppuna. Margsannað sé að aukin skattlagning virki ekki sem leið út úr kreppum.

### Bitnar á barnafjölskyldum

Eins og fram hefur komið telja sjálfstæðismenn hækkanirnar vera tilviljanakenndar. Þær muni koma harðast niður á barnafjölskyldum þar sem útgjaldaauki vegna þeirra gæti numið allt að 100 þúsundum til 150 þúsunda króna á ársgrundvelli.

Þar af gætu útgjöld vegna skóla og leikskóla eingöngu, fyrir fjölskyldu með tvö börn í leikskóla og eitt í grunnskóla, aukist um tæp 100 þúsund.

Vinstri græn í borgarstjórn eru sömuleiðis ósátt við áætlunina, en af öðrum ástæðum. Sóley Tómasdóttir, oddviti þeirra, sagði í viðtali við Fréttablaðið að alvarlegast væri að ekki væri gengið alla leið í hækkun útsvars. Í stað þess að hækka útsvarsprósentuna upp í 13,28 sé örlítið skilið eftir, og sú fjárhæð sem þar hefði mátt afla, um 230 milljónir króna, sé þess í stað tekin af barnafólki í formi aukinna álagna.

### Mannaflsfrekar framkvæmdir

Hvernig sem á málið er litið, virðast hækkanir hafa verið óumflýjanlegar að vissu leyti. Það sem er hins vegar einnig deilt um, eru ný verkefni sem lagt er út í. Meðal annars er gert ráð fyrir ýmsum vinnuaflsfrekum framkvæmdum á vegum borgarinnar verði flýtt til að örva atvinnulíf. Meðal annars er gert ráð fyrir að 500 milljónum króna verði varið í að hefja fyrsta áfanga við endurgerð sundlaugamannvirkja.

Telja sjálfstæðismenn óráðlegt að leggja út í þann kostnað á meðan skattar séu hækkaðir og ekki sé skorið meira niður í miðlægri stjórnsýslu.

Ekki er enn útséð um lokaútgáfu fjárhagsáætlunarinnar þar sem hún kemur aftur til kasta borgarstjórnar í seinni umræðu 14. þessa mánaðar þar sem málið mun skýrast endanlega.




**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is



# Lokað í dag

**Skrifstofa VR í Reykjavík verður lokuð í dag frá kl. 11:00, föstudaginn 3. desember, vegna jarðarfarar Ingibjargar R. Guðmundsdóttur.**

**Skrifstofur VR á Akranesi, Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum verða lokaðar allan daginn.**


## Kostnaðarauki fjölskyldu með tvö börn í leikskóla og eitt í grunnskóla

**Mánaðarútgjöld í krónum. Aukning milli ára er sýnd í prósentum. Samtals kostnaðaraukning milli ára er 25%.**




Heimild: Reykjavíkurborg

## Gjaldahækkun á flestum sviðum

Í tilkynningu meirihlutans með fjárhagsáætluninni segir að ákveðin þjónustugjöld „hækki hóflega til að koma til móts við raunlækkun eftir tveggja ára frystingu“. Í áætlun um gjaldskrá næsta árs sést að gert er ráð fyrir hækkun á flestum sviðum en mismikill þó. Hér eru nokkrir liðir dregnir út.

| Þjónustuliðir | 2010 | 2011 | Munur |
|---|---|---|---|
| **Þjónustuíbúðir aldraðra** | | | |
| Þvottur (1/2 kg) | 155 | 200 | 29,03% |
| Heimaþjónusta/þrif (pr. klst) | 530 | 1000 | 88,68% |
| **Sundlaugar** | | | |
| Barnagjald í sund | 110 | 100 | -9,09% |
| Fullorðinsgjald í sund | 360 | 450 | 25% |
| Leiga á handklæði | 450 | 550 | 14,29% |
| Leiga á sundfatnaði | 600 | 500 | -16,67% |
| **Menning og afþreying:** | | | |
| Húsdýragarður um helgar – börn | 500 | 600 | 20% |
| Húsdýragarður um helgar – fullorðnir | 600 | 700 | 16,67% |
| Bókasafnskort | 1.300 | 1.500 | 15,38% |
| Fullorðinsmiði í Árbæjarsafn | 600 | 1000 | 66,67% |

## Framfærslustyrkur hækkar

Einn af helstu kostnaðaraukunum í fjárhagsáætlun er vegna þess að framlög til framfærslustyrks hafa aukist úr 1.553 milljónum upp í 2.116 milljónir. Er það tilkomið bæði vegna hækkunar grunnfjárhæðar, sem og áætlaðrar fjölgunar styrkþega. Framfærsla einstaklings fer úr 125.540 krónum á mánuði upp í 149.000 og framfærsla fólks í sambúð úr 200.864 krónum upp í 223.500. Alls er gert ráð fyrir að 3.800 manns muni þiggja aðstoð á næsta ári, en áætlað eru að um 3.600 manns geri það í ár.


GEVALIA
ANNO 1920
30
KR
af hverjum seldum Gevalia
kaffipakka í desember renna til
Mæðrastyrksnefndar
GEVALIA
ANNO 1920
brygg
MELLANROST
NY!
Bättre bönor
Fylligare smak
500g
MÆÐRASTYRKSNEFND






**Panasonic TXP50C2**
50" HD Ready Plasma SJÓNVARP með 1024x768p upplausn, Vreal 4, 100Hz, 24p, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, x.v Colour, 3D Colour management, Motion Pattern, Noise Reduction, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, Viera Link, stafr. háskerpu HDTV DVB-T móttakara, kortalesara, Scart, 2 HDMI ofl.

**TILBOÐ**
**174.995**
FULLT VERÐ 229.995










**Panasonic TXL32X20**
32" HD IPS-alpha LCD SJÓNVARP með 1366x768p upplausn, 24p, dýnamískri 20.000:1 skerpu, Vreal 5, 3D Colour, Progressive Scan, Viera Link, háskerpu DVB-T stafrænum móttakara, kortalesara, 2 x Scart, 3x HDMI, PC tengi, CI rauf, ofl.

**TILBOÐ**
**114.995**
FULLT VERÐ 129.995

**Panasonic TXP42S20**
42" Full HD 1080p Plasma sjónvarp með 1920x1080P upplausn, Vreal Pro4 Engine, 24p Playback Plus/Playback, 2.000.000:1 skerpu, 0.001 msec svartíma, x.v Colour, Progressive Scan, Digital Cinema Colour 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter, háskerpu HDTV DVB-T stafrænum móttakara (MPEG4), kortalesara ofl.

**TILBOÐ**
**179.995**
FULLT VERÐ 229.995

**Panasonic TXP42G20**
42" Full HD NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz Intelligent Frame Creation, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, Pro 24p Smooth Film/ Play Back, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST, Digital Cinema Colour 3D Colour, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafr. móttakari, kortalesara, 2 x USB tengi fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart, 4 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ**
**239.995**
FULLT VERÐ 299.995

# JÓLAGJAFIR Í ÚRVALI



PHILIPS

**Philips SA1VBE04P**
GoGear Vibe MP3 spilari með 4GB minni, 1.5" LCD litaskjá, RDS útvarpi með minnum, upptöku, diktafóni og USB 2.0. Sýnir uppl. um tónlist. Napster og Audible stuðn., niðurhal beint af YouTube ofl. Hleðslurafhlaða með 25 klst. Geymir um 1000 lög.

**VERÐ**
**9.995**
FRÁBÆRT VERÐ



Nikon

**Nikon ACTION7X35**
Höggþolinn 7x35 SJÓNAUKI með 7x stækkun, 35mm gler. Þyngd: 715g .
Taska fylgir.

**VERÐ**
**12.995**
FRÁBÆRT VERÐ



DENON

**Denon DHT1311B**
5x110w 3-D DTS/Dolby Digital HEIMABÍÓKERFI með 5 rása magnara, Digital/Analog og Analog/Digital breyti, RDS FM útvarpi með minnum, 2x Optical, Coax, Phono, 9x RCA, 5x HDMI 1.3(1x 1.4) 4x Composite, 3x S-Video, 2x Component, formagnaraútgangi, iPod samhæfingu ofl. 5x 120w hátalarar og bassabox með 100w innb., magnara ofl.

**VERÐ**
**119.995**
FRÁBÆRT VERÐ





**Casio CTK-3000**
5 áttunda HLJÓMBORÐ með 61 nótu, ásláttarnæmni, 400 hljóðum, 150 ryþmum, 48 nótna pólifóníu, 110 lögum, 3ja skrefa kennslu, LCD skjá og Pitch bend hjóli. Tengi: USB, MIDI, heyrnatól, MP3 og fótstig.

**TILBOÐ**
**34.995**
FULLT VERÐ 37.995

CASIO

**Casio CDP100**
88 nótna RAFMAGNSPÍANÓ með 32 nótna pólifóníu, 5 hljóðum og 20 rythmum, Midi In/Out, tengi fyrir 2 heyrnartól og 2 pedala. Spennubreytir og pedali fylgja.

**TILBOÐ**
**89.995**
FULLT VERÐ 109.995

www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ - www.ht.is - ÞÚSUNDIR VÖRUTEGUNDA - www.ht.is - FRÁBÆR TILBOÐ - www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ




# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

**Philips 42PFL5405H**
42" Full HD 1080p LCD sjónvarp með 1920x1080 upplausn, Pixel Plus HD, Progressive Scan, HD natural motion, 100Hz Clear LCD, 100.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

Vandaður Philips HDMI Gold kapall fylgir!

**TILBOÐ 169.995**
FULLT VERÐ 249.995




*FÆST HVÍTT EÐA SVART*

**Philips 22PFL3415**
22" LCD LED örþunnt sjónvarp með 1366x768p upplausn, stafrænum HDTV móttakara, Digital Crystal Clear, 150.000:1 skerpu, HD-Ready, Scart, HDMI, USB media browser, Component, SVHS, CVBS, S/PDIF, PC, heyrnartólstengi ofl.

**TILBOÐ 89.995**
FULLT VERÐ 99.995




**Philips 32PFL5405H**
32" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD , 100Hz Clear LCD, HD natural motion, dýnamískri 100.000:1 skerpu, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ 129.995**
FULLT VERÐ 169.995




**Philips 47PFL3605H**
47" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Digital Crystal Clear, HD natural motion, dýnamískri 500.000:1 skerpu, 5ms svartíma, 20w RMS Incredible Surround hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, 2x Scart, 2x HDMI, CI rauf ofl.

**TILBOÐ 219.995**
FULLT VERÐ 249.995

# GÆÐATÆKI Á GÓÐU VERÐI



PHILIPS

**Philips HTS3560**
1000w HEIMABÍÓSETT með Blu-Ray spilara með 1080p uppskölun, DTS-HD og Dolby TrueHD 5.1 Surround Sound, 5 hátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, Dolby Prologic II, DTS, Stereo, PAL, NTSC, MP3 line-in, HDMI, USB, AUX, CVBS, Optical Digital inn, USB flash drive afspilun ofl.

**TILBOÐ 99.995**
FULLT VERÐ 139.995



PHILIPS

**Philips AZ1850**
Öflugt FERÐATÆKI með geislaspilara, FM/MW útvarpi með minnum, 2-Way Bass Reflex hátölurum, USB tengi, MP3 Link, USB afspilun MP3 og WMA, heyrnartólstengi, 2ja þrepa bassa stillingu ofl.

**TILBOÐ 22.995**
FULLT VERÐ 23.995



PHILIPS

**Philips DCM292**
Glæsileg 20w RMS MÍKRÓSAMSTÆÐA með geislaspilara og iPod-iPhone vöggu, útvarpi með minnum, Dynamic Bass Boost, Digital Sound Control, USB, MP3 Link inn, heyrnartólstengi, USB flash drive afspilun ofl.

**VERÐ 49.995**
FRÁBÆRT VERÐ



PHILIPS

**Philips DCM580**
140w RMS MÍKRÓSAMSTÆÐA með geislaspilara og iPhone/iPod vöggu, 4.1 innbyggðum hátölurum, LivingSound og PureDigital, RDS útvarpi með minnum, vekjara fyrir útvarp eða iPod, 4 tónstillingar, DBB bassastillingu, USB, MP3 Link ofl.

**TILBOÐ 79.995**
FULLT VERÐ 99.995

**Heimilistæki** ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

föstudagur **FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ** Kristján Frosti Logason, útvarpsmaður og fyrrverandi gítarleikari í Mínus

# Sneri baki við rokkdraumnum

**Kristján Frosti Logason** var gítarleikari í rokkhljómsveitinni Mínus en hætti þegar sveitin var á barmi heimsfrægðar. Í samtali við Fréttablaðið segir hann frá því af hverju hann hætti í rokkinu og skipti yfir í stjórnmálafræði, föðurmissinum og besta vininum.

Samstarf okkar fimmmenninganna var eiginlega komið í þrot löngu áður ég og Bassafanturinn hættum. Eftir á að hyggja byrjuðu hlutirnir að ganga illa um leið og þeir byrjuðu að ganga vel," segir Frosti Logason, fyrrverandi gítarleikari rokksveitarinnar Mínuss og einn umsjónarmanna útvarpsþáttarins Harmageddon á X-inu.

Frosti sagði skilið við félaga sína í Mínus þegar frægðarsól sveitarinnar skein sem hæst. Sveitin vann Músíktilraunir árið 1999 og gaf í kjölfarið út plötuna Jesus Christ Bobby sem var vel tekið af breska rokktímaritinu Kerrang. Þegar platan Halldór Laxness kom út árið 2003 má segja að sveitin hafi slegið í gegn, hún fékk fimm stjörnur í Kerrang og vakti gríðarlega athygli erlendis.

„Við vorum að vinna með einu plötufyrirtæki í Bandaríkjunum, einu í Bretlandi og einu hérna á Íslandi. Það var mikið að gerast hjá okkur og fullt af fólki að vinna í kringum okkur sem í sumum tilfellum sáði kannski einhverjum fræjum sundurlyndis. Ég segi ekki að þetta hafi verið eins og grískur harmleikur en það fór kannski að blossa upp tortryggni og öfundsýki á milli okkar þegar hlutirnir fóru að ganga vel en samt ekki nógu vel," segir Frosti.

„Halldór Laxness varð einhvers konar bomba í Bretlandi. Við fengum ótrúlega mikið að gera og túruðum út um allt – þarna rættist í raun draumur sérhvers drengs. En það gerðist svo mikið hjá okkur á skömmum tíma, hver tónleikaferð átti sína sögu með sínum hápunktum og lágpunktum. Það var óneitanlega lýjandi og reyndi mjög á vináttuna. Þetta var mikil samvera og menn fóru að pirra sig hver á öðrum."

> Ég segi ekki að þetta hafi verið eins og grískur harmleikur en það fór kannski að blossa upp tortryggni og öfundsýki á milli okkar…

**Rússibanareið**

Frosti segir að tímabilið á eftir hafa verið eins konar rússibanareið – í garð hafi gengið gríðarlega skemmtilegur tími en um leið hafi stundum allt verið á suðupunkti innan sveitarinnar. „Þegar við tókum svo upp næstu plötu, The Great Northern Whale Kill, var sambandið orðið nokkuð slitið. Menn hittust nánast eingöngu þegar þurfti að taka nauðsynlegar æfingar eða spila á tónleikum. Samverustundir þess utan voru orðnar ansi fáar. Eftir að platan kom út heyrði ég í raun ekkert í strákunum í nokkra mánuði og fór bara að hugsa um aðra hluti. Skoðaði hvaða nám ég vildi fara í og svoleiðis.

Þegar við síðan loks hittumst aftur til að ræða málin lagði ég það til að við myndum bara setja sveitina í algert salt. Mér datt í hug að þannig gæti áhuginn kannski kviknað aftur seinna meir og við gætum séð til með framhaldið. Það vildu hinir hljómsveitarmeðlimirnir hins vegar ekki."

Niðurstaðan varð því sú að Frosti og Þröstur bassaleikari yfirgáfu sveitina. „Þá var ég líka búinn að innrita mig í háskólann og hafði að einhverju öðru að snúa. Ég fann að það væri fínt að ljúka þessum kafla þarna."

Frosti segir að þó að á ýmsu hafi gengið hjá sveitinni hafi það ekki verið neitt drama þegar hann hætti. „Við höfum oft tekist á en við slógumst ekki í þetta skiptið," segir hann og hlær. „Ég held að það sé annars eðlilegt að það sjóði upp úr hjá svona kraftmiklum ungum mönnum. Það gerðist líka oft. Öll þessi nærvera, í allan þennan tíma, í litlum sveittum rútum. Það var samt allt í lagi. Við elskuðumst og hötuðumst eins og bræður."

**Voru bannaðir í Hafnarfirði**

Margar sögur fóru á kreik um sveitina, ekki síst eftir að hljómsveitarmeðlimir töluðu frjálslega um eiturlyf og fóru niðrandi orðum um konur í viðtali við erlent tímarit.

„Við vorum í viðtali við eitthvert erlent blað og vorum beðnir að nefna tólf staði í Reykjavík og hvers vegna þeir væru áhugaverðir. Við töluðum meðal annars um Bæjarins bestu og sögðum að þar væru bestu pylsurnar og þess háttar. Síðan þegar einhver nefndi skemmtistaðinn Vegamót, sem mér fannst ekki alveg nógu kúl að tengja Mínus við, þá greip ég fram í og sagði að þar gætu menn fengið tott fyrir línu af kóki. Þetta var nú sett fram í gríni en þegar blaðið kom út tóku íslenskir fjölmiðlar þetta upp. Máni [samstarfsmaður Frosta á X-inu og fyrrverandi umboðsmaður Mínuss] ákvað að nýta sér þetta mál út í ystu æsar. Hann blés þetta mál eiginlega út frekar en hitt. Þetta var eiginlega bara grín sem vatt svona upp á sig. Í kjölfarið var okkur meðal annars bannað að spila í nokkrum grunnskólum landsins," segir Frosti.

**Sneri sér að stjórnmálum**

Þegar Frosti hætti í Mínus tók stjórnmálafræðin í Háskóla Íslands við en hann hafði alltaf haft ákveðinn áhuga á stjórnmálum. „Pólitík er bara blanda af hugsjónum og hagsmunum. Þegar ég keypti mér svo fyrstu íbúðina árið 2006 fóru hlutir eins og verðtrygging og skattar allt í einu að skipta máli og þá fór þessi áhugi að vinda upp á sig."

Það er óhætt að segja að Frosti hafi tekið stjórnmálafræðina með trompi. Hann tekur virkan þátt í félagslífinu, var um skeið formaður Politicu, félags stjórnmálafræðinema, og bauð sig fram í stúdentapólitíkinni.

„Ég var töluvert eldri en hinir krakkarnir í stjórnmálafræðinni og þekkti engan þarna. Ég taldi því gott að kynnast öllum nemendunum til að halda í við námið og til að geta skipst á glósum, þetta voru svona praktísk hagsmunaatriði fyrir mig," segir Frosti og hlær. „Þegar ég var settur á lista hjá Vöku var ég í raun bara að þreifa fyrir mér og sjá hvernig stúdentapólitíkin virkaði. Ég komst fljótlega að því að hún er alveg jafn viðbjóðsleg og pólitíkin er á Alþingi. Sama sandkassa- og Morfísstemningin. Menn eru ekki ósammála um neitt sem máli skiptir, eru bara hver í sínu liðinu til þess að rífast um það, að því er virðist, hver eigi að stjórna."

**Hefði kosið Vilmund**

Frosti kemur úr Garðabæ, vígi Sjálfstæðisflokksins, og bauð sig fram fyrir Vöku, félag lýðræðissinnaðra stúdenta. Það liggur því beinast við að spyrja hvort hann sé hægri sinnaður. „Ég er frjálslyndur og aðeins hægra megin við miðju jú. Ég vil sem minnst ríkisafskipti en viðurkenni þó að þau eru nauðsynleg á ákveðnum stöðum. Minn guðfaðir í pólitík er ábyggilega Vilmundur Gylfason. Ef hann væri á lífi og í framboði í dag myndi ég ábyggilega styðja þann flokk. Ég get hins vegar ekki stutt Sjálfstæðisflokkinn í dag. Það er ekki fræðilegur möguleiki. Það er talað um að flokkurinn sé að berjast fyrir einstaklingsfrelsi en í raun er þetta bara hagsmunaklíka í sinni grófustu mynd. Þetta er rótgróin spillt hagsmunaklíka sem verður mjög erfitt að breyta og býst ekki við að það sé hægt að bjarga honum. Frekar þurfum við annan hægriflokk."

**Annað rokkstjörnumeik**

Frosti heldur úti útvarpsþættinum Harmageddon með Þorkeli Mána Péturssyni sem er hans besti vinur og fyrrverandi umboðsmaður Mínuss. Máni er afar vinstrisinnaður, stofnaði meðal annars Búrhval, félag ungs Alþýðubandalagsfólks í Garðabæ. Nafngiftin var til komin vegna þess að búrhvalir eru einu dýrin sem éta kolkrabba.

„Máni er ólíkur mér að mörgu leyti. Hann er vinstri sinnaður en ég tel mig vera hægra megin. Hann er mjög trúaður en ég er gjörsamlega trúlaus. Hann er á móti Evrópusambandinu og ég er það ekki. En þó við séum ósammála um margt þá er hann besti vinur minn. Það hvað við erum ólíkir hjálpar okkur líka í þættinum því við setjumst bara niður, jafnvel óundirbúnir, og þá verður til eitthvað kemistrí. Það er algjör draumur að fá að gera þennan þátt. Í mínum huga er þetta nánast annað rokkstjörnumeik."



**ROKKARINN** Samband þeirra Mínusliða er ekki mikið í dag. „Við erum ekkert að hringjast á eða eitthvað þannig. Við eigum ekki margt sameiginlegt. Ég hef allt önnur áhugamál en þeir. En það er enginn óvinskapur og við hittumst bara þegar við hittumst," segir Frosti.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Með þátt á ÍNN**

Frosti er einnig farinn að færa sig yfir á aðra miðla því hann heldur úti þættinum Undir feldi sem fjallar um Evrópusambandið. „Við Heimir Hannesson, sem gerir þennan þátt með mér, vorum sammála um að ESB-umræðan væri á skelfilega lágu plani og okkur langaði til þess að leggja okkar lóð á vogaskálarnar til að bæta úr því. Í rauninni hefur engin umræða verið um Evrópusambandið á Íslandi og ef hún hefur átt sér stað hafa þá einungis verið reyksprengjur sem eru notaðar til að þyrla upp ryki í augun á fólki. Það er ekki verið að tala um kosti eða galla aðildar heldur einhver algjör aukaatriði. Samt er þetta stærsta hagsmunamál Íslands frá stofnun lýðveldisins. Það er fínt að fá aðstöðu á ÍNN til að gera þennan þátt og svo er hann líka aðgengilegur á netinu. Þetta þjónar algjörlega hugsjónum okkar Heimis."

En vill Frosti að Ísland gangi í ESB? „Ég hef ekki alveg tekið afstöðu til þess og mun aldrei gera það fyrr en samningurinn er kominn á borðið. En Íslendingar þurfa alvarlega að hugsa breytingar á stjórnkerfinu og stjórnarháttum. Og við þurfum líka að taka upp nýjan gjaldmiðil, það er kristaltært. Það getur verið að krónan sé að vinna aðeins með okkur núna en það er ekki séns að hún geti gagnast okkur til framtíðar. Ég ætla ekki að búa í þessu landi ef krónan á að fylgja okkur næstu þrjátíu árin. Evran er nærtækust af mörgum ástæðum, meðal annars út af því að mest af utanríkisviðskiptum okkar er í evrum og svo eru þjóðirnar í Evrópu sögulegir og menningarlegir nágrannar okkar. Ég hef því ekki séð neitt ennþá sem kollvarpar þeirri hugmynd að við getum gengið í Evrópusambandið. En sem fyrr segir kemur það ekki í ljós fyrr en samningurinn er á borðinu."

**Tónlistargyðjan ekki horfin**

Frosti klárar BA-gráðuna í stjórnmálafræði í vor og hyggur á frekara nám. „Það kemur bara í ljós á næstunni hvað ég geri. Ég nenni ekki að ákveða það langt fram í tímann. Ég er enn þokkalega ungur og á eftir að upplifa margt áður en ég fer að skjóta niður rótum og setjast í háhelgan stein. Draumurinn er að fara eitthvert erlendis með kærustunni, í meira nám og taka inn strauma frá ólíkum stöðum."

Hvað með gítarleikarann Frosta. Er hann dauður? „Nei, nei. Ég hef alltaf rosalega gaman af að hlusta og semja músík. Undanfarið hef ég bara verið á fullu í öðru. Tónlistargyðjan hefur því ekki fengið nægilega athygli en mig grunar að um leið og það fer að hægjast um hjá mér þá gæti ég tekið upp gítarinn á ný."

Frosti ber þess glöggt merki að hann hafi verið í rokkhljómsveit. Viðhorfið, fasið og ekki síst tattúveraðir handleggir bera þess glöggt vitni. Af öllu því sem hann hefur reynt er ekkert sem hann sér eftir? „Nei, ég held ég geti alveg fullyrt það strax. Ef svo væri er það ekki þess virði að pæla í. Ég get alltaf bætt mig og er alltaf að þroskast en einhver bernskubrek verða aldrei neitt meira en það."



**Kristján Hjálmarsson**
kristjan@frettabladid.is

## Missti pabba sinn 22 ára

Frosti var 22 ára þegar hann missti föður sinn í bílslysi í janúar árið 2001. Hann segir að það hafi haft töluverð áhrif á hann. „Það var mikið sjokk þegar það gerðist. Ég upplifði mig náttúrulega bara enn þá sem einhvern strákgutta á þeim tíma og mér fannst pabbi vera svona æðri vera sem ég hélt að yrði alltaf til staðar. Það var því mjög undarlegt þegar honum var kippt í burtu einn morguninn. Það var mikið sjokk og ég lamaðist í stuttan tíma á eftir. Tíminn vinnur samt bara með manni í svona tilfellum og svona lífsreynsla getur hert mann. Eftir standa svo bara góðar minningar og ég er þakklátur fyrir að hafa átt góðan föður sem lagði sig fram við að leggja mér lífsreglurnar."

Eitthvað fyrir alla

# Tónlist, þættir kvikmyndir

**Frábært úrval af íslenskri tónlist og myndefni!**






1.999,-

Verð: ~~2.499,-~~




2.799,-

Verð: ~~3.499,-~~




1.759,-

Verð: ~~2.199,-~~




2.239,-

Verð: ~~2.799,-~~




2.399,-

Verð: ~~2.990,-~~




2.299,-

Verð: ~~2.699,-~~




3.659,-

Verð: ~~4.299,-~~




2.799,-

Verð: ~~3.499,-~~




4.999,-

Verð: ~~5.999,-~~




6.459,-

Verð: ~~7.599,-~~




2.199,-

Verð: ~~2.599,-~~




2.199,-

Verð: ~~2.499,-~~

*Verð gilda til og með 8. desember 2010*

Eymundsson.is

Skiptimiðinn

Eymundsson

*Bóksali frá 1872*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hækkun á gjaldskrám barnafjölskyldna:

## Hærra útsvar í borginni, takk

Eitt af kosningaloforðum Besta flokksins var að gera borgina skemmtilegri fyrir borgarbúa. Það var svo sem ekki útfært neitt sérstaklega en væntanlega átti ísbjörninn góði í Húsdýragarðinum og ókeypis handklæði í sundlaugunum að vera framlag til þess arna.

Hvorugt er nú orðið að veruleika og þvert á móti mun ein gjaldskrárhækkunin sem ráðgerð er í borginni einmitt snúa að handklæðunum góðu í sundlaugunum. Og það er út af fyrir sig saklaust því það er svo auðvelt að koma með handklæðin með sér að heiman.


SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is


Verri eru allar gjaldskrárhækkanirnar sem snúa að grunnþjónustu við barnafjölskyldurnar í borginni og hætt er við að þær hækkanir muni ekki gera borgina skemmtilegri fyrir þær fjölskyldur. Hækkun á leikskólagjöldum, minni systkinaafsláttur í leikskólum, hækkun á frístundaheimilisgjöldum og matarkostnaði í skólum og í frístund, auk annarra aukinna gjalda koma niður á öllum borgarbúum en í mörgum tilvikum enn frekar á barnafólki en öðrum.

Það ber bæði vott um hugleysi og hugmyndaleysi að sækja fé til þessa hóps borgarbúa. Þetta er hópurinn sem ber að öðru leyti þyngstar byrðar, til dæmis í húsnæðisskuldum og auknum daglegum útgjöldum vegna matar og annars heimilishalds, auk þess að hafa, eins og raunar margir aðrir, tekið á sig tekjulækkun á undangengnum misserum.

Á sama tíma er útsvarsprósentan í borginni ekki fullnýtt. Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, hefur bent á að með fullnýtingu útsvarsprósentu, sem þýðir hækkun um 0,25 prósentustig í stað 0,17 eins og nú stendur til, mætti sækja nærri 230 milljónir af þeim 250 sem borgin áætlar í auknar tekjur af gjaldskrám sem snúa beint að grunnþjónustu við börn.

Hvað ætli ráði þeirri ákvörðun meirihlutans í borgarstjórn að sækja þessa peninga til ungra barnafjölskyldna sem tilheyra vissulega öllum tekjuhópum en eru margar tekjulágar, fremur en að grípa til lítillegrar skattahækkunar sem bitnar á borgurunum í réttu hlutfalli við tekjur?

Þau eru áreiðanlega mörg ömmurnar og afarnir í borginni sem viljug tækju á sig hækkað útsvar á móti því að uppkomin börn þeirra losnuðu undan auknum álögum vegna menntunar og gæslu barna sinna. Hitt er jafnljóst að grátkórinn sem alltaf upphefst þegar skattar eru hækkaðir er hávær og svo virðist sem Samfylkingin og Besti flokkurinn beri meiri virðingu fyrir honum eða óttist hann meira en unga fólkið sem vinnur að því að koma börnum sínum til manns.

Ef sama hugleysið og hugmyndaleysið ræður för þegar kemur að niðurskurði í rekstri borgarinnar er ástæða til kvíða. Verður það svo að niðurskurðurinn muni fyrst og fremst bitna á grunnþjónustu við börn og foreldra þeirra eða mun meirihlutinn í borginni sýna þá djörfung að ráðast til atlögu við verkefni sem í sjálfu sér eru góð og gild en flokkast ekki undir grunnþjónustu?

Það er nefnilega svo að til þess að skemmtilegt geti verið að eiga heima í borginni verða ákveðin grunnatriði að vera í lagi.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



**Dýralæknamiðstöðin í Grafarholti er komin í jólaskap!**

Af því tilefni er **20% afsláttur** af völdum fóðurtegundum frá Hill´s, Nature's Best, z/d hundafóðri og j/d hundafóðri.



**20% afsláttur** af öllum hundafötum frá Hurrta, Theo og IsPet.

Einnig er komin til okkar **glæný sending** af Rogz vörum, þar á meðal frábærar nýjar kisuólar sem lýsa í myrkri.



*Komdu dýrinu þínu á óvart með gjöf frá okkur.*

**Opið mánudaga-föstudaga kl. 08:00-17:00**
**Laugardaga: kl. 11:00-14:00**

Jónsgeisla 95 / 113 Grafarholti / Sími 544 4544 / dyrin@dyrin.is


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skemmtileg lesning

Nýlegt svar forsætisráðherra við fyrirspurn Birgis Ármannssonar um nýjar nefndir, ráð, stjórnir og hópa á vegum ríkisstjórnarinnar er athyglisverð lesning og veitir ágæta innsýn í vinnubrögð ráðherra. Almenningur kann að halda að þeir kasti til höndunum en svo er ekki. Í það minnsta ekki alltaf.



### Vandað til verka

Sem dæmi um það er hvernig unnið var að sameiningu Fasteignaskrár ríkisins og Þjóðskrár. Sjá má í svarinu að eftir að hugmynd um sameininguna kom fram var settur á fót fimm manna samráðshópur. Þegar hann hafði lokið störfum var settur á fót fimm manna stýrihópur. Stofnanirnar sameinuðust í sumar. Eftir því sem næst verður komist gekk sameiningin hnökralaust fyrir sig.

### Fæðuöryggi

Á svarinu sést líka að landbúnaðarráðherrann er allur þar sem hann er séður. Hann lætur sér ekki nægja að tala um fæðuöryggi heldur fylgir málum eftir. Ráðherrann hefur skipað nokkra starfshópa sem með einum eða öðrum hætti fjalla um fæðuöryggi. Einn á að endurskoða jarða- og ábúðarlög með tilliti til fæðuöryggis, meðal annars. Annar fjallar um eflingu alifuglaræktar, meðal annars með tilliti til fæðuöryggis. Sá þriðji skoðaði svo eflingu svínaræktar, meðal annars með tilliti til fæðuöryggis. Sá hefur raunar skilað af sér. Niðurstaðan er að við svínakjötsframleiðslu skuli meðal annars taka mið af fæðuöryggi. Á dögunum skipaði ráðherrann nýjan starfshóp um svínaræktina sem á, meðal annars, að horfa til þáttar svínaræktar í fæðuöryggi.



bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Alls konar áætlunin


Reykjavíkurborg



Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir

borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins


Það er vont þegar stefnu vantar í stefnumótandi plögg. Fjárhagsáætlun borgarinnar er dæmi um slíkt plagg. Áætlunin gefur borgarbúum engin skýr skilaboð um stefnu meirihluta Besta flokksins og Samfylkingarinnar næstu árin. Skilaboðin eru óútfærð, óskýr og hreint út sagt út og suður.

> Í stuttu máli er fjárhagsáætlun meirihlutans fullkomlega ókláruð.

Langtímastefnan kemur hvergi fram. Enginn veit, hvorki kjörnir fulltrúar né starfsmenn, hvaða rekstrarþætti á að verja umfram aðra. Ekkert er fjallað um atvinnu eða atvinnuleysi. Engar útfærslur sjást varðandi framkvæmdir sem Dagur B. Eggertsson þó gagnrýndi hvað harðast að vantaði í síðustu fjárhagsáætlun. Dagur talaði þá um „framkvæmdastopp“ þó framkvæmt væri fyrir 10 milljarða. „Hagvöxtur í Reykjavík“ hefur jafnvel ekki verið skilgreindur en Dagur fjallaði ótæpilega um það óskýra fyrirbæri í kosningabaráttunni. Ekki er metið hvað hækkaðir skattar og gjöld á fjölskyldur komi til með að kosta samtals þótt nánast allt sé hækkað sem hægt er að hækka. Engin skýr lína kemur fram um hvort eigi að verja störf eða ekki og starfsmenn sitja uppi með ógrynni af óútfærðum hagræðingartillögum sem samtals nema u.þ.b. einum milljarði króna á ársgrundvelli. Það eina sem er útfært í þaula er hvernig seilast eigi dýpra í tóma vasa borgarbúa.

Meirihlutinn setur ekki fram leiðbeinandi línur í fjárhagsáætlanagerðinni um hvernig skuli haga samrekstri í þjónustu eins og t.d. skóla. Ekki er heldur búið að ákveða hvernig á að hagræða í sérkennslu, forföllum eða langtímaveikindum í leik- og grunnskólum. Ekkert er enn ákveðið um hvernig eigi að skipuleggja hagræðingu í ráðhúsinu.

Í stuttu máli er fjárhagsáætlun meirihlutans fullkomlega ókláruð. Rúsínan í pylsuendanum er síðan að hið svokallaða gat sem Besti flokkurinn og Samfylking ætla sér að loka hefur stækkað á ótrúlegan hátt með útgjaldaliðnum „ófyrirséð fé“ sem stækkar nú í tæpan milljarð. „Ófyrirséð fé“ er óbundinn liður í áætluninni og er til að mæta ýmsum uppákomum, dekurverkefnum eða verkefnum sem meirihlutinn vill takast á við á nýju ári. Sannarlega alls konar.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Einfaralið

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Sagt var að kosningar til stjórnlagaþingsins hefðu verið merk tilraun.

Kosið var eftir nýrri persónukjörsaðferð, í fyrsta sinn á Íslandi. Engir flokkar voru í framboði. Landið var eitt kjördæmi. Kynjajöfnunarákvæði voru í frumvarpinu. Allt þetta voru nýmæli. En hafi þetta verið tilraun þá eru tilraunir til að draga af þeim lærdóm.

**Frambjóðendamiðað kosningakerfi**

Það eru til tvær leiðir til að taka þátt í kosningum, að bjóða sig fram og að kjósa. Þátttakan hvað fjölda framboða varðar fór fram úr björtustu vonum, eða kannski þeim dekkstu, mundi einhver segja. Áhugi kjósenda var hins vegar minni.

Það má kannski segja að forgangsfærsluaðferðin, sem notuð var við þessar kosningar, sé afar frambjóðendavæn, en ekki endilega mjög kjósendavæn.

Aðferðin kyndir ekki sérstaklega undir lista- og bandalagamyndun, þannig að kjósendur voru í raun að velja milli yfir 500 flokka. Hver og einn frambjóðandi þurfti aðeins að standa skil á eigin stefnu. Menn þurftu ekki að rökstyðja skoðanir annarra, ekki gera neinar málamiðlanir, ekki að réttlæta hegðun, útgjöld og fortíð neins nema þeirra sjálfra. Niðurstaðan er hópur sterkra einfara. Einfaralið.

Sú vinna sem pólitísk framboð þurfa venjulega að inna af hendi við að velja heppilega frambjóðendur, búa til stefnu, huga að jöfnu kynjahlutfalli og góðri breidd á listanum var því alfarið lögð á herðar kjósenda. Mörgum fannst þetta mjög gaman. En mörgum fannst það líka erfitt. Svo erfitt að þeir létu það eiga sig.

**Kynjakvótar óþarfir**

Í kosningalögunum var að finna ákvæði þar sem heimilt var að jafna kynjahlutföll með því að taka inn frambjóðendur af einu kyni fram yfir aðra inn á þingið. Til allrar hamingju kom ekki til þess að slíkum ömurlegum aðferðum þyrfti að beita, en dreifing kynjanna var tiltölulega jöfn. Konur voru þriðjungur frambjóðenda en náðu tveimur fimmtu þingsæta.

Svokallað persónukjör hefur verið gagnrýnt fyrir að henta konum illa.

En þrátt fyrir að vissulega megi finna gögn þess efnis að sum kosningakerfi henti framgangi kvenna betur en önnur liggur það fyrir að ráðandi þáttur þegar kemur að hlut kvenna á þjóðþingum lýðræðisríkja er samfélagsuppbyggingin. Þar sem jafnréttismál eru í réttum farvegi er staða kvenna á þingi góð.

> Það má kannski segja forgangsfærsluaðferðin, sem notuð var við þessar kosningar, sé afar frambjóðendavæn, en ekki endilega mjög kjósendavæn.

Samfélagsleg meðvitund fyrir því að kjósa konur jafnt sem karla hefur semsagt þegar skilað þeim árangri sem menn vonuðust að næðist með mun frekjulegri inngripum. Vonandi er að með þessu verði hægt að segja skilið við vondar hugmyndir um lagaákvæði þar sem horft er í klofið á fólki við úthlutun þingsæta.

**Landið eitt kjördæmi**

Íbúar suðvesturhornsins hafa lengi haft hlutfallslega færri þingmenn en íbúar landsbyggðarinnar. Í þessum kosningum snerist dæmið við. Fólk samsamar sig gjarnan þeim landshlutum sem það býr í og það er ekki heppilegt ef stór hluti kjósenda, segjum þriðjungur, upplifir fjarlægð við hina kjörnu fulltrúa. Eða að lítill möguleiki sé á að einhver úr þeirra héraði nái kjöri.

Ísland er nánast orðið borgríki. Tveir þriðju Íslendinga eru með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu og ég hygg raunar að raunverulegur fjöldi íbúa sé eitthvað hærri ef tekið er mið af öllum námsmönnum sem búa í bænum með lögheimili í heimabyggð fjölskyldunnar. Það gefur augaleið að í slíku samfélagi er orðið talsverð fyrirhöfn að sækja sér atkvæði út fyrir borgarmúrana. Þeir sem eru þekktir í Reykjavík eru þar að auki þekktir úti á landi. En það gildir ekki endilega öfugt.

Það er sjálfsagt að jafna atkvæðavægið með þeim hætti að Reykvíkingar kjósi jafnmarga Reykvíkinga á þingið og þeir ættu með réttu að fá í stað þess að kjósa þangað fulltrúa úr öðrum landshlutum. En slíkt má gera án þess að gera landið að einu kjördæmi. Frekar mætti fjölga kjördæmum, skipta höfuðborginni upp eftir hverfum og tryggja betri tengsl kjósenda við þingmenn. Staðbundin kjördæmi eru líka skemmtilegri, og ekki má gera lítið úr því. Fólk nennir frekar að kjósa í skemmtilegum kosningum en leiðinlegum.

Væri persónukjör með 525 valkostum í einu kjördæmi, með kynjakvótum, heppileg leið til að verja Alþingi? Um það er ég efins. En sjáum hvað setur.

### SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

AF NETINU

### Skapandi greinar og aðrar greinar

Persónulega held ég að það sé mikil framtíð fólgin í skapandi greinum á Íslandi – við erum óneitanlega skapandi og hugmyndafrjó þjóð! En það er einnig fólgin framtíð í minna skapandi greinum og það kemur ekki í veg fyrir að hinir skapandi fái að njóta sín í okkar samfélagi. Nei, eitt styður við annað og fjölbreytnin er af hinu góða.

En af hvaða orsökum þurfum við sem trúum á þessa framtíð að „drulla“ yfir aðrar mikilvægar atvinnugreinar, s.s. fiskveiðar og fiskiðnað eða álverin, sem færa okkur gífurleg verðmæti í búið og eru undistöðuatvinnugreinar í okkar hagkerfi, m.a. með tilliti til öflunar gjaldeyris. Þarf alltaf að ræða þessi mál á þennan hátt?.

blog.eyjan.is/gudbjorn

**Guðbjörn Guðbjörnsson**






# Íslensk heimili þurfa að losna við krónuna

Krónan



Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir
stjórnmálafræðingur og formaður Sjálfstæðisfélags Hafnarfjarðar

Hver kannast ekki við að setja greiðsluyfirlit lánasamninga, sem sýna afborganir húsnæðislána allan lánstímann og heildarendurgreiðslur, ofan í skúffu eftir að lán hefur verið tekið, án þess að lesa það? Kannski kannast einhver líka við að botna hvorki upp né niður í greiðsluseðli húsnæðislánsins sem kemur í pósti um hver mánaðamót? Jafnvel þó að við skiljum greiðsluseðlana og greiðsluyfirlitin þá er erfitt að meðtaka tölurnar sem þar koma fram, þær eru óbærilega háar.

Það var afar fróðlegt að lesa grein Guðsteins Einarssonar, kaupfélagsstjóra í Borgarnesi, í Pressunni 2. september sl., þar sem hann fjallar um þær miklu byrðar sem lagðar eru á heimili landsins, vegna þess mikla aukakostnaðar sem krónan veldur, umfram það sem er innan evrunnar. Þetta stafar af því hversu örsmá krónan er (gata í stórborg), sem aftur skapar miklar sveiflur og áhættu, eins og þjóðin hefur mátt kynnast undanfarið. Þessi kostnaður jafngildir því að sá sem tekur 20 milljón króna íbúðarlán, til 25 ára, borgar um 105 þúsund meira á mánuði í 25 ár á Íslandi en ef hann væri í landi með evru. Á 25 árum nemur sú upphæð 32 milljónum. Hér er þó ekki öll sagan sögð.

**Mestu kaupmáttartækifærin**

Þessi upphæð, 105 þúsund krónur, er tala eftir skatta, þar sem hún er útlagður kostnaður. Þetta þýðir að viðkomandi einstaklingur þarf að hafa um 160 þúsund króna tekjur á mánuði fyrir skatta til greiðslu á kostnaðinum, sem fer í að halda uppi íslensku krónunni. Ef þetta er sett í annað samhengi, þá má benda á að meðaltekjur á Íslandi eru tæpar 400 þúsund krónur. Ef þessar 160 þúsund krónur, sem er 40% af launum fyrir skatta, vegna mánaðarlegs kostnaðar krónunnar, eru dregnar frá eru tekjur næstum því helmingi lægri – eða 240 þúsund! Ef skattar eru um 130 þúsund, þá eru ráðstöfunartekjur eftir skatta 270 þúsund til að lifa af. Af þessum 270 þúsundum fara 105 þúsund í krónuskatt eða um 40% af ráðstöfunartekjunum þannig að eftir eru einungis 165 þúsund! Ef hægt væri að losna við þetta 105 þúsund króna þrælaálag krónunnar með upptöku evru væri það mesta kaupmáttaraukning sem nokkurn tíma hefði orðið. Kaupmátturinn myndi aukast um 40% fyrir þennan einstakling án þess að íþyngja atvinnulífi – þvert á móti myndi krónuskattinum einnig verða aflétt af atvinnulífinu.

> Kostnaður við að halda uppi allt of litlum gjaldmiðli – krónunni, sem kemur fram í háum vöxtum, verðbólgu og verðtryggingu – jafngildir sambærilegri upphæð og íbúðin eða húsið sem keypt er.

**Tíu ár í hlekkjum og þrælabúðum krónunnar**

Ef síðan er reiknað hvað það tekur langan tíma að vinna fyrir þessum skelfilega krónuskatti kemur eftirfarandi í ljós. Dæmið er einfalt: 40% af launum fara í þrælaálag krónunnar – og því fara einnig 40% tímans í þennan skatt. Þetta jafngildir 3,2 tímum á dag, 2 dögum á viku, 8 dögum á mánuði, 5 mánuðum á ári. Sé valinn lengri afborgunartími en 25 ár verður þrældómurinn sömuleiðis lengri. Til þess að ráða við þessa greiðslubyrði verða í flestum tilfellum að vera tvær fyrirvinnur á hverju heimili. Þessar tölur jafngilda því að einstaklingur á Íslandi borgar í raun tvö hús fyrir eitt, á meðan einstaklingur innan evrulands borgar einungis fyrir eitt.

**Grafið undan sjálfstæðinu**

Lántökur Íslendinga í erlendri mynt sem hófust í kringum árið 2005 voru í raun ekkert annað en flótti undan íslenskum lánakjörum, vöxtum og verðbólgu.

Kostnaður við að halda uppi allt of litlum gjaldmiðli – krónunni, sem kemur fram í háum vöxtum, verðbólgu og verðtryggingu – jafngildir sambærilegri upphæð og íbúðin eða húsið sem keypt er. Ónýtur gjaldmiðill er því sá þáttur sem mest hefur grafið undan efnahagslegu sjálfstæði Íslendinga á umliðnum árum, og þar með sjálfstæði þjóðarinnar. Það er mál til komið að snúa af þeirri leið.

**Hagsmunamat**

Hafa ber í huga í umræðum um ESB að um er að ræða samband sjálfstæðra ríkja sem upphaflega er stofnað til til að tryggja frið og frjáls viðskipti innan Evrópu. Innan Evrópusambandsins virkar ákveðið samtryggingakerfi sem eftirsóknarvert er að vera innan en erfitt er að standa utan. Það eru hagsmunir sambandsins að öllum aðildarríkjunum vegni vel, lög og reglur séu virtar á milli þeirra og að ríkin séu sjálfbær. Það er ekki með nokkru móti hægt að halda því fram að Evrópusambandið hafi áform um annað en að Íslandi og Íslendingum vegni sem allra best.

## AF NETINU

### Viðskiptavinir blóðmjólkaðir og eignir uppfærðar



Þessi mikli vaxtamunur Íslandsbanka skýrir stóran hluta af hagnaði hans. Þessi gríðarlega hái vaxtamunur bendir einnig til þess að samkeppni í íslenska bankakerfinu sé verulega ábótavant og að eftirlitsaðilar standi sig ekki í stykkinu.

Önnur meginstoð mikils hagnaðar nýju bankanna er uppfærsla eigna þeirra í efnahagsreikningi. Allir fengu bankarnir lán heimila og fyrirtækja úr gömlu bönkunum á gríðarlega miklum afslætti, sem endurspeglaði á þeim tíma samspil efnahagskreppu, sem dregur úr greiðslugetu í hagkerfinu, eignaverðlækkun og stökkbreytingu lána vegna verðbólgu og hruns krónunnar. Bankarnir hafa svo verið að uppfæra verðmæti lána í bókum sínum þrátt fyrir að efnahagsástandið hafi síðan en svo batnað og lækkun eignaverðs haldi áfram.

Þannig má segja, að ofurhagnaður nýju bankanna sé tilorðinn annars vegar með blóðmjólkun á viðskiptavinum bankanna vegna gríðarlegs vaxtamunar og hins vegar með vafasömum uppfærslum á verðmæti eigna bankanna, sem svo aftur mun kalla á frekari blóðmjólkun kúnnanna.

pressan.is

Ólafur Arnarson

Fyrsti laugardagur á aðventu!

Langur Laugardagur




Laugardaginn 4. desember er opið til kl. 17

Opið lengur í bókaverslunum, á veitingastöðum og víðar!

Við nálgumst jólin og miðborgin skartar sínum fegursta jólabúningi.

Brúðubíllinn flytur Aðventuveisluna á Lækjartorgi kl. 15:00.

Blásarakvartett Reykjavíkur leikur á Ingólfstorgi kl. 14:00 og fer þaðan upp Laugaveg og síðan niður Skólavörðustíg til kl. 16:00.

Splunkunýtt gjafakort!

Jólagjöfin í ár!



Skoðum, verslum og njótum veitinga í Miðborginni okkar – þar sem hjartað slær

MIÐBORGIN OKKAR

Hið nýja Gjafkort Miðborgarinnar okkar er nú fáanlegt í öllum bókaverslunum miðborgarinnar. Sjá nánar á midborgin.is

ATH! Jólabærinn á Hljómalindarreit verður opnaður af Jóni Gnarr borgarstjóra n.k. fimmtudag 9. des. kl. 15:00.

# Illla ígrunduð og niðrandi skrif

Ríkisfjármál

Sigurjón Þórðarson
formaður Frjálslynda flokksins



Hagfræðingurinn Þröstur Ólafsson skrifar nokkuð langa grein í Fréttablaðið þann 1. desember sl. þar sem hann kvartar sáran yfir því að íbúar hinna dreifðu byggða hafi reynt að verjast allt að 40% niðurskurði á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni í boði Guðbjarts Hannessonar heilbrigðisráðherra. Eftir fyrstu endurskoðun á óvægnum niðurskurðartillögum Samfylkingarinnar blasir við Skagfirðingum að fjárframlög Heilbrigðisstofunarinnar, sem voru skorin niður um 11% í ár, verði skorin áfram hörkulega niður um 24% á næstu tveimur árum.

Ekki fór neitt fyrir efnislegum rökum hjá hagfræðingnum fyrir þvílíku offorsi gegn heilbrigðisþjónustunni. Þröstur varði hins vegar miklu púðri í niðrandi skrif um nauðvörn íbúa fyrir grunnþjónustu á borð við heilsugæslu og sjúkrarými fyrir aldraða. Í ljósi þeirra fordóma sem komu fram í grein Þrastar er rétt að benda honum og öðrum á vandað lögfræðiálit Daggar Pálsdóttur þar sem efast er um lögmæti boðaðs niðurskurðar. Sömuleiðis hafa reynslan og útreikningar sýnt að vanhugsaðar breytingar og niðurskurður á einum stað í heilbrigðiskerfinu geta leitt til aukins kostnaðar annars staðar í kerfinu.

> Blasir við Skagfirðingum að fjárframlög Heilbrigðisstofunarinnar, sem voru skorin niður um 11% í ár, verði skorin áfram niður um 24% á næstu tveimur árum

Ánægjulegar viðhorfsbreytingar koma þó fram í grein Þrastar um að rétt sé að minnka yfirbygginguna og gæta hófs en sjálfur var hann einn helsti hvatamaður að byggingu rándýrs tónlistarhúss í samvinnu við útrásarvíkinga. Sömuleiðis barðist hann hart gegn því að byggingunni yrði slegið á frest þegar kreppan fór að læsa klóm sínum í landsmenn. Og ráðamenn tóku þátt í þeirri vörn.

Mér finnst illa ígrundað og í hæsta máta óskynsamlegt hjá norrænu velferðarstjórninni að ætla að flytja aldraða hreppaflutningum úr heimabyggð. Forgangsröðum frekar gæluverkefnum aftar í röðina, þau geta beðið en aldraðir ekki.

AF NETINU

## Íslensk einkavæðing í sögubækur

Íslensk einkavæðing er víti til varnaðar. Hún mun skipa sér sess í sögubókunum og í fjármálafræðum sem dæmi um hvernig einkavæðing getur orðið að martröð.[...]
Það er bráðnauðsynlegt að læra af eigin mistökum og reynslu annarra til að fyrirbyggja að annað eins geti gerst aftur nú þegar stærsta fyrirtækjaútsala sem um getur, miðað við höfðatölu, byrjar í boði bankanna og ríkisins.
Það sem skiptir máli er ekki að það fáist „hæsta verðið“ í einhverju uppboði heldur að það veljist hæfasta fólkið sem fer með þessar eignir á ábyrgan og faglegan hátt. Þá á ríkið að halda eftir einu hlutabréfi, svo kölluðu „golden share“ sem gefur því einn stjórnarmann og neitunarvald í öllum stærstu málum er varða skuldsetningu, arðgreiðslu og yfirtökur
Þessa leið á að fara þegar Sjóvá verður seld, enda eru gríðarlegir hagsmunir skattgreiðenda þar í húfi.

blog.eyjan.is/andrigeir
**Andri Geir Arinbjarnarson**

## Hver voru úrslitin?

Ég óskaði eftir því við landskjörstjórn í morgun að fá upplýsingar um hvernig atkvæði í stjórnlagaþingskosningunni á laugardag skiptust. Það er að segja hversu oft frambjóðendum var raðað upp í hvert og eitt sæti. Ég fékk rétt í þessu þau svör að verið væri að vinna í þessu (án þess að ég ímyndi mér að það sé vegna fyrirspurnar minnar) og að tölurnar verði birtar síðar í dag eða á morgun.
Það verður athyglisvert að sjá hvernig frambjóðendur hafa raðast upp á listum, sjá hverjir hafa notið víðtækasta stuðningsins, og hvort einhverjir hafi ratað inn á marga kjörseðla en kannski sjaldan í efstu sætin. Þá er líka hægt að skoða hvort úrslitin hefðu orðið önnur en þau voru ef notast hefði verið við aðrar reglur en gert var. En þetta getum við farið að skoða seinna í dag eða á morgun.

brynjolfur.midjan.is
**Brynjólfur Þór Guðmundsson**

## Siðfræðingar í stað endurskoðenda

Samkvæmt yfirlýsingu PriceWaterhouseCooper bera endurskoðendur þess enga ábyrgð á fölsuðum reikningum Landsbankans. Fyrirtækið neitar ábyrgð á tjóni þjóðfélagsins upp á hundruð milljarða króna. Staðfestir fyrri skoðun mína, að ófært sé að láta endurskoðendur skrifa upp á reikninga. Til þess þurfum við siðfræðinga. Endurskoðendur eru siðlausir og segjast sjálfir líka vera marklausir, þegar þeir standa andspænis tjóninu. Nauðsynlegt er að banna þeim að nota starfsheitið endurskoðendur. Þeir eru bókhaldstæknar. Þeir eru teinar í hjóli taumlausrar gróðafíknar rétt eins og lagatæknar og hagtæknar.

jonas.is
**Jónas Kristjánsson**




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNUS KONFEKT 700g
998 KR.700g
NÓA KONFEKT 650g
1498 KR.650g
MACKINTOSH 2 KG DÓS QUALITY STREET
2698 KR. 2 kg
398 KR.10 stk
DUNI STERIN KERTI 10 STK. RAUÐ / HVÍT
Jóla SMJÖR
O.S. JÓLASMJÖR 500g
215 kr.
BÓNUS SÚKKULAÐIKAKA
798 KR. 700g
298 KR.20 stk
DUNI JÓLASERVÍETTUR 20 STK 33sm MARGAR GERÐIR
198 KR. 500g
MYLLU FITTY-BRAUÐ 500g
198 KR. 4 stk
BÓNUS NÝBAKAÐAR MJÚKAR KRINGLUR 4 stk.
299 KR. parið
HELLO KITTY & SPIDERMAN SOKKAR KOMNIR AFTUR
198 KR. 500g
BÓNUS NÝBAKAÐ 3JA-KORNABRAUÐ 500g
598 KR. kg
KS FROSNAR SVIÐALAPPIR KOMNAR AFTUR
Sanpellegrino MULTICOLORS 50
998 KR. stk
SANPELLEGRINO DÖMUSOKKABUXUR MULTICOLORS 50
ELLEFU LÍTRAR 998 kr.
engifer
Engiferdrykkur með myntu & lime.
ATHUGIÐ; getur verið frískandi !
298 kr. 1/2 ltr.
VÍKING JÓLABLANDA Malt og appelsín - Fjórar dósir 500ml = 2 ltr.
COCA COLA KIPPA Coke eða Coke Light - Sex 1.5 ltr. flöskur = 9 ltr.
GJAFAKORT
Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus
Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið, kortið er áfyllingarkort.
Hafðu samband við skrifstofu Bónus og fáðu nánari upplýsingar.
Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.
AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUDAGUR 10:00-19:30
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Innfluttar danskar grísalundir 1398 kr.kg.




## Innfluttar kalkúnabringur 1998 kr.kg.




**AÐ MATREIÐA KALKÚNABRINGU;** sjá bonus.is / UPPSKRIFTIR




2598 KR. kg

ÍSLANDSLAMB **LAMBA-PRIME**

Sérskorið ferskt lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!




1259 KR. kg

ÍSLANDSLAMB **JURTAKRYDDAÐ LAMBALÆRI**




898 KR. kg

FERSKT **NAUTAHAKK**




498 KR. 4 stk

FJÓRIR **NAUTABORGARAR M/BRAUÐI**




898 KR. kg

BÚRFELLS **HAMBORGARHRYGGUR**

2159 KR. kg

ÚRBEINAÐ SS BIRKIREYKT **LAMBALÆRI**




998 KR. kg

ALI FERSKAR ÚRB.GRÍSAHNAKKASNEIÐAR




898 KR. kg

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUDAGUR 10:00-19:30

# Þjóðarábyrgð og launamál háskólafólks

Kjaramál



Sveinn Ólafsson
í stjórn Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga

Margir líta þannig á að þjóðin beri öll ábyrgð á því sem gerðist í hruninu og að þjóðin verði öll að taka afleiðingum þess, að þjóðin verði öll að leysa úr þeim vanda sem þá varð til. Að vissu marki er þetta rétt en samt mun stór hluti þjóðarinnar eiga erfitt með að koma auga á ábyrgð sína. Hjá félögum mínum í Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga er það líklega vegna þess að við könnumst ekki við að hafa sópað til okkar fé annarra, hvorki á tímum „góðæris“, fyrr né síðar.

Þegar ég lít yfir heildarkjarasamning BHM sem gerður var í lok árs 2005 til þriggja ára, sé ég að taxtahækkanir samkvæmt honum voru 3,25% við undirritun samnings, 2,5% 2006, 2,25% 2007 og 2% 2008. Þetta samsvarar rúmlega 10% hækkun samtals á 3 árum, eða rétt rúmlega 3% hækkun á ári að jafnaði. Í ljós kom síðar að þessar launahækkanir náðu ekki að halda í við hækkun framfærsluvísitölu. Engar greiðslur umfram taxta komu til mín á þessum árum og auðvelt að sjá kjör mín og samstarfsfólksins, þau voru samningstaxtar og ekkert annað. Lífeyrisréttindi hækkuðu ekki hjá ríkisstarfsmönnum á þessum árum. Um leið voru starfsmenntasjóðir eins og Vísindasjóður felldir niður.

Ég þarf þó ekki að kvarta. Ég greiddi atkvæði með þessum samningi og vann mína vinnu, sem þá fólst í umsjón með þeim tímarita- og gagnasöfnum sem eru í aðgangi um allt land og kennd við hvar.is. Þessi þjónusta, eins og önnur þjónusta bókasafnanna, er til að styðja við menntun og menningarmál hjá öllum landsmönnum, mikilvæg stoðþjónusta við rannsóknir og vísindi, nýsköpun og þróun í landinu. Þessi þjónusta, eins og allur mennta- og heilbrigðisgeirinn, stóð árið 2008 eins og staðið hafði verið fram að því. Þar var hvergi um gríðareyðslu að ræða og starfsmenn unnu sín verk án þess að sjá nein ofsalaun eða ofsagróða.

> Margir sjá fyrir sér nýsköpun og framkvæmdir sem verkefni snillinga sem ekki höfðu tíma eða nennu til að fara í langt skólanám, en það er núna liðin tíð. Nýsköpun verður ekki til án háskólamenntaðs fólks

Þegar þessi laun hafa síðan verið fryst í tvö ár fer ekki hjá því að þau sem vinna samkvæmt þeim kjörum eigi erfitt með að sjá sig í hópi með fjármálageiranum eða stjórnmálafólki, þó einhver úr þeim hópum vilji það. Krafa þessa fólks er sú sama og áður, sanngjörn laun fyrir sína vinnu. Þegar vinnan er stuðningur við mennta- og heilbrigðiskerfi landsins, menningu, rannsóknir, nýsköpun og þróun, þá þarf til þess vel hæft fólk sem hefur háskólanám að baki. Það þarf að greiða því fólki þannig laun að það fáist til vinnu hér.

Þetta er hluti af miklu stærra máli, sem er uppbygging í landinu eftir hrun. Ef takast á að lifa hér á þann hátt að fólk vilji almennt búa í landinu, þarf nýsköpun starfa ofan á þann grunn sem við höfum og þróun í þeim atvinnugreinum sem hér eru. Margir sjá fyrir sér nýsköpun og framkvæmdir sem verkefni snillinga sem ekki höfðu tíma eða nennu til að fara í langt skólanám, en það er núna liðin tíð. Nýsköpun verður ekki til án háskólamenntaðs fólks og sama gildir um þróun vöru og þjónustu. Ef þau sem ætla nú að byrja í háskólanámi eiga að sjá fyrir sér að eiga eftir að vinna í landinu, þurfa kjörin að svara lágmarkskröfum svo þetta fólk taki ekki fyrstu vél út að loknu prófi. Þá yrði skarð höggið í þann hóp fólks sem getur unnið úr þeim viðfangsefnum sem hér bíða.

Þeirri skoðun er gjarnan haldið á lofti að skera þurfi niður mikla þjónustu háskólafólks vegna þess að þjóðin hafi ekki efni á henni. Það er morgunljóst að með því að ganga á hlut þjónustu við menntun, heilbrigði, rannsóknir, nýsköpun og þróun, þá kæfir þessi þjóð einfaldlega möguleika sína til að vinna sig út úr tímabundinni kreppu, hvað sem tekur við eftir þann tíma.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.




# Stóryrði dósentsins

Ísland og ESB



Bjarni Harðarson
bóksali og tímabundið upplýsingafulltrúi í sjávarútvegsráðuneyti

Gauti Kristmannsson dósent í þýðingarfræðum sendir undirrituðum heldur óblíðar kveðjur í Fréttablaðinu fyrir nokkrum dögum. Tilefnið er greinarkorn sem undirritaður skrifaði í Morgunblaðið. Þar fjallaði ég aðeins um þá órækt sem yrði í tungumáli okkar ef reglugerðarþýðingar vegna ESB aðildar fá að móta hana og verða aflvaki í þróun íslenskunnar, eins og skilja mátti af orðum dósentsins sjálfs í viðtali fyrir skemmstu.

Vegna þessa velur Gauti mér einkunnir eins og þær að ég fari með hálfsannleik, óvinahatur og sögufölsun. Hér er hátt til höggs reitt en minna um rökstuðning. Það helst að í greininni sé vikið að meintum hálfsannleik þar sem ég hafi sagt að kostnaður Íslands við þýðingar muni vaxa við inngöngu í ESB. Um það segir dósentinn:

*„Þetta er sígilt dæmi um hálfsannleik, því þó að það sé rétt að kostnaðurinn aukist þá fellur hann ekki lengur á Íslendinga eina heldur ESB allt. Það sparast því umtalsvert fé við það.“*

Ekki veit ég hvað orðið hálfsannleikur þýðir hjá lektorum við Háskóla Íslands en í mínu móðurmáli nær það yfir þann útúrsnúning staðreyndar sem gerir lygi að sannleika. Allir Evrópufræðingar sem um hafa fjallað viðurkenna fúslega að Ísland muni væntanlega greiða heldur meira til ESB en það fengi í staðinn. Hluti af greiðslum okkar eins og annarra þjóða fer til hins mikilvirka þýðingastarfs ESB. Það er barnalegur málflutningur að telja að peningar verði til í höfuðstöðvum Evrópusambandsins og ekki sannleikanum samkvæmt að halda því fram að Íslendingar spari sér fé með því að ganga þar inn.

Seinni hluta greinar sinnar eyðir dósentinn síðan í að færa rök fyrir að þvælulegur málstíll 18. aldar og stofnanamál nútímans sé einhverskonar hugarburður eða sögufölsun upplýsingafulltrúa sem aldrei lesi neinar upplýsingar. Þær bollaleggingar allar læt ég lesendum Fréttablaðsins eftir að dæma. Óvinahatrið gleymir greinarhöfundur síðan að ræða frekar en gert er í inngangi og er hér fyrirgefið, enda hefur mér aldrei dottið í hug sú firra að hatast við nokkurn mann.

# Snjóflóðahættur á Íslandi

Snjóflóðahætta



Guðmundur Karl Jónsson
farandverkamaður

Algengt er að landsmenn geti ekki kveikt á útvarpstækjum sínum án þess að heyra fréttir af tíðum snjóflóðum sunnan Múlaganganna og vestan Strákaganga, í Skútudal við Siglufjörð, í Súðavíkurhlíð við Ísafjarðardjúp og fyrir austan á Fagradal og Suðurfjörðum Austurlands. Norður í Ólafsfirði hafa snjóflóð kostað nokkur mannslíf eftir að framkvæmdir hófust í Héðinsfjarðargöngunum. Á Suðurlandi hefur vegurinn milli Reynishverfis og Víkurþorps ekki sloppið við snjóflóð, blindbyl og mikil snjóþyngsli þegar hart er deilt um hvort til greina komi að grafa stutt jarðgöng undir Reynisfjall.

Til eru alltof mörg dæmi um að snjóflóð hafi fallið á enn fleiri stöðum víða um land sem áður voru taldir 100% öruggir, þar er Öxnadalsheiði ekkert undanskilin. Fyrir og eftir 1960 var það algengt að vegurinn sunnan við Engimýri í Öxnadal og uppi á heiðinni í 540 m hæð hefði strax orðið ófær þegar fréttir bárust af því að skriður og snjóflóð hefðu lokað þessari leið milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar. Sem betur fer er það ekki algengt eftir að þessi fjallvegur var að fullu byggður upp sem vetrarvegur, þó kemur fyrir að ökumenn lendi í vandræðum í Bakkaselsbrekku vegna illviðris og mikilla snjóþyngsla.

> Á öllum þessum stöðum skipta stutt göng miklu máli

Milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar er þetta vandamál líka til staðar á Hrafnseyrarheiði sem á að víkja fyrir 5 km löngum jarðgöngum. Í beinu framhaldi af þessum göngum sem stytta vegalengdina milli byggðanna á norðanverðum og sunnanverðum Vestfjörðum væri vel hægt að forðast slysahættuna á veginum í Mjólkárhlíð ef ákveðið yrði að grafa stutt veggöng undir Meðalnesfjall.

Talið er að 11 til 12 km löng jarðgöng sem yrðu tekin úr 80 m hæð í Vatnsdal og kæmu út í gegn í 50 metra hæð yfir sjávarmáli í Dynjandisvogi kosti um 14 milljarða króna. Hvort sem göngin kæmu í tvennu lagi inn í Geirþjófsfjörð eða ekki verður óhjákvæmilegt að opna þriðju dyrnar inn í Trostansfjörð til að þau gagnist íbúum Vesturbyggðar.

Því fylgir mikill kostnaður þegar reynt er að tryggja öryggi byggðanna með uppsetningu varnargarða gegn öllum snjóflóðahættum sem erfitt er að sjá fyrir í breytilegu veðurfari. Við Ísafjarðardjúp geta þessar hættur leynst í Hestfirði og á stórum hluta nýja vegarins í Fossahlíð í Skötufirði án þess að heimamenn í fjórðungnum hafi hugmynd um þær. Það sama á við um Arnarfjörð, Vesturbyggð og firðina norðan Breiðafjarðar milli Flókalundar og Bjarkalundar.

Hluta af þeirri heildarupphæð sem talið er að 11,9 km löng jarðgöng undir Dynjandisheiði kosti mætti nota til að tryggja öryggi byggðanna norðan Hrafnseyrarheiðar, við Ísafjarðardjúp, vestan Dynjandisheiðar og á Suðurfjörðunum.

Á öllum þessum stöðum skipta stutt göng miklu máli þó að þau verði dýrari en varnargarðarnir. Seint á síðasta ári minntust Austfirðingar þess að 35 ár voru liðin síðan snjóflóðin í Neskaupstað kostuðu 12 mannlíf. Þess sjást engin merki að ástandið á Suðurfjörðum Austurlands sé að batna þegar fréttir berast af því að margir flutningabílstjórar hafi lent í mikilli hættu vegna grjóthruns og snjóflóða í Hvalnes- og Þvottárskriðum.

Í Kambaskriðum er ástandið engu betra þegar heimamenn fá fréttir af því að þar hafi grjóthrun líka valdið skemmdum á bifreiðum. Hvað eftir annað lenda starfsmenn Vegagerðarinnar í því að þurfa að hreinsa veginn á þessum hættulega stað þegar snjóflóð hafa oftar en einu sinni lokað leiðinni milli Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur.

Til eru í langtímaáætlun hugmyndir um veggöng undir Lónsheiði og Berufjörð og tvenn göng inn í Stöðvarfjörð sem geta samanlagt stytt vegalengdina milli Fáskrúðsfjarðar og Hornafjarðar um 50 km. Auk snjóflóðavarnargarða á þessari leið er þetta ein forsendan fyrir því að allir íbúar Suðurfjarðanna fái greiðan aðgang að stóra Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað.



**Mjúkir liðir** þykja kvenlegir en til að ná þeim náttúrulegum ætti að varast að nota of mikið af efnum þegar hárið er krullað. Varist einnig að nota of mjótt krullujárn því þá verða liðirnir of mjóir og þéttir. Til að ná sem bestri útkomu þarf að áætla nokkuð mikið hár í hvern lokk.




**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447






# Jólahlaðborð

*18. nóvember - 30. desember*

Hið óviðjafnanlega jólahlaðborð Perlunnar er hafið. Það borgar sig að panta borðið þitt strax – enda eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu!

Verð 8.290 kr.

*Tilboð mánudaga-miðvikudaga*

*7.290 kr.*

Skötu- og jólahlaðborð Perlunnar
*Þorláksmessa, í hádeginu*

Nýárskvöldverður
*1. janúar 2010*

Það borgar sig að panta skötuna snemma!

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot





**Birgir Örn Birgisson fullyrðir að hann eigi heiðurinn að ostasalati sem margir kannast við.**



Birgir er mikill keppnismaður og með því að standa fyrir góðgerða-spinningtímum tókst honum að safna um fjögur hundruð þúsund krónum sem munu renna til fátækra barnafjölskyldna fyrir jólin. Hér er hann ásamt unnustunni Maríönnu Pálsdóttur.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Ostasalat fyrir þá sem mæta reglulega í spinning

Spinningkennarinn Birgir Örn Birgisson heldur því statt og stöðugt fram að hann hafi fundið upp á vinsælu ostasalati sem margir hafa eflaust bragðað í saumaklúbbum og veislum síðustu misseri. „Ég fullyrði að það var ég sem fann upp á þessu salati. Aðrir hafa hins vegar reynt að eigna sér uppskriftina með misgóðum árangri,“ segir hann staðfastur.

Birgir segir salatið fyrir alvöru sælkera. „Það er vissulega ekki fitusnautt en þeir sem eru duglegir að mæta í spinning geta leyft sér að borða það á tyllidögum. Aðrir verða að láta bragðvondan duftsjeik duga.“

Það kemur ekki á óvart að Birgir Örn er mikill keppnismaður og vill ná árangri í því sem hann tekur sér fyrir hendur. Hann hefur verið hugsi yfir fréttum af fólki sem býr við kröpp kjör og segir ljóst að erfiðir tímar séu fram undan hjá mörgum. Hann langaði til að leggja sitt af mörkum og stóð fyrir góðgerðaspinning í World Class allan síðasta mánuð. Birgir hóf söfnunina á hundrað þúsund króna framlagi og jöfnuðu eigendur World Class þá upphæð. Flutningsfyrirtækið Nesfrakt bætti sömu upphæð við og safnaðist auk þess dágóð upphæð í bauka í spinningtímum hjá Birgi. Upphæðin hljóðar nú upp á í kringum fjögur hundruð þúsund krónur og mun Birgir í samvinnu við Sr. Guðrún Karlsdóttur, sóknarprest í Grafarvogskirkju, koma fénu í hendurnar á fátækum barnafjölskyldum á Íslandi sem hver um sig fær 30-50 þúsund krónur fyrir jólin.

*vera@frettabladid.is*

## OSTASALAT BIRGIS

- 1 piparostur
- 1 mexíkóostur
- 1 mjúkur hvítlauksostur
- 1 paprika (eftir smekk)
- 1 dós sýrður rjómi
- 1dl majones
- vínber (eftir smekk)
- púrrulaukur (valkvætt)
- 2 pakkar af Tuc Orginal kexi

*Skerið ostana niður í litla bita og blandið þeim saman við rjómann og majónesið. Skerið paprikuna, vínberin og púrrulaukinn niður og hrærið vel saman. Best er að gera salatið daginn fyrir neyslu.*






# HELGIN

**Útgáfuboð** verður haldið á morgun í kjallara Nútímalist Galería á Skólavörðustíg 3a í tilefni af útkomu ljósmyndabókarinnar 101 Heimsókn eftir Valdísi Thor. Á sýningunni, sem opnar klukkan 15, verða 101 Polaroid mynd af fólki sem kom í heimsókn til Valdísar í fyrstu íbúðina hennar á Skólavörðustíg á tuttugu mánaða tímabili.




VIÐ BJÓÐUM BETUR SANNKALLAÐ JÓLAVERÐ Á ÖLLUM INNRÉTTINGUM LÁTTU REYNA Á ÞAÐ
nettoline Mán. - föst. kl. 09-18 Laugardaga kl. 11-15
friform.is
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

Auglýsingasími 512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

Gefðu gjöf sem hlýjar yst sem innst.
Opið á sunnudögum til jóla frá kl. 12:00-16:00
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16
Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518

LAGERSALA
KRISTALL - GLER - POSTULÍN
NÚPALIND 1 - HVERAFOLD 1-3
HAFNARGATA 50
KEFLAVÍK

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM
15% afsláttur af öllum vörum
MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
Erum með opið á lau. kl. 11-16
FJÖRÐUR
www.fjordur.is

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft...




Starfsmenn Ásgarðs á verkstæðinu í Bragganum. Jólamarkaðurinn er jafnan stærsta uppákoma ársins í Ásgarði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Jólin koma í Ásgarði



Falleg og einföld tréleikföng eru aðalsmerki Ásgarðs og eru vinsæl í jólapakkana.

**Árlegur jólamarkaður Ásgarðs, verndaðs vinnustaðar í Mosfellsbæ verður haldinn á morgun. Þar verður á boðstólnum smíðavarningur starfsmanna, leikföng úr tré og listmunir.**

„Þetta er mikilvægur dagur fyrir okkur og við tjöldum öllu til,“ segir Óskar Albertsson, talsmaður Ásgarðs, en árlegur jólamarkaður verður haldinn í Ásgarði á morgun milli klukkan 12 og 17.

„Við höfum haldið jólamarkaðinn fyrsta laugardag í desember síðustu sex eða sjö árin og höfum til sölu leikföng og listmuni eftir okkur starfsmenn, sem við höfum smíðað á árinu,“ útskýrir Óskar og segir marga koma ár eftir ár á jólamarkaðinn. „Við eigum marga fastakúnna sem bíða spenntir allt árið.“

Starfsmenn í Ásgarði hafa hannað og þróað einföld og sterk leikföng, gjarnan með skírskotun til íslenskra þjóðsagna og ævintýra og vinna eingöngu með náttúrulegan efnivið. Á trésmíðaverkstæðinu Bragganum fer helsta smíðin fram. Listasmiðjan er í öðru húsi þar sem unnir eru listmunir í leður og ull og fleira.

„Bragginn er hjarta staðarins og þar verður jólamarkaðurinn en veitingasalan verður uppi í matsalnum. Bakarí á höfuðborgarsvæðinu hafa verið svo vinsamleg að styrkja okkur og gefið kökur og við bjóðum upp á kökuhlaðborð, heitt súkkulaði og kaffi á vægu verði,“ segir Óskar. „Við fórum í Kringluna um síðustu helgi og seldum aðeins þar, en jólamarkaðurinn hér í Bragganum er aðaldagurinn okkar. Það eru allir innilega velkomnir og ég vonast til að sjá sem flesta.“

heida@frettabladid.is



„Við tjöldum öllu til. Ég vonast til að sjá sem flesta,“ segir Óskar Albertsson en jólamarkaðurinn hefst á morgun klukkan 12.



Eingöngu er unnið með náttúrulegan efnivið í Ásgarði.

Matvælaframleiðendur kynna fyrir landsmönnum íslenska matvælaframleiðslu í Smáralind um helgina. Kjötiðnaðarmeistarar úrbeina hangikjöt og bakarí taka vel á móti gestum.



## Höfundar lesa upp

FJÓRIR RITHÖFUNDAR LESA ÚR VERKUM SÍNUM Í STOFUNNI Á GLJÚFRASTEINI NÆSTKOMANDI SUNNUDAG.

Boðið er til upplestrar á aðventunni nú í sjöunda sinn á Gljúfrasteini þar sem rithöfundar lesa upp úr nýútgefnum bókum.

Fjórir höfundar lesa nú á sunnudaginn; Bragi Ólafsson les Handritið að kvikmynd Arnar Featherby og Jóns Magnússonar um uppnámið á veitingahúsinu eftir Jenný Alexson, Ólafur Haukur Símonarson les Ein báran stök, Sigríður Pétursdóttir les Geislaþræðir og Ari Trausti Guðmundsson les úr bókinni Blindhæðir.



Dagskráin hefst klukkan 16, aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. *- rat*


KINAHOFID
Tilboð
Núðlur með grænmeti
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Nautakjöt með grænmeti í ostrusósu
Kjúklingur og grænmeti í satayósu
Allt þetta fyrir 1.590 kr á mann
Tekið heim 1.450 kr á mann
www.kinahofid.is
NYBYLAVEGUR 20 200 KOPAVOGUR SIMI 554 5022


„Ég vildi að þessi söfnun kæmi börnum til góða," segir Tinna Pétursdóttir nuddari. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Fólk þarf ekki að óttast að verða rekið úr fötunum í Kringlunni á sunnudaginn.

# Nudda herðar fyrir Umhyggju

**Óvenjuleg söfnun til ágóða fyrir Umhyggju – félag til stuðnings langveikum börnum – verður í Kringlunni á sunnudag. Ekki eiga allir peninga til að gefa en geta allir gefið vinnuframlag, segir Tinna Pétursdóttir nuddari, sem fékk hugmyndina og stendur fyrir framtakinu.**

Rúmlega tuttugu nuddarar munu á sunnudaginn gefa klukkutíma af vinnu sinni og skiptast á að bjóða viðskiptavinum Kringlunnar upp á tíu mínútna herðanudd milli klukkan 13 og 18 til styrktar fjölskyldum langveikra barna.

„Fimm nuddstólar verða á svæðinu fyrir framan Lyfju og nuddað verður í gegnum fötin svo fólk þarf ekki að óttast að þurfa að vera hálfnakið á almannafæri," segir Tinna Pétursdóttir nuddari, sem fékk hugmyndina að framtakinu og sá um framkvæmdina. „Nuddið kostar 1.500 krónur en fólki er að sjálfsögðu heimilt að hafa framlögin hærri. Allur ágóði af nuddinu rennur óskiptur til Umhyggju – félags til stuðnings langveikum börnum."

Hvernig kom þessi hugmynd til? „Ég var að hlusta á útvarpið og heyrði þar að einhverjir tónlistarmenn væru að gefa vinnu sína til að styrkja góð málefni," segir Tinna. „Þá fór ég að hugsa um að það væri auðvelt fyrir fleiri starfsstéttir að gera það sama. Þótt fólk eigi ekki endilega alltaf peninga afgangs til að gefa þeim sem þurfa eiga allir vinnuframlag."

Tinna segir það hafa gengið mjög vel að fá nuddara til liðs við sig. „Það voru allir boðnir og búnir að gera allt til að þessi hugmynd yrði að veruleika. Upphaflega ætlaði ég bara að hafa fjóra stóla en viðbrögðin voru svo góð að nú eru þeir orðnir fimm."

Hvers vegna Umhyggja? „Ég vildi að þessi söfnun kæmi börnum til góða," segir Tinna. „Og þegar ég hringdi í Umhyggju til að segja frá þessu sögðu þau að þetta kæmi sér sérstaklega vel því margir foreldrar langveikra barna hefðu leitað til þeirra um styrki til að geta haldið jólin. Þannig að ég er ofsalega glöð að geta gert þetta fyrir þau. Það er nógu erfitt að vera með langveikt barn þótt peningaáhyggjur bætist ekki þar ofan á. Svo er bara að vona að viðskiptavinir Kringlunnar noti sér það að láta nudda stressið úr öxlunum um leið og þeir styrkja þetta góða málefni."

*fridrikab@frettabladid.is*

# Handverk á opnu húsi

**Í Hússtjórnarskólanum í Reykjavík verður opið hús á morgun þar sem finna má ýmsar kræsingar og handverk.**

Hússtjórnarskólinn í Reykjavík, sem starfað hefur samfleytt frá árinu 1942, verður að venju með opið hús í lok vetrarannar. Á sýningunni gefur að líta afrakstur nemenda eftir önnina.

Í skólanum læra nemendur ýmiss konar handverk, meðal annars vefnað og saum, prjón og hekl og sitthvað um matseld og þrif auk bóknáms. Námið, eins og það er í dag, byggist á einni önn sem metin er til 24 eininga. Skólinn tekur aðeins við 24 nemendum og verða verk þeirra sýnd á opnu húsi á laugardaginn.

Á sýningunni má finna margs konar verk eftir nemendur, eins og hefð gerir ráð fyrir, og einnig verða til sölu veitingar sem nemendur standa að baki.

Sýningin verður í húsakynnum Hússtjórnarskólans að Sólvallagötu 12 og stendur frá 13.30 til 17 á laugardag.


Ýmsar kræsingar verða á boðstólum.


# Desembertilboð

## Tilboð á **aada** í 5 lítra umbúðum í desember

Eftir áramót koma nýjar 4 lítra umbúðir fyrir **aada** drykkinn. Þess vegna bjóðum við nú 5 lítra umbúðirnar á sérstöku tilboðsverði. Tilboðið getur þú nálgast hjá okkur að **Digranesvegi 10** í Kópavogi eða hjá sölufulltrúum okkar sem eru að finna á heimasíðu okkar **www.mysecret.is**



TILBOÐ 4.900

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

**NÝTT** | **Frí heimsending fyrir eldri borgara á höfuðborgarsvæðinu á þriðjudögum og fimmtudögum.**

**Heiða 67 ára**
„Þessi drykkur hefur gjörbreytt líðan minni. Ég hef þjáðst af slæmri slitgigt, með mikið slit í mjöðmum og hrygg. Eftir að hafa drukkið **aada** í nokkurn tíma hef ég fundið mikinn mun. Þetta hefur haft þau áhrif að andleg líðan hefur breyst til batnaðar, meltingin og svefninn er orðin betri og vatnsbúskapur líkamans er orðin stöðugur. Þetta er sannkallaður töfradrykkur og allir ættu að prófa hann."

**Kolbrún Una – 61 árs**
„Ég hef verið með of háan blóðþrýsting í nokkuð mörg ár ásamt nokkrum kvillum sem því fylgir, t.d. vökvasöfnun í líkamanum. Eftir að hafa drukkið **aada** í nokkrar vikur fann ég mun á líkama mínum, ég var bæði léttari og mér leið mun betur."

**Fleiri reynslusögur viðskiptavina okkar er að finna á www.mysecret.is**

My Secret aada

DIGRANESVEGUR 10 // 200 KÓPAVOGUR // SÍMI 527 2777 // INFO@MYSECRET.IS // WWW.MYSECRET.IS

**Næring** skiptir sköpum fyrir heilbrigðar neglur en með því að taka viðeigandi bætiefni og borða fjölbreytta fæðu má komast hjá klofnum nöglum og lausum naglaböndum. Séu hvítir blettir á nöglunum getur það bent til þess að líkamann vanti sínk.



Þegar augun verða þrútin, sem á það til að gerast eftir lítinn svefn eða mikinn grát, bregða margir á það ráð að setja kaldar gúrkusneiðar á augun. En hefur það eitthvað að segja? Svarið er já! Með því að kæla þrútið svæðið dragast æðarnar saman, sem flýtir fyrir því að bólgan hjaðni.



Heimild: www.essortment.com

# Hárprúðar frá Hollywood

**Í heimi fína og fræga fólksins eru það ekki aðeins fötin sem skapa manninn heldur einnig hárið.**

Hártískan í Hollywood hefur þetta árið verið bæði stutt og frjálsleg, þægileg og elegant.

Tískutímaritið Harper's Bazaar, sem fjallað hefur um tísku kvenna og hár allt frá árinu 1867, valdi á dögunum þær konur sem hafa vakið mesta lukku fyrir hárprýði á árinu 2010. *- jbá*



Still Cate Blanchett er klassískur og stutt hárið og hliðargreiðslan fer henni vel.



Emma Watson vakti mikla athygli er hún stytti hár sitt umtalsvert.



Katie Holmes er ávallt sæt. Frjálslegir lokkar og hliðartoppur fer henni vel.



Nicole Kidman skartar rauðum lokkum.



Axlasídd og miðjuskipting hefur verið vinsæl meðal kvenna og tekur Jessica Alba sig vel út með þess konar greiðslu.





MAC

A TARTAN TALE

**Föstudaginn 3. desember og laugardaginn 4. desember verður Partý í MAC Kringlunni Við munum bjóða upp á fría förðun allan daginn (farðanir þarf að panta fyrir fram).**

**Guðbjörg Huldís förðunarmeistari verður á staðnum og sýnir flotta förðun úr jólalínu MAC sem innblásin er frá Skotlandi.**

**Leyfum okkur að svífa inn í skoska sögu þar sem ævintýrin gerast með Billy the Piper. *Drum Major William Jordan Scottish Power Pipe Band, Former Drum Major To Her Majesty The Queens, 1st Bn Argyll & Sutherland Highlanders.***

**Billy og MAC munu fara með okkur á vit ævintýranna í … A Tartan Tale.**

**Komdu og hafðu gaman með okkur upplifðu sannkallaða MAC jóla-partý-stemmningu eins og hún gerist best.**

**MAC KRINGLUNNI**
**Sími: 563-5222**

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

3. desember 2010



ALDA BJÖRG GUÐJÓNSDÓTTIR HEFUR FÓRNAÐ ÝMSU FYRIR FERILINN

Tíska • Helgarráðin • Beroma barnaföt • Helena Christensen • Á rúmstokknum





FLAKKARATILBOÐ

UNITED
1 TB
720/1080i

Kr. 22.950

SJÓNVARPSFLAKKARI

United HD MMP 9530
- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 1TB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✻ ekki missa af

**FLOTT SAMSTARF** Hljómsveitin Hjaltalín hélt tónleika í sumar ásamt Sinfó og var fullt út að dyrum. Tónleikarnir voru teknir upp og eru nú komnir út í sérstakri hátíðarútgáfu undir heitinu Alpanon. Flott plata sem vert er að kíkja á.



## blogg vikunnar

### Hreint og hvítt

Hönnunarbloggið www.enmammasdag.com/weronica er eins skandinavískt og þau gerast, stútfullt af fallegum myndum af rómantískum herbergjum.

### Endurbætur



Bloggið www.jord-gubbarmedmjolk.blog-spot.com er annað sænskt hönnunar-blogg. Bloggarinn leyfir lesendum að fylgjast með endurhönnun heimilis hennar en hún býr í gömlu og fallegu húsi sem virðist helst eiga heima í sögu eftir Astrid Lindgren. Húsið er tekið í gegn og er afraksturinn skandinavísk krúttlegheit.

### Sagan endalausa

Hin unga og efnilega Saga Sigurðardóttir stundar nám í tískuljósmyndun í London. Á bloggsíðu hennar www.saganendalausa.blogspot.com má skoða það sem stúlkan hefur verið að taka sér fyrir hendur á meðan hún dvelur í borginni. Skemmtilegt blogg með afskaplega fallegum myndum sem gaman er að kíkja á.



Berglind Rósa Magnúsdóttir hannar falleg barnaföt:

# Hafnaði Lars Von Trier

Berglind Rósa Magnúsdóttir hefur hannað falleg barnaföt undir nafninu Beroma frá því í byrjun þessa árs. Vörurnar hafa slegið í gegn enda skemmtilegar og einstakar.

Berglind Rósa lærði fatahönnun við Margrethe-hönnunarskólann í Kaupmannahöfn og útskrifaðist þaðan árið 2003. Eftir útskrift ákvað hún að taka sér hlé frá fatahönnuninni og flakka þess í stað um heiminn. „Ég fékk svo sem nóg af fínum tilboðum eftir útskrift en ég var orðin þreytt á náminu og ákvað í staðinn að flytja til Spánar og Frakklands og vinna á lúxushótelum," útskýrir Berglind en henni bauðst meðal annars vinna við að hanna búninga fyrir leikstjórann Lars Von Trier.

Berglind Rósa segir það hafa verið tilviljun að hún hafi nú lifibrauð sitt af því að hanna barnaföt. Upphaflega hafi hún aðeins ætlað að sauma nokkrar flíkur á syni sína en það hafi fljótlega undið upp á sig. „Þetta spurðist bara út og nú hef ég varla undan við að sauma. En mér finnst þetta ofboðslega skemmtilegt og nú er þetta orðin mín vinna og mig langar að halda þessu áfram eins lengi og ég get," segir hún.

Efnin sem Berglind Rósa notar hefur hún sankað að sér í gegnum árin og mikið fær hún að gjöf frá ömmum sínum og frænkum. „Með því að panta ekki efni frá heildsölum tryggi ég það frekar að hver flík sé einstök og mér finnst það svolítið skemmtilegt," útskýrir Berglind Rósa, sem er að vonum ánægð með þessar góðu viðtökur sem Beroma hefur fengið.

Fötin eru fáanleg í versluninni Fiðrildinu í Reykjavík, Hrími á Akureyri, Húsi handanna á Egilsstöðum, í Svíþjóð og bráðlega verða þau einnig fáanleg í Bandaríkjunum. Berglind Rósa verður einnig þátttakandi í Pop Up markaðinum sem fram fer í Hugmyndahúsi háskólanna um helgina. *- sm*



**SKEMMTILEGT STARF** Berglind Rósa Magnúsdóttir hannar barnaföt undir nafninu Beroma. Hún segir tilviljun hafa ráðið því að hún fór að hanna barnaföt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






**Bloodgroup** Hljómsveitin Bloodgroup er á meðal þeirra sem koma fram í Jóladagatali Norræna hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skemmtilegt jóladagatal fyrir fullorðna:

# Kemur á óvart

Jóladagatal Norræna hússins hóf göngu sína á miðvikudaginn og á hverjum degi fram að jólum verða óvænt atriði í boði jóladagatalsins.

Þetta er fjórða árið í röð sem Norræna húsið býður upp á slíka skemmtun og er markmið jóladagatalsins að bjóða upp á skemmtilega dagskrá fyrir jólin án þess þó að jólin sjálf komi við sögu. Fjöldi listamanna hefur tekið þátt í dagatalinu undanfarin ár og má þar helst nefna Björk, Jón Gnarr, Sjón og Hjaltalín.

Í ár munu meðal annars Amiina, Bloodgroup og Ómar Ragnarsson koma fram en þó gestir vita hverjir munu troða upp vita þeir ekki hvenær.

Jóladagatalið fer fram á hverjum degi klukkan 12.34.

✻ augnablikið



**SVARTKLÆDD** Ofurfyrirsætan Kate Moss kynnti nýtt ilmvatn sitt, Vintage Muse, í verslunum Boots síðustu helgi. Hún var smekkleg að vanda en skartaði nýrri hárgreiðslu.

föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon og Álfrún Pálsdóttir **Forsíðumynd** Anton Brink **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir
sigridurh@365.is sími 512 5432 **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


Öðruvísi jól
the PIER
Öðruvísi jól
Engill............2990.-
Eldhúsborð 29.900.-
2 stk stólar 16.990.-
Borðstofuborð
49.900.-
3 fyrir 2
Jólakúlur á tré
3 fyrir 2 - Frá 290.-
30% afsláttur
Rammar í úrvali
30% afsláttur
Öðruvísi jól
Jólatré.........2990.-
Skenkur 89.900.-
Luktir 1990.-
Öðruvísi jól
Uglur frá 1.990.-
Kerti 3 fyrir 2
3 fyrir 2
Jólatónlist 2.690.-
Jólapúðarnir
frá..............1490
LE ROSE
baðlínan
30%
afsláttur
the PIER
Stjakar háir 2990.-
Kommóða 19.900.-
Kistur frá 3.990.-
The Pier Smáratorgi, 5227860 - Korputorgi, 5227870 - Glerártorgi Akureyri, 5227880

FIMM HLUTIR SEM ÞÚ VISSIR EKKI UM:

# Helenu Christensen

Danska fyrirsætan Helena Christensen hefur löngum þótt ein fallegasta kona heims. Hún deilir tíma sínum á milli Kaupmannahafnar og New York og á einn son sem hún segir vera það eina sem skipti hana máli í lífinu.

● Faðir Christensen er danskur en móðir hennar er frá Perú.

● Hún var kosin Ungfrú Danmörk árið 1986, þá 18 ára gömul. Hún keppti fyrir hönd Danmerkur í Ungfrú Heimur en vann þá keppni ekki.

● Hún var í sambandi með söngvara hljómsveitarinnar INXS, Michael Hutchence, í fimm ár. Þau flökkuðu um heiminn saman og bjuggu til skiptis í Danmörku og Frakklandi.

● Christensen er mjög hrifin af hvers kyns ostum og hefur meðal annars sagt að þegar henni líði illa leiti hún í einfalda hluti eins og „ost og kynlíf“.

● Hún starfar nú sem ljósmyndari og hefur sett upp nokkrar einkasýningar. Verk hennar hafa að auki verið birt í tímaritum á borð við Nylon, Marie Claire og ELLE.



**Ung og frískleg** Helena Christensen sem ung stúlka að stíga sín fyrstu skref sem fyrirsæta. NORDICPHOTOS/GETTY



**Fögur** Helena þykir ein fallegasta kona heims.



**Ástfangin** Helena ásamt þáverandi kærasta sínum, söngvaranum Michael Hutchence.



**Hversdagsleg** Helena klædd í víðar buxur og vinnuskó árið 2004.





**ÞÆGILEGAR ABC aðhaldssokkabuxur frá Oroblu fyrir jólatónleikana og jólahlaðborðin,**

Konur þurfa ekki endilega að vera með aukakíló sem þær vilja fela, til að þurfa á aðhaldssokkabuxum að halda. Margar sem eru búnar að eiga börn eru með slappari húð en áður, burtséð frá fituhlutfalli og aukakílóum. ABC sokkabuxur eru draumur hverrar konu, „bumba yfir streng“ hverfur, sokkabuxurnar rúlla ekki niður og konur verða allar stinnari og sléttari, passa betur í fötin og líður einfaldlega betur í fötunum sínum. ABC buxurnar eru einnig með þannig áferð að sokkabuxurnar loða ekki við fatnað, fatnaðurinn situr því á glæsilegri máta. ABC sokkabuxurnar slétta magasvæðið, lyfta upp og undirstrika rassinn ásamt því að styðja við mjaðmir og hliðar, til bæði með og án stuðnings niður á læri. ABC sokkabuxurnar eru til bæði í 40 og 20 denum í svörtum og sun lit, ráðleggjum eindregið 40 den fyrir konur sem eru þéttvaxnar því þær eru hærri upp og rúlla því síður niður. Báðar týpur er hægt að nota við opna skó.




## Á RÚMSTOKKNUM

*Sigga Dögg kynfræðingur*

## Besta jafnvægið á þríhjóli

*? Kæra Sigga Dögg. Ég á kærasta sem ég hef verið með í um hálft ár núna. Hann á barn með fyrrverandi sinni og þau deila forræðinu yfir barninu. Ég er sjálf barnlaus og á mjög erfitt með mig í þessum aðstæðum, ég veit ekki hvað ég má og má ekki sem „stjúpa“. Svo finnst mér líka erfitt hvað kærasti minn og fyrrverandi hans tala mikið og oft saman, mér finnst eins og þetta sé samband þriggja aðila og ég kann bara að vera í tveggja manna sambandi. Mig bráðvantar hjálp.*

**Svar:** Það er aldrei auðvelt að vera „þriðja hjólið“, eins og þú segir. En einhvern veginn byrjar maður að hjóla og eins og á æskuárunum nær maður besta jafnvæginu á þríhjóli!

Það eru nokkrir þættir í vandamáli þínu sem þarf að skoða. Ef við byrjum á barninu þá þarft þú að byrja á því að ræða við kærastann þinn og fá hann til að skilgreina þitt hlutverk í tengslum við barnið, hvað má og hvað ekki. Þá væri ekki ósniðugt fyrir þig að kynnast barnsmóður hans líka og bera undir hana hvernig hún hagi uppeldinu þá daga sem barnið er hjá henni. Það er mjög mikilvægt fyrir barnið að þið fullorðna fólkið samræmið aðgerðir. Það er ekkert algilt þegar kemur að barnauppeldi og því þarf að spyrja og fá hlutina á hreint.

*** Maður sem á barn er þegar með manneskju í fyrsta sæti hjá sér og þar er engin samkeppni á ferð. Það er þitt að spila vel úr aðstæðum því hér er líf lítillar manneskju í forgangi.**

Þú minnist á að kærasti þinn og barnsmóðir hans tali mikið saman og ætla ég að gefa mér að þar séu ekki mikil leiðindi á ferð. Fyrst svo er, þá er um að gera að styrkja þessi bönd enn frekar því þú ert núna í sambandi þriggja aðila. Maður sem á barn er þegar með manneskju í fyrsta sæti hjá sér og þar er engin samkeppni á ferð. Það er þitt að spila vel úr aðstæðum því hér er líf lítillar manneskju í forgangi og því þarft þú að sníða þitt samband eftir því.

Þú segist bara kunna að vera í tveggja manna sambandi en ef þú vilt vera með þessum manni þá verðið þið í það minnsta alltaf tríó en ekki dúett. En ef þú ert ekki tilbúin í þetta hlutverk og ekki tilbúin að læra að takast á við nýjar aðstæður þá er það á þinni ábyrgð að gera það upp við sjálfa að fara og finna þér annan maka. Gangi þér ofsalega vel, óháð því hvaða ákvörðun þú tekur!

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni.*
*Netfangið er kynlif@frettabladid.is*




# *20% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM*

*Í DAG OG Á MORGUN Í NÝRRI VERSLUN*

*E-LABEL AÐ LAUGAVEGI 27*

TAX FREE

E-LABEL STORE
LAUGAVEGUR 27
REYKJAVIK

TOPSHOP
KRINGLAN
SMÁRALIND

NÍNA
AKRANESI

IMPERIAL
AKUREYRI

SHOPELABEL.COM



Alda Björg Guðjónsdóttir rekur stílistafyrirtækið Snyrtilegur klæðnaður. Hún er einn færasti stílisti landsins og hefur starfað sem slíkur í áratug.




# EKKERT KAMPAVÍN Á HLIÐARLÍNUNNI

***Alda Björg Guðjónsdóttir*** **er einn fremsti stílisti landsins og hefur starfað sem slíkur allt frá árinu 1999. Hún rekur fyrirtækið Snyrtilegan klæðnað og þrátt fyrir óreglulegan vinnutíma segist hún ekki geta ímyndað sér betra starf.**

*Blaðamaður:* **Sara McMahon**
*Ljósmyndir:* **Anton Brink**
*Fatnaður á forsíðu:* **Steinunn**

Alda Björg ólst upp á Álftanesinu og býr þar enn með börnum sínum fjórum í næsta húsi við foreldra sína. „Álftanesið er æðislegur staður til að búa á, þó það hafi verið erfitt þegar maður var unglingur því þetta var svo langt í burtu frá öllu. Til lengri tíma litið þá held ég að það hafi bara gert manni gott að vera hálf fastur í sveitinni á þessum aldri. Ég bý þarna enn og mér finnst yndislegt að komast alltaf í friðinn að vinnudegi loknum,“ segir hún glaðlega.

Alda var einbirni fram að unglingsaldri en eignaðist þá tvö systkini sem bæði voru ættleidd frá Srí Lanka. Hún segist hafa verið dugleg að passa systkini sín enda hafi hún þá verið komin með nóg af því að vera eina barnið í fjölskyldunni. Að hennar sögn er fjölskyldan mjög náin og líkir hún henni við stóra, ítalska fjölskyldu. „Við erum eins og samhent, ítölsk stórfjölskylda án dramatíkurinnar. Við hittumst alla sunnudaga og borðum saman og mér finnst voðalega gaman að hafa þau öll í kringum mig,“ segir hún.

## FYLGDI BOY GEORGE

Móðuramma Öldu rak saumastofu hér áður fyrr og vann móðir hennar einnig á stofunni. Alda var sjálf ekki há í loftinu þegar hún fór að aðstoða ömmu sína á stofunni og vann við að ýfa ull í ströngum í könglavél. Hún byrjaði líka snemma að sauma sjálf á sig flíkur og mætti svo galvösk í þeim í skólann. „Ég var alltaf mjög undarlega klædd. Ég skar mig mjög úr hvað það varðaði og man sérstaklega eftir því þegar ég kom klædd eins og Boy George í skólann. Það vakti mikla athygli,“ segir hún brosandi. Alda segist lítið hafa spáð í áliti bekkjarsystkina sinna enda skipti mestu máli að hún sjálf væri sátt í fötunum. „Ég hef alltaf verið nokkuð örugg með sjálfa mig og pældi aldrei í því hvað öðrum fannst svo lengi sem ég var sátt við dressið sem ég var í.“

## SNYRTILEGUR KLÆÐNAÐUR

Tískuáhuginn dvínaði ekki með aldrinum og árið 1998 stofnaði Alda saumastofu ásamt tveimur vinkonum sínum. Út frá þeirri vinnu fór hún að taka að sér ýmis stílistaverkefni og ári síðar hafði hún snúið sér alfarið að þeirri iðn. „Vinna stílista getur verið nett geggjun og vinnutíminn óguðlegur en það sem heillar mig mest við

> *„Vinna stílista getur verið nett geggjun og vinnutíminn óguðlegur.“*

starfið er hversu fjölbreytt það er,“ segir hún þegar hún er spurð út í kosti starfsins. „Því fylgja ferðalög og mér gefst einnig tækifæri á að sjá staði á Íslandi sem aðrir fara ekki á, því tökurnar eru oft úti á landi.“

Alda vinnur einna mest við sjónvarpsauglýsingar, myndatökur, tískuþætti og tónlistarmyndbönd og sér þá um að klæða leikara, fyrirsætur og poppstjörnur samkvæmt nýjustu tísku. Hún segist þó ekki spá mikið í því sem gerist í heimi tískunnar heldur treystir frekar á eigin smekkvísi. „Ég gæti ekki svarað því hvað verður heitast í tískunni næsta sumar, ég fylgist lítið með því. Ég held að það sé betra að fylgja eigin tilfinningu en að vera of upptekin af því sem stóru hönnuðirnir eru að gera úti í heimi. Þess utan þá koma nýjustu tískustraumarnir alltaf í verslanir um leið þannig að maður er sjaldan að vinna með úrelta vöru.“

## EKKERT KAMPAVÍN

Samkvæmt Öldu er tískubransinn á Íslandi lítill og vinalegur og starf stílista ekki eins og margir ímynda sér, þar finnst engin dramatík eða læti. „Starfinu fylgir mikil bið, langir vinnudagar og enginn glamúr. Það er ekkert kampavín á hliðarlínunni eins og sumir halda,“ segir hún brosandi.

Þó að glamúrinn sé ekki að finna í starfi stílista segist Alda hafa lent í ýmsum broslegum aðstæðum í vinnunni og nefnir sem dæmi ítalska stórsöngkonu sem kom til Íslands til að taka upp tónlistarmyndband. „Þessi söngkona var víst mjög þekkt í heimalandinu og var með aðstoðarmanneskju með sér. Sú snerist eins og skopparakringla í kringum söngkonuna og ég sá hana meira að snýta henni. Það var mjög fyndið að fylgjast með þessu því þetta er ekki eitthvað sem við erum vön hér heima. En eftir fyrsta daginn í tökum virtist söngkonan hafa áttað sig á því að svona hegðun ætti ekki við hér

# POPP

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS • DESEMBER 2010



# AGENT FRESCO


Vertu á Flickmylife
í símanum

www.ring.is / m.ring.is

www.facebook.com/ringjarar

ring

VERTU MEÐ

ENNEMM / SÍA / NM44573



### HLUSTAÐU

Nýja platan hans Kanye West er meistaraverk. Snillingar eru yfirleitt snarklikkaðir og það er einmitt tilfellið með Kanye. Platan er að fá rosalega dóma og fýlupúkarnir hjá indíbiblíunni Pitchfork.com gáfu henni meira að segja fullt hús.



### BORÐAÐU

Skelltu þér á jólahlaðborð og borðaðu eins og þú getur fyrir 5-9.000 kall. Hlaðborðið geta verið fjári skemmtilegt í rétta hópnum og nú þegar helmingur vinahópsins er fluttur út er kjörið að hóa í mannskapinn um jólin þegar allir koma heim.



# LIFÐU AF Í DESEMBER

### HORFÐU

Önnur sería af Modern Family var að byrja á Stöð 2. Þessir þættir eru alveg fáránlega góðir þó að Popp viðurkenni fúslega að hafa ekkert litist á þá í upphafi. Fylgist sérstaklega með heimska syninum, glataða pabbanum og feita hommanum. Svo er latínó-mamman náttúrlega sjóðandi.


6


8


12


14

POPP

**POPP** er fylgirit Fréttablaðsins. POPP kemur út einu sinni í mánuði.
**Ritstjóri:** Atli Fannar Bjarkason atlifannar@frettabladid.is
**Sölustjóri auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is • sími 512 5411
**Útgefandi:** 365 hf.

# GAME VILL KYNNAST KVEN-ÞJÓÐINNI

„Ég er varla byrjaður að auglýsa og við höfum ekki við að selja miða. Þeir rjúka út. Ég býst við að það verði uppselt á innan við viku," segir Arnviður Snorrason, einnig þekktur sem Addi Exos.

Addi stendur fyrir tónleikum rapparins Game á Broadway 18. desember næstkomandi. Game átti sjálfur frumkvæði að því að koma til landsins, en hann er að ljúka Evróputúr og vildi koma við á Íslandi á leiðinni heim til Bandaríkjanna. „Þetta kom upp á núll, einni," segir Addi. „Það kemur í ljós að hann vill endilega koma til Íslands og kynnast landi þjóð – hefur áhuga á þessari eyju. Hann er búinn að heyra mikið um kvenfólkið og partí þannig að hann ákvað að slá til og kíkja hingað í enda túrsins."

Addi hefur hingað til sérhæft sig í að flytja inn listamenn sem spila teknótónlist og er því að venda kvæði sínu í kross með tónleikum rapparans. „Ég er reyndar gamall rappari þótt ég hafi mest verið í teknóinu," segir hann. „En þegar maður fær tækifæri til að tengjast svona viðburðum þá slær maður til að sjálfsögðu."

Til stóð að tónleikarnir færu fram í Laugardagshöll, en ekki tókst að bóka hana í tæka tíð. En er Broadway nógu stór fyrir Game, sem hefur selt fleiri en 10 milljónir platna um allan heim?

„Broadway er klárlega ekki nógu stórt þannig að það komast miklu færri að en vilja," segir Addi. „En fyrstir koma fyrstir fá og það verður þá bara meiri stemning í húsinu fyrir vikið."





**VESTURSTRÖNDIN** Game er væntanlegur til landsins og heldur tónleika á Broadway 18. desember. Addi Exos sér um tónleikana, en hann hefur hingað til sérhæft sig í teknóinu.




# NÚ ÁRIÐ ER (NÆSTUM) LIÐIÐ

Þar sem þetta er síðasta Poppið sem kemur út á árinu er ekki úr vegi að rifja aðeins upp árið sem er að líða. Blaðið mun því litast (bókstaflega) af því þar sem upprifjunarliðir, listar, vísitölur og hitamælar verða með gulum bakgrunni. Þar verður stiklað á stóru um það besta og versta sem var í gangi í Poppmenningunni á árinu, sem leið reyndar allt of hratt.

Það var allt að gerast á árinu. Dikta hélt áfram að stækka og er orðin langstærsta rokkhljómsveit landsins, Agent Fresco gaf út eina metnaðarfyllstu rokkplötu síðari ára og úti í heimi floppaði Kings of Leon að mati Popps á meðan Kanye West sló aftur í gegn.



**2011 NÁLGAST** Nú styttist í nýtt ár en fyrst þurfum við að skjóta nokkrum svona upp í loftið. Þurfum reyndar líka að halda upp á jól og svona.

ÍSLENSK HÖNNUN - NÁTTÚRULEG HRÁEFNI
STOFNAÐ 2005





MÚLI - hneppt peysa úr íslenskri ull, olnbogabætur og tölur úr nautsleðri. Verð kr. 22.900
FET - herrabuxur úr Pima bómull. Verð kr. 17.800

Húfan ÞÚFA - úr íslenskri ull. Verð kr. 8.500
SKARÐSHLÍÐ - dömupeysa úr merino ull. Verð kr. 21.900
Sjalið ÖXL . Verð kr. 17.400
FET - dömubuxur úr Pima bómull. Verð kr. 17.400

Farmers Market
iceland

www.farmersmarket.is

**FARMERS MARKET** | Eyjarslóð 9 (bakinngangur) | 101 Reykjavík | sími 552 1960

# MÚSÍK

## 2010 VÍSITALAN









# PLÖTURNAR



**KANYE WEST - MY BEAUTIFUL DARK TWISTED FANTASY**
Stórkostleg plata frá þessum sturlaða snillingi.

**THE NATIONAL - HIGH VIOLET**
Ótrúlega góð plata. Rokkplata ársins.

**ARCADE FIRE - THE SUBURBS**
Arcade Fire getur ekki klikkað.

**THE WALKMEN - LISBON**
Frábær plata beint frá New York.

**INTERPOL - INTERPOL**
Fín plata, en ekki nógu góð frá þessum meisturum.

**EMINEM - RECOVERY**
Hann kom aftur og er ennþá reiður.

**KINGS OF LEON - COME AROUND SUNDOWN**
Algjör vonbrigði frá nýju U2.









# AÐAL JÓLASPILIÐ

Hinn vinsæli sjónvarpsþáttur Popppunktur er nú borðspil.
Nú geta allir spreytt sig. Skotheld skemmtun fyrir alla!



Brilliant skemmtun og
einstaklega fróðlegt.
Ekki vissi ég að Lady Gaga
væri fædd 86!
Hún er búinn að starfa
sem strippari og alles
en er svo bara nýfædd!

Tobba Marínós
rithöfundur



Mergjað spil í alla staði.
Pant vera Bjartmar.
Ég verð snargeðveikur
í skapinu þegar ég tapa
en óþolandi glaður þegar
ég vinn.
Popppunktur rúlar!

Andri Freyr Viðarson
útvarpsmaður á Rás 2



Hallelúja,
nú mega jólin koma!
Ég kunni orðið allar
spurningarnar í gamla
Punktinum utanbókar.

Jóhannes Ásbjörnsson
Íslensku
Hamborgarafabrikkunni

# GRÆJUR



**UMVAFINN GRÆJUM** Grjænördinn og Gus Gus maðurinn Biggi Veira umvafinn tækjum og tólum í hljóðverinu sínu.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## GUS GUS MAÐURINN BIGGI VEIRA ER MIKILL GRÆJUNÖRD:

# FYRSTI HLJÓÐGERVILLINN Í ÖÐRU HVERJU LAGI

„Ég keypti fyrsta hljóðgervilinn minn þegar ég var í menntaskóla 1985. Ég fór frekar seint að vesenast í tónlist. Ætli ég hafi ekki verið sautján ára þegar ég keypti fyrsta hljóðgervilinn minn, það var Roland Juno 2. Það hefur verið minn uppáhaldshljóðgervill og ég hef notað hann sem aðalsánd í öðru hverju Gus Gus lagi,“ segir Biggi Veira úr hinni vinsælu hljómsveit Gus Gus. „Það var pólýfónískur „synthi“ sem kostaði ekki beint svakalega mikið en var nú samt slatti á sínum tíma. Svo bættust græjurnar við frekar hægt framan af.“

Biggi hefur alla tíð verið mikill græjukarl enda tekið upp fjölda platna með Gus Gus undanfarin fimmtán ár. Safnplata með bestu lögum sveitarinnar er einmitt nýkomin út með skemmtilegri mynd af Bigga sjálfum á umslaginu sem var tekin þegar hann var fimmtán ára.

Þegar Biggi var að stíga sín fyrstu skref í tónlistinni með kunningja sínum Begga var hljómsveitin Soft Cell í miklu uppáhaldi og síðar meir sólótónlist forsprakkans Marc Almond. Saman stofnuðu þeir Beggi hljómsveitina T-World. „Ég hafði mikið dálæti á trommuheiladiskói en ég var ekkert orðinn mjög græjumikill á þessum tíma. Ég átti hljóðgervil sem hét Roland JD 800 en það var ekkert að koma út úr honum sem mig langaði og þá fékk ég mér Roland TR 808. Það er goðsagnakenndur trommuheili úr rappinu sem var líka notaður á upphafsárum house-tónlistar. Ég gat líka keypt mér Yamaha CS-30 sem er frábær mono-hljóðgervill. Þessi skipti voru ein af mínum betri græjuákvörðunum. Síðan frétti ég af ARP 2600-hljóðgervli sem var búinn að liggja í geymslu í mörg ár. Ég fékk hann lánaðan og var með hann í næstum því tíu ár áður en ég keypti hann loksins. Hann hefur verið notaður fyrir bassasándið í Believe, Moss og Need In Me og einnig sem sólósánd í Believe,“ útskýrir Biggi.

### GRÆJUR Í UPPÁHALDI HJÁ BIGGA



**ARP 2600**
**Frábær „þriggja oscillatora monosynthi“ fyrir bassasánd og sólósánd. Yfirleitt stilltur hjá mér með einn „oscillator“ á fimmundinni. Hefur aðeins gefið eftir fyrir Doepfernum núna í seinni tíð.**



**Roland TR-808 og Roland TR-909**
**Keypti TR-808 1992 og TR-909 1994. Mikið notaðir á fyrstu fjórum plötunum. Lagið Is Jesus Your Pal er bara TR-808. Minna notaðir eftir að ég kom mér upp safni af Doepfer Percussive sándum.**



**Doepfer A-100 Modular system**
**Höfum mikið notað percussive-sánd á síðustu þremur plötum, Attention, Forever og 24/7. Er einnig ábyrgur fyrir öllum bassasándum á 24/7.**



**Roland - Juno 2**
**Fyrsti synthinn, keyptur 1985. Hálf „analogue polýfónískur“. Hefur verið í mjög miklu uppáhaldi alla tíð. Notaður fyrir orgel í Ladyshave, píanó í Call of the Wild og Moss, strengi í Anthem, Purple, Call of the Wild og Add this Song og fyrir aðal „synth“ í David.**

Hann nefnir einnig Doepferhljóðgervlakerfið sem hann keypti undir lok tíunda áratugarins í gegnum þýskt fyrirtæki og bætti síðan mikið við kerfið 2006. Þetta er græja þar sem hver hluti hljóðgervilsins er sjálfstæður og var eina hljóðfærið sem var notað í endurhljóðblöndun Gus Gus af lagi Bjarkar, Hunter.

Biggi er aðallega hrifinn af eldri græjum en festi þó nýlega kaup á Universal Audio Quad flex hljóðkorti. Með því getur hann loksins hljóðblandað alfarið inni í tölvunni.

Gus Gus er þessa dagana að vinna við næstu plötu sína, sem fylgir í kjölfar 24/7 sem kom út í fyrra. „24/7 var „minimal“ og undir teknóáhrifum. Hún var dálítið dimm en samt með björtum yfirtóni. Á nýju plötunni er meira blandað saman og grúvin eru líka að koma aðeins til baka,“ segir Biggi, spenntur fyrir verkefninu. Daníel Ágúst verður aðalsöngvarinn og einhverjir gestasöngvarar koma við sögu. Urður Hákonardóttir, fyrrverandi söngkona Gus Gus, hjálpar til við bakraddir og fleira.

*freyr@frettabladid.is*




**POPPLEIKUR:** GRAN TOURISMO 5



**ALVÖRU** Gran Tourismo tekur sig stundum of alvarlega. En hver myndi ekki gera það á dýrasta sportbíl heims?

# JAFN ALVARLEGUR OG HJARTAÁFALL

Það skal bara taka það fram í upphafi að Gran Turismo 5 er líklega fallegasti, raunverulegasti og innihaldsmesti bílaleikur sem gefin hefur verið út. Hvað þessa þrjá þætti varðar er leikurinn svo langt fyrir ofan samkeppnisaðilana að það er varla hægt að bera leikinn saman við nokkurn annan bílaleik.

Grafík leiksins er svo vel gerð að oft á tíðum er erfitt að átta sig á því hvort að maður sé að spila tölvuleik eða að horfa á útsendingu frá alvöru kappakstri í sjónvarpinu. Það er ekki fyrr en maður sér stöku slitrótta skugga sem maður áttar sig á því hvað horft er á. Framleiðendur leiksins hafa lagt ótrúlega ástúð í leikinn, enda allir með bílablæti á háu stigi, og afraksturinn er sá að það hefur verið hugsað út í hvert smáatriði við hvern einasta bíl. Bílarnir láta að stjórn eins og alvöru bílar, hvort sem ekið er á malbiki, ís eða malarvegi, og nú í fyrsta skipti í sögu Gran Turismo leikjanna geta bílarnir skemmst ef menn klessa of mikið á. Framboð bíla í leiknum er gríðarmikið, svo mikið að það er líklegra einfaldara að telja upp þá bíla sem eru ekki í leiknum heldur en að telja upp þá sem eru þar.

Vandamálið við Gran Turismo 5 er hið sama og við alla aðra leiki í seríunni. Leikurinn tekur sig allt of alvarlega, leikurinn er jafn alvarlegur og hjartaáfall. Afleiðingin af því er sú að eflaust finnst sumum leikurinn vera of steríll eða jafnvel hreinlega leiðinlegur. Það er þó ekki hægt að neita því að leikurinn er klassa ofar en allir aðrir bílaleikir á markaðnum. *- vij*

**GRAN TOURISMO 5**
- SPILUN 3/5
- GRAFÍK 5/5
- HLJÓÐ 5/5
- ENDING 4/5

NIÐURSTAÐA **4/5**

**93%** Rock Band 3 er einn af leikjum ársins. Hann er með 93/100 í meðaleinkunn á vefsíðunni Metacritic.com og eini leikurinn sem stenst honum snúning er endurgerð af hinum klassíska Pac Man.

**POPPLEIKUR:** CALL OF DUTY: BLACK OPS



**KALDA STRÍÐIÐ** Call of Duty er afar vel heppnaður leikur að mati gagnrýnanda Popps.

# TÖLVULEIKJAÚTGÁFAN AF WIKILEAKS

Call of Duty: Black Ops er stór leikur á marga vegu. Hann er stór því í einum og sama leiknum fá menn aðgang að áhugaverðri söguspilun, tveimur ólíkum zombie-smáleikjum og flottri netspilun sem, ein og sér, getur hæglega haldið leikmönnum uppteknum næstu mánuðina. Hann er stór því hann hefur slegið fjölmörg sölumet og hann er stór því hann er helvíti skemmtilegur.

Leikurinn gerist á árum Kalda stríðsins og setur leikmenn í fótspor hermanna sem vinna leynileg verkefni á vegum stjórna Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Þessi leynilegu verkefni styðjast mörg hver við raunverulega atburði, en svipta ímyndaðri hulu leyndar af atburðunum og virka þá eins og hálfgerð Wikileaks-síða, í tölvuleikjaformi. Helsti kostur söguþráðar leiksins er sá að hann heldur sig nær jörðinni, og um leið raunveruleikanum, heldur en til dæmis Modern Warfare 2 sem var hreinlega kjánalegur á köflum.

Grafík Black Ops veldur vissum vonbrigðum því víða má finna sjónræna galla á leiknum. Þá má vissulega setja spurningarmerki við fleiri smáatriði en ekkert af því getur dregið úr skemmtanagildi leiksins. Kjarni leiksins er klárlega netspilunarhlutinn og þar ættu leikmenn sem hafa spilað síðustu Call of Duty leiki að geta fundið sig fljótt og farið að slátra andstæðingum sínum eins og enginn sé morgundagurinn. Notendur þurfa að safna reynslustigum til að vinna sig upp metorðastigann og opna fyrir ný vopn og fleiri fídusa sem auðga spilunina. Þeir sem njóta þess að spila á netinu geta auðveldlega misst sig í þessu. Einnig þarf sérstaklega að minnast á Zombie-ham leiksins en þar geta menn vaðið um sem Fidel Castro eða Richard Nixon og murkað lífið úr heilum her uppvakninga. *- vij*

**COD: BLACK OPS**
- SPILUN 5/5
- GRAFÍK 3/5
- HLJÓÐ 4/5
- ENDING 5/5

NIÐURSTAÐA **4/5**




TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn
Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 • www.tonastodin.is
Tónastöðin Akureyri • Strandgötu 25 • Akureyri • sími: 456 1185

HLJÓMSVEITIN AGENT FRESCO ER MIKIÐ Í SVIÐSLJÓSINU UM ÞESSAR MUNDIR EN HÚN GAF NÝLEGA ÚT SÍNA FYRSTU BREIÐSKÍFU, A LONG TIME LISTENING. PLATAN HEFUR FENGIÐ GLIMRANDI DÓMA OG ÞYKIR ANSI LÍKLEG TIL AÐ BLANDA SÉR Í TOPPSLAGINN Á ÁRSLISTUM GAGNRÝNENDA FYRIR ÞESSI ÁRAMÓT. SÖNGVARINN ARNÓR OG GÍTARLEIKARINN TÓTI TÖLUÐU VIÐ POPP.

# AGENT F SCO



**Orð:** Haukur Viðar Alfreðsson
**Myndir:** Anton Brink

*Platan er nýkomin út og fær rosalega dóma. Arnar Eggert lofsöng hana og Fréttablaðið gaf henni fullt hús stiga. Hvernig leggst þetta í ykkur?*

**Arnór:**
Bara mjög vel. Áður en dómarnir birtust sagði ég við Tóta að ef Arnar Eggert dæmdi plötuna væri mér í raun sama hvort hún fengi tvær, þrjár, fjórar eða fimm stjörnur. Hann er maðurinn sem við tökum mest mark á. Hann þekkir tónlistina okkar mjög vel, enda er hann búinn að fylgjast með okkur frá byrjun, og er afskaplega hreinskilinn. Við vitum að hans dómur er ekki byggður á því sem hann upplifði eftir að hafa rúllað plötunni bara einu sinni.

*Er ekki varasamt að hafa fyrstu plötuna sína 66 mínútna langa með 17 lögum?*

**Arnór:**
Við ræðum allt og meðal annars ræddum við þetta. Við vorum búnir að ákveða þetta þema og þennan söguþráð. Mörg lögin eru samtengd og vegna þess og út af textunum, sem mynda saman eina heild, vildum við ekki stytta hana meira. Upphaflega voru lögin 19.

*Þið töluðuð um það á sínum tíma að platan væri eins konar concept-plata...*

**Tóti:**
Já. Við erum samt svo hræddir við þetta orð.

**Arnór:**
En það er ekki til annað orð yfir þetta. Það er svo mismunandi hvað fólk hugsar um concept-plötur. Þetta er það sama með orðið „prog“. Fólk túlkar þetta á alla vegu og þess vegna finnst okkur það skrýtið.

**Framhald á næstu opnu**


unicef
DAGURINN ER
NEFNILEGA
Í DAG!
HORFÐU Á ÞÁTTINN
Á STÖÐ 2 Í KVÖLD
KL. 20.00
DAGUR
RAUÐA
NEFSINS
3. DES '10
Í BLAÐINU:
Kynnar kvöldsins - hver með sínu nefi
Ilmur Kristjánsdóttir og Georg úr Sigurrós á vettvangi
„Svitalyktareyðir og prumpufilter“
- Gunnar Hansson sýnir fram og notagildi nefsins
Allt um þáttinn í kvöld, heimsforeldra og fleira og fleira ...
www.rauttnef.is

**● VISSIR ÞÚ AÐ ...**

- Yfir 22.000 börn deyja á dag af orsökum sem einfalt og ódýrt er að koma í veg fyrir. Við trúum því að þessi tala geti verið núll. En þú?
- á 45 sekúndna fresti deyr barn af völdum malaríu. Flugnanet til að koma í veg fyrir malaríu kostar aðeins 776 krónur.
- UNICEF veitir börnum í yfir 90 löndum hreint vatn og bætir hreinlætisaðstöðu í skólum og samfélögum.
- þegar neyð skellur á leiðir UNICEF oftast alþjóðlegt hjálparstarf í vatns- og hreinlætisverkefnum, en með því að tryggja hreinlæti og aðgang að heilnæmu vatni má koma í veg fyrir sjúkdómsfaraldra.
- þegar neyð skellur á getur UNICEF brugðist við á innan við 24 klukkustundum.
- 126 milljónir barna stunda lífshættulega vinnu. Vertu með okkur í liði til að breyta þessu.
- í dag eru 300 þúsund börn þvinguð til vopnaðra átaka. UNICEF beitir áhrifum sínum til að frelsa börn undan vopnuðum átökum og aðlaga þau samfélaginu að nýju.
- yfir helming dauðsfalla barna má rekja til vannæringar. Fyrir 1.500 krónur fyrir 1.500 krónur má kaupa 24 poka af næringarríkri fæðu fyrir vannærð börn.
- 93 milljónir barna hafa ekki tækifæri til að ganga í skóla – meirihluti þeirra er stúlkur.
- á árinu 2006 keypti UNICEF nærri 25 milljónir moskító-flugnaneta eða 40% af heildarframleiðslu þeirra á heimsvísu. Flugnanetið kemur í veg fyrir malaríu, en 1 af hverjum 5 dauðsföllum í Afríku má rekja til malaríu.

Þökkum stuðninginn

112 EINN EINN TVEIR
VÍS
MOSFELLSBAKARÍ
MP BANKI
PROMENS
Pólýhúðun Powder coating
Smiðjuvegi 3 - 200 Kópavogur - Sími 544 5700 - www.polyhudun.is
VAGNAR & ÞJÓNUSTA
Tunguhálsi 10 · 110 Reykjavík · Sími 567 3440 · Fax 567 3150
Arion banki
init
ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ
inter Medica.
SKÓLAR NÆRING · HREYFING · LISTIR
vodafone
Ölgerðin EGILL SKALLAGRÍMSSON



Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, og Svanhildur Konráðsdóttir, formaður stjórnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Menntun hefur bein áhrif

**Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, hitti sextán ára móður í Síerra Leóne. Hún var með yngsta barnið sitt af fjórum vannært á spítala.**

„Helsta verkefni okkar hjá UNICEF á Íslandi er að safna heimsforeldrum sem styrkja verkefni í þágu bágstaddra barna með mánaðarlegum framlögum,“ lýsir Stefán Ingi Stefánsson framkvæmdastjóri og segir ekkert hafa dregið úr framlögum Íslendinga eftir að kreppan skall á hér. „Hingað hefur hringt fólk sem segir: „Það er erfitt hér hjá okkur en mig langar samt sem áður að hækka framlagið til UNICEF því ég veit að aðrir hafa það mun verra.“ Oft er það þannig að þegar þrengist að hjá fólki hugsar það til annarra líka.“

Stefán segir alla sammála því í grunninn að öll börn í heiminum eigi rétt á lífi, heilsu og skólagöngu en því miður sé raunveruleikinn annar. Því vinni UNICEF að því að kynna stöðu bágstaddra barna og bjóða fólki að taka þátt í að bæta líf þeirra. Út á það gangi dagur rauða nefsins. „Mér finnst mikilvægt að fá að þakka öllum þeim sem gera okkur þetta verkefni kleift,“ segir Stefán um Dag rauða nefsins. „Þarna er fjöldi af leikurum, skemmtikröftum og tæknifólki sem hefur hjálpað okkur gegnum árin. Sumt af því fólki er sýnilegt og annað ekki. Það er ekki hægt að setja svona verkefni í loftið nema með þessum mikla stuðningi og við erum afskaplega þakklát fyrir hann. Þátturinn á Stöð 2 er ætlaður fyrir þá sem vilja bætast við sem heimsforeldrar og þá sem eru það fyrir svo þeir sjái í hvað styrkir þeirra fara.“

Heimsforeldrar styrkja ekki eitt ákveðið barn heldur vinnur UNICEF með samfélögum í vanþróuðum ríkjum að því að byggja þar upp heilsugæslu og skóla. Stefán segir heimsforeldra vera hryggjarsúluna í því starfi. „Í sveitahéruðum í Vestur-Afríku þurfa börn víða að ganga um tíu kílómetra á dag í skólann og það geta þau auðvitað ekki fyrr en þau fara að stálpast. UNICEF styður heimamenn í að byggja samfélagsskóla nær, bæði grunnbygginguna, með hreinlætisaðstöðu og vatni, og líka að þjálfa kennara til að tryggja að menntunin standi undir nafni.“

Sjálfur hefur Stefán Ingi ferðast bæði til Síerra Leóne og Gíneu-Bissá og séð þar hvað UNICEF er að gera. „Ég kom í barnaspítala í Síerra Leóne og hitti þar stelpu sem var sextán ára. Hún var með vannært barn og þetta var fjórða barnið hennar. Margar stelpur eignast sitt fyrsta barn barnungar sjálfar. Það eru yngstu börn yngstu mæðranna sem eru í mestri hættu vegna vannæringar en ef stúlkurnar komast í skóla og fá upplýsingar og fræðslu giftast þær seinna. Það er beint samband þar á milli. Líkurnar á því að barn deyi fyrir fimm ára aldur minnka um helming ef móðirin hefur sótt grunnskóla og framhaldsskóla. Menntunin í hinum vanþróuðu ríkjum hefur þannig bein áhrif á heilsu, fjölskyldustærð og tekjur. Því er svo mikilvægt að unga fólkið komist í skóla.“

*- gun*

# Dagur rauða nefsins

Á Íslandi verður Dagur rauða nefsins haldinn í þriðja sinn í dag. Hann gengur út á að beita kímni og hlátri til að vekja athygli á bágbornum aðstæðum barna í fátækari löndum þessa heims. UNICEF vill að dagurinn á Íslandi gangi út á að gleðjast og gleðja aðra, en þar koma rauðu nefin einstaklega sterk inn.

Hugmyndin að Degi rauða nefsins kemur frá bresku góðgerðarsamtökunum Comic Relief, sem héldu fyrsta Dag rauða nefsins (e. Red Nose Day) árið 1988 í þeim tilgangi að safna fé til þurfandi barna í Afríku. Síðan þá hefur Dagur rauða nefsins verið haldinn annað hvert ár og hefur hann nú fest sig í sessi sem einn af stærstu góðgerðarviðburðum Bretlands.



Dagur rauða nefsins er haldinn í þeim tilgangi að safna fé til þurfandi barna í Afríku.

UNICEF hélt Dag rauða nefsins í fyrsta skipti á Íslandi árið 2006 og svo aftur árið 2009. UNICEF þarf enn fleiri heimsforeldra og því var ákveðið að slá ekkert af og halda daginn aftur árið 2010.

Söfnunin nær hámarki í kvöld þar sem einvalalið leikara, skemmtikrafta og grínista ætlar að skemmta landanum í söfnunar- og grínþætti í galopinni dagskrá á Stöð 2 og hefst gamanið klukkan 20.

**Útgefandi:** UNICEF Ísland **Heimilisfang:** Laugavegi 42, 101 Reykjavík
**Ritstjórar:** Hólmfríður Anna Baldursdóttir og Flóki Guðmundsson
**Ábyrgðarmaður:** Stefán Ingi Stefánsson **Heimilisfang:** Laugavegi 42, 101 Reykjavík
**Símanúmer:** 552 6300 **Tölvupóstfang:** unicef@unicef.is **Vefsíða:** www.unicef.is

# Þökkum stuðninginn

## Reykjavík
Fiskmarkaðurinn veitingahús
Alþýðusamband Íslands,
Ásbjörn Ólafsson ehf
BSRB
Café Konditori, Grensásvegi
CCP hf.
Dímon Lína ehf
Drafnarfell ehf
Efnamóttakan hf
Eignamiðlun
Fiskbúð Hólgeirs í Mjódd
GB Tjónaviðgerðir ehf
Guðjónó - vistvæn prentsmiðja
Heilsa ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Húsalagnir ehf
Höfðakaffi ehf
Knattspyrnusamband Íslands
KOM almannatengsl
Merlo Seafodd
Nördinn ehf tækniþjónusta
Reykjavíkur Apótek
Sjóvík ehf
Stig ehf
Stilling ehf
Suzuki bílar hf
Sægreifinn Verbúð 8 v/Geirsgötu
Teiknistofan Tröð ehf
V.R.
VA - verktakar ehf
Veiðivon
Vélaverkstæðið Kistufell ehf
Vinnubátur ehf
Örninn ehf

## Kópavogur
Svansprent ehf
Eignarhaldsfélagið Farice ehf
Nobex ehf
Tölvutækni ehf

## Garðabær
Cintamani á Íslandi
Framtak, véla og skipaþjónusta
Nostra Ræstingar ehf

## Hafnarfjörður
Fura málmendurvinnslan ehf
AÞ-Þrif ehf
H. Jacobsen
Umbúðamiðlun ehf
Verkvík - Samtak ehf

## Reykjanesbær
Kaplavæðing ehf
Verslunarmannafélag Suðurnesja
HS Orka hf

## Grindavík
Vísir hf

## Garður
Leikskólinn Gefnarborg

## Hellissandur
Hraðfrystihús Hellissands hf

## Ísafjörður
Hamraborg ehf

## Flateyri
Fiskvinnslan Kambur ehf

## Patreksfjörður
Oddi hf, fiskverkun

## Siglufjörður
Fjallabyggð

## Akureyri
Jafnréttisstofa
Myndlistaskólinn á Akureyri
Gúmmívinnslan Alorka ehf

## Húsavík
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga
Sorpsamlag Þingeyinga ehf
Vermir sf

## Egilsstaðir
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf

## Reyðarfjörður
Fjarðabyggð
Þvottabjörn ehf

## Eskifjörður
Fjarðaþrif ehf

## Höfn í Hornafirði
Sveitafélagið Hornafjörður

## Selfoss
Vörðufell ehf

## Hella
Landgræðsla ríkisins

## Vestmannaeyjar
Huginn ehf
Vinnslustöðin hf



Georg Holm tónlistarmaður og Ilmur Kristjánsdóttir leikkona ferðuðust til Mósambík og Svasílands og kynntu sér verkefni UNICEF í löndunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hver einasta króna skiptir máli

**Leikkonan Ilmur Kristjánsdóttir og tónlistarmaðurinn Georg Holm hafa bæði skoðað verkefni UNICEF á erlendri grundu í tengslum við Dag rauða nefsins. Ilmur heimsótti verkefni UNICEF í Mósambík haustið 2008 og Georg fór með hljómsveitinni Sigur Rós til Svasílands árið 2006.**

Ilmur Kristjánsdóttir hefur verið ein af lykilmanneskjunum í undirbúningi og framkvæmd Dags rauða nefsins og meðal annars komið að dagskrárgerð, sem kynnir og með gríninnslögum, í söfnunarþáttunum. Ilmur heimsótti Mósambík árið 2008 þar sem hún fylgdist meðal annars með bólusetningarátaki UNICEF í landinu. Georg Holm hafði þá farið tveimur árum áður, 2006, að skoða HIV-verkefni UNICEF í Svasílandi með hljómsveitinni Sigur Rós.

*Hvað vissuð þið um vandamál Mósambík og Svasílands áður en þið komuð út?*

**Ilmur:** „Ég var lítillega búin að kynna mér aðstæður en í raun skynjar maður þær ekki fyrr en maður er kominn út og fylgist með til að mynda bólusetningu barna. Það er atriði sem okkur finnst alveg sjálfsagt hér heima."

**Georg:** „Við vissum að stærsta vandamál Svasílands væri HIV-veiran en rétt undir helmingur landsmanna er smitaður af veirunni, sem er eitt hæsta hlutfall í heiminum. Þess utan vissum við ekkert við hverju mátti búast. Það kom okkur til dæmis á óvart hve lítið Svasíland er, það er í raun eins og lítil eyja inni í Suður-Afríku. Við dvöldum úti í viku."

*Hvernig gekk ferðin í stuttu máli fyrir sig?*

**Georg:** „Okkar hlutverk var að ferðast um og hitta fólk og spjalla við það. Í svona hjálparstarfi segja þeir sem starfa við það að oft sé gott að fá utanaðkomandi augu, því þeir sem eru niðursokknir í starfið sjá oft ekki eitthvað sem er augljóst. Glöggt er gests augað. Við hittum meðal annars hóp sem heitir Swapol, þar sem flestir ef ekki allir eru HIV-smitaðir en reyna engu að síður að keyra á milli þorpa og kynna fyrir fólki hvað það þarf að gera til að forðast smit eða leita sér hjálpar. Stórt vandamál í Svasílandi er skortur á upplýsingum, margir telja sig jafnvel bara vera með kvef, og sumir eru svo veikir að þeir geta ekki náð í lyfin eða þurfa að ganga lengi, þrekaðir, til að ná í þau."

**Ilmur:** „Viðhöfnin var mikil þegar tekið var á móti okkur fyrsta daginn og greinilegt að vel var búið að undirbúa þennan dag. Þörfin er svo mikil og því eindreginn vilji að sýna starfsmönnum UNICEF hvað er verið að gera. Maður gat séð að hver einasta króna þarna er nýtt. Það var mikil upplifun fyrir mig að sjá svokallað fræðsluleikhús að störfum. Það eru litlir leikhópar sem fara inn á svæði þar sem er til að mynda ólæsi og sýna fólki í leik hvernig megi kljást við vandamálin og lifa með HIV-smiti. Ég skrifaði BA-ritgerðina mína um þessi svokölluðu fræðsluleikhús og það var magnað að sjá þetta. Meðfram voru svo tjöld þar sem hjúkrunarfræðingar tóku HIV-próf og kenndu hvernig nota mætti smokka. Ég var úti í fjóra daga en hefði viljað vera lengur. Þetta var ótrúleg upplifun. Það var einhvern veginn allt annar hjartsláttur í jörðinni. Einnig skoðuðum við bólusetningarstöðvar þar sem UNICEF-starfsmenn voru að bólusetja og gefa vítamín.

> „Ég held að það sé aldrei hægt að gera of mikið og þrátt fyrir stöðu krónunnar okkar skiptir hver einasta króna þetta fólk máli."
>
> GEORG HOLM

Á hverjum morgni var svo farið út klukkan sjö og komið heim seint á kvöldin. Það er auðvitað varla hægt að koma því í orð sem maður sá en þrátt fyrir allt var maður ekki beint sorgmæddur, af því að maður sá alls staðar brosandi andlit. Og maður gladdist við að sjá börn alls staðar með poka merkta UNICEF sem í voru skólabækur og blýantar."



„Við töluðum um það eftir á að þar sem á Íslandi væri ekki herskylda væri í staðinn hægt að senda alla landsmenn þegar þeir hefðu náð 18 ára aldri út í hjálparstarf í 2 mánuði," segir Georg Holm, hér ásamt meðlimum Sigur Rósar í Svasílandi árið 2006.

*Hvað er eftirminnilegast úr ferðunum ykkar?*

**Georg:** „Ferðin í heild var auðvitað mögnuð. Við töluðum um það eftir á að þar sem á Íslandi væri ekki herskylda væri í staðinn hægt að senda alla landsmenn þegar þeir hefðu náð 18 ára aldri út í hjálparstarf í 2 mánuði. Auðvitað var þetta sjokkerandi en fallegt líka og ótrúlegt hvað fólk brosir þrátt fyrir stór og mikil vandamál, sérstaklega börnin. Við hittum þrjú systkini sem bjuggu ein í kofa en þau höfðu misst foreldra sína og meira að segja þurft að grafa foreldra sína sjálf í garðinum. Þau sýndu okkur hvað þau borðuðu, sem var sykur og vatn soðið saman eða hveiti og vatn. Þau sögðu okkur frá því að það ætti að reka þau úr skólanum því að þau áttu ekki skólaföt. Við fengum leyfi til að gefa þeim peninga fyrir fötum."

**Ilmur:** „Það var ekki oft sem maður sá gamalt fólk þar sem líftiminn er stuttur í Mósambík. Þess vegna var það mjög skrýtið að rekast á konu sem var komin yfir sextugt að minnsta kosti og hún minnti mann á hve stutt fólk lifir við þessar aðstæður og að börnin sem maður horfði á yrðu ekki gömul. Hún var því næstum á skjön. Ég sá aldrei leikfang þarna en rakst þó á stráka sem höfðu gert sér bolta úr plastdúkum og stelpur í teygjutvist með plastpoka sem voru bundnir saman."

*Af hverju finnst ykkur dagur Rauða nefsins skipta máli?*

**Ilmur:** „Ég held að það skipti miklu máli að minna okkur á að við búum við mikil lífsgæði miðað við meirihlutann af heiminum. Það er erfitt að kyngja því að við höfum það gott og að fólk þjáist svona mikið í heiminum og því þurfum við grínið og léttleikann á móti því – þurfum að geta gert grín að okkur sjálfum til að geta horfst í augu við þetta. Við þurfum að losa okkur við viðhorfið um „okkur" og svo „þau hin". Við erum bara lítill heimur, við erum eina nótt að fljúga á þessa staði."

**Georg:** „Ég held að það sé aldrei hægt að gera of mikið og þrátt fyrir stöðu krónunnar okkar skiptir hver einasta króna þetta fólk máli. Að sjá þessar aðstæður í sjónvarpinu sýnir bara brot af því sem er í gangi og eins og ég sagði áðan ættu allir Íslendingar að eiga kost á að upplifa þetta á eigin skinni."


Pétur Karlsson
Íslandsbanka Kringlunni
Selma Guðmunda Jónsdóttir
Íslandsbanka Gullinbrú
Lissy Halldórsdóttir,
Íslandsbanka Háaleitisbraut
Þú færð rauða nefið hjá okkur
Íslandsbanki
DAGUR RAUÐA NEFSINS 3. DES '10
unicef
Rauðu nefin eru seld í útibúum Íslandsbanka til 3. desember
Dagur rauða nefsins verður haldinn í þriðja sinn á Íslandi föstudaginn 3. desember 2010. Hugmyndin að baki Degi rauða nefsins er að **gleðjast og gleðja aðra** en þegar fólk kaupir rautt nef leggur það sitt af mörkum til hjálparstarfs UNICEF.
**Við hvetjum alla til að kaupa rautt nef** og styðja við starf UNICEF.
Kveðja, starfsfólk Íslandsbanka.

# Kynnar kvöldsins

## ÞORSTEINN BACHMANN



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Af hverju tekurðu þátt í Degi rauða nefsins?** Af því að dagar Bláa nefsins eru of margir og langir fyrir minn minnsta bróður.

**Hvernig myndir þú lýsa eigin nefi?** Bein, brjósk og stórt skinnþykkildi með tveimur götum fyrir loftinntak og útblástur. Innra borðið er mjög æðaríkt og hárugt en stundum kemur rauð bóla á ytra borðið sem jafnframt er kjörlendi svonefndra fílapensla.

**Tekur þú í nefið?** Ég tek flesta í nefið í borðtennis enda æfði ég íþróttina af kappi ungur maður. Neftóbak hefur skaðleg áhrif á heilsuna. Ungmenni landsins ættu að forðast þann forna fjanda.

**Ertu með munninn fyrir neðan nefið?** Ehh…já!? Hvers konar spurning er þetta? Það vita það allir að munnurinn er á enninu hahaha…

**Hvað fær þig til að stökkva upp á nef þér?** Dónalegt fólk í umferðinni. Þoli það ekki. Sérstaklega ekki jeppadólga. Tek heljarstökk upp á nefið á mér í stöku tilfellum.

**Hefurðu nef fyrir góðu gríni?** Ég held það, en veit það ekki fyrir víst. Aldrei að vita? eða hahaha, jú er það ekki?.

**Syngurðu með þínu nefi?** Það kemur fyrir að nef mitt byrji að syngja nánast upp úr þurru en ég verð sjálfsagt seint talinn mikill söngmaður, jafnvel aldrei.

**Rignir stundum upp í nefið á þér?** Það er helst að maður sofni úti á túni að það rigni ofan í það en það er svo óþægilegt að það varir varla nema augnablik.

**Hverju er þér helst núið um nasir?** Að ég sé gleyminn á hluti og hafi ekkert vit á peningum.

## SÍMALEIKUR Á DEGI RAUÐA NEFSINS

**Meðan á þættinum stendur verður staðið fyrir svokölluðum símaleik. Fólki er boðið að hringja inn í söfnunarnúmerið 907-1900 þar sem sjálfkrafa eru dregnar 1.900 krónur af símreikningi fólks til styrktar UNICEF. Með því að hringja flyst viðkomandi í pott sem dregið er úr fimm sinnum í útsendingunni, eða einu sinni á hverjum klukkutíma.**

### Vinningarnir í símaleiknum eru:

**MENNINGARPAKKI:**
Miðar á tvær leiksýningar í Borgarleikhúsið
Bækur frá Forlaginu
Út að borða á Fiskfélagið
Andvirði 86.000 kr.

**JÓLAPAKKI:**
Sími frá Vodafone
Gjafakort frá Miðborginni okkar
Andvirði 275.000 kr.

**HEILSUPAKKI:**
Tvö árskort í Baðstofuna Laugum
Útivistarfatnaður frá Zo On
Andvirði 410.000 kr.

**HNAKKAPAKKI:**
Bókin Lífsleikni eftir Gillzenegger
Mánaðarbirgðir af Hámarki
Brúnkumeðferð frá snyrtistofunni Gyðjunni
Ómetanlegt til fjár en vænlegt til vinsælda

**FERÐAPAKKI:**
Ferð fyrir tvo til Tyrklands með Heimsferðum
Andvirði 500.000 kr.



## GUÐLAUG ELÍSABET ÓLAFSDÓTTIR

**Af hverju tekurðu þátt í Degi rauða nefsins?** Fyrst og fremst af því að nefið fer mér svo vel! Svo finnst mér líka mikilvægt að leggja mitt af mörkum til að börn sem búa við hræðilegar aðstæður eigi einhverja von. Ég hef verið heimsforeldri í nokkur ár og hyggst vera áfram um ókomna tíð.

**Hvernig myndir þú lýsa eigin nefi?** Mjög fallegt íslenskt kartöflunef. Premium.

**Tekur þú í nefið?** Ekki síðan ég brá búi og flutti á mölina.

**Ertu með munninn fyrir neðan nefið?** Já!

**Hvað fær þig til að stökkva upp á nef þér?** Ég er svo óíþróttamannslega vaxin að mér hefur aldrei tekist að stökkva upp á nef mér. Aukheldur sem ekki er hægt að bjóða fallegu íslensku kartöflunefi upp á slíkt.

**Hefurðu nef fyrir góðu gríni?** Já ég hef lag á að þefa uppi gott grín hvar sem er og hvenær sem er. Gott grín gulli betra!

**Syngurðu með þínu nefi?** Já. Eingöngu.

**Rignir stundum upp í nefið á þér?** Ekki í seinni tíð. Ekki mikið.

**Hverju er þér helst núið um nasir?** Púðri.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Af hverju tekurðu þátt í Degi rauða nefsins?** Af því að það er frábært að geta komið fólki til hjálpar, fyrir utan hvað það er gaman að vinna með öllu þessu skemmtilega fólki.

**Hvernig myndir þú lýsa eigin nefi?** Húðlitaður rani með tveimur götum framan á.

**Tekur þú í nefið?** Nei, ég læt nefið á mér í friði yfirleitt.

**Ertu með munninn fyrir neðan nefið?** Já, og ég er þekktur fyrir að geta ekki haldið kjafti.

**Hvað fær þig til að stökkva upp á nef þér?** Óréttlæti og miskunnarleysi. Já, og söngvarar sem hafa ekkert að segja en elska röddina í sér.

**Hefurðu nef fyrir góðu gríni?** Já, ég hlæ eins og tittlingur allan daginn.

**Syngurðu með þínu nefi?** Já, að hluta til.

**Rignir stundum upp í nefið á þér?** Já, en mér er vorkunn með það vegna þess að ég er hæfileikaríkari en allir sem ég þekki.

**Hverju er þér helst núið um nasir?** Að ég sé með munninn fyrir neðan nefið, að ég syngi með mínu eigin nefi og að það rigni stundum upp í nefið á mér.

## EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR

**Af hverju tekurðu þátt í Degi rauða nefsins?** Þetta er einstakt málefni sem allir vilja leggja lið – þar á meðal ég.

**Hvernig myndir þú lýsa eigin nefi?** Ákaflega klassískt nef :)

**Tekur þú í nefið?** Nei – ekki nein efni – ég klíp stundum í nefið á mér!

**Ertu með munninn fyrir neðan nefið?** Já – beint fyrir neðan.

**Hvað fær þig til að stökkva upp á nef þér?** Ekki margt – sem betur fer.

**Hefurðu nef fyrir góðu gríni?** Ég vona það – það er mitt aðalstarf!

**Syngurðu með þínu nefi?** Já – núna eru það jólalög.

**Rignir stundum upp í nefið á þér?** Einstaka sinnum – ég reyni samt að beina nösunum niður á við og horfa beint fram.

**Hverju er þér helst núið um nasir?** Af fjölskyldunni: Að tína alltaf öllu og gleyma áríðandi tímasetningum!



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bæði erfitt og skemmtilegt verkefni

Guðmundur Kristinn Jónsson, betur þekktur sem Kiddi, vann við lag Dags rauða nefsins í ár, sem Retro Stefson á heiðurinn að. En Kiddi hefur áður komið þar við sögu. „Það var leitað til mín fyrst þegar við í Baggalúti gerðum lagið fyrir Dag rauða nefsins. Þá gerðum við lagið Brostu og það er spilað annað slagið, sérstaklega á þessum tíma árs. Þá ákváðum við að fara á stúfana og tala við nokkra fræga Íslendinga.“ Hver og einn var fenginn til að syngja smá lagstúf í viðlagið.

Kiddi segir öðruvísi að semja lag fyrir einhvern sérstakan atburð. „Þegar við erum beðnir um að semja lög sérstaklega reynum við að tengja þau ekki beint við efnið og minnast helst ekki á það í laginu. Til dæmis sömdum við lag í tilefni af áttræðisafmæli Vigdísar Finnbogadóttur og það lag heitir einfaldlega Gjöf. Þar er hvergi minnst á Vigdísi, þótt það sé að sjálfsögðu um hana. Þau í Retro Stefson gera þetta öðruvísi og tengja lagið beint við efnið, en þetta er alveg frábært lag hjá þeim. Hljómsveitir eins og Retro Stefson komast kannski betur upp með það, því textarnir hjá okkur eru berari og það yrði jafnvel hallærislegra ef við færum þessa leið.“

Hann segir verkefnið vera hvort tveggja í senn, bæði skemmtilegt og erfitt. „Maður þarf að setja sig í ákveðið samhengi og semja lag sem að passar við.“

Að sögn Kidda finnst honum lítið mál að aðstoða við upptökur á laginu. „Ég rek stúdíó í Hafnarfirði, Hljóðrita, og get þar af leiðandi hjálpað eitthvað til. Það er svo lítið mál fyrir mig að hjálpa með því að aðstoða við upptökur og gefa nokkra stúdíótíma. Þegar kemur að þessu, þá er jólatörnin alveg búin og allar jólaplöturnar eru komnar út. Þá hefur maður loks alveg nægan tíma fyrir eitthvað svona.“

Þegar Kiddi rifjar upp upptökurnar á laginu Brostu er honum meðal annars minnisstæður allur hamagangurinn sem varð til í kringum verkefnið. „Ég fór út um allar trissur að hitta á hina og þessa. Til dæmis heimsótti ég Latabæ og hitti þar fyrir Magnús Scheving á hlaupum.“ Af öðrum má síðan nefna Unni Birnu Vilhjálmsdóttur og Siv Friðleifsdóttur. „Flestir komu í stúdíóið til mín en svo þurfti maður líka að fara heim til einhverra að taka það upp.“

- gh



**Guðmundur Kristinn Jónsson vann við lag Dags rauða nefsins í ár. Retro Stefson á heiðurinn að því.**

## MARGVÍSLEGT NOTAGILDI RAUÐA NEFSINS:


Hjálpa sér við að vélrita með nefinu.


Hlífa sárum tám.


Verja fingurgómana.


Nota sem prumpusíu.

Vélrita með einum fingri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Svitalyktareyðir og prumpusía

**Gunnar Hansson leikari hefur ýmsar óvenjulegar hugmyndir um það hvernig nýta má rauða nefið. En hann veit líka hvað UNICEF getur gert fyrir börn í fjarlægum löndum fyrir andvirði eins nefs.**

**Gunnar veit líka allt um það hvað UNICEF getur gert fyrir andvirði eins rauðs nefs:**

**„Söluandvirði eins nefs getur útvegað hundrað börnum sem þjást af ofþornun lífsnauðsynlegar saltupplausnir. Og eitt nef greiðir fyrir átta börn í HIV-próf. Tvö nef veita 125 börnum skammt af A-vítamíni og svo framvegis. Fimmtíu nef gera UNICEF kleift að bólusetja 2.058 börn gegn mænusótt."**

Þú þarft ekkert endilega að hafa rauða nefið á nefinu," segir Gunnar. „Það eru ótal önnur not fyrir það. Þú getur til dæmis notað nefið til æfinga á innanhúsgolfi á veturna, án þess að eiga á hættu að leggja innbúið í rúst. Þetta kemur sér mjög vel fyrir mig, þótt mér þyki nú skemmtilegra að slá alvöru golfkúlur. Svo ef fólki er eitthvað illa við eða hefur ofnæmi fyrir svitalyktareyði þá getur það sett eitt nef undir hvora hendi og þá dregur nefið í sig svitann og lyktina. Bara muna að skola það vel með vissu millibili. Það er líka hægt að nota nefið á stútinn á tekatli til að taka við gufunni, passa bara að nota ekki sama nefið og var undir höndunum þótt útkoman af því gæti orðið forvitnileg. Það þarf samt að passa sig á að ef nefið er of lengi á stútnum verður það fullt af heitum gufum og þá getur átt sér stað það sem kallast nefrennsli."

Gunnar hikar og segist eiginlega þurfa að biðja lesendur afsökunar á því að flest sem honum detti í hug að nota nefið í sé því miður óprenthæft. „En sumt gengur þó alveg. Eins og til dæmis að ef þú ert með blöðru á tá þá geturðu sett nefið á viðkomandi tá eða á milli tánna svo skórinn nuddi ekki blöðruna." Gunnar þegir um stund en getur svo ekki stillt sig. „Svo verð ég að fá að koma með eitt svolítið vafasaman að lokum, sem á samt rosalega vel við mig. Ég hef bara svona húmor. Rauða nefið er nefnilega mjög fín prumpusía. Þá er hægt að nota það á tvo vegu, annað hvort bara á nefið, eins og á að gera, þá finnurðu síður óæskilega lyktina, eða þá að það er hægt að setja það bara í buxurnar. Þá grípur það prumpið, sem veldur þá minna tjóni. Svo er líka hægt að búa til svakalega skemmtilegan leik með nefjunum. Til þess þarf reyndar að kaupa tíu nef, sem er ekki á allra færi, en það er hægt að einfalda leikinn og nota þá bara eitt nef og setja það á einn fingur og keppa svo við félaga sína í því hver getur vélritað mest á einni mínútu með nefið á fingrinum. Skemmtilegast er auðvitað að hafa tíu nef, eitt á hverjum fingri, og vélrita þannig í eina mínútu. Það getur orðið alveg virkilega skemmtilegt." - fsb


Helen Breiðfjörð, forstöðumaður þjónustusviðs Vodafone, ætlar að standa vaktina í símaverinu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Frábær stemning í símaverinu í kvöld

Vodafone og starfsfólk þess leggur UNICEF nú lið í þriðja sinn á Degi rauða nefsins. Helen Breiðfjörð, forstöðumaður þjónustuvers Vodafone, segir stemninguna í fyrirtækinu óviðjafnanlega og ná hámarki söfnunarkvöldið stóra.

„Við vildum leggja okkar af mörkum fyrir þetta flotta málefni," segir Helen, sem hlakkar til að eyða nokkrum stundum í símaveri Vodafone í kvöld. „Stemningin í símaverinu er algerlega dásamleg og fólk er enn að tala um það í dag hve gaman var að taka á móti gjöfum frá litlu börnunum sem voru búin að spara nammipeninginn sinn eða gamla fólkinu sem vildi leggja eitthvað af mörkum þrátt fyrir að hafa lítið milli handanna sjálft," segir Helen og fær gæsahúð við tilhugsunina. Hún tók sjálf þátt í símsvöruninni í fyrra. „Ég man sérstaklega eftir litla drengnum sem var um sex ára. Hann ætlaði að sleppa því að kaupa sér laugardagsnammi til að gefa börnum úti í heimi smá pening."

Helen segir marga starfsmenn Vodafone koma að átakinu. „Fjölmargir koma að tæknilegu hliðinni og sjá til þess að allt gangi eins og smurt. Svo voru líka um 60 til 80 starfsmenn sem svöruðu í símann í fyrra. Þeir komu oft með fjölskylduna með sér. Núna ætlum við líka að vera með barnahorn svo fólk geti komið með yngri börnin," segir Helen og telur að það geti enn bætt á stemninguna.

En eru margir starfsmenn Vodafone heimsforeldrar? „Ég er viss um það. Ég er það sjálf og finnst rosalega mikilvægt að gefa öðrum af því sem ég hef," svarar Helen og hvetur alla til að hringja og gefa. - sg

**● ALÞJÓÐLEGIR VELGJÖRÐARSENDIHERRAR** Velgjörðarsendiherrar UNICEF taka þátt í söfnunarþættinum í kvöld.
Gwyneth Palthrow og Robbie Williams munu taka þátt í söfnunarþættinum í kvöld með því að segja okkur áhrifaríkar sögur af mansali barna og hvernig HIV getur smitast frá móður til barns.
Claudia Schiffer sendir Íslendingum stutt skilaboð þar sem hún hvetur Íslendinga til að styðja við bakið á UNICEF og gerast heimsforeldrar.



# Heimsforeldrar vernda réttindi barna



Aðalmarkmið dags rauða nefsins er að hvetja sem flesta Íslendinga til að gerast heimsforeldrar og styðja þannig starf í þágu bágstaddra barna um allan heim. Heimsforeldrar styrkja UNICEF með mánaðarlegri upphæð að eigin vali en algengustu upphæðirnar sem fólk greiðir eru 1.000, 1.500 og 2.000 krónur.

UNICEF trúir því að börn þurfi vernd, öryggi og umhyggju. Á hverjum degi snerta samtökin líf bágstaddra barna í yfir 150 löndum, með því að veita þeim heilsugæslu, menntun og vernd gegn ofbeldi og misnotkun. Þau sinna langtímaþróunaraðstoð og neyðaraðstoð í kjölfar náttúruhamfara og stríðsátaka. Heimsforeldrar taka þátt í þessum mikilvægu verkefnum og færa börnum um allan heim gleði og von.

**Ekki átta sig allir á hverju UNICEF getur áorkað fyrir styrk frá hverju heimsforeldri. Sem dæmi getur heimsforeldri sem greiðir 1.500 krónur í einn mánuð gert eitthvað af eftirtöldu:**

- útvegað 1.271 skammt af A-vítamíni sem styrkir ónæmiskerfi í börnum.
- gefið 183 börnum saltupplausn sem hjálpar þeim að berjast við ofþornun og niðurgang.
- keypt 1.071 vatnshreinsitöflu, en hver tafla getur hreinsað 4-5 lítra af vatni.
- keypt tvö malaríu-flugnanet, en á 45 sekúndna fresti deyr barn í Afríku af völdum malaríu.
- útvegað 18 HIV-próf fyrir börn sem eru eldri en 18 mánaða gömul, en prófið getur sagt til um HIV-smit á nokkrum mínútum – það kostar hins vegar 4.120 krónur að prófa barn sem er yngra en 18 mánaða gamalt.
- gefið 26 börnum stílabók og blýant.
- bólusett 85 börn gegn mænusótt.
- útvegað 64 skammta af bóluefni gegn mislingum.

# Hitað upp fyrir kvöldið

**Hvers vegna ekki að hita aðeins upp fyrir kvöldið og koma þér og vinnufélögunum í gott stuð? Það er nú einu sinni föstudagur. Hér eru nokkrar hugmyndir að því hvernig hægt er að skapa alvöru föstudagsfjör á vinnustaðnum ... og jafnvel láta gott af sér leiða í leiðinni.**



Retro Stefson á heiðurinn að lagi Dags rauða nefsins í ár.

● Farðu á www.youtube.com/unicefisland og kíktu á gamalt rauðanefsgrín frá mörgum af bestu grínurum landsins. Sjáðu Tvíhöfða, Frímann Gunnarsson, Ilmi Kristjánsdóttur, Björn Thors, Þorstein Guðmundsson og fleiri fara á kostum.

● Notaðu grín og spé til að safna fé! Inni á www.rauttnef.is er að finna fjölmargar skemmtilegar hugmyndir að því hvernig þú getur safnað fé fyrir bágstödd börn um leið og þú lappar aðeins upp á vinnumóralinn. Af hverju ekki að syngja allt á dönsku í dag í stað þess að tala, nú eða sippa í stað þess að ganga? Allt fyrir gott málefni auðvitað.

● Takið ykkur saman og gerið myndband með ykkar nefi. Setjið á Facebook eða Youtube og skorið á aðra að gera slíkt hið sama. Finna má skemmtileg myndbönd sem leikhópurinn 16 elskendur hefur gert og tengjast jólunum.

● Kaupið rautt nef úti í næstu búð fyrir alla starfsfélagana. Það er alveg ótrúlegt hvernig rautt nef getur dimmu í dagsljós breytt. Trúðarnir Barbara og Úlfar hafa sett kennslumyndbönd í trúðslistinni á Youtube.



Tvíhöfði klikkar ekki.

● Setjið upp tölvuleiksmót. Á www.rauttnef.is er að finn skemmtilegan tölvuleik sem vinnufélagarnir geta keppt í til að koma sér í rétta stuðið.

● Hlustaðu á lag Dags rauða nefsins með Retro Stefson á www.rauttnef.is. Nú eða gömlu lögin, Brostu með Baggalúti og Hætt'essu væli með Ljótu hálfvitunum.

## ● VISSIR ÞÚ AÐ ...

- UNICEF bólusetur 100 milljónir barna á ári um allan heim. Talið er að það bjargi lífi 2,5 milljóna barna.
- UNICEF er stærsti kaupandi bóluefna í heiminum. Samtökin útvega 40% barna í þróunarlöndunum bólusetningar. Það jafngildir 2,5 milljörðum skammta af bóluefni árlega.
- á hverjum degi smitast yfir 1.150 börn undir 15 ára aldri af HIV. Taktu þátt í verkefnum UNICEF til að koma í veg fyrir fleiri smit.
- 45% þungaðra HIV-smitaðra kvenna fá nú lyf til að koma í veg fyrir að ófædd börn þeirra fái veiruna, samanborið við 24% árið 2006. Þetta er árangur sem skiptir máli.
- árið 2009 dreifði UNICEF svokölluðum skólapökkum til 3.832.000 barna í 54 löndum. Skólapakkarnir eru sérstaklega hannaðir fyrir neyðarsvæði eða þar sem mjög vanbúinn skóli er fyrir.
- UNICEF er á svæðinu fyrir, á meðan og eftir að neyð skellur á. Sem heimsforeldri ert þú með okkur alla leið.
- Hlutfallslega flestir heimsforeldrar eru á Íslandi eða 4% þjóðarinnar. Svíar eru samt að ná okkur... koma svo, vertu með!
- UNICEF er sjálfstæð stofnun innan Sameinuðu þjóðanna og sem slík er hún ekki á föstum framlögum frá Sameinuðu þjóðunum. UNICEF treystir því eingöngu á frjáls framlög einstaklinga, fyrirtækja, félagasamtaka og ríkisstjórna.
- UNICEF eru algjörlega ópólitísk samtök og vinnur með stjórnvöldum, frjálsum félagasamtökum og fleiri aðilum í hverju landi fyrir sig í þeim tilgangi að tryggja réttindi allra barna.






VERTU HEIMSFORELDRI!
SKRÁNINGARSÍMINN ER 562 6262

DAGUR RAUÐA NEFSINS 2010

unicef




HORFÐU Á ÞÁTTINN Í KVÖLD!
Skemmti- og söfnunarþátturinn **DAGUR RAUÐA NEFSINS** verður í opinni dagskrá á Stöð 2 í kvöld og hefst **kl. 20.00.**

www.rauttnef.is

www.baddydesign.com







## Sígræna jólatréð -eðaltré ár eftir ár!

SÍGRÆNA JÓLATRÉÐ



Skátahreyfingin hefur um árabil selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

**Frábærir eiginleikar:**

10 ára ábyrgð
12 stærðir (90-500 cm)
Stálfótur fylgir
Ekkert barr að ryksuga
Veldur ekki ofnæmi
Eldtraust
Þarf ekki að vökva
Íslenskar leiðbeiningar

*prýðum & plöntum*

Við gróðursetjum lifandi tré í skógrækt skáta að Úlfljótsvatni fyrir hvert **Sígrænt jólatré** sem keypt er. Þú prýðir híbýli þín með **Sígrænu jólatré** og stuðlar að skógrækt um leið!

**Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is**

Skátarnir

# „VIÐ ERUM EIGINLEGA BÚNIR AÐ BANNA HONUM AÐ LOSA SIG VIÐ HÁRIÐ“

*En platan segir sögu, er það ekki?*

**Arnór:**
Jú, í rauninni. Tóti er auðvitað með ákveðnar hugmyndir um þema hvers lags. Varðandi textana þá var eitt markmið hjá mér, ég hef engum sagt þetta, en hvert einasta lag átti að fokka mér upp andlega. Þetta er aðallega tekið frá því tímabili þegar ég flutti til Íslands árið 2006 eftir að ég missti pabba minn úr krabbameini. Ég talaði ógeðslega slæma íslensku, og ég geri það enn, en ég var miklu verri þá. Það var skrýtið tímabil og ekki gott, og allir textarnir eru undir áhrifum frá því.

*Ertu að upplifa þetta tímabil jafn sterkt þegar þið flytjið lögin á tónleikum eða skánar það með tímanum?*

**Arnór:**
Það fer bara í hringi og heldur áfram. Og það er aðalspurning plötunnar. Hvenær fer maður út úr þessu? Sérstaklega hafa akústik-tónleikarnir okkar verið erfiðir. Eins og t.d. með lagið Eyes of a Cloud Catcher. Það lag fjallar um augnablikið þegar við vorum að kveðja pabba minn eldsnemma um morguninn þegar hann dó heima hjá okkur. Þegar við tökum lagið akústik breytist það og textinn kemur sterkari í gegn og mér finnst ennþá erfitt að syngja það.
*Helduðu að það að syngja lögin aftur og aftur muni hjálpa þér á endanum að takast á við þennan atburð eða gæti þetta jafnvel seinkað því að þú náir andlegum bata?*

**Arnór:**
Það er virkilega góð spurning. Fyrst var ég á því að þetta yrði bara þerapía fyrir mig og að það gæti ekki verið óhollt að horfast í augu við þetta. En ég var að velta því fyrir mér um daginn hvort mér liði eitthvað betur eftir að vera búinn að syngja þessi lög svona lengi. Ég eiginlega get ekki svarað því á meðan platan er svona nýkomin út.

*Þú fluttir hingað til lands árið 2006 frá Danmörku, þar sem þú ólst upp. Þekktir þú strákana eitthvað fyrir þann tíma?*

**Arnór:**
Nei, ég þekkti þá ekki neitt. Ég kynntist þeim ekki fyrr en 2008. Og ég hitti Tóta ekki fyrr en tveimur vikum fyrir Músíktilraunir þegar Boggi (fyrrverandi bassaleikari sveitarinnar) sendi mér e-mail og spurði hvort ég vildi spila með þeim. Bogga og Kela þekkti ég reyndar aðeins úr FÍH. Boggi var alltaf sofandi og ég var alltaf að horfa á Kela því hann var svo líkur Seth Rogen og Sideshow Bob. Ég stríddi honum á því og ég veit ekki hvort hann hataði mig eða hvað? En svo fékk ég þennan póst frá Bogga og hugsaði: „Ah, gaurinn sem er alltaf sofandi“.

*Nú varð Keli (trommuleikari) hálfgert andlit sveitarinnar út á við fljótlega eftir að þið unnuð Músíktilraunir, sökum frumlegrar og eftirminnilegrar hárgreiðslu. Hvernig lagðist það í ykkur?*

**Tóti:**
Burtséð frá hárinu þá er hann einn besti trommari sem ég veit um.

**Arnór:**
(Hlær) Við erum nú eiginlega búnir að banna honum að losa sig við hárið enda er þetta ótrúlegt hár. En hann má gjarnan vera andlit sveitarinnar því hann er mjög mikilvægur hluti af tónlistinni. Og svo er hann líka svo jákvæður og hress gaur. Á meðan ég er emó í bakgrunninum og Tóti eitthvað... (nú tekur Arnór furðulega eftirhermu af Tóta sem erfitt er að gera skil í rituðu máli).

*Nú hef ég tekið eftir því að þeir sem fíla ekki tónlistina ykkar eru samt alltaf til í að gefa ykkur prik fyrir spilamennsku og vandvirkni. Upplifið þið þetta líka?*

**Tóti:**
Já. Ég passa mig rosalega á því.....nei ég þarf ekki einu sinni að passa mig á því....að þetta verði aldrei eitthvað hljóðfæra „show-off“. Tónsmíðarnar eru númer eitt, tvö, þrjú og fjögur hjá okkur. Ég er með eitt gítarsóló á plötunni (hlær). Ég persónulega þoli ekki hljóðfærarúnk og ég veit að strákarnir gera það ekki heldur. Við þurfum ekkert að vera á bremsunni.

**Arnór:**
Það er margt við tónlistina sem er flókið að spila, en megnið af þessu finnst mér einfalt að hlusta á.

*Eruð þið farnir að finna fyrir athygli frá útlöndum?*

**Báðir í kór:**
Svona hægt og rólega.

**Arnór:**
Við erum bara að vinna í þessu. Þetta er sjálfsagt rosalega mikið spurning um heppni. Það er ekkert annað sem við getum gert en að spila eins mikið og við getum og senda efni út og nota hvert tækifæri til þess að fara út og spila. Við erum til dæmis að fara að spila í Danmörku í janúar og Englandi í febrúar. En ef eitthvað gerist þá erum við farnir. Æ, þetta hljómaði kannski svolítið illa. Eins og við værum að fara að beila. En þetta er það sem við viljum allir.

Við óskum Agent Fresco til hamingju með plötuna og þökkum kærlega fyrir spjallið.





YAMAHA DGX 640
169.990,- kr.
Fender kassagítarpakki
26.990,- kr.
Úrval af gítar- og bassamögnurum
Gítarmagnarar frá 17.990,- kr
Fender rafmagnsgítarpakki
49.990,- kr.
8.832,- kr. á mánuði vaxtalaust í 6 mán.
Start Playing!
YAMAHA PSRE323
39.990,- kr.
7.115,- kr. á mánuði vaxtalaust í 6 mán.
ÚRVAL JÓLAGJAFA
Premier trommusett
59.900,- kr.
10.532,- kr. á mánuði vaxtalaust í 6 mán.
Upptökubúnaður, hljóðnemar og heyrnatól
í miklu úrvali
YAMAHA blásturshljóðfæri
í miklu úrvali
YAMAHA DTXplorer
rafnagnstrommusett
165.990,- kr.
Upptökubúnaður með hugbúnaði frá 23.990,- kr
Vaxtalausar greiðslur í boði!
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
TÓNABÚÐIN
Síðumúla 20 ▪ Reykjavík ▪ S.: 591 5340 ▪ www.hljodfaerahusid.is ▪▪ Sunnuhlíð 12 ▪ Akureyri ▪ S.: 462 1415 ▪ www.tonabudin.is

# LÁTTU ÞÉR LÍKA VIÐ VÍSI
og þú gætir fengið óvæntan jólaglaðning

Settu „Like“ við Vísi á Facebook og þú gætir unnið flatskjá, flottan N8 síma, góða jólabók eða einhvern annan spennandi glaðning fyrir jólin.

DREGIÐ VERÐUR DAGLEGA TIL 20. DES.



Flott 22“ Panasonic Pure Line sjónvarp með innbyggðri iPod vöggu.

Sjónvarpsmiðstöðin



N8 sími.




Bækur frá Sölku.

Fjöldi annarra vinninga.

Það er auðvelt að láta sér líka við Vísi á
facebook.com/visir.is

vísir.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





# UPPGJÖR

# POPP ANNÁLL

**Meik ársins**
*Dikta*
Fór af Xinu á FM 957 og af FM 957 á Bylgjuna. Allir elska Diktu, sem er eina hljómsveit landsins sem troðfyllir Players jafn auðveldlega og Nasa.

**Drottning ársins**
*Vala Grand*
Vann hug og hjörtu þjóðarinnar og hyggst núna vinna ungfrú Ísland keppnina.

**Fótur ársins**
*Gylfi Sigurðsson*
Skoraði mörg fáránleg mörk og við vitum að þau eiga eftir að verða fleiri.

**Sigur ársins**
*Hera Björk í Eurovision*
Árangur hennar í Eurovision var mikil vonbrigði, sérstaklega miðað við hástemmndar yfirlýsingar hennar um að vinna keppnina.

**Poppari ársins**
*Jónsi*
Gaf út poppaða sólóplötu og fór í risavaxna tónleikaferð um heiminn.

**15 mínútur ársins**
*Nilli*
Steig fram á Airwaves-hátíðinni, byrjaði með þætti á Mbl.is og við erum strax búin að gleyma honum.

**Partí ársins**
*Smirnoff-partíið*
Það sem átti að vera einkasamkvæmi fræga fólksins var flestum sem vildu í boði. Þeim sem þurftu að pissa var boðið upp á útikamra.

**Endurkoma ársins**
*BlazRoca*
Erpur fór aldrei, en hann er samt kominn aftur og virðist ætla að fljúga hærra en fyrir áratug.

**Grátur ársins**
*Best Cry Ever myndbandið á Youtube.* Remix-útgáfan með auto-tuninu er endalaust fyndin. Flettið þessu upp.

**Brjálæðingar ársins**
*Íslenskar stelpur*
Allar vildu eiga Hollywood-spaðana Penn Badgley og Shawn Pyfrom þegar þeir komu til landsins í nóvember. Rifið var í fötin þeirra, sem er einmitt besta leiðin til að eignast vini.

**Busar ársins**
*Kristmundur Axel og Júlí Heiðar*
Þeir unnu Söngkeppni framhaldsskólanna og hug og hjörtu ungmenna landsins með útgáfu sinni af Tears in Heaven eftir Eric Clapton.

**Bekkur ársins**
*Eiður Smári*
Fékk lítið að spila fótbolta á árinu og heldur nú bekknum heitum hjá Stoke City.

**Tímaeyðsla ársins**
*Facebook*
Notkun á samskiptavefnum hefur náð nýjum hæðum.

**Uppistandari ársins**
*Ari Eldjárn*
Það er enginn betri. Þegar hann plataði umboðsmann Bubba var ákveðnum hápunkti náð.

**Öskubuska ársins**
*Steindi Jr.*
Var að skúra íþróttahús í Mosfellsbæ fyrir tveimur árum, en er nú ein helsta grínstjarna landsins.

**George Clooney ársins**
*Gunnar í Krossinum*
Það er erfitt að vera fallegur.

**Sjálftaka ársins**
*Tobba Marinós*
Gaf íslenskum stelpum góð ráð og nýtti þau svo sjálf til að byrja með Kalla Baggalúti.

**Tobba Marinós ársins**
*Hlín Einars*
Mætt á svæðið sem einhvers konar endurbætt útgáfa af Tobbu.

**2009 ársins**
*Kreppan*
Heldur bara áfram. Þessi brandari er ekki fyndinn lengur.

**Heimkoma ársins**
*Logi Geirs*
Kom heim, gekk í FH, gaf út bók og meiddist.

**Kærustupar ársins**
*Kristrún Ösp og Dwight Yorke*
Fyrirsætan frá Akureyri og fótboltakappinn fyrverandi voru ekki saman, en eru samt hætt saman.

**Lady Gaga ársins**
*Haffi Haff*
Það er eitthvað skrýtið að sjá fílefldan karlmann klæddan eins og Lady Gaga, en Haffa er sama hvað þér finnst.



# MYND UM LONDON CALLING

Breska ríkisútvarpið BBC vinnur nú að mynd um pönkgoðsögnina The Clash. Mick Jones og Paul Simonon úr The Clash framleiða myndina ásamt öðrum, en á meðal framleiðenda er mamma Lily Allen.

Byrjað verður að taka myndina upp snemma á næsta ári og á hún að fjalla um hljómsveitina þegar hún gerði plötuna London Calling árið 1979. Ekki hefur verið tilkynnt hverjir fara með hlutverk strákanna í Clash, en mikil spenna er í Bretlandi fyrir myndinni. Talað er um að það verði erfitt að finna leikara með andlit á borð við það sem Paul Simonon ber.






**PÖNK** BBC hyggst framleiða mynd um eina af merkustu pönkplötum allra tíma.

**Netið er bóla ársins**
Flickmylife.com
Langbesta íslenska vefsíðan á netinu í dag.

**Ritverk ársins**
*Símaskráin*
Reyndar símaskráin á næsta ári, sem Egill Gillz sér um. Það er beðið eftir henni með Harry Potter eftirvæntingu.

**Jónína Ben ársins**
*Jónína Ben*
Jónína Ben, Jónína Ben Ben Jónína Ben.

**Flipp ársins**
*Jón Gnarr borgarstjóri*
Hann er ekki ennþá búinn að segja „djók“ og stendur sig ágætlega á meðan „alvöru“-pólitíkusarnir bíða.

**Kleinuhringur ársins**
*Pétur Jóhann*
Skeggið hans í Hlemmavídeó er háklassahringur.

**Rappstríð ársins**
*Móri vs. Erpur*
Í Bandaríkjunum nota þeir byssur, hér notum við skúringamoppur.

**Bangsi ársins**
*Friðrik Dór*
Tók sig á í ræktinni eftir að honum var líkt við skógarbjörn, sökum þyngdar sinnar.

**Innflutningur ársins**
*Iceland Airwaves*
Erlendir gestir voru í meirihluta á Iceland Airwaves í ár.

**Pylsa ársins**
*Jón Ársæll*
Því pylsa er bara fjórir bitar max.




**Apótekið þitt**

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.






*Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð. Apótekið er í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.*

**Frí heimsendingarþjónusta til eldri borgara og öryrkja.**

**AFGREIÐSLUTÍMI**
9–18:30 virka daga
10–16:00 laugardaga

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

# EKKI SÍST



CHUCK NORRIS VAR BITINN AF SNÁKI. ÞREMUR DÖGUM SÍÐAR DRAPST SNÁKURINN.

## GJAFIRNAR SEM ENGINN FATTAR AÐ GEFA

Jólin eru að koma hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Ein leiðin til að gera þessa myrku hátíð skemmtilega er að fara frumlegar leiðir í gjafavali. Popp tók saman nokkrar hugmyndir sem fæstir myndu láta sér detta í hug.



**SÉRHANNAÐ M&M** Allir elska M&M. Pældu í ef þú ættir M&M með stöfunum þínum eða jafnvel mynd af þér á sjálfu namminu. Á vefsíðunni www.mymms.com geturðu látið prenta á nammi, valið liti og jafnvel myndir. Fáránlega sniðugt og bragðgott, sem er einmitt krafan sem ritstjórn Popps gerir til gjafa almennt.



**LÁTTU GERA BOBBLE-HAUS** Á vefsíðunni www.whoopassent-erprises.com getur þú látið sérsmíða handa þér bobble-haus. Hausinn yrði eftirmynd af þeim sem þú ætlar að gefa gjöfina eða jafnvel af sjálfum þér. Hausarnir kosta frá 80 dölum og upp úr og þú þarft að hafa hraðar hendur ef þú ætlar að panta fyrir jól.

**DRAUMUR B-MANNSINS** Fæstum finnst skemmtilegt að vakna á morgnana, en það væri svo miklu auðveldara ef maður myndi vakna vel - eins og til dæmis við sólarupprás. Lífsklukkan er algjör snilld sem líkir eftir sólarupprás á morgnana og sér þannig til þess að þú vaknir náttúrulega, eins og hellisbúi! Skoðaðu www.lifsklukkan.is fyrir nánari upplýsingar.



**PARIS HILTON Í PARTÍ** Umboðsskrifstofan www.athlete-promotions.com er með alls kyns stjörnur á sínum snærum. Hvernig væri að taka upp veskið og gefa besta vini þínum Paris Hilton í jólagjöf? Þú getur látið hana koma í partí og halda uppi stuðinu með sínum heimsþekkta húmor. Þetta gæti orðið kostnaðarsamt, en er vafalaust hverrar krónu virði.

# LANGBESTA ÁR Í SÖGU DIKTU

**DIKTA ER HLJÓMSVEIT ÁRSINS. THANK YOU ER LAG ÁRSINS. POPP HEYRÐI Í SÖNGVARA ÁRSINS.**

„Þetta er náttúrlega búið að vera fáránlegt ár,“ segir Haukur Heiðar Hauksson, söngvari hljómsveitarinnar Dikta.

Dikta er búin að eiga ótrúlegt ár. Platan Get It Together sat á toppi vinsældalistans í margar vikur, lagið Thank You náði óheyrðum hæðum í útvarpsspilun og hvert sem hljómsveitin kom var uppselt.

„Leiðin hefur legið upp á við í þessi ellefu ár sem við höfum starfað; fleiri og fleiri aðdáendur og fleiri og fleiri sem mæta á tónleika. Svo í nóvember í fyrra fór þetta eins og raketta upp í loftið,“ segir Haukur og rifjar upp útgáfutónleika Diktu í nóvember í fyrra. Tónleikarnir voru eins konar vatnaskil á ferli hljómsveitarinnar.

„Þá fylltum við Nasa – sem ég hélt að við myndum aldrei gera. Það var ekki í myndinni einhverjum mánuðum fyrr,“ segir Haukur. „Svo gerðum við það aftur í febrúar og aftur í apríl. Hvert sem við fórum var uppselt. Við héldum tvenna tónleika á Akureyri og það var alltaf uppselt. Þetta var bara bull. Alveg súrrealískt.“

Lagið Thank You er tvímælalaust lag ársins, en það var í gríðarlegri spilun á öllum helstu útvarpsstöðvum landsins. Haukur segist hafa lent í því að fólk hafi hringt í hann og hreinlega beðið hann um að draga það úr spilun, svo gríðarlegar voru vinsældir lagsins. Hann tekur þó fram að fólk hafi verið að grínast í honum.

„Mamma mín sagði mér að hún hefði verið að hlusta á Bylgjuna þegar kona hringdi inn og fer að ræða hvað þetta væri nú gott lag – en það væri samt búið að spila það svo mikið að hundurinn hennar flúði alltaf inn í annað herbergi þegar lagið væri spilað. Hann lét sig hverfa. Mér finnst það gott! Hundurinn var kominn með nóg af þessu.“

Haukur og félagar eru að sjálfsögðu gríðarlega ánægðir og þakklátir með árangurinn. Dikta er á leiðinni til Þýskalands á næsta ári, en platan Get It Together kemur þar út um það leyti. „Við erum að reyna að minnka við okkur áður en geðveikin hefst á næsta ári. Erum að semja og æfa, en það gengur misjafnlega vel að finna tíma fyrir það,“ segir Haukur.

En er möguleiki að toppa þetta ár?

„Ekki hérlendis. Við seldum gullplötu, næstum því platínu. Fylltum alla tónleikastaði nema Laugardalshöllina. Eina leiðin til að toppa þetta væri að gera eitthvað stærra erlendis.“



**SKÁL** Haukur Heiðar hefur ástæðu til að fá sér ískalt vatnsglas.





20%
afsláttur
af öllum
hjólum
til jóla
Giant Boulder 65.900
TILBOÐ
52.720 kr.
Giant Expedition 69.900
TILBOÐ
55.920 kr.
Scott Aspect 60 69.900
TILBOÐ
55.920 kr.
Scott Aspect 40 119.900
TILBOÐ
95.920 kr.
Bronco 240 43.900
TILBOÐ
35.120 kr.
Vivi Sweety 16.900
TILBOÐ
13.520 kr.
www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40
MARKIÐ
PIPAR\TBWA • SÍA • 103011

POPP



# 5 GÓÐ RÁÐ

## MEST FYRIR PENINGINN Á JÓLAHLAÐBORÐI

Margrét Maack, útvarpskona á Rás 2.

1 **Ekki fara á sama jólahlaðborð og í fyrra.** Það opnar möguleikann á að verða fyrir vonbrigðum, því að það gæti vel verið búið að skipta um kokk og nýi kokkurinn kann ekki að gera pörusteik.

2 **Lítið í einu og margar ferðir.** Með þessu móti stendur maður reglulega upp teygir úr sér. Munið að það á að skilja gamla diskinn eftir og fá sér nýjan á milli, annars getið þið farið á jólahlaðborð Húsasmiðjunnar.



3 **Breyttu um stíl.** Jú, ég geri mér grein fyrir því að jólamatur er stór hluti af jólastemningu, en ekki festast í sömu hjólförunum. Leyfið ykkur að þroskast sem jólamatgæðingar. Hver hefur ekki smakkað hangikjöt og graflax áður? Bannað á jólahlaðborði. Er alltaf kalkúnn á aðfangadagskvöld? Iss, hann er ábyggilega betri hjá mömmu.

4 **Ekki svelta ykkur yfir daginn.** Það er græðgislegt og bjánalegt, auk þess sem þið náið ekki að borða mikið á alveg fastandi maga.

5 **Ekki fara með leiðinlegu fólki á jólahlaðborð.** Ef þið vitið að þessi leiðinlegi sem verður alltaf fullur og asnalegur og kann ekki að fara út að borða kemur með, sleppið því að fara með.





Auglýsingasími

512 5411

POPP

og slakaði aðeins á í kröfunum til aðstoðarstúlkunnar.“

Alda hefur lifibrauð sitt af því að versla, sem hlýtur að vera draumur margra kvenna. Þegar hún er innt eftir því hvort hún eigi sér uppáhaldsverslun hér svarar hún neitandi. „Nei, maður er vinur allra. En ég reyni að sneiða hjá öllum fötum með semelíusteinum og glimmeri,“ segir hún og hlær.

### FÓRNAR ÝMSU

Vegna óreglulegs vinnutíma og langra daga viðurkennir Alda að hún hafi þurft að fórna ýmsu fyrir vinnuna. „Vinnutíminn er oft mjög undarlegur og þess vegna hef ég þurft að fórna fjölskylduafmælum og samverustundum með vinum. Suma daga lýkur vinnudeginum klukkan sex á morgnana og þá er maður auðvitað alveg uppgefinn daginn eftir.“

Líkt og áður hefur komið fram á Alda fjögur börn sem hún hefur alið upp ein. Fyrsta barnið eignaðist hún aðeins sautján ára gömul. „Væntanlega væri líf mitt eitthvað öðruvísi ef ég hefði ekki eignast barn svona ung en ég sé alls ekki eftir neinu. Hann var líka svo gott barn að ég gat tekið hann með mér hvert sem var og hann sat þá bara stilltur í fanginu á mér á meðan. Þetta kenndi mér líka ýmislegt því ég þurfti að taka ábyrgð á okkur og sjá fyrir okkur.“

Alda á einnig eina unglingsdóttur og tvo átta ára tvíburadrengi. Hún segir dóttur sína deila tískuáhuga móður sinnar og virðist allt stefna í að hún feti í hennar fótspor. „Hún hefur flakkað með mér í hin og þessi verkefni alveg frá því að hún var smábarn og þekkir því bransann orðið nokkuð vel. Hún hefur mikið tískuvit og er hún sjálf farin að taka að sér einstaka stílistaverkefni,“ segir Alda brosandi.

Alda segir það hafa tekið á að ala upp tvíburadrengi, enda sé vinnan tvöföld, en henni finnst yndislegt að fylgjast með guttunum. „Það er skrautlegt að fylgjast með þessum tveimur yngstu. Þeir eru eins og svart og hvítt og mér finnst svo gaman að sjá hvað þeir eru ólíkir persónuleikar,“ segir Alda stolt.

Innt eftir því hvort það taki á að vera einstæð móðir í fullri vinnu verður Alda hugsi eitt augnablik. „Sem einstætt foreldri þá held ég að maður þurfi að læra að vera ábyrgur en hæfilega kærulaus. Ég get ekki gert allt það sama og tvö foreldri en ég geri mitt besta og börnin eru sátt. En ég á líka mjög góða foreldra sem hafa verið mín stoð og stytta í gegnum árin.“

### Á NÓG EFTIR

Þegar Alda er að lokum spurð út í það hvort hún ætli sér að starfa í tískubransanum það sem eftir er svarar hún brosandi: „Ég hef spurt sjálfa mig sömu spurningar hvert ár. En ætli ég verði ekki í þessum bransa eins lengi og ég hef gaman af. Mér finnst ennþá gaman að vakna á morgnana og fara í vinnuna og það eru mikil forréttindi. Þó ég verði oft þreytt eftir erfiða vinnutörn þá er maður fljótur að gleyma því eftir smá hvíld,“ segir hún og bætir við, „Hvað er Patricia Field gömul? Er hún ekki að verða 68 ára? Miðað við það á ég þónokkur ár eftir í þessum bransa,“ segir hún brosandi.

## * myndaalbúmið





Þarna er ég þriggja ára gömul með Villa frænda mínum, brosandi og kát.

Það var skemmtilegt að leita að þessum myndum því það rifjuðust upp margar skemmtilegar minningar. Þessi mynd er tekin af mér einhvern tímann á tíunda áratugnum. Hatturinn er nokkuð skemmtilegur.



Þessi mynd er tekin af mér og börnunum mínum fyrir jólin í fyrra. Þetta var jólakortið það árið og mér finnst uppstillingin minna svolítið á útfararþjónustu.




# núna
✻ brosið blítt



**Í KJALLARANUM** Leðurblökubarinn opnar í kjallaranum á skemmtistaðnum Bakkusi í kvöld. Kjallarinn var málaður og skreyttur af Siggu Björg Sigurðardóttur og er víst að þetta verður staður þar sem næturhrafnarnir eiga eftir að sækja í framtíðinni.

## mælistikan

### Á uppleið:



**Hlýjar sokkabuxur.** Það þarf ekki að fórna flottheitunum þó maður klæði sig vel. Hægt er að fá ýmsar flottar en hlýjar sokkabuxur og nýjasta nýtt eru flísfóðraðar sokkabuxur.



**Jólakort.** Á tímum tölvuvæðingar og netpósta er gaman að fá gamaldags jólakort frá vinum og vandamönnum. Það er jafnvel hægt að fá sér sunnudagsbíltúr og bera kortin út sjálfur.

**Róleg kvöld.** Takið frá eitt kvöld í viku og gerið eitthvað huggulegt fyrir ykkur sjálf. Njótið þess að slappa af inn á milli.

### Á niðurleið:



**Óskipulag.** Óskipulagt heimili eða vinnuumhverfi er óhollt. Kaupið fallega kassa og möppur og takið skápa og hillur í gegn. Ykkur mun líða miklu betur á eftir.



**Óhófleg drykkja.** Það er fátt eins ósjarmerandi og að sjá uppáklætt fólk skjögra um götur miðbæjarins í annarlegu ástandi með tómlegt augnaráð.

**Jólaskrautið í Kringlunni.** Glimmerhúðuð hreindýr með blikkandi ljósakransa um hálsinn er eitthvað svo ónáttúrulegt og nánast eins og árás á augun.

Brettafélag Íslands leggur land undir fót:

# Heimsækja öll landshornin

Brettafélag Íslands hefur staðið fyrir skipulögðum brettaferðum undanfarin ár og verður fyrsta ferðin í vetur farin í dag. Áfangastaðurinn í þetta sinn er skíðasvæðið á Siglufirði þar sem nægan snjó er að finna.

Linda Sumarliðadóttir, formaður Brettafélags Íslands, segir ferðirnar skemmtilegar og yfirleitt sé reynt að heimsækja mismunandi skíðasvæði í hvert sinn. „Við reynum að heimsækja öll landshornin en endum gjarnan á Siglufirði því skíðasvæðið er æðislegt og heimamenn alveg yndislegir," segir Linda.

Innt eftir því hvort stúlkur séu duglegar að fara í slíkar ferðir viðurkennir Linda að þær mættu vera fleiri. „Það eru alltaf fleiri strákar en stelpur og ég skil ekki alveg af hverju. Það er nóg af stelpum sem stunda sjóbretti og margar eru alveg ótrúlega góðar, kannski eru þær of feimnar til að skrá sig í ferðirnar?" segir Linda og bætir við: „Við erum reyndar með hóp innan félagsins sem kallast Stelpubrettafélagið og hann mun standa fyrir sérstakri stelpuferð í Bláfjöll 9. desember næstkomandi í samstarfi við Nikita. Ég hvet allar stelpur eindregið til að skrá sig í það."

Nánari upplýsingar um ferðir Brettafélags Íslands má finna á heimasíðu þeirra, www.brettafelag.is. -sm



**Heimsækir Siglufjörð** Linda Sumarliðadóttir, formaður Brettafélags Íslands, hvetur allar stelpur sem stunda snjóbretti til að skrá sig í ferðir félagsins í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM








ÁSA RÁN:

DELLU kerling

# Svífur frjáls eins og fuglinn

**ALDUR?** 33 ára.

**STARF?** Grafískur hönnuður, ferðalangur og svifvængjaflugmaður.

**HVAÐ ERTU BÚIN AÐ STUNDA SVIFVÆNGJAFLUG LENGI?** Í eitt og hálft ár.

**AF HVERJU BYRJAÐIRÐU?** Að sjá hamingjuglottið á Anitu, ferðafélaga mínum og svifvængjavinkonu, eftir flug smitaði út frá sér og ég bara varð að prufa.

**HVAÐ ER ÞAÐ BESTA VIÐ SVIFVÆNGJAFLUG?** Frelsið sem fylgir því að geta flogið eins og fuglinn.

**ER ÞETTA DÝRT ÁHUGAMÁL?** Nei, ekki svo. Startpakkinn, það er græjur og námskeið, er á bilinu 300.000 til 700.000 krónur. Eftir það er kostnaðurinn í raun aðeins ársgjaldið í Fisfélag Reykjavíkur og aukinn ferðakostnaður, sem er bara af hinu góða.

# fyrir hana …




▲ **Acqua Di Gioia** er nýr frísklegur og nautnafullur viðar- og sítrusilmur frá Giorgio Armani. Nú fást öskjur með 30 ml ilmi og 75 ml body lotion algengt verð 6.800 og öskjur með Edp 50 ml, body lotion 75 ml og Giorgio Armani kvöldtösku, algengt verð 10.040 kr.




▲ **Parisienne** dömuilmurinn frá Yves Saint Laurent er kynþokkafullur ilmur með ávöxtum, nútímalegum viðartónum og musk. Fæst aðeins í Hygeu Kringu og Smára, Hagkaup Kringlu, Smára og Holtagörðum, Jöru Akureyri og Bjargi Akranesi. Algengt verð Edp 30 ml 8.686 kr. og með fylgir 50 ml body lotion sem kaupauki.



▲ Vinsæli **Flowerbomb** dömuilmurinn frá Viktor & Rolf er ávanabindandi og orkugefandi blómailmur. Fæst eingöngu í Hygeu Kringlunni og Smáralind, Snyrtivöruv. Glæsibæ, Debenhams, Jöru Akureyri og Bjargi á Akranesi.

**Gjafaskja** með Edp 30 ml., 50 ml body lotion og 50 ml sturtusápu, algengt verð 9.999 kr.

▶ **IDOLE d´ARMANI** dömuilmurinn frá Giorgio Armani er blómailmur með ívafi ríkra kryddtóna. Einfaldur og stílhreinn eins og önnur hönnun Giorgio Armani.

**Gjafaskja** með Edp 30 ml. og body lotion 75 ml. Algengt verð kr. 6.969.

**Askja** með Edp 50 ml., body lotion 75 ml. og glæsilegri Giorgio Armani kvöldtösku. Algengt verð 11.817 kr.







▲ Glæsilegi **Boucheron** dömuilmurinn, sá eini sanni fæst nú í gjafaöskju. Edt 50 ml. ilmur, 50 ml. body lotion og 50 ml. sturtusápa. Algengt verð kr. 10.706.

▶ **Wanted** frá Helena Rubinstein er fágaður og nautnafullur viðar og blómailmur, ilmurinn hennar Demi Moore.

**Gjafaskja** með Edp 30 ml ilmi 50 ml body lotion algengt verð 6.464 kr.









◀ **Trésor in Love** frá Lancôme er ástarfundur með tindrandi gleði. Imurinn er ávaxta, blóma og viðarilmur.

**Gjafaskja** með Edp 30 ml ilmi, 50 ml body lotion og 50 ml sturtusápu algengt verð 6.464 kr.

▲ Klassíski **Stella** ilmurinn frá Stellu McCartney fæst nú í gjafaöskju með 50 ml. Edp ilmi, 75 ml. sturtusápu og 75 ml. body lotion. Algengt verð kr. 10.908.

---

# … fyrir hann




▲ **ARMANI code** herrailmurinn frá Giorgio Armani er klassískur austurlenskur ilmur. Fágaður og tælandi ilmur fyrir glæsilega karlmenn.

**Gjafaskja** með Edt 30 ml og deodorant stick algengt verð 8.686 kr.




◀ **L´Homme** herrailmurinn frá Yves Saint Laurent er ferskur, seyðmagnaður og kynþokkafullur herrailmur. Fæst aðeins í Hygeu Kringlu og Smára, Hagkaup Kringlu, Smára og Holtagörðum, Jöru Akureyri og Bjargi Akranesi. Algengt verð Edt 60 ml 8.989 kr. og nú fylgir 50 ml sturtusápa og 50 ml Balm með sem kaupauki.




▲ **Diesel Fuel For Life** herrailmurinn er kynþokkafullur og orkumikill ilmur. Orka fyrir lífið, ert þú á lífi?

**Gjafaskja** með Edt 30 ml ilmi algengt verð 6.040 kr. og með fylgir sem kaupauki 50 ml sturtusápa og 50 ml after shave balm.

▼




◀ **Force** herrailmurinn frá Biotherm er karlmannlegur og ljúfur ilmur í þægilegu glasi.

**Gjafaskja** með Edt 55 ml ilmi og 50 ml rakageli fyrir andlitið, algengt verð 6.403 kr.





RÓMANTÍKIN LÆÐIR SÉR INN Í VETUR:

# FALLEG BLÚNDA

*Blúnduflíkur sáust víða á tískupöllunum í byrjun árs og hafa nú verið að læða sér inn í fataverslanir undanfarna mánuði. Sé vel leitað leynast þær nánast úti um allt. Hægt er að finna blúndukjóla, skyrtur, boli og jafnvel blúndusamfellur og með smá útsjónarsemi má nota þessar flíkur við nánast hvaða tækifæri sem er.* **- sm**



**HVERSDAGSBLÚNDA**

**1.** Skyrta úr Vero Moda, 4.990 kr. **2.** Peysa úr Gallerí 17, 11.990 kr. **3.** Gallabuxur úr Zöru, 11.995 kr. **4.** Taska úr Zöru, 12.995 kr. **5.** Skór úr GS Skór, 19.990 kr.



**PARTÝBLÚNDA**

**1.** Kjóll úr Gallerí 17, 27.900 kr. **2.** Spöng úr Mýrinni, 17.900 kr. **3.** Hálsmen úr Gallerí 17, 3.990 kr. **4.** Skór úr GS Skóm, 19.990 kr. **5.** Sokkabuxur úr Cobra, 2.190 kr.



**KVÖLDBLÚNDA**

**1.** Bolur úr Zöru, 1.995 kr. **2.** Vesti úr Vero Moda, 4.990 kr. **3.** Buxur úr Vero Moda, 5.990 kr. **4.** Skór úr Kaupfélaginu, 17.990 kr. **5.** Taska úr Topshop, 6.990 kr.






ROSENDAHL



iittala





ÍSLENSK HÖNNUN epal

ALESSI

stelton

Allir fá þá
eitthvað fallegt...

1001 GJAFAVARA FRÁ
RÚMLEGA 100 HÖNNUÐUM

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal
35 ÁRA 1975 2010





eva solo

Joseph Joseph



marimekko®

GEORG JENSEN

menu
SCANDINAVIAN DESIGN ORIGINALS







# HELGARRÁÐIN

**Selma Björk Reynisdóttir, starfsmaður hjá Föndru í Kópavogi.**

1 Fyrst þarf að kalla saman fjölskyldu og vini og undirbúa okkur með því að kaupa allt sem þarf í föndrið, eins og lakklím, servíettur, málningu, heklugarn og annað sem hentar í skemmtilegt föndur. Svo á að útbúa heitt súkkulaði með þeyttum rjóma, smakka á smákökunum og kveikja á ljúfum jólatónum.



2 Það eru óþrjótandi möguleikar hvernig hægt er að nota límlakkið Mod Podge og hægt er að finna skemmtilegar hugmyndir að því á netinu. Það er til dæmis hægt að skreyta jólakrukkur, fríska upp á gamla eldhússtólinn eða breyta skókassa í flottar jólaumbúðir.



3 Það er hægt að búa til falleg kerti með því að setja servíettu á kerti með sérstöku límlakki sem ætlað er fyrir slíkt. Þetta geta allir gert og er tilvalið sem gjöf handa afa og ömmu.

4 Það er gaman að búa til heimagerðar jólagjafir fyrir þá sem manni þykir vænt um. Sem dæmi má nefna prjónaða vettlinga eða trefla. Hvað er betra en að fá slíka gjöf?



5 Einnig er hægt að koma sér fyrir með uppáhaldsbollann sinn fullan af heitu súkkulaði og hekla fallegar bjöllur sem síðan má setja á ljósaseríu og njóta svo birtunnar frá henni heima í huggulegheitum.





Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

föstudagur

Fylgstu með

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Hallgrímsdóttir í síma 512 5432 eða sigridurh@365.is



Svanhvít segir kattaraugu henta vel við sérstök tilefni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Kattaraugu Kate

**Kate Moss er fyrirmynd margra í klæðnaði og förðun. Hún skartar oftar en ekki svokölluðum kisuaugum. Svanhvít Valgeirsdóttir, yfirkennari hjá Förðunarskóla Snyrtiakademíunnar, sýnir hvernig mála má slík augu með auðveldum hætti.**

„Svona kisuaugu, eða „smoky longeye“ eins og þetta er líka kallað er mikið í tísku núna og er reyndar mjög klassísk augnförðun,“ segir Svanhvít og bætir við að allir geti lært að mála sig með þessum hætti. „Enda er þetta auðveldasta augnmálningin til að læra,“ segir hún. Svanhvít segir kattaraugun klæða alla og að „smoky longeye“ séu sérstaklega flott þegar við hátíðleg tilefni. „Þau henta líka vel konum með þyngri augnlok sem oft er erfitt að skyggja fallega,“ segir hún og tekur fyrirsætuna Claudiu Schiffer sem dæmi.

Svanhvít notaði vörur frá No Name sem hún heldur mikið upp á, sérstaklega augngel og augnabrúnatúss, enda segir hún miklu máli skipta að augabrúnirnar séu vel mótaðar. „Þá er einnig mikilvægt að muna að þegar augnmálningin er svona áberandi ætti að mála varirnar með ljósari varalit,“ segir hún að lokum.

*solveig@frettabladid.is*



## SVANHVÍT LÝSIR ÞVÍ HVERNIG BEST SÉ AÐ BERA SIG AÐ



Gott er að nota þrjá bursta við þessa förðun. Mjúkan bursta til að blanda, aðeins flatari og harðari til að bera á, og svo einn fyrir eyeliner-línuna.



Ég byrjaði á því að setja ljósdrappaðan augnskugga undir augabrúnirnar, niður að augnbeini.



Síðan setti ég dökkan augnskugga á allt augnlokið og aðeins undir augun. Þá dreifði ég honum svolítið út til að ná þessari kattarlögun.



Ég setti síðan krem-eyeliner í kringum augað og dró hann líka út og blandaði honum síðan upp í dökka augnskuggann.



Svo notaði ég svartan augnskugga til að gera þynnstu línuna kringum augun. Einnig er hægt að nota svartan púðurblýant eða blautan eyeliner ef konur vilja hafa línuna mjög sterka.



Að lokum eru tvær til þrjár umferðir af svörtum maskara bornar á augnhárin til að gera þau löng og þétt. Einnig er hægt að nota gerviaugnhár við sérstök tilefni.

# Finndu hvaða snið fer þér best




## Karl Berndsen gefur út bók sem hjálpar konum að finna rétta sniðið fyrir sitt vaxtarlag

**Bókin VAXI-n** byggist á reynslu minni af útlitsráðgjöf undanfarin ár en þennan tíma hef ég gert mér stöðugt betur grein fyrir því hvað hlutföll skipta miklu í þeim efnum. Glæsileiki konunnar nýtur sín best þegar hún hefur gott auga fyrir grunnhlutföllunum í vaxtarlagi sínu. Til að einfalda málin skipti ég vaxtarlagi kvenna í fjóra flokka út frá þessum hlutföllum og svo skemmtilega vill til að bókstafirnir VAXI tákna hvern flokk fyrir sig.

Ég tek það fram að flokkunin hefur ekkert með fituprósentu að gera og tvær konur með gjörólíkt holdafar geta tilheyrt sama grunnflokki ef þær eru t.d. báðar hlutfallslega breiðvaxnari fyrir neðan mitti en ofan.



### Fatasnið sem henta þínu vaxtarlagi

Meginskilaboð bókarinnar eru þau að hver kona finni fatasnið sem henta hennar vaxtarlagi. VAXI flokkunin er alls ekki tilraun til að steypa konur í einhver mót og segja að það séu bara til fjórar týpur af kvenlíkömum.

Skárra væri það nú! Þetta eru eingöngu þægileg viðmið sem einfalda val á klæðnaði og gera fatainnkaupin markvissari og hagkvæmari.






Í bókinni legg ég líka ríka áherslu á mikilvægi þess að byggja upp sjálfstraust, finna sinn persónulega stíl og leggja rækt við sig. Ég sýni þær aðferðir sem mér hefur þótt gott að styðjast við í minni ráðgjöf og tíni til eitt og annað sem mér finnst mikilvægt.







### Gera sem mest úr því besta

Síðast en ekki síst þá skiptir öllu máli að vinna á jákvæðu nótunum og miða alltaf við að gera sem mest úr því besta í stað þess að vera stöðugt að fela eitthvað.

V A X I



NOTAÐIR BÍLAR Á FRÁBÆRU VERÐI
OPEL
ASTRA ENJOY 1.9 DISEL
Nýskráður 4/2008, ekinn 73 þ.km, dísel, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.190.000
Allt að 90% lán
HYUNDAI
i30 CW
Nýskráður 5/2008, ekinn 85 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.890.000
Allt að 90% lán
TILBOÐ DAGSINS
Renault Clio II 1.2i
Nýskráður 12/2006, ekinn 33 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.390.000
Tilboð dagsins kr. 999.000
HYUNDAI
GETZ GLS 1.4i
Nýskráður 5/2008, ekinn 80 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.290.000
Allt að 90% lán
NISSAN
ALMERA COMFORT
Nýskráður 11/2001, ekinn 133 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 570.000
HONDA
CIVIC TYPE R +
Nýskráður 11/2007, ekinn 44 þ.km, bensín, 6 gírar.
Verð kr. 2.990.000
HONDA
ACCORD SPECIAL EDITION
Nýskráður 6/2008, ekinn 39 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.950.000
HONDA
ACCORD 2.0i SPORT
Nýskráður 3/2006, ekinn 45 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.190.000
HONDA
CR-V ADVANCE
Nýskráður 3/2005, ekinn 99 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.950.000
HONDA
JAZZ LS 1,4i
Nýskráður 5/2007, ekinn 50 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.890.000
MITSUBISHI
OUTLANDER
Nýskráður 12/2005, ekinn 69 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.250.000
FORD
FOCUS TREND 1.6i
Nýskráður 7/2005, ekinn 63 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.450.000
TOYOTA
RAV-4 TDi
Nýskráður 5/2005, ekinn 79 þ.km, dísel, 5 gírar.
Verð kr. 2.490.000
CITROEN
C5 STATION 2.0i
Nýskráður 1/2006, ekinn 67 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.750.000
SUBARU
LEGACY SPORT SEDAN
Nýskráður 9/2006, ekinn 85 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.350.000
RENAULT
KANGOO
Nýskráður 8/2003, ekinn 164 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 550.000
PEUGEOT
PARTNER VAN LTD 1.6HDi
Nýskráður 1/2008, ekinn 7 þ.km, dísel, 5 gírar.
Verð kr. 1.990.000
SUZUKI
SWIFT SPORT 1.6i
Nýskráður 11/2007, ekinn 29 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 2.090.000
VOLKSWAGEN
GOLF VARIANT HIGHLINE
Nýskráður 10/2002, ekinn 101 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 950.000
VOLVO
S60 2.0i TURBO 20V
Nýskráður 7/2005, ekinn 42 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.590.000
TOYOTA
RAV-4 VX
Nýskráður 10/2006, ekinn 43 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.890.000
TOYOTA
RAV-4
Nýskráður 5/2002, ekinn 119 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.390.000
TOYOTA
COROLLA 1.6 VVTI
Nýskráður 5/2005, ekinn 69 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.590.000
TOYOTA
AVENSIS EXE
Nýskráður 1/2004, ekinn 72 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.890.000
PEUGEOT
BOXER L1H1 2.2HDi
Nýskráður 9/2007, ekinn 42 þ.km, dísel, 5 gírar.
Verð kr. 2.750.000
PEUGEOT
BOXER PALLBÍLL DÍSEL
Nýskráður 3/2005, ekinn 177 þ.km, dísel, 5 gírar.
Verð kr. 1.090.000
PEUGEOT
607 V6 2.7HDi
Nýskráður 5/2007, ekinn 139 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 3.990.000
PEUGEOT
407 XT 1.6HDi
Nýskráður 3/2008, ekinn 12 þ.km, dísel, 5 gírar.
Verð kr. 3.290.000
PEUGEOT
308 COMFORT S 1.6i
Nýskráður 4/2008, ekinn 62 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 2.550.000
PEUGEOT
207 RC 1.6i TURBO
Nýskráður 7/2010, nýr bíll, ekinn 0 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 3.990.000
PEUGEOT
206 S-LINE 1.6i
Nýskráður 10/2006, ekinn 34 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.590.000
PEUGEOT
1007 DOLCE 1.4i
Nýskráður 4/2007, ekinn 25 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.250.000
HONDA
JAZZ LS 1.4i
Nýskráður 11/2005, ekinn 55 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.350.000
HONDA
CR-V RVSI
Nýskráður 8/1998, ekinn 201 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 650.000
HONDA
CR-V PANORAMA
Nýskráður 3/2007, ekinn 87 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 3.490.000
HONDA
CIVIC ES 1.8i
Nýskráður 12/2006, ekinn 65 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.290.000
HONDA
ACCORD EXECUTIVE 2.0i
Nýskráður 9/2006, ekinn 57 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.490.000
HONDA
ACCORD TOURER EXECUTIVE 2.0i
Nýskráður 10/2007, ekinn 96 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.690.000
HONDA
ACCORD COMFORT 2.0i
Nýskráður 1/2004, ekinn 81 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.390.000
FORD
FOCUS C-MAX TREND
Nýskráður 12/2005, ekinn 23 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.990.000
FORD
ESCAPE XLS 2.3
Nýskráður 12/2004, ekinn 73 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.390.000
CITROEN
C4 SX COMFORT 2.0i
Nýskráður 10/2006, ekinn 55 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.790.000
HONDA
CR-V ELEGANCE
Árgerð 2010, nýr bíll, ekinn 0 þ.km, bensín, 6 gírar.
Verð 5.190.000
Opið laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00
Við seljum bílinn fyrir þig!
BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu













Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.







Ljósakrossar á leiði til sölu 12v-24v-32v og Rafhlöðukrossar. Áratuga reynsla og gott verð. Endist ár eftir ár. Sendum í póstkröfu. Uppl. í síma 898 3206.



**FLÖSKUPOKAR**
Fyrirtæki&Verslanir Frábært úrval af flöskupokum Danco ehf, Melabraut 19 220 Hafnarfirði www.danco.is 575 0200.

Til sölu 80 kwa sdmo rafstöð. Lítið notuð. Tilboð óskast. Uppl. í s. 692 1835.

Ísskápar, þvottavélar, þurrkarar, eldavélar, uppþvottavél, borðtölva, sjónvörp, stólar, gerfi jólatré, rafmagnsofn, borð, heilsu rafmagnsrúm m. nuddi, bílavarahlutir, dekk, bílageislaspilari, sófi. S. 896 8568.

Jólatréspökkunarhólkur til sölu. Einnig til net. Uppl.í s: 866-0471.

Notaðar þvottavélar, ísskápar og frystikistur-skápar yfirfarið til sölu.Gott úrval. Uppl. í s. 693 7141.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar HYTSU 2500kg m/ hraðlyftu Verð:49.900 kr með VSK Sími: 5520110 www.pon.is

## Verslun






Tísku Síðan selur flott tískuföt og fylgihluti á góðum verðum! Tiskusidan.is

## Ýmislegt

**Kompudagur í félagsheimili Fáks laugardaginn 4.des. (kl. 13 - 17:00)**
**Sölubásar (1.000 kr. borðið) svo nú er um að gera að losa úr skápum og geymslu t.d. fatnað, reiðfatnað og reiðtygi, leirtau, bækur, listmuni og hvað annað sem hægt er að koma í verð. Borðapantanir og nánari upplýsingar í síma 696-8445. Gerum góð kaup og kíkjum á Kompudaga Fáks á laugardaginn. Boðið verður upp á léttar veitingar - allir velkomnir**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Perfekt whole body massage with two or four hands 693 7597

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**

**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is Hundaræktun með starfsleyfi.**

**S. 566 8417 Tökum visa/euro**



Westie hvolpar til sölu, kátir og skemmtilegir fjölskylduhundar sem fara ekki úr hárum. Rakki og tík. Uppl. í s. 897 2256.

Labrador Retriever hreinræktaðir, ættb. færðir HRFÍ. Sprautaðir, tilb. til afh. S. 695 9597 / 482 4010 eftir kl 17.

## Ýmislegt

Er með rjúpur til sölu, seljast hamflettar og vacumpakkaðar, 1500kr stk. Sími: 840 0057

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

HESTAR & MENN

**Í jólapakkann.**
Hjálmar frá kr. 17.050
Hestar og menn.
Ögurhvarfi 1, 203 Kópav.

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leigumiðlun-Leigumiðlun**
Vegna mikillar eftirspurnar vantar allar tegundir húsnæða á skrá á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Við erum sanngjörn og skilvirk. Leigumidlun.com - Lögfræðistofa, Hamraborg 1, 200 Kópavogi Sími 445 3500 leigumidlun@leigumidlun.com

## Húsnæði í boði

**Herbergi til leigu við Sólvallagötu**
**Allt til alls á staðnum. Þú flytur bara inn með fötin þín. Upplýsingar í síma 897 1016.**

**3ja herb. í Hafnarfirði.**
**Örugg leiga, þvottavél, þurrkari, ísskápur, uppþvottavél, gardínur og öll ljós. Stæði í bílkjallara. Dýrahald ekki leyft.**
**www.heimahagar.is**
**Upplýsingar í síma 7727553**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Til leigu 4.herb. íbúð í hverfi 108, laus fljótlega. Uppl. í s. 568 8607 & 893 5208.

Til leigu 3 herb.íbúð m/ húsgögnum. Í Álftamýri v/ Kringluna. Laus frá 15. jan. V. 130þ. Uppl. í S. 662 6958

Herb. miðb. rvk, húsg. fylgja. Verð 40 þús. S. 895 0482 eftir kl. 16.

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Þvottav., internet ofl. Uppl. s. 861 2229.

Til leigu neðri hæð í einbýli. Björt og góð 2 herb. íbúð í hverfi 108. Laus strax. Uppl. í síma 897 4229 og 896 0096.

## Atvinnuhúsnæði



Til leigu 200 fm iðnaðarhús í Garðabæ með skrifst.og stórri innkeyrsluhurð. s. 6601704.

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhúsnæði í Garðabæ.**
Eigum örfá pláss laus í Garðab. fyrir tjaldvagna / fellihýsi í vetur hagstætt verð og öryggisgæsla á svæðinu uppl: 661 3131 / 897 2000.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Vinsæll Veitingastaður í hjarta Reykjavíkur**
**Óskar eftir yfirkokki/kokki í fullt starf.**
**Þarf að geta hafið störf sem fyrst, vera stundvís, heiðarlegur með góða stjórnunarhæfileika og geta unnið vel undir álagi. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.**
**Upplýsingar gefur Kolbrún í síma**
**861-4844 eða kolbrunarna@simnet.is**

Vantar þig aukavinnu eða aðalvinnu. Okkur vantar fólk á norðurlandi til markaðs og sölustarfa. Uppl. í s. 894 0339.

Emami auglýsir eftir verslunastjóra og starfsfólki vegna opnunar nýrrar verslunnar. Fullt starf og hlutastarf. emami@emami.is; s:511-1881

**Skemmtileg kvöldvinna**
Óskum eftir skemmtilegu fólki í símasölu frá kl. 17:30-21:30 virka daga. Uppl. e. hádegi í s. 868 4551.

## Atvinna óskast

Er húsa og húsgagnasmíðameistari með yfir 30 ára reynslu í byggingar og tréiðnaði. Tek að mér verkefni hvar sem er á landinu. Steinþór Jóhannsson, s. 773 4595.

## Viðskiptatækifæri

Villt þú vinna mikið og hafa mikil laun eða vinna lítið og hafa lítil laun. Uppl í s. 773 2100

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
**Erum við meira enn áður.**

## Tilkynningar

F I S K I S T O F A

# Sérstök úthlutun í skötusel.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur gefið út reglugerð nr. 924/2010, um breytingu á reglugerð nr. 734/2010, um ráðstöfun aflaheimilda í skötusel á fiskveiðiárinu 2010/2011.

Reglugerðina má sjá á vef Fiskistofu, en þar er einnig eyðublað til að sækja um úthlutun.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. desember 2010.**

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**62** **ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON** jarðeðlisfræðingur er 62 ára

*„Miðlun þekkingar er lítið sinnt af fjölmiðlum, en fræðimenn bera einnig ábyrgð.“*

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Eymar Ísfeld Karlsson**

lést laugardaginn 27. nóvember á Landakotsspítala. Verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju mánudaginn 6. desember klukkan 11.00.

**Gunnhildur Eymarsdóttir** — **Steinar Einarsson**
**Gunnar Eymarsson** — **Salome Birgisdóttir**
**Berglind Eymarsdóttir** — **Birgir Bjarnfinnsson**
**afabörn, langafabarn og aðrir aðstandendur.**

---



*Elskulegur faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Ingi þór Jóhannsson**

útgerðarmaður, til heimilis að Tjarnargötu 22 Keflavík,

verður jarðsunginn mánudaginn 6. desember frá Keflavíkurkirkju kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en bent á Björgunarsveitina Suðurnes Reykjanesbæ (landsbjorg.is).

**Ásrún Ingiþórs Ingadóttir**
**Ingvi Ingiþórs Ingason**
**Ágúst Ingiþórs Ingason** — **Borgny Seland**
**Jóhann Ingiþórs Ingason** — **Sigríður T. Óskarsdóttir**
**Þórir Gunnar Ingason** — **Jónína S. Jóhannsdóttir**
**og barnabörn og barnabarnabörn**

---



*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og systir,*

**Kolbrún Þorvaldsdóttir**

sjúkraliði, Þverbrekku 4, Kópavogi,

sem lést þriðjudaginn 30. nóvember, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju mánudaginn 6. desember kl. 15.00.

**Hafsteinn Ingvarsson** — **Catarina Ingvarsson**
**Rodhi Ingvarsson**
**Edda Þorvaldsdóttir** — **Pétur Jónsson**
**Ingunn Þorvaldsdóttir og aðrir aðstandendur.**

---



*Okkar ástkæri sonur, bróðir og mágur*

**Hannes Ragnarsson**

Klapparhlíð 24, Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum 30. nóvember. Jarðarförin auglýst síðar.

**Guðbjörg K. Hannesdóttir**
**systkini og aðrir aðstandendur.**

---




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


---

BRUNINN Í SKILDI: BÓK UM MANNSKÆÐAN BRUNA Í KEFLAVÍK FYRIR 75 ÁRUM

## Saga sem ekki má gleymast

„Mér fannst mikilvægt að halda þessari sögu á lofti. Fólkið sem upplifði þennan atburð er orðið háaldrað í dag og tímabært að heyra og skrá þeirra frásagnir,“ segir Dagný Gísladóttir, en hún hefur tekið saman bókina Bruninn í Skildi. Bókin fjallar um eldsvoða sem varð í félagsheimilinu Skildi í Keflavík 30. desember árið 1935. Þar létust tíu manns, þar af sjö börn.

„Þetta er einn mannskæðasti bruni Íslandssögunnar allt frá Sturlungaöld og hörmulegur atburður í litlu samfélagi,“ segir Dagný en um 1.300 manns bjuggu í Keflavík á þessum tíma. Eldur braust út þegar kviknaði í jólatré á jólaskemmtun ungmennafélagsins á staðnum. Voru 200 manns samankomin í húsinu, þar af 180 börn. „Sex manns brunnu þarna inni og daginn eftir létust þrír til viðbótar. Þremur mánuðum síðar lést síðasta fórnarlambið af sárum sínum en fjöldi fólks brenndist mjög illa og beið löng sjúkralega, sú lengsta í fimm ár.“

Fyrr þennan dag hafði farið fram önnur skemmtun fyrir yngri börnin í bænum og segir Dagný harmleikinn hafa orðið enn meiri ef kviknað hefði í þá. „Þarna voru einnig miklar hetjur sem forðuðu því að ekki fór verr og margir sem stóðu í björgunaraðgerðum hlutu mikil brunasár og biðu þess aldrei bætur.“

Dagný segir ekki hafa verið erfitt að fá fólk til að rifja upp þennan atburð. Það kom henni einnig á óvart hversu atburðarásin var ljóslifandi í hugum viðmælenda hennar, 75 árum síðar. „Hjá flestum var þetta eins og það hefði gerst í gær. Þetta eru erfiðar minningar að rifja upp en fólki er umhugað um að þessi atburður gleymist ekki.“

Dagný er búsett í gamla bænum í Keflavík þar sem Skjöldur stóð. Hún hafði fylgst með fólki kveikja á kertum við minnismerkið á hverju ári og fannst því mikilvægt að bókin kæmi út nú þegar 75 ár eru liðin frá brunanum. „Bókin kemur út á sunnudaginn og þá verður einnig minningarstund í Keflavíkurkirkju klukkan 20. Ég vonast til að sjá sem flesta því þetta er saga sem ekki má gleymast.“ **heida@frettabladid.is**



**HARMLEIKUR Í KEFLAVÍK** Dagný Gísladóttir hefur tekið saman bók um brunann í Skildi fyrir 75 árum. Með henni á myndinni er Sigurbjörn Reynir Eiríksson en hann var einn barnanna sem brenndust illa í eldsvoðanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systurdóttir, mágkona og vinkona,*

**Ingibjörg R. Guðmundsdóttir**

formaður LÍV
Starhaga 14, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Neskirkju í dag föstudaginn 3. desember kl. 13.00.

**Bjarni Jónsson** — **Jenný N. Sigurðardóttir**
**Andrés Jón Esrason**
**Jón Eiríksson**
**Timothy David Creighton** — **Ruth Barnett Creighton**
**Irina S. Ogurtsova**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Jónínu Guðrúnar Andrésardóttur**

Herjólfsgötu 38, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heimahlynningar LSH, deild 11E Landspítala og líknardeild Landakotsspítala fyrir frábæra umönnun í veikindum hennar.

**Áslaug Ásmundsdóttir** — **Gunnlaugur S. Gíslason**
**Ásdís H. Ásmundsdóttir** — **Bergur J. Hjaltalín**
**Andrés Ásmundsson** — **Erna D. Stefánsdóttir**
**Rúnar Þór Halldórsson** — **Hrafnhildur Þórðardóttir**
**Gunnar Þór Halldórsson** — **Inga Dóra Ingvadóttir**
**Halldór Örn Rúnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elsku móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Úlla Þormar Geirsdóttir Árdal**

Lindarsíðu 2, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri 1. desember sl.

**Kristín Árdal** — **Friðrik Jósepsson**
**Geir Árdal** — **Margrét Bjarnadóttir**
**Tómas Árdal** — **Selma Hjörvarsdóttir**
**Páll Hallfreður Árdal** — **Ólöf Kristín Stefánsdóttir**
**Álfheiður Árdal**
**börn og barnabörn**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# SKEMMTILEGU SPILIN fást í Hagkaup




**Blokus** er margverðlaunað herkænskuspil byggt á mjög einföldum reglum sem tekur um það bil mínútu að læra. Spilið er ótrúlega skemmtileg áskorun bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Fyrir 2-4 spilara.

5.999

*Einnig fáanlegt Blokus To Go!*

3.799

**Þú veist**, spilið sem fær þig til að hugsa. Þú veist í bústaðnum, flugvélinni, stofunni, tjaldinu eða bílnum.




3.999




5.199

*Nýir spilastokkar frá höfundum UNO*




VERÐ FRÁ 1.099




9.499




7.799




2.599




5.999




5.799



799




1.999




4.999

Allt úrvalið fæst í Kringlunni, Smáralind og Skeifunni minna úrval í öðrum verslunum

24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

HAGKAUP *Ein ferð betra verð*

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** íþróttafélag, **6.** pfn., **8.** ái, **9.** endir, **11.** vörumerki, **12.** háspil, **14.** langt op, **16.** tveir eins, **17.** hyggja, **18.** skordýr, **20.** ónefndur, **21.** bylta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** taldi, **3.** guð, **4.** umtal, **5.** skjön, **7.** sveppur, **10.** eldsneyti, **13.** fæðu, **15.** morkna, **16.** upphrópun, **19.** fæddi.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** fram, **6.** ég, **8.** afi, **9.** lok, **11.** ss, **12.** tromp, **14.** klauf, **16.** úú, **17.** trú, **18.** fló, **20.** nn, **21.** fall.

**LÓÐRÉTT:** **1.** hélt, **3.** ra, **4.** afspurn, **5.** mis, **7.** gorkúla, **10.** kol, **13.** mat, **15.** fúna, **16.** úff, **19.** ól.


Helgar FRÉTTABLAÐIÐ blað



alla laugardaga

VINNA HVORT Á SINNI HÆÐINNI

HJÓNIN BRAGI ÓLAFSSON OG SIGRÚN PÁLSDÓTTIR ERU HÖFUNDAR BÓKA SEM ÞYKJA MEÐ ÞEIM BESTU Í BÓKAFLÓÐINU. ÞAU RÆÐA UM HÚMOR, VINNU OG EFTIRLÆTISÖLDINA Í HELGARVIÐTALI.



Meðal annars efnis:

HVERJIR VILJA AFNEMA MÁLSKOTSRÉTT FORSETANS?
FULLTRÚAR Á STJÓRNLAGAÞINGI SVARA SPURNINGUM UM ÁHERSLUR OG ÁLITAMÁL.

GRÆTT Á ÓLÖGLEGUM HEILSUFULLYRÐINGUM
FULLYRÐINGAR Á UMBÚÐUM MATVÆLA UM HEILSUBÓT OG BETRUN ERU ÓLÖGLEGAR.

FJÖLSKYLDUBLAÐIÐ
GAMAN AÐ EIGA AFMÆLI Á AÐFANGADAG
JÓLABÖRN OG JÓLAMÆÐUR RÆÐA HVERNIG ER AÐ EIGA AFMÆLI Á AÐFANGADAG.




Allt sem þú þarft...

Ekki missa af Fréttablaðinu um helgina


# Næstum 520 ástæður til að kjósa ekki

**BAKÞANKAR**
**Brynhildar Björnsdóttur**



Nú er liðin næstum því vika síðan fyrsta laugardag í aðventu bar upp á síðasta laugardag í nóvember. Þann laugardag var kveikt á jólatrjám í Kringlunni og Smáralind og á Ráðhústorginu á Akureyri. Jólaþorpið í Hafnarfirði var opnað með viðhöfn og jólamarkaður haldinn í Bjarkarási. Skógrækt Reykjavíkur opnaði sinn árlega jólamarkað og jólatrjáasölu í Heiðmörk.

**MARGIR** tónlistarskólar héldu jólatónleika þar sem ungir tónlistarmenn spreyttu sig fyrir framan áheyrendur með tilheyrandi undirbúningi og taugatitringi. Stórmót Tennissambandsins var haldið og Íslenski fjallahjólaklúbburinn hjólaði til Álftavatns. Rithöfundar lásu upp úr bókum sínum víðs vegar um land, tónlistarmenn árituðu verk sín og fluttu sýnishorn, kórar sungu og lúðrasveitir léku.

**ÞETTA** er árstíminn þegar margir eru lasnir og yfir skólafólki á öllum aldri vofa prófin með tilheyrandi undirbúningi og verkefnaskilum til kennara sem líka stefna á að eiga aðventu með fjölskyldum sínum.

**JÓLAFÖNDUR,** kökubasarar, laufabrauðsskurður, danssýningar, leikrit, fimleikamót, hjólabrettamót, aðventukransagerð og piparkökuskreytingar voru í næstum hverjum einasta leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili. Það var nóg að gera. Og, alveg rétt: kosið var til stjórnlagaþings og tveir af hverjum þremur atkvæðisbærum einstaklingum á landinu mættu ekki.

**KANNSKI** er engin afsökun fyrir því að kjósa ekki alltaf þegar það er í boði. Kosningaréttur er ekki sjálfsagður heldur forréttindi og allir eiga að kjósa. Mér fannst hins vegar athyglisvert sem ég las einhvers staðar að meirihluti kjósenda hefði verið yfir meðalaldri, sem sagt að barna- og skólafólk hefði mætt verst.

**Á** þessum árstíma hefur fólk í ofangreindum hópum lítinn tíma fyrir rannsóknir á því hver af 522 er bestur til að skrifa nýja stjórnarskrá. Hversdagslífið hefur yfirhöndina og það fer í forgang að þvo ballettsokkabuxurnar og skipuleggja foreldrafélagskökubasarinn, fyrir utan allt hitt sem felst í daglegum heimilisrekstri.

**GLEYMUM** ekki þeirri áherslu sem lögð var á að gefa sér rúman tíma til að kjósa því gera mætti ráð fyrir bið á kjörstað og tuttugu mínútum inni í kjörklefanum.

**ÉG** held að dræm þátttaka í kosningunum á laugardaginn hafi ekkert endilega stafað af leti eða áhugaleysi eða verið ætlað að lýsa frati á eitt eða neitt. Þetta var bara vondur dagur. Næst þegar við kjósum skulum við gera það í febrúar.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Frón
Frón kemur við sögu á hverjum jólum
Þú læðist bara
Færð þér eina og eina smáköku frá Frón.
Fáðu þér fjórar tegundir af íslenskum jólasmákökum
í dag á góðu íslensku verði frá Frón.
Mömmukossar
Vanilluhringir
Súkkulaðibitakökur
Loftkökur
Frón Mömmukossar
Smakkaðu bara ljúfan mömmukoss.
Frón Vanilluhringir
Fáðu þér ljúffengar vanillukökur.
Frón Súkkulaðibitakökur
Bragðaðu á ekta súkkulaðibitaköku í dag.
Frón Loftkökur
Láttu þær bráðna í munni þér.
Gleðileg íslensk jól
Jólasmákökur frá Frón fást í helstu verslunum.

# menning

menning@frettabladid.is

**! JÓLIN KOMA Í ÞJÓÐMINJASAFNIÐ** Jóladagskrá Þjóðminjasafns Íslands hefst á sunnudag klukkan 14. Pollapönkararnir spila fyrir krakkana. Grýla, Leppalúði og Jólakötturinn kíkja í heimsókn og spjalla við börnin um íslenska jólasiði. Á Torginu er sýningin Sérkenni sveinanna, en þar má sjá jólahús með gripum sem tengjast jólasveinunum, auk ratleikja og annarra uppákoma. Aðgangur er ókeypis.

## Húsgagnahönnun í sögulegu ljósi

**Elísabet V. Ingvarsdóttir hönnunarsagnfræðingur fjallar um íslenska húsgagna- og vöruhönnun í fyrirlestri á Hönnunarsafni Íslands á sunnudag.**

**Elísabet mun í fyrirlestrinum segja frá þeirri kynslóð manna sem fyrst komu að utan úr sérhæfðu námi sem menntaðir hönnuðir og tengja þeirra tíma við samtímann. Skoðaðir verða möguleikar og vonir þessara frumkvöðla í atvinnusköpun í samhengi við þá möguleika og vonir sem ört stækkandi hópur íslenskra hönnuða stendur frammi fyrir í dag, meðal annars í ljósi niðurstaðna úr nýrri rannsókn á hagrænu gildi skapandi greina á Íslandi.**

**Fyrirlestur Elísabetar hefst klukkan 14.**




# HLJÓMAGANGUR PÍSLARGÖNGUNNAR

**Hallgrímspassía, tónlist við Passíusálma Hallgríms Péturssonar eftir Sigurð Sævarsson, er komin út á samnefndum hljómdiski. Verkið tileinkar hann minningu afa síns sem kvaddi þennan heim með sálma Hallgríms á vörunum.**



**SIGURÐUR SÆVARSSON** Segir Passíusálmana eiga stöðugt erindi við okkur, rétt eins og önnur stórvirki bókmenntanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sigurður helgar útgáfuna minningu afa síns, Skúla Oddleifssonar, sem tengist minningu hans um Passíusálmana órofa böndum. Í bæklingi sem fylgir hljómdisknum lýsir Sigurður því hvernig hann man afa sinn standandi við glugga, hlustandi á útvarpsmessuna, og alvarleikanum sem fylgdi þegar Passíusálmar Hallgríms voru lesnir á föstunni.

„Stemningin í kringum upplestur Passíusálmana var mjög sterk í minningunni," segir Sigurður. „Mörgum árum síðar sat ég við dánarbeð afa á sjúkrahúsinu. Daginn sem hann dó þuldi hann upp Passíusálmana eins og upp úr svefni. Að hann skyldi helga síðustu andardrætti sína sálmunum hafði mikil áhrif á mig og varð til þess að ég ákvað að gera tónlist við þá."

Passíusálmar Hallgríms Péturssonar eru miklir að umfangi og segist Sigurður hafa nálgast þá eins og kvikmyndaleikstjóri sem ætlar að gera bíómynd eftir einhverju stórverki bókmenntanna.

„Ég gerði mér strax grein fyrir því að ég yrði að skera niður með það að markmiði að fanga anda sálmanna og þannig að sagan héldist óslitin. Ég sleppti því ákveðnum pörtum úr sálmunum sem skipta kannski ekki öllu máli til að maður haldi þræði í verkinu. Ég bar þessa aðlögun mína meðal annars undir kirkjunnar menn og það var almenn ánægja með þetta; að minnsta kosti ekkert sem ég sleppti sem þeir töldu að mætti alls ekki sleppa. Þetta var því dálítið eins og ég ímynda mér að sé að vinna handrit byggt á öðru verki, þar sem maður þarf að velja og hafna."

Hallgrímspassía er fráleitt fyrsta tónverkið sem samið er við sálma Hallgríms Péturssonar. Hvers vegna höfðar það svona sterkt til tónskálda?

„Ég veit það ekki en þegar ég fór að vinna með sálmana og rýna í þá opnaðist algjörlega nýr heimur fyrir mér. Þetta er svo tímalaus klassík að hún talar algjörlega til manns hér og nú. Þetta er kannski eins og með Shakespeare, sem er í stöðugri endurnýjun í ólíkum formum fyrir nýjar kynslóðir. Ég vonast að minnsta kosti til að þetta verk verði til þess að vekja áhuga einhverra á Passíusálmunum."

Verkið var hljóðritað á tveimur dögum í Hallgrímskirkju í mars síðastliðnum. Á disknum nýtur Sigurður meðal annars liðsinnis kammerkórsins Schola Cantorum, Caput-hópsins, Harðar Áskelssonar orgelleikara og Jóhanns Smára Sævarssonar, bróður tónskáldsins, sem syngur fyrir Hallgrím.

„Upptökurnar gengu mjög vel enda var valinn maður í hverju rúmi. Tæknin er orðin svo góð nú til dags og þetta er svo mikið fagfólk að sárafáar tökur þurfti til ná þessu."

Hallgrímspassía var frumflutt árið 2007 og flutt aftur síðastliðna páska. Sigurður vonast til að verkið verði flutt erlendis áður en langt um líður.

„Ég er að undirbúa kynningarpakka til að senda út. Opnasti geirinn í þessum bransa er kórageirinn; kórarnir eru alltaf að leita að nýjum verkum til að flytja og það er ágætt að byrja að kynna verkið fyrir þeim. Passíusálmarnir hafa verið þýddir á nokkur tungumál, til dæmis dönsku, norsku, þýsku og ensku. Það þyrfti að vísu að slípa þýðingarnar aðeins til þannig að þær falli betur að tónverkinu."

bergsteinn@frettabladid.is







# Djöfullegra en lífið sjálft

Bækur/ ★★★

**Doris deyr**

Kristín Eiríksdóttir




Kjötbær Kristínar Eiríksdóttur bar með sér ferskan blæ inn í íslenskan bókmenntaheim þegar hann kom út árið 2004, og næstu bækur hennar tvær, Húðlituð auðnin 2006 og Annarskonar sæla 2008, viðhéldu ferskleikanum. Doris deyr er á svipuðum nótum hvað efni og lífssýn varðar en hér er mun þroskaðri höfundur að verki og vinnubrögðin agaðri. Doris deyr er safn tíu smásagna og er sögusviðið dreift um hálfa heimsbyggðina, frá Kanada til Íslands til Kólumbíu til Istanbúl með viðkomu við Niagarafossana, á Gíbraltar, Spáni og fleiri stöðum. Sögurnar tengjast ekki innbyrðis en umfjöllunarefnið er ávallt hið sama; einsemd manneskjunnar í veröldinni, leitin að lífsfyllingu í formi ástar, vináttu, ferðalaga, eiturlyfja, áfengis eða kynlífs. Leit sem ekki ber nokkurn árangur því manneskjan er alltaf ein á flótta sínum undan sjálfri sér og tengingin við annað fólk í besta falli tálsýn, í versta falli banvæn.

Söguhetjur flestra sagnanna eru ungar konur, ósáttar við sjálfar sig og umhverfið, í stöðugri leit eftir viðurkenningu og samastað í tilverunni. Konur sem þrá að vera einhverjum einhvers virði en óttast um leið þá frelsisskerðingu sem það felur í sér. Í sögunni Þrjár hurðir er söguhetjan eldri kona sem fann sinn samastað en komst að því að ekki heldur þar var griðland að finna. Í þeim þremur sögum þar sem söguhetjan er karlkyns er svipað uppi á teningnum; gjáin á milli fólks er óyfirstíganleg. Örsjaldan tekst að brúa hana, en alltaf aðeins stutta stund, svo tekur einmanaleikinn aftur yfirhöndina og leitin hefst að nýju.

Allar eru sögurnar góðar. Vel byggðar og vel skrifaðar og lýsa veruleika sem við þekkjum öll, jafnvel þótt sögusviðið sé fjarlæg lönd eða undirjarðnesk vitund manneskjunnar. Kristín hefur fullt vald á smásagnaforminu og textinn er meitlaður og fágaður. Næstum of fágaður á köflum og undirrituð stóð sig að því að sakna ungæðislegs ofsans sem einkenndi Kjötbæinn. Meira að segja ofbeldið og órarnir eru hér fágaðri og óhugnaðurinn sem oft kraumar undir yfirborðinu beislaðri. Þroskinn er á kostnað hömluleysisins, sem eðlilegt er, og útkoman ekki eins kraftmikil.

Það er þó alveg ljóst að með þessari bók stígur Kristín fram sem fullþroskaður höfundur sem hefur mikið fram að færa bæði í efni og stíl og verður spennandi að lesa skáldsöguna sem samkvæmt þroskakúrfu rithöfunda hlýtur að koma frá henni næst.

Friðrika Benónýsdóttir

**Niðurstaða:** Vel byggðar og vel stílaðar smásögur sem undirstrika einstæða sýn Kristínar á eðli þess að vera manneskja.

# Bækurnar sem auka hamingju þína!




Útgáfufagnaður
í Eymundsson
Skólavörðustíg
í dag kl. 17.
Allir velkomnir!

★

Útgáfutilboð
alla helgina:
**1.950 kr.**

*Flest fólk er eins hamingjusamt og það ákveður að vera.*
Abraham Lincoln

*Hamingjan er undir okkur sjálfum komin.*
Aristóteles

## Nú gerum við þjóðina hamingjusama

Metsölubókin **Meiri hamingja** eftir hamingjuprófessorinn **Tal Ben-Shahar** hefur svo sannarlega hitt í mark hjá íslensku þjóðinni. Nú sendir hann frá sér vinnubókina **Enn meiri hamingja** og býður lesendum aukna hamingju með einföldum verkefnum sem allir ráða við.

**Sjónvarpsþættirnir hefjast í febrúar á Stöð 2**

UNDUR OG STÓRMERKI
www.undur.is

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872



**ODDNÝ EIR** Vill opnari og markvissari umræðu um söfnunarstefnu listasafna á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Innkaupastefnan krufin til mergjar

Listasafn Reykjavíkur efnir til málþings á Kjarvalsstöðum á sunnudaginn þar sem innkaupastefna safnsins verður krufin og rætt um listasöfn og listaverkasöfnun frá ýmsum hliðum. Málþingið er haldið í tengslum við sýninguna Ný aðföng 2006-2010.

„Þetta er mjög tímabær umræða," segir Oddný Eir Ævarsdóttir, rithöfundur og safnaheimspekingur, sem verður meðal frummælenda. „Umræðan um safnastefnuna hefur vissulega verið til staðar innan safnanna og myndlistarmenn hafa tekist á um hana en almenningur hefur að mestu leyti staðið fyrir utan hana. Það gæti til dæmis verið mjög gaman að opna þessa umræðu fyrir almenningi með því að halda sýningu sem sýndi hvernig safnastefnan hefur orðið til í gegnum árin, fundargögnin og allt saman."

Í hópi frummælenda eru auk Oddnýjar þau Gunnhildur Hauksdóttir, myndlistarmaður og stjórnarmeðlimur Nýlistasafnsins, og Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur. Einnig taka þátt í umræðum Birta Guðjónsdóttir, Hrafnhildur Schram og Sólveig Aðalsteinsdóttir en þær hafa allar setið í innkaupanefnd safnsins á síðastliðnum árum. Jón Proppé listheimspekingur stýrir umræðum. Málþingið hefst klukkan 15.

Mynddiskar ★★★

**Með önglinum í rassinum**

Ásmundur og Gunnar Helgasynir




## Stjarna á mann

Tvíburabræðurnir Ásmundur og Gunnar Helgasynir eru skemmtilegir og áhugasamir veiðimenn. Það skín í gegn á diskinum sem geymir þáttaröðina með Önglinn í rassinum sem sýnd var á Skjá einum í fyrravor. Áður hefur Gunnar gert veiðidiskana Af hverju tekur laxinn og Svona tekur laxinn. Ragnheiður Thorsteinsson framleiðir alla diskana.

Reynt er að gera margar skemmtilegar hugmyndir að veruleika í Með önglinn í rassinum. Fastir liðir í hverjum hinna sex þátta eru til dæmis flugukastkeppni og spjall við þriggja manna öldungaráð.

Meginþráðurinn í þáttunum er hins vegar keppni þeirra bræðra í að veiða flesta laxa. Fóru þeir nokkra túra í Laxá í Aðaldal, Vatnsdalsá og Langá sumarið 2009. Við blasir að veiðiefnið sem náðist í hús hefur ekki verið eins mikið að gæðum og að var stefnt í upphafi til að halda uppi sex þátta seríu. Fyrir veiðimenn virka þættirnir því útvatnaðir. Mikið af uppfyllingarefni megnar ekki að breiða yfir það þótt afþreying inn á milli sé stundum ágæt (hverjum datt eiginlega í hug að stangveiðimenn sérstaklega hafi áhuga á því að heyra ofan í spákerlingu heima í stofu?). Garðar Örn Úlfarsson

**Niðurstaða:** Með önglinum í rassinum stendur nokkuð að baki fyrri veiðimyndum Gunnars og Ragnheiðar þótt inn á milli leynist skemmtilegar tökur sem vísast eiga eftir að ylja víða í vetur.

# Tómas tyllir sér við Tjörnina

Jón Gnarr borgarstjóri afhjúpaði styttu af Reykjavíkurskáldinu Tómasi Guðmundssyni við Reykjavíkurtjörn í gær.

Styttan er verk myndhöggvarans Höllu Gunnarsdóttur og sýnir Tómas sem ungan mann þar sem hann situr á bekk við göngustíg við suðurenda Tjarnarinnar. Segir í tilkynningu frá Reykjavíkurborg að jakkaföt Tómasar og hárgreiðsla gefi skírskotun til fjórða áratugar síðustu aldar þegar ljóðabókin „Fagra veröld" kom út.

Borgarfulltrúinn Kjartan Magnússon átti hugmyndina að styttunni en Tómas hefði orðið 110 ára 6. janúar næstkomandi. - þj



**TYLLTU SÉR HJÁ TÓMASI** Andrés Magnússon, Halla Gunnarsdóttir og Jón Gnarr borgarstjóri tylltu sér við hlið Tómasar á bekk við Tjörnina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Til heiðurs Helgu Kress

**Helga Kress lét af störfum við Háskóla Íslands á síðasta ári eftir áratuga starf. Á morgun verður málþing til heiðurs henni haldið í Háskóla Íslands.**



**HELGA KRESS** Var prófessor í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands þegar hún lét af störfum í fyrra. Hún er nú prófessor emeritus.

„Við töldum fulla ástæðu til að heiðra Helgu Kress sem lét af störfum í fyrra eftir áratuga starf við Háskóla Íslands sem prófessor í almennri bókmenntafræði. Hún er einn merkasti fræðimaður okkar á sviði norrænna miðaldabókmennta, íslenskrar bókmenntasögu og brautryðjandi í femínískum bókmenntarannsóknum við Háskóla Íslands," segir Irma Erlingsdóttir, forstöðumaður Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum sem stendur að málþinginu í samstarfi við EDDU – öndvegisetur og bætir við að Helga hafi verið einn stofnenda Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum og formaður stjórnar hennar um árabil. Helga hafi og gefið út fjölda rita um rannsóknir sínar, það nýjasta Óþarfar unnustur, sem kom út á síðasta ári.

Sigríður Þorgeirsdóttir sem staðið hefur að undirbúningi málþingsins, ásamt Irmu, segir marga ekki gera sér grein fyrir því hversu merkur fræðimaður Helga Kress sé. „Hún ruddi brautina í femínískum fræðum og fékk fyrir það mikla gagnrýni frá karlveldinu. Það var gert grín að þessari nýjung. Nú þegar litið er til baka þá er ljóst að hún er mjög fræðilega sterk og rannsóknir hennar mjög vel ígrundaðar." Sigríður bendir á að Helga hafi opnað glugga inn í greiningaraðferðir sem voru ofarlega á baugi erlendis og borið ferska strauma inn í háskólasamfélagið íslenska.

Irma segir að fræðistörf Helgu spanni vítt svið og málþingið á morgun endurspegli þá fjölbreytni. Málþingið verður haldið í hátíðarsal aðalbyggingu Háskóla Íslands og hefst klukkan 10.30. Ókeypis er inn og allir velkomnir.

sigridur@frettabladid.is

### FJÖLBREYTT DAGSKRÁ Á MÁLÞINGI

**10.30-10.40:** Setning: Irma Erlingsdóttir, fundarstjóri.

**10.40-12.00:** Már Jónsson: „Máttvana meyjar á öndverði 19. öld." Sigrún Pálsdóttir: „Hreyfimynd með hljóði frá 19. öld eftir Þóru Pétursdóttur." Halldór Guðmundsson: „Viðtöl, bréf og velktar myndir. Um heimildir við ævisagnaritun."

**Umræður**

**12.00-13.00:** Hlé

**13.00-14.40:** Guðrún Nordal: „Svarið Steinvarar: Um systur og eiginkonur Sturlunga." Jón Karl Helgason: „Sögusagnir: Sjónarhorn á íslenskar miðaldabókmenntir." Sveinn Yngvi Egilsson: „Náttúra Huldu." Guðni Elísson: „Ofríki, illgirni og dómgreindarskortur. Þrjár kvenlegar dyggðir í ríki kreppunnar."

**Umræður**

**14.40-15.00:** Kaffi

**15.00-16.20:** Steinunn Sigurðardóttir: „Óttinn við áhrif. Frá Málfríði til Málfríðar." Dagný Kristjánsdóttir: „Hulda og Halldór." Sigríður Þorgeirsdóttir: „Er Moby Dick 'máttug mær'? Um kreppu, karlmennsku og kynjasamskipti í hvalveiðisögu Melville." Umræður

**16.20 – 18.00:** Léttar veitingar

Málþingið er öllum opið meðan húsrúm leyfir.

LÚR BETRI HVÍLD

Úrval rúma, sófa og hvíldarstóla

Margir litir í boði – Frábær verð í gangi







LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1
201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969
FAX 554 3100
WWW.LUR.IS
LUR@LUR.IS

Opið:
mán fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00

www.lur.is

# Heima og heiman




## Táknmynd Íslands

Jökulsárlón á Breiðamerkursandi hefur á síðustu árum orðið nokkurs konar táknmynd Íslands í augum umheimsins. Aðdráttarafl staðarins er með ólíkindum og umhverfið magnað. Þorvarður Árnason hefur tekið myndir af Lóninu á öllum árstímum og við ólík veðurskilyrði - við blasir heillandi veröld sem er lyginni líkust.

Bókin fæst í enskri, franskri og þýskri útgáfu, auk þeirrar íslensku.




## Gullnáma

**Íslenzkir þjóðhættir** eftir séra Jónas frá Hrafnagili er grundvallarrit í íslenskri bókmenningu og sannkallað afreksverk þegar litið er til þeirra aðstæðna sem höfundurinn bjó við. Bókin kom fyrst út 1934, og sú útgáfa er lögð til grundvallar hér. Þegar hún var endurútgefin árið 1945 var fullyrt á bókarkápu að þar færi **„... sú bók íslenzk sem tvímælalaust hefur hlotið bezta dóma.“**




## Fjöllin laða og lokka

Pétur Þorleifsson er frumkvöðull í fjallaferðum. Hér lýsir hann göngu á 103 fjöll, há sem lág, löngum göngum og stuttum - fyrir alla fjölskylduna. Hverri göngulýsingu fylgir greinargott kort.

**Fjöll á Fróni** er þriðja fjallabók Péturs, áður skrifaði hann Fólk á fjöllum og Íslensk fjöll í félagi við Ara Trausta Guðmundsson.
Í þessari bók kynnumst við Pétri nánar í ítarlegu viðtali Páls Ásgeirs Ásgeirssonar.




## Kærleikur og von

Í fimmtán ár ferðaðist listaljósmyndarinn Ken Opprann um heiminn og myndaði fólk á fundi við guð sinn. Hann var viðstaddur ótal trúarhátíðir helstu trúarbragða heims, vitjaði helgistaða og sótti fólk heim. Myndirnar bera vitni falslausri einlægni og þrotlausri leit að þeim mætti sem er æðri öllum skilningi.
Bókin geymir einnig glögga umfjöllun um Hindúasið, Kristindóm, Gyðingdóm, Búddasið og Íslam.




## Heimsreisa bragðlaukanna

Meistarakokkurinn Gordon Ramsay er í miklum metum, ekki hvað síst vegna þess hversu auðvelt er að fylgja uppskriftum hans. Í þessari stóru og glæsilegu bók fá lesendur að kynnast lykilréttum úr matarmenningu Mið-Austurlanda, Taílands, Bandaríkjanna, Kína, Indlands, Spánar, Frakklands, Ítalíu, Grikklands og Bretlands.

Þessi bók á erindi í öll íslensk eldhús.




## Heimsmynd tungumálanna

**Tungumál veraldar** segja lifandi menningarsögu. Í þessari glæstu bók er boðið til mikillar reisu, þar sem lesendur kynnast eitt þúsund tungumálum um veröld víða. Lýst er bakgrunni þeirra, sögu, tengslum við önnur mál og sérkennum. Með hjálp fjölbreytilegra ljósmynda, skýringarmynda og landakorta opnast heillandi veröld - aðgengileg og umfram allt bráðskemmtileg.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Þar sem þekkingin á sér samastað

opna

Bókaútgáfan Opna · Skipholti 50b · 105 Reykjavík · sími 578 9080 · www.opna.is



**AF ÆFINGU** Selkórinn og Vox Academia byrjuðu að æfa Messías eftir Händel hvor í sínu lagi en ákváðu að leiða saman hesta sína þegar þeir fréttu af hvor öðrum.

# Tveggja kóra verk

Kórarnir Selkórinn og Vox Academica flytja óratoríuna Messías eftir Georg Friðrik Händel í sameiningu í tvígang nú í desember. Kórarnir hófu að æfa verkið hvor í sínu lagi í haust en þegar þeir fréttu af hvor öðrum ákváðu þeir að leiða saman hesta sína.

Óratorían verður flutt í Seltjarnarneskirkju sunnudaginn 5. desember og í Guðríðarkirkju í Grafarholti miðvikudaginn 8. desember.

Auk kóranna taka fjórir einsöngvarar þátt í flutningnum, Ágúst Ólafsson bassi, Snorri Wium tenór, Sesselja Kristjánsdóttir alt og Hulda Björk Garðarsdóttir sópran. Tuttugu manna hljómsveit sér um undirleik og konsertmeistari er Sigrún Eðvaldsdóttir. Stjórnandi er Jón Karl Einarsson.

Tónleikarnir í Seltjarnarneskirkju á sunnudag hefjast klukkan 17 en tónleikarnir í Guðríðarkirkju á miðvikudag hefjast klukkan 20.

- bs





25% AFSLÁTTUR

Miele Tango Plus

Vinsælasta ryksugan frá Miele

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar, með stillanlegu röri og úrvali fylgihluta. Þær hafa hlotið hæstu einkunn hjá neytendasamtökum í Þýskalandi.

Tilboð kr.: 24.900

Verðlistaverð kr.: 33.200

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

vilborga@centrum.is


# Þrír misgóðir hljómdiskar

Tónlist ★★

**Hugsaðu um búskapinn - hættu að daðra ...**

Tríó Blik

## Eiga ekki erindi

Hanna Dóra Sturludóttir syngur, Freyja Gunnlaugsdóttir og Daniela Hlinková leika.

Lög Ása í Bæ og Oddgeirs Kristjánssonar eru falleg og skemmtileg. Þau eru þó varla annað en dægurlög og því set ég spurningarmerki við útsetningar Atla Heimis Sveinssonar sem nú eru komnar út á geisladiski. Lögin eru hér fyrir klarinettu og píanó, en Hanna Dóra Sturludóttir syngur. Kammerkennd umgjörðin fer lögunum ekkert sérlega vel. Þau eru tilgerðarleg, eins og úr gömlu leikriti sem á ekkert erindi við fólk í dag.

Auðvitað er ekkert að því að setja dægurlög í nýjan búning. En það er ekki sama hvernig það er gert. Útsetningarnar eru haganlegar, en þær eru ekki frumlegar. Atli Heimir getur samið alls konar músík. Kannski hefði hann átt að ganga miklu lengra, búa til eitthvað ómstrítt og furðulegt úr lögunum.

Hin leiðin, sem hefði verið aðgengilegri, hefði verið að sleppa klarinettunni. Hafa bara lögin einföld, fyrir rödd og píanó. Freyja Gunnlaugsdóttir klarinettuleikari spilar vissulega vel. En hún reynir of mikið að spila kæruleysislega. Klarinettan verður fljótt pirrandi. Skiptir þá engu að bæði píanóleikarinn og söngvarinn skila sínum hlutverkum af prýði. Hanna Dóra syngur af einlægni og píanistinn spilar af vandvirkni. En til hvers? Það er enginn á réttum stað eða á réttum tíma, ekki hljóðfæraleikararnir, söngvarinn, útsetjarinn eða tónskáldin.

**Niðurstaða:** Lög Ása í Bæ og Oddgeirs Kristjánssonar eru í búningi sem hæfir þeim illa.

Tónlist ★

**Samkór Reykjavíkur**

Samkór Reykjavíkur syngur undir stjórn Keith Reed

## Þreyttur kór

Kórar á Íslandi eru ótrúlega margir. Þeir eru langflestir skipaðir áhugafólki. Fólkið kann ekki mikið í raddbeitingu. Það hefur litla söngþjálfun að baki. Þetta gerir söngstíl kóranna sérstakan. Hann er opinn og tær þegar vel tekst til, en fínlegum blæbrigðum er oft ábótavant. Tæknin er svo takmörkuð að músíkin kemst ekki til skila á almennilegan hátt.

Því miður vantar þetta fínlega í Samkór Reykjavíkur. Hann býður upp á hefðbundna dagskrá á borð við Alparósina og Smávini fagra. Það er eins og öll orkan hafi farið í að láta kórmeðlimi syngja samtaka og hreint. Sem er ekki nóg. Smáatriðin eru gríðarlega mikilvæg í tónlist. Það er einfaldlega valtað yfir þau hér. Laglínurnar eru ekki nægilega vel mótaðar. Hljómarnir eru oftast eins á litinn. Þetta eru bara raðir og mynstur af tónum sem hafa litla merkingu.

Söngleðin hefur oft komið íslenskum kórum langt. En hana er ekki að finna hér. Söngurinn er daufur, maður hefur á tilfinningunni að kórinn sé búinn að æfa lögin allt of mikið. Útkoman er óttalega óspennandi.

**Niðurstaða:** Sönggleðina vantar í Samkór Reykjavíkur. Tónlistin mætti vera betur mótuð.



Tónlist ★★★

**Gnótt**

Gunnar Gunnarsson

## Tónlist í freyðibaði

Gunnar Gunnarsson píanóleikari og organisti er á ljúfum nótum á geisladiskinum Gnótt. Nokkur þekkt lög á borð við Frostrósir og Sveitin milli sanda eru sett í notalegan píanóbúning. Þeir Tómas R. Einarsson, Ómar Guðjónsson og Matthías Hemstock krydda hóflega og af smekkvísi. Þetta er svona tónlist eins og maður heyrir í flugvélum Icelandair eftir lendingu. Tónlist sem róar farþega svo þeir losi ekki beltin og ryðjist út áður en sætisbeltaljósin eru slökkt.

Útsetningarnar eru afslappaðar og einfaldar, Gunnar er ekkert að þykjast. Hann veit hvað hann vill og spilar vel. Hinir gera það líka. Maður gæti kallað geisladiskinn lyftutónlist, en það er staður og stund fyrir hana. Stundum er hún beinlínis nauðsynleg.

Ef þig vantar eitthvað til að hlusta á í freyðibaði gæti þetta verið rétti geisladiskurinn!

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Ljúf lyftutónlist sem er þægileg áheyrnar.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Föstudagur 03. desember

**➜ Tónleikar**

**12.15** **Garðar Cortes** heldur þrenna hádegistónleika á Kjarvalsstöðum þar sem hann flytur eftirlætislög sín. Píanóleikarinn Robert Sund leikur undir. Tónleikarnir hefjast kl. 12.15 og er aðgangseyrir 1000 krónur.

**16.30** **Máki Páki and the Happy hours** leika létta tónlist frá ýmsum löndum milli kl. 16.30-18 á Bar og Gallerý 46, að Hverfisgötu 46.

**19.00** Á **Hemma & Valda,** Laugavegi 21, koma fram í kvöld Elín Ey, Kidrama, Reason to belive, Monsoon Drive, PORQUESI, Agent Fresco og Dj Sexy lazer. Tónleikarnir hefjast kl. 19. Frítt inn.

**20.30** Á **Café Haiti,** að Geirsgötu 7b (verbúð við gömlu höfnina), verða tónleikar með **Skúla mennska og Markús & the diversion sessions.** Tónleikarnir hefjast kl. 20.30 og er aðgangseyrir enginn.

**22.00** **Eyþór Ingi** ásamt hljómsveit verða með **Deep Purple Tribute** í Hvíta húsinu á Selfossi í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 22 og er miðaverð 1500 krónur.

**22.00** Á **Græna hattinum** á Akureyri verða tónleikar með Memfismafíunni ásamt **Baggalút, Hjálmum og Sigurði Guðmundssyni.** Tónleikarnir hefjast kl. 22 og opnar húsið kl. 21.

**22.00** Á skemmtistaðnum **Bakkus,** Tryggvagötu 22, verða tónleikar með bandaríska tónlistarmanninum **Bobby Conn** í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 22 og er miðaverð 1500 krónur.

**23.00** Hljómsveitin **VAX** heldur tónleika á **Faktorý** í kvöld. Frítt inn og hefjast tónleikarnir kl. 23.

**➜ Opnanir**

**16.00** Sýningin Á FERLI eftir **Ástu Ólafsdóttur** opnar í Kubbnum kl. 17, sýningarrými myndlistardeildar Listaháskóla Íslands að Laugarnesvegi 91. Jón Proppé flytur erindi um list Ástu kl. 16 í fyrirlestrarsal skólans í Laugarnesi. Allir velkomnir.

**17.00** Sýningin **UMBROT,** samsýning nemenda í textíl, teikningu og mótun við Myndlistarskólann í Reykjavík opnar í dag kl. 17. Sýning er í Þjóðmenningarhúsinu, að Hverfisgötu 15.

**➜ Opið hús**

**11.00** Á alþjóðadegi fatlaðra, í dag, býður **Þjóðminjasafn Íslands** gestum ókeypis aðgang að safninu. Að auki geta gestir prófað hljóðleiðsögn safnsins endurgjaldslaust. Safnið er opið kl. 11-17.

**Félag eldri borgara í Kópavogi** verður með opið hús í félagsheimilinu Boðanum, að Boðaþingi 9, laugardaginn 4. desember kl. 14. Lesið verður úr nýjum bókum og Bergssystur syngja. Kaffi í boði félagsins. Allir velkomnir og frítt inn.

**➜ Kvikmyndir**

**20.00** Kvikmyndin **Borgaraleg hegðun** verður sýnd í **Bíói Paradís** í kvöld. Sýning hefst kl. 20 og er ókeypis aðgangur á meðan húsrúm leyfir.

**➜ Markaðir**

**16.00** Fatamarkaður **Rauða Krossins** verður í Sláturhúsinu, Egilsstöðum, í dag. Húsið opnar kl. 16.

Frá deginum í dag til 12. desember mun **Listasafn Íslands** gefa listunnendum kost á að eignast kostagripi á lágmarksverði. Útsölustaðir eru **Hafnarhús, Kjarvalsstaðir og Ásmundarsafn.**

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**


FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft…

Tryggjum öllum börnum gleðileg jól

Taktu þátt í Pakkajólum Bylgjunnar við jólatréð í Smáralind

Við óskum öllum gleðilegra jóla

BYLGJAN 989


LÆGRA VERÐ!
Á ÖLLUM JÓLABÓKUM
ALLA DAGA - ALLTAF
YFIR 700 NÝIR TITLAR
ÉG MAN ÞIG
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
3.899
Stelpur! Bók fyrir forvitnar
3.299
Dömusiðir
2.598
SÖNN ÍSLENSK SAKAMÁL
BRASILÍU FANGINN
3.599
HLÝJAR HENDUR
2.999
Guðrún Ögmundsdóttir
4.329
TAKK ÚTRÁSARVÍKINGAR
2.929
VAMPÍRUFRÆÐI
2.599
REBECCA JAMES
3.149
Meira sjálfstraust
2.085
Hið dökka man
3.249
UNGA FÓLKIÐ OG ELDHÚSSTÖRFIN
2.243
ALLT FYRIR PAKKANN!
SPIL - PÚSL
PAPPÍR
JÓLAKORT
Á BETRA VERÐI...
OPIÐ
ALLA VIRKA DAGA FRÁ 10 TIL 18
LAUGARDAGA FRÁ 11 TIL 17
SUNNUDAGA FRÁ 12 TIL 17
GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝRARI
SKEIFUNNI 11
Auglýsingin gildir til og með 05.12.10. eða á meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

# Fólk

folk@frettabladid.is

**4424** dagar eru síðan Britney Spears gaf út lagið „Baby One More Time“ og hóf þar með stormasaman söngferilinn.



## Snipes í steininn



Wesley Snipes hefur verið skipað að mæta til afplánunar í fangelsi í Pennsylvaníu í næstu viku vegna skattalagabrota. Þessi skipun kemur í kjölfar þess að dómari neitaði að láta hann lausan gegn tryggingu á meðan hann biði þess að áfrýjunarbeiðni hans yrði tekin fyrir. Allt útlit er því fyrir að leikarinn góðkunni klæðist appelsínugulum galla þar til áfrýjun hans verður tekin fyrir.









# Línurnar að skýrast fyrir Contraband Baltasars

**Kvikmyndabiblían Variety greindi frá því í gær að leikararnir Giovanni Ribisi og Ben Foster væru í viðræðum við Universal um að leika í Contraband, Hollywood-kvikmynd Baltasars Kormáks.**

Kvikmyndavefmiðlar á borð við Empireonline og Collider.com fjölluðu ítarlega um frétt Variety þess efnis að Giovanni Ribisi og Ben Foster væru í viðræðum við Universal um að leika í endurgerð Reykjavík-Rotterdam sem Baltasar Kormákur leikstýrir. Tökur eiga að hefjast í janúar en eins og flestum ætti að vera kunnugt leika þau Mark Wahlberg og Kate Beckinsale aðalhlutverkin. Baltasar hefur verið að safna liði, ráða til sín búningahönnuð og kvikmyndatökumenn enda er Hollywood-batteríið margfalt stærra en á Íslandi.

Giovanni Ribisi er mörgum að góðu kunnur þótt ekki sé víst að nafnið hringi mörgum bjöllum. Flestir muna eflaust eftir honum sem Frank Buffay, bróður Phoebe í Friends-þáttunum, en Ribisi hefur einnig leikið í stórmyndum á borð við Avatar og Public Enemy. Ben Foster er hins vegar spáð miklum frama í Hollywood á næstu árum en hann lék meðal annars í The Messenger sem tilnefnd var til tvennra Óskarsverðlauna.

Ekki er vitað í hvaða hlutverki Ribisi verður en miðað við þau hlutverk sem eftir eru í íslensku myndinni er líklegt að það sé hlutverk Ingvars E. Sigurðssonar. Ingvar lék í myndinni Steingrím, sem fær aðalpersónuna Kristófer til að smygla í síðasta sinn. Ben Foster á hins vegar að leika mág Kristófers en það hlutverk var í höndum Jörundar Ragnarssonar í kvikmynd Óskars Jónassonar. Mark Wahlberg leikur síðan auðvitað hlutverkið sem Baltasar Kormákur fór með og Kate Beckinsale verður hin ameríska Íris en það hlutverk var í höndum Lilju Nætur Þórarinsdóttur.

freyrgigja@frettabladid.is

**HOLLYWOOD-REYKJAVÍK**




**TILVILJUN?** Baltasar Kormákur lék smyglarann Kristófer í Reykjavíkur Rotterdam. Nú er það kyntröllið Mark Wahlberg.




**ÞOKKADÍSIR** Kate Beckinsale verður hin ameríska Íris, eiginkona smyglarans Kristófers sem lendir í miklum hremmingum. Það var Lilja Nótt sem lék hana í kvikmynd Óskars Jónassonar.




**HUGSANLEGT** Ekki hefur verið gefið upp hvaða hlutverk Giovanni Ribisi eigi að leika í Contraband. Að öllum líkindum er það þó hlutverk Steingríms sem Ingvar E. Sigurðsson rúllaði upp í íslensku útgáfunni.




**NOKKUÐ LÍKIR** Jörundur Ragnarsson sem lék Arnór í Reykjavík-Rotterdam getur verið nokkuð sáttur við amerísku útgáfuna af sinni persónu. Hún verður í höndunum á Ben Foster, rísandi stjörnu í Hollywood.



**MIKIL VINNA** Útskriftarnemendur Airbrush & Makeup School halda tískusýningu á skemmtistaðnum Spot í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Líkamsfarða léttklæddar stúlkur

„Þetta verður rosalega mikið fyrir augað,“ segir Sólveig Birna Gísladóttir, kennari í Airbrush & Makeup School, en skólinn efnir til heljarinnar tískusýningar á skemmtistaðnum Spot í kvöld.

Nemendur skólans ætla að sýna hæfni sína í líkamsförðun eða „bodypainting“, en um eitt af prófverkefnum útskriftarnemanna skólans er að ræða. Sólveig segir mikinn undirbúning liggja að baki. „Svona líkamsförðun er margra tíma vinna. Okkur fannst svo mikil synd að láta stelpurnar fara beint heim í sturtu eftir sýninguna að við gerðum hana aðeins stærri og fórum í samstarf við fataverslunina KISS,“ segir Sólveig, en stúlkur frá KISS ætla að sýna það allra flottasta í tískunni.

Eins og gefur að skilja eru stúlkurnar fáklæddar. „Flestar eru naktar að ofan, en um leið og það er búið að farða þær er eins og þær séu í þröngum toppum eða bolum,“ segir Sólveig og bætir við að þetta sé ekkert vandræðalegt. Sýningin fer fram á Spot í Kópavogi í kvöld og hefst hún stundvíslega kl. 22.00, en húsið verður opnað kl. 20.30.

- ka

## Ræddu skilnað yfir mat

**Eva Longoria og Tony Parker snæddu saman hádegismat á hótelveitingastað í Los Angeles í vikunni. Samkvæmt vefritinu UsMagazine.com er þó ekki von á því að parið hætti við skilnað sinn og taki aftur saman.**

**„Þau hittust í hádegismat til þess eins að ganga frá ýmsum smáatriðum varðandi skilnaðinn. Þeim semur enn ágætlega þannig að samband þeirra er enn á vinalegu nótunum,“ var haft eftir innanbúðarmanni.**

**Longoria sótti um skilnað eftir að tímaritið Us Weekly flutti fréttir af framhjáhaldi Parkers með eiginkonu liðsfélaga síns. „Þau tala reglulega saman, en Eva er miður sín og hefur ákveðið að einbeita sér að vinnu sinni núna,“ sagði heimildarmaður um samband þeirra hjóna.**



**NIÐURBROTIN** Leikkonan Eva Longoria snæddi hádegisverð með eiginmanni sínum og ræddi ýmis atriði er varða skilnað þeirra. NORDICPHOTOS/GETTY


BERTONI
SÍÐASTI SÉNS
Á AÐ KAUPA
HERRAFÖT
MEÐ AFSLÆTTI
FYRIR JÓLIN
Allir sem versla fara í pott og gætu unnið þetta hjól að verðmæti 1.300.000 kr.
25%
afsláttur af öllum vörum
um helgina og
þú gætir unnið geðveikt
„easy rider“ mótorhjól í kaupbæti
Komdu og skoðaðu hjólið
Opið:
Föstudag 10-18,
laugardag 11-18,
sunnudag 13-18
Herra
hafnarfjörður
Firði, Hafnarfirði Sími 565 0073



**KINGS OF LEON** Rokkararnir stíga á svið á Hróarskelduhátíðinni næsta sumar.

## Kings spilar á Hróarskeldu

**Miðasala á Hróarskelduhátíðina í Danmörku sem verður haldin 30. júní til 3. júlí á næsta ári er hafin. Af því tilefni var tilkynnt að bandaríska rokksveitin Kings of Leon myndi stíga þar á svið. Áður höfðu metalhundarnir í Iron Maiden boðað komu sína.**

**Miðasala á Hróarskeldu fer nú öll fram á heimasíðunni Roskilde-festival.dk. Forsvarsmenn hátíðarinnar ákváðu að selja aðgöngumiða einungis í gegnum heimasíðu sína til að bjóða gestum upp á nýjung sem var prufukeyrð í fyrsta sinn í ár. Þá gátu gestir pantað sér tjaldsvæði um leið og þeir keyptu miða sína.**

## Tarantino grillaður

Bandaríski leikstjórinn Quentin Tarantino var vígður inn í hinn þekkta Friar´s-klúbb fyrir skömmu. Þar var hann „grillaður“ af vinum sínum, þar á meðal leikstjóranum Eli Roth, sem gerði ítrekað grín að leikstjóranum við mikil hlátrasköll viðstaddra. Roth hæddist að líkamsburðum Tarantinos og vildi einnig meina að hann væri með fótablæti á alvarlegu stigi. Grínistinn Jeff Ross minntist á hátt enni leikstjórans og vildi meina að hægt væri að sýna þar næstu kvikmynd hans.

Á meðal gesta þetta kvöld voru leikkonurnar Uma Thurman og Sarah Silverman, Brett Ratner og „grill“ meistarinn Samuel L. Jackson.



QUENTIN TARANTINO

# Endurkoma Eminem fullkomnuð

**Marshall Mathers eða Eminem er tilnefndur til tíu Grammy-verðlauna og verður að teljast sigurstranglegur í nánast öllum flokkum. Ungstirnið Justin Bieber á sigurinn vísan í nýliðavalinu.**

Mikið var um dýrðir þegar tilnefningar til Grammy-verðlauna voru tilkynntar í beinni útsendingu CBS-sjónvarpsstöðvarinnar frá sérstökum Grammy-tónleikum. Listamenn á borð við Katy Perry tróðu upp en rapparinn fyrrverandi og núverandi leikarinn, LL Cool J, var kynnir kvöldsins. Sem var við hæfi því annar rappari, Eminem, var stjarna kvöldsins. Eminem er tilnefndur til tíu Grammy-verðlauna, þar á meðal fyrir plötuna Recovery og lagið Love the Way You Lie sem hann syngur ásamt Rihönnu. Endurkoman er Eminem bæði sæt og söguleg því tíu ár eru liðin síðan hann sigraði heiminn með Marshall Mathers LP og slagarann The Real Slim Shady.

Eminem er ekki eini listamaðurinn sem getur borið höfuðið hátt eftir að tilnefningarnar voru kunngjörðar. Nýliðinn Bruno Mars getur til að mynda vel við unað en hann fékk sjö tilnefningar og stórstjörnur á borð við Lady Gaga og Jay-Z voru tilnefndar til sex verðlauna, Jay-Z meðal annars fyrir hið frábæra lag Empire State of Mind sem hann syngur ásamt Aliciu Keys. Í þessum hópi er einnig kántrítríóið Lady Antebellum sem hefur selt yfir þrjár milljónir eintaka af plötu sinni Need You Now. Meðal þeirra sem hlutu fimm tilnefningar má nefna gítarhetjuna Jeff Beck, rapparann B.o.B og sálargoðsögnina John Legend. Athygli vekur að rokkdúóið The Black Keys fékk fjórar tilnefningar fyrir sína sjöttu plötu Brothers en hingað til hefur sveitin ekki verið áberandi á Grammy-hátíðinni.

Nýliðavalið hefur verið spennandi undanfarin ár en flestir eru sannfærðir um að undrabarnið og táningsskrímslið Justin Bieber verði hlutskarpastur. Hvað verður kemur í ljós 13. febrúar þegar Grammy-verðlaunin verða afhent á heimavelli Los Angeles Lakers í Staples Center.

freyrgigja@frettabladid.is



**MIKIÐ UM DÝRÐIR** LL Cool J var kynnir á tilnefningarhátíð Grammy-verðlaunanna sem sýnd var í beinni útsendingu á CBS-sjónvarpsstöðinni og bregður hér á leik ásamt spjallaþáttastjórnandum Craig Ferguson.



**VINSÆLT TRÍÓ** Lady Antebellum hefur tekið ameríska kántrímarkaðinn með trompi en tríóið eru tilnefnt til sex Grammy-verðlauna.



**SIGURVEGARI**

**Eminem** snýr aftur með stæl, hann er tilnefndur til tíu Grammy-verðlauna. Meðal þeirra sem tróðu upp á Grammy voru **Katy Perry** og **Stevie Wonder.**


## SETTU ÞITT KYNNINGAREFNI INN Í FRÉTTABLAÐIÐ



Notaðu mest lesna blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina. Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendi á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

**93% landsmanna hafa aðgang að Fréttablaðinu.**

**Kannaðu dreifileiðir í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

**Fjölpóstur með Fréttablaðinu skilar árangri!**


## Stórskotalið á styrktartónleikum

„Þarna verður stórskotaliðið úr poppinu í ár,“ segir Einar Bárðarson athafna- og umboðsmaður, en 30. desember verða haldnir stórtónleikar í Háskólabíói til styrktar Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna. Þetta verður þrettánda árið í röð sem Einar heldur þessa tónleika en allt frá árinu 1998 hafa tónlistarmenn og hljómsveitir gefið vinnu sína til að safna fyrir málefnið.

„Það er alltaf jafn gaman hvað þetta frábæra fólk tekur vel í þessa bón mína um að koma og spila.“ Ein af þeim hljómsveitum sem boðað hafa komu sína er stúlknabandið The Charlies, en stúlkurnar hafa ekki áður komið fram undir því nafni hérlendis. „Ég flutti inn guðdætur mínar frá Bandaríkjunum,“ segir Einar og hlær, en Einar var að sjálfsögðu umboðsmaður þeirra þegar þær mynduðu Nylon. Aðrir sem koma fram á tónleikunum eru Dikta, Skítamórall, Buff, Friðrik Dór, Pollapönk, Hvanndalsbræður, Ingó, Íslenska sveitin Jónsi og Sálin hans Jóns míns, en sú síðastnefnda hefur komið fram á öllum styrktartónleikum Einars til þessa. Miðasala á tónleikana hefst í dag kl. 10.00 á midi.is. - ka



**ÞRETTÁNDU TÓNLEIKARNIR** Einar Bárðarson hefur haldið tónleika til styrktar Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna frá árinu 1998.



**ÖKUÞÓR** Katie Price hefur verið svipt ökuréttindum í hálft ár. NORDICPHOTOS/GETTY

## Katie Price missir prófið

Glamúrpían Katie Price hefur verið sett í sex mánaða ökubann í Bretlandi eftir að hún játaði að hafa ekið of hratt á Land Roverbifreið sinni. Price, sem einnig er þekkt undir nafninu Jordan, ók á 134 kílómetra hraða þar sem hámarkshraðinn var 113. Lögmaður hennar hélt því fram að Price hefði verið að flýja ágenga ljósmyndara en dómarinn gaf ekki mikið fyrir þau rök; sagði að ljósmyndararnir fylgdu í hennar lífi.

Þetta er fjórða ökubrot fyrirsætunnar á rúmum tveimur árum. Auk þess að missa ökuréttindin var Price gert að greiða eitt þúsund pund í sekt. Lögmaður hennar lýsti því yfir að hún uni dómnum.

# „BESTA BÓK YRSU“
# „FÆR HÁRIN TIL AÐ RÍSA“







„Mögnuð – Besta bók Yrsu.“
**Árni Matthíasson**, blaðamaður á Morgunblaðinu

„Fær hárin til að rísa.“ ★★★★
**Kristjana Guðmundsdóttir**, DV

„Vel byggð saga og hörkuspennandi. Besta bók Yrsu.“
**Hrafn Jökulsson**, Viðskiptablaðinu

„Mögnuð og hrollvekjandi ... stundum er gaman að vera hræddur þegar maður les bækur. Það á við um þessa bók.“
**Kolbrún Bergþórsdóttir**, Morgunblaðinu

„Ég var því bæði sæl og glöð þegar ég hafði lokið lestrinum.“
**Úlfhildur Dagsdóttir**, bokmenntir.is

VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVIK




# Byrjuð með nánum vini sínum

Aðeins sex vikur eru síðan söngkonan Christina Aguilera skildi við eiginmann sinn, Jason Bratman, og hún er þegar orðin ástfangin á ný.

Í einkaviðtali við tímaritið People Magazine viðurkennir söngkonan að hún sé ástfangin af nýja kærasta sínum, Matthew Rutler, sem vann við tökur á kvikmyndinni Burlesque. „Það ríkir mikil ást á milli okkar. Ég skemmti mér vel með honum og það er nokkuð sem ég hef ekki gert lengi,“ sagði Aguilera, en hún og Rutler byrjuðu saman stuttu eftir skilnað söngkonunnar.

„Matthew er einstök manneskja. Við vorum góðir vinir á meðan við unnum að kvikmyndinni. Hann er manneskja sem maður getur talað við út í hið óendanlega. Við byrjuðum saman um leið og ég hafði sótt um skilnað. Ég er ekki að ana út í neitt. Ég var að koma úr fimm ára hjónabandi og vil núna einbeita mér að því að vera hamingjusöm.“ Þrátt fyrir að vera nýskilin segist Aguilera ekki útiloka þann möguleika að hún gifti sig aftur.


**AFTUR ÁSTFANGIN** Christina Aguilera er ástfangin á ný, aðeins sex vikum eftir að hún sótti um skilnað frá eiginmanni sínum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sex safaríkir safnpakkar

**Sena gefur út fjölda stórra safnplatna fyrir jólin. Bubbi, Ómar Ragnars, Kristján Jóhanns, Elly Vilhjálms, Ólafur Gaukur og Spilverkið fá öll að njóta sín í stórum og veglegum umbúðum.**

Safnplötuútgáfa Senu er blómleg fyrir þessi jól, eins og svo oft áður. Þreföld safnplata með helstu lögum Ómars Ragnarssonar, Ómar í hálfa öld, hefur að geyma 72 lög frá fimmtíu ára ferli þessa mikla skemmtikrafts. Lögin voru tekin úr 300 laga safni þar sem Ómar er annaðhvort höfundur lags eða texta eða hvort tveggja. Fjöldi söngvara og hljómsveita kemur við sögu, þar á meðal Vilhjálmur Vilhjálmsson, Hljómar, Björgvin Halldórsson og Diddú.

„Ómar varð sjötugur núna um daginn. Hann var í samvinnu með okkur að velja lögin á plötuna og hún endaði í þremur diskum,“ segir Höskuldur Höskuldsson hjá Senu. „Það gera sér ekki margir grein fyrir því hvað Ómar á mikið af textum, til dæmis Sveitapiltsins draumur, Ástarsorg með Elly og Villa og Árið 2012 með Villa.“

Bubbi, góðvinur Ómars, er einnig á ferðinni með safnpakkann Bubbi, Sögur af ást, landi og þjóð, sem hefur að geyma þrjár plötur og einn mynddisk. Þarna er að finna safn bestu laga Bubba frá þrjátíu ára ferli hans. Fimmtán laganna voru valin af þjóðinni í gegnum Visir.is og varð Rómeó og Júlía þar hlutskarpast. Mynddiskurinn hefur að geyma fimmtíu myndbönd sem flest hafa ekki verið gefin út áður og einnig tónleikaupptökur. „Þetta er í fyrsta skipti sem það kemur út safnplata með Bubba, bæði með sólótónlist og böndunum hans. Þetta er mjög eigulegur pakki,“ segir Höskuldur.

Í safnpakkanum Þrefalda, Heyr mína bæn, eru sextíu vinsælustu lög Ellyjar Vilhjálms. „Elly hefði í desember orðið 75 ára. Hún er ein ástsælasta söngkona sem Ísland hefur alið og þetta er í fyrsta skipti sem það kemur út þriggja diska safn með henni,“ útskýrir Höskuldur en söngkonan Guðrún Gunnarsdóttir valdi lögin á plöturnar. „Þarna fylgir með veglegur bæklingur með mörgum áður óbirtum myndum úr einkasafni fjölskyldunnar. Það var algjör fjársjóður að fá þær myndir.“

Enn ein þrefalda útgáfan er safn 55 laga með tenórnum Kristjáni Jóhannssyni sem nefnist Il grande tenore. Þarna eru lög frá fjörutíu ára ferli söngvarans og kennir þar ýmissa grasa. Lög úr hinum ýmsu óperum koma við sögu, auk laga á borð við Jalousie og Spanish Eyes, og tók Kristján þátt í að velja réttu lögin.

Í næstu viku er væntanleg tveggja diska safnplata með lögum Ólafs Gauks. Bæði eru þar lög sem hann spilaði með hljómsveit sinni og lög þar sem hann hefur átt textana. Plötur Spilverks þjóðanna koma einnig út í sjöföldum safnpakka um miðjan desember og verður það væntanlega mikill fengur fyrir íslenska tónlistaráhugamenn. Ein platan verður með áður óbirtu efni og með útgáfunni fylgir spikfeitur hundrað blaðsíðna bæklingur. freyr@frettabladid.is




**FLOTTIR SAFNPAKKAR**
Fjöldi veglegra safnpakka kemur út hjá Senu fyrir jólin. Lögum **Ómars Ragnarssonar**, **Bubba**, **Kristjáns Jóhanns**, **Ellyjar Vilhjálms** og **Ólafs Gauks** verður meðal annars gert hátt undir höfði.

# Borðaði aðeins pasta og pitsur

Natalie Portman þurfti að fylgja ströngu mataræði meðan á tökum kvikmyndarinnar The Black Swan stóð. Leikkonan hætti þó í megrun um leið og tökum lauk.

„Ég þurfti að borða pasta, brauð og pitsur alla daga. Ég þurfti alls ekki að hætta að borða, heldur minnka skammtana og borða oftar,“ sagði Portman í viðtali við People Magazine. Auk þess að þurfa að passa upp á það sem hún setti ofan í sig varð Portman að stunda einhvers konar líkamsrækt í minnst fimm klukkustundir á dag. „Dansarar eru stanslaust að þjálfa sig. Mér fannst þetta mjög erfið vinna en þetta var einnig stórkostleg lífsreynsla.“

Portmann æfði ballett með danshöfundinum Benjamin Millipied sem er nú kærasti hennar. „Hann veit hvenær hann á að gefa eftir. Stundum gat ég ekki gert ákveðna hluti, sama hversu mikið ég reyndi, þá breytti hann sporunum þannig að ég gat gert það betur. Ég held að það hafi aðeins gert myndinni gott,“ sagði leikkonan.


**EKKI MEIRA PASTA** Natalie Portman þurfti að passa upp á mataræðið meðan á tökum á The Black Swan stóð. NORDICPHOTOS/GETTY

# Andersen & Lauth

Reykjavik

established 1934

# Jólakjólar



## Dömuverslun

Laugavegi 7

Sími: 5526066

Opnunartímar:
mánud.-fimmtud. 11-18
föstud. 11-18:30
laugard. 11-17










# Borghildur býður í bíó

„Okkar hugmynd var að þegar verið væri að þróa og hanna borgarímynd væri hægt að horfa til rannsóknarinnar og vinna eftir henni," segir Auður Hreiðarsdóttir, nemandi í arkitektúr við Listaháskóla Íslands. Fimm ungir nemar í Listaháskólanum unnu að rannsóknarverkefni í sumar þar sem fylgst var með almenningsrýmum í miðborg Reykjavíkur. „Við tókum fyrir torg, garða og götur og skráðum niður hvar fólk stoppaði og hvað dró fólk að." Hún segir hópinn, sem kallar sig Borghildi, hafa fengið innblástur frá svipuðu verkefni sem unnið var í New York árið 1980.

Borghildur gerði kvikmynd úr niðurstöðum rannsóknarinnar sem verður sýnd í Bíói Paradís í kvöld. „Við gerðum líka rannsóknarskýrslu sem fylgir myndinni, en hún er í raunínni gagnagrunnur fyrir okkur og vonandi aðra sem geta nýtt sér hana," segir Auður. Hún segir jafnframt að allir séu velkomnir á myndina og frítt inn en myndin verður sýnd klukkan 20. **- ka**



**BÝÐUR Í BÍÓ** Hópurinn Borghildur býður gestum að sjá rannsóknarverkefni sitt í Bíói Paradís í kvöld klukkan átta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Umdeild plata poppkóngs

**Ný plata frá poppkónginum sáluga Michael Jackson kemur út á næstunni. Hún hefur fengið misjafna dóma og vakið miklar deilur.**

Nýjasta plata popparans sáluga Michaels Jackson, Michael, hefur fengið misjafnar viðtökur breskra gagnrýnenda. Platan kemur út um miðjan desember og þegar eru farnir að birtast um hana dómar.

Útvarpsmaður breska ríkisútvarpsins, BBC Radio One, hafði þetta að segja um plötuna: „Það er ljóst að þetta er ekki ný plata með Michael Jackson heldur er þetta samansafn af áður óheyrðum lögum," sagði hann og fannst lítið til hennar koma. Gordon Smart hjá götublaðinu The Sun skrifaði: „Í heildina er platan vonbrigði og kemst ekki nálægt bestu plötum hans, Off the Wall, Thriller og Bad." Blaðamaður The Independent bætti við að mörg laganna fjöruðu einfaldlega út án þess að enda almennilega, rétt eins og tónlistarmaðurinn sjálfur.

Á meðal gesta á plötunni eru Akon, 50 Cent, Lenny Kravitz og rokkarinn Dave Grohl sem spilar á trommur í laginu Monster. Miðað við þessa dóma virðist það ekki hafa dugað til. Aðeins eitt lag á plötunni var fullklárað af Jackson, ballaðan Much Too Soon sem var tekin upp á níunda áratugnum. Hin tókst honum ekki að ljúka við áður en hann lést fyrir átján mánuðum.

Útgáfan hefur reyndar vakið miklar deilur. Margir telja að ekki hafi verið rétt að gefa út plötu með ókláruðum lögum, þar á meðal will.i.am úr hljómsveitinni The Black Eyed Peas sem taldi útgáfuna bera vott um vanvirðingu. Akon er á annarri skoðun og telur að arfleifð Jacksons sé haldið á lofti með plötunni. Fjölskylda Jacksons hefur sömuleiðis kvartað yfir laginu Breaking News sem var sett í loftið fyrir skömmu og telur að Jackson hafi í raun ekki sungið það heldur sé um einhvers konar fölsun að ræða. Útgáfurisinn Sony segist engu að síður sannfærður um að söngurinn hafi verið í höndum Jacksons, enda hafi það verið vísindalega sannað.

Hvað sem öllum dómum og deilum líður er ljóst að aðdáendur Jackson eiga eftir að kaupa plötuna í bílförmum, enda er hann fyrir löngu orðinn goðsögn í þeirra augum.

**freyr@frettabladid.is**



**MICHAEL JACKSON** Nýjasta plata popparans sáluga er væntanleg um miðjan mánuðinn. NORDICPHOTOS/GETTY

# Drakk rjómaís við þorsta

Kanadíski leikarinn Ryan Gosling var á sínum tíma orðaður við hlutverk Jacks Salmon í kvikmyndinni The Lovely Bones. Leikarinn þyngdi sig talsvert fyrir hlutverkið en á endanum var Mark Wahlberg ráðinn í hans stað.

„Ég og Peter Jackson, leikstjóri myndarinnar, höfðum ólíkar hugmyndir um hvernig persónan Jack Salmon ætti að líta út. Ég var tæp 70 kíló þegar Jackson réði mig en svo þegar tökur áttu að hefjast var ég orðinn 20 kílóum þyngri. Mér fannst að persónan ætti að vera svolítið feit og þess vegna stundaði ég það að bræða rjómaís og drekka hann þegar ég varð þyrstur. Mér fannst þetta frábært og ég var spenntur fyrir hlutverkinu," útskýrir leikarinn.

Peter Jackson var þó á öðru máli og skipaði Gosling í ræktina. Á endanum fór svo að Mark Wahlberg var ráðinn í hans stað. „Við Jackson vorum mjög ósammála um persónusköpunina og þess vegna gekk samstarf okkar ekki," sagði Gosling að lokum.



**SLÆMUR MISSKILNINGUR** Ryan Gosling þyngdist fyrir hlutverk í The Lovely Bones og var í kjölfarið sagt upp störfum. NORDICPHOTOS/GETTY





STEINDINN OKKAR
KLOVN
SEX AND THE CITY 2
A NIGHTMARE ON ELM STREET
NEVER SLEEP AGAIN.
JONAH HEX
Remember Me
"Robert Pattinson gives a raw and gut-wrenching performance."
TWO-DISC SPECIAL EDITION
Harry Potter and the Order of the Phoenix
CLASH OF THE TITANS
F·R·I·E·N·D·S
SESONG 1
INCEPTION
7. Des
CATS & DOGS THE REVENGE OF KITTY GALORE
JUST LIKE REAL SPIES. ONLY FURRIER.
9. Des
THE GHOST WRITER
18. Des
Einfalt og fljótlegt að kaupa inneign í gegnum heimabankan eða með kreditkorti
FILMA.IS
NÝR HEIMUR Í AFÞREYINGU

# sport

sport@frettabladid.is



**RAY ANTHONY JÓNSSON** leikmaður Grindavíkur og filippseyska landsliðsins, lék allan leikinn þegar Filippseyjar gerðu 1-1 jafntefli við Singapúr í Suzuki Cup í gær. Mótið er keppni þjóða í suðausturhluta Asíu en næsti leikur Ray og félaga er gegn Víetnam á sunnudaginn.



**STELLA SIGURÐARDÓTTIR** Er meidd á öxl og verður ekki með. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Áfall fyrir íslenska landsliðið:

## Stella ekki með í Danmörku

**HANDBOLTI Íslenska handboltalandsliðið varð fyrir áfalli í gær er fréttir bárust af því að Stella Sigurðardóttir myndi ekki spila með liðinu á EM í Danmörku vegna meiðsla. Sigurbjörg Jóhannsdóttir var kölluð í hópinn í hennar stað en báðar spila með Fram.**

**„Ég meiddist á öxl á síðustu æfingu fyrir æfingamótið í Noregi um síðustu helgi," sagði Stella við Fréttablaðið í gær. „Ég fór þá strax í myndatöku sem ekkert kom út úr en ég gat samt ekki spilað í Noregi. Ég fór því í segulómskoðun, þar sem í ljós komu bólgur auk þess sem blætt hafði inn á öxlina."**

**Stella mun þó fara með liðinu til Danmerkur og vera í kringum hópinn. „Það er alveg útilokað að ég nái fyrstu leikjunum en kannski örlítill möguleiki á því að ég geti spilað í seinni vikunni ef við komumst upp úr riðlinum. Það er þó alveg óvíst enn sem komið er."**

**Hún segir að það hafi verið erfitt að kyngja þessum fréttum. „Þetta er vissulega erfitt en ég á vonandi mörg stórmót eftir í framtíðinni með landsliðinu."** - esá



**SIGURBJÖRG JÓHANNSDÓTTIR** Í leik með Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sigurbjörg Jóhannsdóttir:

## Skrýtið að fá fréttirnar

**HANDBOLTI** Sigurbjörg Jóhannsdóttir fékk í gær góðar fréttir en þá var hún valin í íslenska landsliðið sem spilar á EM í Danmörku í næstu viku. Sigurbjörg kemur inn í hópinn vegna meiðsla stöllu hennar hjá Fram, Stellu Sigurðardóttur.

„Það var mjög skrýtið að fá þessar fréttir. Ég gladdist auðvitað mikið yfir því að komast í landsliðið en um leið var mjög leiðinlegt að heyra um meiðsli Stellu," sagði Sigurbjörg við Fréttablaðið í gær.

Hún var ekki valin í nítján manna æfingahópinn sem fór til Noregs um helgina og segir að það hafi verið svekkjandi.

„Ég hafði alltaf stefnt að því að komast í landsliðið en ég hélt alltaf í vonina. Það var gaman að sjá að möguleikinn var enn fyrir hendi."

Hún hefur spilað vel með Fram í haust en hún sleit krossband í hné fyrir tæpum tveimur árum. „Ég hef notað tímann vel síðan þá og það var alltaf markmiðið að komast aftur í landsliðið. Það er gaman að það hafi tekist." - esá

# Tíminn að renna út hjá Eyjamönnum

**Komi ÍBV sér ekki upp nýrri stúku fyrir sumarið 2012 getur það ekki leikið heimaleiki sína í Eyjum. ÍBV þarf á stuðningi bæjarfélagsins og KSÍ að halda. Framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar ÍBV, Trausti Hjaltason, segir ólíklegt að félagið nái að leika heimaleiki sína í Evrópukeppninni á Hásteinsvelli næsta sumar.**

**FÓTBOLTI** ÍBV hefur verið á undanþágu frá leyfiskerfi KSÍ síðan 2003. Á þeim tíma hefur lítið gerst í mannvirkjamálum á Hásteinsvelli og nú er svo komið að Eyjamenn eru að renna út á tíma. Komi þeir ekki sómasamlegri stúku upp fyrir sumarið 2012 verður ekki spilaður fótbolti í Eyjum yfir sumartímann.

„Yfirmaður leyfiskerfis UEFA kom til okkar á dögunum og til að gera langa sögu stutta uppfyllir völlurinn ekki kröfur UEFA fyrir Evrópuleiki. Það sem vantar upp á er yfirbyggð stúka, 350 sæti til viðbótar og aðstaða fyrir fjölmiðla," segir Trausti Hjaltason, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar ÍBV, en núverandi stúka í Eyjum tekur 550 manns í sæti.

Forráðamenn ÍBV hafa leitað á náðir bæjaryfirvalda í Eyjum vegna málsins enda nokkuð ljóst að ný stúka fer ekki upp nema með aðstoð þeirra.

### Engin Evrópukeppni á Hásteinsvelli?

„KSÍ mun líka koma að verkefninu en við vonumst til þess að fá styrk úr mannvirkjasjóði. Það hefur í raun ekkert gerst síðan við fórum á undanþágu árið 2003 en mér finnst loksins vera kominn skriður á málið. Að öllu óbreyttu fáum við ekki að spila á Hásteinsvelli sumarið 2012 en ef það fer eitthvað í gang núna þá verður vonandi hægt að bjarga málunum.

Ég er ekki sérstaklega bjartsýnn á að við verðum klárir fyrir Evrópuleikina í sumar en stóri hausverkurinn er að hafa allt klárt fyrir 2012. Það gengur ekki að við spilum ekki okkar heimaleiki í Eyjum á Íslandsmótinu," segir Trausti en Eyjamenn þurfa að tilkynna um heimavöll sinn í Evrópukeppninni í janúar. Hlutirnir þurfa því að gerast hratt ef ÍBV ætlar að spila Evrópuleiki þar í sumar.

Trausti segir forráðamenn ÍBV hafa talað fyrir frekar daufum eyrum bæjaryfirvalda undanfarin ár vegna málsins. Bærinn setti mikið fjármagn í knattspyrnuhús sem verið er að klára og hefur því ekki verið spenntur fyrir að setja enn meiri peninga í knattspyrnumannvirki. Hann segir ljóst að byggja þurfi nýja stúku gegnt þeirri stúku sem nú sé komin upp.



**STÚKAN BARN SÍNS TÍMA** Stúkan sem nú stendur í Eyjum uppfyllir fáar kröfur leyfiskerfis KSÍ. ÍBV vill byggja nýja stúku hinum megin við völlinn.



**STÚKAN FÆRIST NÆR TÝSHEIMILINU** Nýja stúkan í Eyjum er áætluð á þeim stað þar sem varamannabekkirnir eru í dag.

### Vildu byggja stúku sem kostaði 60 milljónir króna

„Engu að síður er þetta ekkert stórvægilegt verkefni svo við getum haldið leikjum ÍBV í okkar heimabæ. Okkar áætlanir miðast við 800 manna stúku sem á að kosta í kringum 60 milljónir króna. Við vildum gera þetta sómasamlega án þess að kosta of miklu til.

Þessi áætlun var slegin út af borðinu hjá bæjaryfirvöldum. Við erum nú að láta vinna fyrir okkur kostnaðaráætlun vegna stúku upp á 350 sæti með möguleika á stækkun í framtíðinni. Við vonumst til þess að bærinn komi með rúmlega helming fjárins og við myndum klára afganginn ásamt KSÍ," segir Trausti en mest er hægt að fá 10 milljónir króna úr mannvirkjasjóði KSÍ. ÍBV á sjálft enga sjóði og gæti þurft að taka lán vegna framkvæmdanna.

„KSÍ er alltaf að kvarta yfir því hvað sé langt frá búningsklefa út á völl og að aðstaða og aðgengi fjölmiðlamanna sé ekki nógu gott. Það er því heppilegra að búa til stúku nær Týsheimilinu. Líka vegna áhorfenda sem komast í betra skjól vegna vindáttar og völlurinn kemst því einnig í meira skjól."

> Það sem vantar upp á er yfirbyggð stúka, 350 sæti til viðbótar og aðstaða fyrir fjölmiðla … Að öllu óbreyttu fáum við ekki að spila á Hásteinsvelli sumarið 2012
>
> **TRAUSTI HJALTASON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI KNATTSPYRNUDEILDAR ÍBV

Trausti segist ekki vilja trúa því að hætt verði að spila fótbolta á Hásteinsvelli en hvað gerir ÍBV ef sú staða kemur upp?

„Ef bærinn segir bara þvert nei þá þarf augljóslega að halda félagsfund og ræða hvort flytja eigi félagið upp á land eða leggja það niður. Ég sé það ekki gerast en tæknilega séð gæti það gerst. Ég vona að við þurfum ekki að flytja okkar völl í bæinn," segir Trausti Hjaltason, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar ÍBV.

henry@frettabladid.is

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, er ekki sáttur við stefnu KSÍ í mannvirkjamálum:

# KSÍ stjórnar ekki uppbyggingu í Vestmannaeyjum

**FÓTBOLTI** „Vilji bæjaryfirvalda er sá að ÍBV geti spilað sína heimaleiki á Hásteinsvelli. Það er ekki tímabært að svara því hvort við munum taka þátt í kostnaði vegna nýrrar stúkubyggingar," segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, spurður hvort bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum ætli að hjálpa til við byggingu nýrrar stúku í Eyjum svo hægt verði að spila fótbolta þar í efstu deild árið 2012.

„Krafan er ekki á okkur heldur er krafan frá KSÍ á ÍBV. Við höfum lýst því yfir að þessi mannvirkjastefna KSÍ er í hróplegri andstöðu við íþróttastefnu Vestmannabæjar. Þar leggjum við höfuðáherslu á að sinna íþróttamönnunum og við höfum gert afar vel við okkar íþróttafólk," segir Elliði sem er augljóslega ekki hrifinn af stefnu KSÍ í þessum málum.

„Mér finnst fullkomlega óábyrgt að setja þannig reglur að opinbert framlag til þessarar frábæru íþróttagreinar skuli frekar vera bundið í áhorfendaaðstöðu en uppbyggingu á íþróttamönnunum."

Miðað við það sem framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar ÍBV segir þá er félagið algerlega háð bæjaryfirvöldum í þessu máli.

„Við berum virðingu fyrir reglum KSÍ en þeir stjórna ekki uppbyggingu í Vestmannaeyjabæ. Það gerum við í samstarfi við ÍBV," segir Elliði ákveðinn en hann staðfestir að bæjaryfirvöld vilji ekki taka þátt í að byggja 60 milljóna króna stúku.



**ELLIÐI VIGNISSON** Bæjarstjórinn segir bæjaryfirvöld vinna að lausn mála varðandi Hásteinsvöll með ÍBV.

„Við getum ekki sett slíkan pening í mannvirki þegar róðurinn er að þyngjast hjá fólki í Vestmannaeyjum. Það væri ábyrgðarlaust. En að sjálfsögðu vinnum við að lausn málsins með ÍBV íþróttafélagi. Við erum til í að skoða allt framlag til íþróttamála svo fremi sem það sé skynsamleg uppbygging og ábyrg meðferð á opinberu fé," segir Elliði sem segir það einlægan vilja sinn að ÍBV spili áfram á Hásteinsvelli.

„Það væri gríðarlegur skaði unninn ef við getum ekki leikið á Hásteinsvelli. Það væri þungt högg fyrir íþróttafélagið sem og samfélagið hér og þyngra en tárum taki fyrir allt okkar starf," segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum. - hbg


BT músin er í Jóla-skapi !
Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánuða
World of Warcraft Cataclysm
Lendir 06.12.10 Kl. 22:00
helgarbomba
25% afsláttur
af öllum leikföngum
aðeins í Skeifunni
Barbie
playmobil
LEGO
Spilaðu með ...
5.299
6.499
Party Alias
Activity
6.499
helgarbomba
15% afsláttur
af öllum spilum
Sjónvörp af öllum stærðum og gerðum - vaxtalausar raðgreiðslur !!
89.999
149.999
139.999
20.000 kr. afsláttur
32" LG LCD 320 - 1366x768 HD Ready
37" Samsung LCD C535 - 1920x1080p Full HD
42" Samsung Plasma C455 - 1024x768 HD Ready
Æ-pad hvað !
156.999
Samsung Galaxy Tab
Lítil og nett spjaldtölva og sími
7" snertiskjár - 2 x myndavél
3G, WiFi og Bluetooth - Android stýrikerfi
5.000 kr. afsláttur
ef keypt er með sjónvarpi
59.999
Samsung HT-C350 5.1 heimabíó
330W rms.
Flott tæki – góður hljómur !
MP3
5.999
Coby MP3 spilari
2GB - MP550
12.999
8GB
9.999
4GB
8.999
2GB
Coby MP3 spilari
2" skjár - FM útvarp
MP707
Coby MP3/MP4 spilari
2,8" widescreen skjár
FM útvarp - MP815
23.999
16 GB
Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánuða
Wii leikjatölva
25 ára afmælisútgáfa
44.999
Tölvuleikir - geisladiskar - DVD myndir - Bluray myndir... -Allt að gerast í BT !!
allt fullt af leikjum !!
Arcania
6.999
8.999
Fable III
11.999
helgar tilboð
3.299
2.999
2.699
1.999
Desember
2.799
Kvöld stund
2.699
2.699
2.899
eclipse
2.699
Karate Kid
2.799
Toy Story
2.699
Santa Paws
2.199
BT Skeifan - BT Glerártorg - S: 550-4444 - www.bt.is



**ÓSIGRAÐIR** Benedikt Guðmundsson, þjálfari Þórs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Powerade-bikar karla í kvöld:

## Taplausir Þórsarar á Ásvöllum

**KÖRFUBOLTI** Það fara fram leikir í 16 liða úrslitum Powerade-bikarsins í kvöld og þar á meðal eru tveir úrvalsdeildarslagir: Grindavík-KFÍ og ÍR-Fjölnir.

Það er einnig mjög athyglisverð viðureign á Ásvöllum þar sem Benedikt Guðmundsson mætir með lærisveina sína í Þór Þorlákshöfn og spila við Hauka. Þórsliðið er enn taplaust á tímabilinu því liðið hefur unnið sjö fyrstu leiki sína í 1. deildinni.

Hjá konum fá Stjörnukonur Íslandsmeistara KR í heimsókn en Stjarnan er eins og Þór búin að vinna alla leiki sína í vetur. **- óój**

### Bikarleikir kvöldsins:

**Powerade-bikar karla:**

ÍR-Fjölnir kl. 19.15 Grindavík-KFÍ kl. 19.15
Haukar-Þór Þ. kl 19.15 Laugdælir-Ármann kl. 20

**Powerade-bikar kvenna:**

Hamar-Valur kl. 19.15 Stjarnan-KR kl. 19.30

Tony Pulis hrósar Eiði Smára:

## Er frábær í hópi

**FÓTBOLTI** Tony Pulis, stjóri Stoke, hefur ekki notað Eið Smára Guðjohnsen í síðustu sex leikjum liðsins en stjórinn hefur nú fullvissað Eið um að hann hafi hlutverk handa honum á þessari leiktíð.

„Eiður þarf meiri tíma en ég hef enn trú á því að hann hafi hlutverk hjá liðinu á þessu tímabili,“ sagði Tony Pulis og hann hrósaði Eiði Smára.

„Eiður er búinn að vera frábær síðan hann kom. Hann er góður í hópi og kemur vel saman við aðra leikmenn í liðinu. Ástæðan fyrir því að hann er ekki búinn að spila er að Ricardo Fuller er búinn að vera frábær, þeir Kenwyne Jones og Tuncay hafa spilað vel og Jon Walters er búinn að standa sig betur en allir áttu von á. Ef þessir leikmenn hefðu ekki staðið sig svona vel þá hefði Eiður fengið fleiri tækifæri,“ sagði Pulis. **- óój**



Aron Einar Gunnarsson með nýtt samningstilboð frá enska B-deildarliðinu Coventry:

# Mun aldrei sætta mig við þetta tilboð

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Aron Einar Gunnarsson er með í höndunum nýtt samningstilboð frá félagi sínu, Coventry, sem leikur í ensku B-deildinni. Núverandi samningur Arons Einars rennur út í sumar en hann er nú á sínu þriðja ári hjá Coventry.

Þrátt fyrir að hann sé einungis 21 árs gamall á hann nú þegar 98 deildarleiki að baki með liðinu og hefur hann verið fastamaður í því undanfarin tvö og hálft ár, síðan hann kom frá AZ Alkmaar í Hollandi sumarið 2008.

„Félagið er búið að bjóða mér nýjan samning og er ég enn að hugsa mín mál. Ég veit ekki hvað gerist og það gæti vel verið að það verði fínt fyrir mig að vera samningslaus á Evrópumótinu í sumar,“ sagði Aron Einar í samtali við Fréttablaðið en búast má fastlega við því að hann verði í íslenska U-21 landsliðinu sem keppir á EM í Danmörku næsta sumar.

„Samningstilboðið er alls ekki nógu gott og það er ekki möguleiki á því að ég muni skrifa undir það. Þeir vita alveg hvað ég vil fá,“ bætti hann við.

Aron segir að félög bæði í ensku úrvalsdeildinni og Þýskalandi hafi sýnt honum áhuga en að hann sé nú fyrst og fremst að einbeita sér að því að spila vel með Coventry.

„Ég hef látið umboðsmanninn minn algerlega sjá um þessi mál og það er um að gera að leyfa honum að vinna fyrir launum sínum,“ sagði hann í léttum dúr.

Hann segir þó að það gæti verið hættulegur leikur að leyfa samningnum einfaldlega að renna út.



**ARON EINAR** Hér í leik með Coventry í ensku B-deildinni. NORDIC PHOTOS/GETTY

„Það getur vel verið að ég meiðist og þá er betra að vera með öruggan samning á bak við sig. En ég ætla þó að flýta mér hægt í þessum málum.“

Aidy Boothroyd er knattspyrnustjóri Coventry og ber Aron honum vel söguna. „Hann nær alltaf því besta úr hverjum leikmanni og er alls ekki hræddur við að henda leikmönnum úr liðinu ef þeir standa sig ekki vel. En hann hefur notað mig og vill að ég skrifi undir nýjan samning. Hann vill því eflaust halda mér góðum,“ sagði Aron og hló.

Hann hefur þó ekki verið að spila sína uppáhaldsstöðu að undanförnu, sem varnartengiliður. „Ég hef bæði verið að spila á hægri kantinum og fyrir aftan framherja en það hefur þó gengið ágætlega,“ segir Aron og útilokar ekki að félagið ákveði að selja hann í janúar.

„Það er annar möguleiki. En ég ætla fyrst og fremst að einbeita mér að því að spila vel og klára tímabilið með sóma. Svo verða fulltrúar allra stærstu liða heims í Danmörku í sumar og aldrei að vita hvað gerist þá. Það eru spennandi tímar fram undan.“ **- esá**

# Hneyksli fyrir Englendinga í Zürich

**Rússar halda HM í fótbolta 2018 og keppnin fer fram í Katar fjórum árum síðar. „Þetta þýðir að FIFA treystir okkur,“ sagði Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússa. Enska umsóknin fékk aðeins tvö atkvæði.**

**FÓTBOLTI** „Við förum til nýrra landa,“ sagði Sepp Blatter, forseti FIFA, í gær eftir að hann hafði tilkynnt heiminum hvernig ein allra harðasta samkeppni um að fá að halda HM í fótbolta endaði. Það má með sanni segja að FIFA hafi farið með keppnina á nýja staði, annars vegar til Austur-Evrópu í fyrsta sinn og hins vegar í eyðimerkurhitann við Persaflóa.

Rússar og Katarmenn gengu því sigri hrósandi út úr höfuðstöðvum FIFA í Zürich í gær eftir að ljóst varð að framkvæmdastjórn FIFA hafði kosið að HM 2018 og HM 2022 færi fram í Rússlandi og Katar. Englendingar höfðu gríðarlegar væntingar fyrir kosninguna en þegar upp var staðið þá fékk enska umsóknin háðulega útreið hjá 22 meðlimum framkvæmdastjórnar FIFA.

David Beckham, ein aðaltalsmaður ensku umsóknarinnar, tók tapinu af fagmennsku en gat ekki leynt vonbrigðum sínum. „Við trúðum því að við gætum unnið og bæði forsætisráðherrann og Vilhjálmur prins unnu mikið og gott starf fyrir umsóknina. Allt liðið okkar hefur verið frábært en því miður gátum við ekki komið með HM heim. Það eru samt hvergi í heiminum ástríðufyllri stuðningsmenn heldur en í Englandi,“ sagði Beckham.

Rússar unnu yfirburðasigur í kosningunni um HM 2018 og þurftu aðeins tvær umferðir til að fá hreinan meirihluta á bak við sína umsókn. Rússar fengu 9 af 22 atkvæðum í fyrstu umferð og svo 13 af 22 atkvæðum í annarri umferð. Englendingar fengu aðeins tvö atkvæði í fyrstu umferð og duttu strax úr leik.

„Þetta þýðir að FIFA treystir okkur,“ sagði Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússa, sem ákvað að sitja heima en flaug síðan til Sviss í gær til þess að fagna með sínu fólki.

„Þetta var mjög vitur og hugrökk ákvörðun,“ sagði Igor Shuvalov, varaforsætisráðherra Rússlands. „Við erum að byggja upp nýtt Rússland og við getum náð því fyrr með ykkar hjálp,“ sagði Shuvalov.

Það var meiri spenna í kjörinu um HM 2022 þótt Katar hafi fengið flest atkvæði í öllum umferðum. Framkvæmdastjórnin endaði í því að kjósa á milli Katar og Bandaríkjanna í fjórðu umferð og vann Katar þá kosningu örugglega 14-8.

„Ég vil þakka ykkur fyrir að trúa á breytingar,“ sagði Sheikh Hamad bin Khalifa Al-Thani, emír af Katar en Katar mun halda keppnina í eyðimörk að sumri til. Katarmenn hafa nóg af peningum og hafa lofað heiminum það að þeir munu nýta sér nýjustu tækni til þess að kæla niður leikmenn jafnt sem áhorfendur. Þeir ætla að endurgera þrjá leikvelli og byggja tólf nýja.

„Við höfum unnið hörðum höndum að þessu verkefni undanfarin tvö ár til þess að komast í þessa stöðu. Við munum fagna í dag en á morgun hefst strax vinnan því við



**SIGUR Í HÖFN** Igor Shuvalov, varaforsætisráðherra Rússa, var kátur þegar ljóst var að Rússar fá að halda HM 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Svona var kosið í gær

Svona gekk kosningin fyrir sig hjá framkvæmdastjórn FIFA í gær en til þess að hreppa HM þurfti umsókn að fá meirihluta atkvæða eða tólf eða fleiri.

**HM 2018 (verður í Rússlandi)**

**1. umferð**
Rússland 9, Spánn/Portúgal 7, Holland/Belgía 4, England 2

**2. umferð**
Rússland 13, Spánn/Portúgal 7, Holland/Belgía 2

**HM 2022 (verður í Katar)**

**1. umferð**
Katar 11, Suður-Kórea 4, Bandaríkin 3, Japan 3, Ástralía 1

**2. umferð**
Katar 10, Suður-Kórea 5, Bandaríkin 5, Japan 2

**3. umferð**
Katar 11, Bandaríkin 6, Suður-Kórea 5

**4. umferð**
Katar 14, Bandaríkin 8

þurfum að leggja mikið á okkur til þess að standa við loforðin okkar,“ sagði furstinn Al-Thani.

Næsta heimsmeistarakeppni fer fram í Brasilíu eftir tæp fjögur ár en svo er að sjá hvort Englendingar reyna aftur að fá keppnina þegar kosið verður um hvar HM fer fram árið 2026. Vonbrigði gærdagsins munu örugglega kalla á harða gagnrýni heima fyrir og því er óvíst hvort HM fer fram í mekka fótboltans fyrr en eftir langan tíma. **ooj@frettabladid.is**

Aðventuleikur blaðbera



Pósthúsið, dreifingaraðili Fréttablaðsins og annarra dreifinga, hefur sett í gang skemmtilegan aðventuleik fyrir blaðbera sína.

Einu sinni í viku út aðventuna verða nöfn duglegra blaðbera dregin út og fá þeir í verðlaun nýju DVD myndina með Audda og Sveppa eða PS3 leik frá Elko.

Tilkynnt verður um vinningshafa alla þriðjudaga fram að jólum á heimasíðu Pósthússins www.posthusid.is

Póst húsið

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is

Marga lykilmenn vantar í A-landsliðið í handbolta á heimsbikarmótinu:

# Tveir nýliðar hjá Guðmundi

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari valdi í gær leikmannahóp sinn fyrir heimsbikarmótið sem fram fer í Svíþjóð í næstu viku. Þar mun Ísland mæta Dönum, Norðmönnum og Svíum.

Fjölmarga lykilmenn vantar í íslenska liðið að þessu sinni. Markverðirnir Björgvin Páll Gústavsson og Hreiðar Levy Guðmundsson fengu ekki leyfi frá félögum sínum til þess að taka þátt í mótinu. Slíkt hið sama á við um hornamanninn Þóri Ólafsson.

Ólafur Stefánsson og Vignir Svavarsson fá frí af persónulegum ástæðum. Svo er Logi Geirsson meiddur og Guðjón Valur Sigurðsson nýbyrjaður að spila eftir langvinn meiðsli. Skyttan unga Ólafur Guðmundsson og miðjumaðurinn Hannes Jón Jónsson eru ekki valdir í hópinn að þessu sinni.



**ATLI ÆVAR INGÓLFSSON** Hefur spilað mjög vel með HK. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Birkir Ívar Guðmundsson snýr aftur í markið en langt er síðan hann var í landsliðinu síðast. Hann mun standa í markinu ásamt Sveinbirni Péturssyni, sem hefur farið mikinn í marki Akureyrar. Sveinbjörn er nýliði í hópnum rétt eins og HK-ingurinn Atli Ævar Ingólfsson. **- hbg**

### Landsliðshópurinn

| | |
|---|---|
| **Markverðir:** | |
| Birkir Ívar Guðmundsson | Haukar |
| Sveinbjörn Pétursson | Akureyri |
| **Aðrir leikmenn:** | |
| Alexander Petersson | Fuchse Berlin |
| Arnór Atlason | AGK |
| Arnór Þór Gunnarson | Bittenfeld |
| Aron Pálmarsson | Kiel |
| Atli Ævar Ingólfsson | HK |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | Hannover |
| Bjarni Fritzson | Akureyri |
| Ingimundur Ingimundarson | AaB |
| Oddur Grétarsson | Akureyri |
| Róbert Gunnarsson | RNL |
| Sigurbergur Sveinsson | Rheinland |
| Snorri Steinn Guðjónsson | AGK |
| Sturla Ásgeirsson | Valur |
| Sverre Jakobsson | Grosswallstadt |

SONY
make.believe

# Í Sony Center færðu 5 ára ábyrgð á sjónvörpum

5 ára ábyrgð á Sony BRAVIA sjónvörpum án nokkurs aukakostnaðar!

HOME CINEMA Choice ★★★★ BEST BUY

WHAT HI-FI? SOUND AND VISION ★★★★★




**Sony BRAVIA 40" LCD sjónvarp**
KDL-40EX500 40" 100hz LCD sjónvarp.
Mál: 99,2 x 59,9 x 9,9cm 14,2kg
„TV Product of the Year 2010" í What HiFi
- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Bravia Engine 3
- 4 HDMI tengi
- Bravia Internet Video
- USB media player
- Picture Frame mode




**Sony BRAVIA 32" LCD sjónvarp**
KDL-32EX500
32" 100hz LCD sjónvarp.
Mál: 80,0 x 49,7 x 9,6cm 9,9kg.
- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Bravia Engine 3
- 4 HDMI tengi




**Sony BRAVIA 40" LED sjónvarp**
KDL-40EX710
40" 100hz LED sjónvarp.
Mál: 95,2 x 61,3 x 7,4cm
- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Bravia Engine 3
- 4 HDMI tengi




**Sony BRAVIA 40" LED sjónvarp**
KDL-40NX700
40" 100hz LED sjónvarp.
Mál: 99,4 x 63,5 x 6,4cm 19,2kg.
- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Deep Black panel
- Wi-Fi innbyggt þráðlaust net




**Sony DVD spilari**
DVP-S600H
Spilar DVD og CD.
HDMI staðræn tenging við sjónvarp.
- Vandaður DVD spilari og region free
- Upscaling úr DVD í háskerpu
- HDMI útgangur
- MP3, JPEG and DivX afspilun




**Sony Vídeótökuvél**
DCR-SX33
Lítil og meðfærileg vídeótökuvél.
Tekur á minniskort.
- 60x aðdráttur (optical)
- Face detection
- SteadyShot hristivörn
- Snertiskjár




**Sony iPod vekjaraklukkuvagga**
ICF-DS11iP
Vaknaðu við tónlistina úr iPodinum þínum.
- FM/AM útvarp / A og B vekjari
- iPod vagga að framan
- Fjarstýring sem stýrir líka iPodinum
- Stórt letur á klukku

Heill heimur upplifunar í Sony Center - og heitt kaffi á könnunni yfir jólin!

## Sony Center

Kringlunni • S: 588 7669 • www.sonycenter.is

## ÚRSLITIN Í GÆR

### N1 deild karla í handbolta

**Afturelding - Akureyri 24-25 (12-11)**

**Mörk Aftureldingar (skot):** Haukur Sigurvinsson 7/3 (13/4), Aron Gylfason 5 (5), Ásgeir Jónsson 4 (4), Jón Andri Helgason 4 (5), Bjarni Aron Þórðarson 2 (10/1), Arnar Theódórsson 1 (2), Hrafn Ingvarsson 1 (3), Eyþór Vestmann (1), Daníel Jónsson (3).
**Varin skot:** Hafþór Einarsson 20/2 (45/4, 44%).
**Hraðaupphlaup:** 9 (Jón Andri 4, Aron 2, Haukur 2, Hrafn 1).
**Fiskuð víti:** 5 (Aron 2, Arnar 2, Ásgeir 1).
**Utan vallar:** 2 mínútur.
**Mörk Akureyrar (skot):** Oddur Grétarsson 8/2 (13/3), Guðmundur Hólmar Helgason 5 (12), Heimir Örn Árnason 4 (7), Hörður Fannar Sigþórsson 3 (4), Bjarni Fritzsson 2 (7/1), Guðlaugur Arnarsson 1 (1), Hlynur Matthíasson 1 (1), Daníel Einarsson 1 (4), Geir Guðmundsson (3).
**Varin skot:** Sveinbjörn Pétursson 13 (35/2, 37%), Stefán Guðnason 1/1 (2/2, 50%).
**Hraðaupphlaup:** 8 (Guðm. Hólmar 2, Oddur 2, Bjarni 1, Guðlaugur 1, Heimir Örn 1, Hörður Fannar 1).
**Fiskuð víti:** 4 (Oddur 2, Bjarni 1, Heimir Örn 1).
**Utan vallar:** 4 mínútur.
**Dómarar:** Jónas Elíasson og Ingvar Guðjónsson.

**Valur - Selfoss 26-25 (16-12)**

**Mörk Vals (Skot):** Ernir Hrafn Arnarsson 11/5 (18/5), Anton Rúnarsson 4 (6), Sturla Ásgeirsson 3 (5), Jón Björgvin Pétursson 3 (5), Valdimar Fannar Þórsson 3 (6), Alexander Jedic 2 (7), Fannar Þorbjörnsson 1 (1).
**Varin skot:** Hlynur Morthens 21/1 (25/2, 46%)
**Hraðaupphlaupsmörk:** 4 (Jón Björgvin 2, Valdimar Fannar , Sturla Ásgeirsson)
**Fiskuð víti:** 5 (Ernir Hrafn 2, Orri Freyr, Jón Björgvin, Fannar Þorbjörnsson)
**Utan vallar:**10 mínútur
**Mörk Selfoss (skot):** Ragnar Jóhannsson 7/2 (13/3), Atli Kristinsson 4 (11), Atli Hjörvar Einarsson 4 (4), Helgi Héðinsson 2 (5), Hörður Bjarnason 2 (5), Guðni Ingvarsson 2 (3), Guðjón Drengsson 1 (5), Eyþór Lárusson 1 (3), Gunnar Ingi Jónsson 1 (1).
**Varin skot:** Birkir Bragason 5 (13/2, 27%), Helgi Hlynsson 7 (13/3, 35%)
**Hraðaupphlaup:** 1 (Guðjón Drengsson).
**Fiskuð víti:** 3 (Atli Kristinsson, Helgi Héðinsson, Einar Héðinsson).
**Utan vallar:** 8 mínútur.
**Dómarar:** Magnús Jónsson og Arnar Sigurjónsson – Áttu mjög svo slæman dag og náðu í raun aldrei tökum á leiknum.

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Akureyri | 9 | 9 | 0 | 0 | 273-228 | 18 |
| Fram | 9 | 7 | 0 | 2 | 310-258 | 14 |
| HK | 9 | 6 | 0 | 3 | 299-300 | 12 |
| FH | 9 | 5 | 0 | 4 | 256-245 | 10 |
| Haukar | 9 | 5 | 0 | 4 | 231-231 | 10 |
| Valur | 9 | 2 | 0 | 7 | 221-258 | 4 |
| Afturelding | 9 | 1 | 0 | 8 | 222-255 | 2 |
| Selfoss | 9 | 1 | 0 | 8 | 251-288 | 2 |

**Næstu leikir:**

| | |
|---|---|
| Haukar-Afturelding | Fös 10.des. kl. 19.30 |
| HK-Valur | Lau 12.des. kl. 16.00 |
| Selfoss-FH | Lau 12.des. kl. 16.00 |
| Akureyri-Fram | Lau 12.des. kl. 16.30 |

### Poweradebikar karla

**Skallagrímur-Njarðvík(b) 90-88 (50-45)**

**Stig Skallagríms:** Darrell Flake 27, Hafþór Ingi Gunnarsson 23, Elfar Már Ólafsson 12, Halldór Gunnar Jónsson 12(6 frák./7 stoðs.), Mateuz Zowa 9 (10 frák.), Óðinn Guðmundsson 4, Davíð Guðmundsson 3.
**Stig Njarðvíkur (b):** Örvar Þór Kristjánsson 21, Brenton Joe Birmingham 20, Oddur Birnir Pétursson 10, Óli Ragnar Alexandersson 9 (10 stoðs.), Sverrir Þór Sverrisson 7, Andri Fannar Freysson 5, Gunnar Örlygsson 5, Sævar Garðarsson 5, Styrmir Gauti Fjeldsted 3, Ásgeir Snær Guðbjartsson 3.

### Evrópudeildin í fótbolta

**J-RIÐILL**

Borussia Dortmund-Karpaty Lviv 3-0
Paris St Germain-Sevilla 4-2

**D-RIÐILL**

Villarreal-Dinamo Zagreb 3-0
PAOK Thessaloniki-Club Brugge 1-1

**F-RIÐILL**

CSKA Moskva-Lausanne-Sports 5-1
Palermo-Sparta Prag 2-2

**L-RIÐILL**

CSKA Sofia-Besiktas 1-2
0-1 Tomas Zapotocny (59.), 0-2 Filip Holosko (64.), 1-2 Cilian Sheridan (79.)
Rapid Vín-Porto 1-3
1-0 Christopher Trimmel (39.), 1-1 Falcao (42.), 1-2 Falcao (86.), 1-3 Falcao (88.)

**K-RIÐILL**

Utrecht-Napoli 3-3
0-1 Edison Cavani (5.), 1-1 Ricky van Wolfswinkel (6.), 2-1 Ricky van Wolfswinkel (28.), 3-1 Frank Demouge (35.), 3-2 Edison Cavani (42.), 3-3 Edison Cavani (70.)
Steaua Búkarest-Liverpool 1-1
0-1 Milan Jovanovic (19.), 1-1 Eder Bonfim (61.)

**E-RIÐILL**

Sheriff Tiraspol-AZ Alkmaar 1-1
0-1 Brett Holman (17.), 1-1 Florian Rouamba (54.) Kolbeinn Sigþórsson var í byrjunarliði AZ og lék allan leikinn.
Bate Borisov-Dynamo Kiev 1-4

Óskar Bjarni Óskarsson og Heimir Ríkarðsson byrjuðu á því að koma Valsliðinu af botninum í fyrsta leik:

# Valur marði Selfoss í botnslagnum í gær

**HANDBOLTI** Valsmenn byrja vel undir stjórn Óskars Bjarna Óskarssonar og Heimis Ríkarðssonar en liðið vann eins marks sigur á Selfossi í botnslagnum á Hlíðarenda í gærkvöldi, 26-25, og komst þar með upp úr botnsætinu.

Leikurinn var æsispennandi í lokin en reynsla Valsmanna skilaði þeim sigrinum að lokum. Valsliðið heldur áfram að bæta leik sinn og náði í gríðarlega mikilvæg stig í gær. Hlynur Morthens fór hamförum í marki heimamanna og varði 21 skot, en Selfyssingar voru í stökustu vandræðum með að koma boltanum í netið.

Óskar Bjarni Óskarsson, annar þjálfari Valsmanna, var sáttur með stigin í gær og ánægður með leik sinna manna. „Mér fannst við hafa ákveðin tök á leiknum allan tímann,“ sagði Óskar eftir leikinn.

„Varnarleikurinn hjá okkur var virkilega góður í fyrri hálfleik en náðum ekki að halda áfram á sömu braut í þeim síðari. Selfyssingar náðu að nýta sér veikleika okkar og komust allt of mikið inn í leikinn í lokin. Sóknarleikur okkar er hlutur sem við verðum að vinna í og bæta okkur töluvert á því sviði. Flestir leikmannanna áttu mikið inni í leiknum en ég þarf jafnvel að dreifa álaginu meira og leyfa fleiri strákum að spreyta sig. Úrslitin segja kannski ekki alla söguna en mér fannst þessi sigur aldrei í hættu.“


**VALSMENN Á UPPLEIÐ** Valsararnir Fannar Þorbjörnsson og Valdimar Þórsson taka hér vel á Selfyssingnum Atla Hjörvari Einarssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Júlíus Jónasson, fyrrverandi þjálfari Vals, sagði starfi sínu lausu í gærkvöldi en það virtist ekki hafa mikil áhrif á liðið.

„Þetta var töluvert áfall fyrir hópinn og leiðinlegt fyrir félagið. Hópurinn er jákvæður en ég get ekki sagt hvernig við eigum eftir að taka á þessu. Við verðum bara að halda áfram að bæta okkur og sjá svo til hvar við endum en við erum áfram í bullandi fallbaráttu,“sagði Óskar Bjarni sáttur eftir sigurinn í gær.

Sebastian Alexandersson, þjálfari Selfyssinga, hafði blendnar tilfinningar í lokin.

„Ég er í raun nokkuð ánægður með spilamennskuna hjá okkur, en það var skelfilegt að tapa þessu leik. Við náðum okkur ekki alveg á strik sóknarlega og Hlynur var okkur erfiður í markinu, það má segja að markvarsla hafi verið munurinn á liðunum í kvöld. Það er mjög erfitt að elta allan leikinn á útivelli og við höfðum bara ekki meiri orku í lokin,“sagði Sebastian eftir leikinn í gær. **-sáp**

# Toppliðið mátti hafa fyrir sigrinum

**Akureyri er enn ósigrað á toppi N1-deildar karla eftir nauman sigur á Aftureldingu í æsispennandi leik í Mosfellsbænum í gær. Mosfellingar eru enn að bíða eftir fyrsta sigrinum á heimavelli í deildinni í vetur.**

**HANDBOLTI** Akureyri hafði í gær betur gegn Aftureldingu í æsispennandi viðureign í Mosfellsbænum í gær, 25-24. Norðanmenn eru því enn ósigraðir á toppi deildarinnar með fullt hús stiga.

Um tíma leit þó út fyrir í gær að Akureyri myndi tapa sínum fyrstu stigum í vetur. Eftir jafnan fyrri hálfleik þar sem Mosfellingar voru skrefinu á undan komu gestirnir að norðan af miklum krafti inn í seinni hálfleikinn og ætluðu greinilega að bæta fyrir slappan fyrri hálfleik.

En heimamenn virtust eiga svar við öllu því sem Akureyringar reyndu að gera og skoruðu fjögur mörk í röð. Þar með var staðan orðin 17-13.

Þá tók við kafli þar sem Akureyri skoraði átta mörk gegn einu og bókstaflega ekkert gekk heimamönnum í hag. Sveinbjörn Pétursson, nýbakaður landsliðsmarkvörður, hefur oft átt betri daga í marki Akureyrar en varði á þessum kafla nokkur gríðarlega mikilvæg skot. Mosfellingar misnotuðu tvö vítaskot og gerðu þar að auki mistök í sóknarleik sínum sem Akureyringar refsuðu grimmilega fyrir með hraðaupphlaupsmörkum.

„Sá kafli fór með leikinn fyrir okkur,“ sagði Gunnar Andrésson, þjálfari Aftureldingar, eftir leikinn. „Við komumst í 17-13 og þá keyrðu þeir á okkur. Við vorum að klára okkar sóknir illa og þeir refsuðu okkur fyrir það. Þannig er þetta gegn svona góðum liðum, þau refsa fljótt fyrir mistök andstæðinganna.“

Heimamenn reyndu hvað þeir gátu á síðasta stundarfjórðungnum að bæta fyrir þetta en féllu einfaldlega á tíma. Afturelding fékk síðustu sóknina í leiknum og reyndi að spila Hilmar Stefánsson, sem hefur verið frá vegna meiðsla, frían í hægra horninu. En Hilmar fékk boltann í fótinn og þar með boltinn dæmdur af honum. Einskær óheppni.

Gunnar sagði að lið Aftureldingar væri betra en stigataflan sýnir. „Okkur finnst það. Það tekur á að ganga nú í fjórða skiptið af velli í Mosfellsbæ eftir að hafa tapað leiknum á síðustu mínútum leiksins. Næsti heimaleikur er gegn Selfossi og kemur ekkert annað til greina en að vinna hann. Við eigum þangað til leik gegn Haukum á útivelli sem við ætlum að reyna að vinna líka.“

„Þetta var tæpt en mjög góður sigur,“ sagði Guðlaugur Arnarsson, leikmaður Akureyrar. „Við áttum von á því að mæta sterku liði Aftureldingar í kvöld og var það raunin enda Mosfellingar erfiðir heim að sækja. Þeir spiluðu mjög góða vörn í þessum leik og það vantaði ákveðinn takt í okkar lið. Við vorum ekki jafn beittir og við höfum áður verið. Það er þó gott að vinna svona leiki líka og það sýnir karakterinn sem býr í okkar liði. Við gefumst ekki upp þó svo að við lentum fjórum mörkum undir í seinni hálfleik. Við héldum áfram og kláruðum þetta.“



**Í STRANGRI GÆSLU** Mosfellingar spiluðu oft mjög góðan varnarleik gegn Heimi Erni Árnasyni og félögum í toppliði Akureyrar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kolbeinn Sigþórsson og félagar í AZ Alkmaar eru úr leik í Evrópudeildinni eftir leiki gærkvöldsins:

# Liverpool áfram þrátt fyrir mistök Reina

**FÓTBOLTI** Liverpool gerði 1-1 jafntefli á móti Steaua Búkarest í K-riðli Evrópudeildarinnar í Rúmeníu í gær en þetta eina stig nægði til þess að tryggja Liverpool-mönnum sæti í 32 liða úrslitum keppninnar þótt einn leikur sé eftir. Liverpool er líka búið að tryggja sér sigur í riðlinum en liðið hefur enn ekki tapað leik í keppninni.

Spænski markvörðurinn Jose Reina, bar fyrirliðabandið í forföllum Steven Gerrard og Jamie Carragher en hann gerði sig seka um slæm mistök sem kostaði Liverpool-liðið sigurinn. Það kom þó ekki að sök því hinn leikur riðilsins endaði einnig með jafntefli.

„Við erum ánægðir með að hafa komist áfram í kvöld. Ég gerði mistök í markinu en ég verð bara að taka því og halda áfram. Ég átti að gera miklu betur,“ viðurkenndi Pepe Reina en bætti svo við: „Ég vil hrósa ungu leikmönnum fyrir frammistöðuna í kvöld. Það voru leikmenn í liðinu sem eru ekki með mikla reynslu en þeir sýndu mikinn karakter,“ sagði Reina.

Liverpool er með 9 stig eftir fimm leiki, þremur meira en Steaua og fimm stigum meira en Napoli og Utrecht sem geta ekki náð Liverpool. Liverpool er einnig búið að tryggja sér sigur í riðlinum því liðið er með betri innbyrðisárangur á móti rúmenska liðinu.

Kolbeinn Sigþórsson lék allan leikinn með AZ Alkmaar í 1-1 jafntefli á útivelli á móti Sheriff Tiraspol en hollenska liðið er úr leik eftir úrslitin í gær.

AZ Alkmaar komst yfir í leiknum en það hefði ekki dugað því Dynamo Kiev vann útisigur á toppliði Bate Borisov og tryggði sér með því sæti í 32 liða úrslitunum.

Kolbeinn átti ágætan leik í kuldanum í Moldavíu og var nálægt því að skora í fyrri hálfleik en markvörður Sheriff Tiraspol varði þá frábærlega frá honum. **- óój**



**ÓSÁTTUR** Pepe Reina fékk á sig klaufamark í Búkarest í gær. MYND/AP


Sms
Jólaleikur
Viltu vinna
iPhone 4?
Sendu SMS skeytið ESL JOL
á númerið 1900.
Þú færð spurningu og svarar
með því að senda SMS skeytið
ESL A, B eða C á númerið
1900. Þú gætir unnið!
Aðalvinningur:
iPhone 4
+ 10.000 kr. inneign
hjá Tónlist.is
10. HVER VINNUR!
Geggjaðir aukavinningar!
Kippa af Malti og Appelsíni
DVD myndir
Buddy Holly
GJAFABRÉF
PlayStation Move Starter Pack
T.d. þessir
Guitar Hero Kit
Tölvuleikir
PS3 Move
og margt fleira...
*Aðalvinningar dregnir úr öllum innsendum skeytum 23.desember. Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr./SMS-ið. Þú færð 5 mínútur til að svara spurningu.
Leik lýkur 22.desember 2010
ELKO
EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ
Lindum - Skeifunni - Vefverslun - sími 544 4000 - símsala 575 8115

> **Meg Ryan**

„Það væri alveg hreint frábært ef fólk gæti áttað sig á því að frægt fólk er venjulegt fólk með galla og veikleika en ekki óaðfinnanlegir hálfvitar.“

***Meg Ryan fer með eitt aðalhlutverka í einni af allra vinsælustu og dáðustu rómantísku gamanmynd sögunnar When Harry met Sally, sem er á dagskrá Stöðvar 2 Bíó í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR TRÚIR EKKI TOM

# *Leikið af list í sófanum*

Mannlífs og spjallþáttur Opruh Winfrey fer fram hjá mér alla jafna því þegar hann byrjar á morgnana, klukkan að ganga níu, er það yfirleitt merki þess að við mæðgurnar þurfum að fara að haska okkur út úr dyrunum. Hún í leikskólann, ég í vinnuna. Ég hef þó séð þennan þátt og veit vel út á hvað hann gengur. Stundum er fjallað um hádramatísk mál, fólk opnar sig í sófanum og greinir frá erfiðri lífreynslu. Stundum heimsækir Oprah önnur lönd og menningarheima, sérstaklega þótti mér gaman að sjá þátt þar sem hún heimsótti Kaupmannahöfn eitt sinnið og átti ekki til orð yfir hvað Danir voru ligeglad og hamingjusamir. Gott ef hún var ekki leyst út með rúgbrauði að lokinni heimsókn, lyklinum að heilsu og hamingju þjóðarinnar. Skemmtilegastir eru samt þættirnir þar sem hún fær



stjörnurnar í heimsókn. Það er alltaf gaman að fá innsýn í leikaralífið. Stjörnurnar eru misáhugaverðar og misviðkunnanlegar. Tom Cruise er tíður gestur í sófanum hjá Opruh og sat þar í gærmorgun en hann þykir sérstaklega kumpánlegur við aðdáendur sína. Einhvern veginn hef ég þó á honum illan bifur. Hann er einfaldlega „of“ kupmánlegur og hress. Ég þekki hann auðvitað ekki neitt. Byggi þessa skoðun mína eingöngu á „fréttum“ sem ég les um hann og Katie Holmes í slúðurblöðum og þar segir að hann sé ráðríkur og óþolandi fullkomnunarsinni. Þó þetta séu óáreiðanlegar heimildir í meira lagi á ég samt auðveldara með því að trúa rituðu máli en honum sjálfum fyrir framan myndavélarnar. Hann er jú leikari að atvinnu.

## SJÓNVARPIÐ

**16.00 Gamla brýnið** Heimildarmynd eftir Hjálmtý Heiðdal um hlunnindabúskap í Ófeigsfirði á Ströndum. (e)
**16.50 Jóladagatalið - Jól í Snædal** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Sportið** (e)
**18.00 Manni meistari** (26:26)
**18.25 Jóladagatalið - Jól í Snædal**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Útsvar** Spurningakeppni sveitarfélaganna. Í þessum þætti mætast lið Fjarðabyggðar og Grindavíkurbæjar.
**21.20 Gömlu ljónin** (Secondhand Lions) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2003. Feiminn strákur er sendur til sumardvalar hjá ríkum og sérvitrum frænda sínum í Texas. (e)
**23.10 Barnaby ræður gátuna - Fjórar útfarir og eitt brúðkaup – Fjórar útfarir og eitt brúðkaup** (Midsomer Murders: Four Funerals and a Wedding) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi.
**00.50 Eldhugar** (Catch a Fire) Bresk bíómynd frá 2006. Myndin gerist í Suður-Afríku á tíma aðskilnaðarstefnunnar og segir frá baráttu heiðarlegs manns gegn kúgunarkerfinu. (e)
**02.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 First Wives Club**
**10.00 The Object of My Affection**
**12.00 Mr. Wonderful**
**14.00 First Wives Club**
**16.00 The Object of My Affection**
**18.00 Mr. Wonderful**
**20.00 When Harry Met Sally**
**22.00 Snakes on a Plane**
**00.00 The Thomas Crown Affair**
**02.00 Road Trip**
**04.00 Snakes on a Plane**
**06.00 The Baxter**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Tommi og Jenni, Boowa and Kwala, Lalli
**07.40 Galdrabókin** (3:24)
**07.45 Kalli litli Kanína og vinir**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.05 Mercy** (9:22)
**11.50 Hopkins** (3:7)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ramsay's Kitchen Nightmares** (4:8)
**13.50 La Fea Más Bella** (282:300)
**14.35 La Fea Más Bella** (283:300)
**15.20 Gavin and Stacy** (6:7)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Kalli litli kanína og vinir, Tommi og Jenni
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (6:22)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 Auddi og Sveppi**
**20.00 Dagur rauða nefsins** Bein útsending sem haldin er vegna söfnunarátaks UNICEF á Íslandi handa bágstöddum börnum í Afríku.
**00.00 Confessions of a Shopaholic** Rómantísk gamanmynd um unga stúlku sem glímir við einn stóran og alvarlegan vanda; hún er kaupóð.
**01.45 The Brave One** Spennumynd með Jodie Foster í aðalhlutverki.
**03.50 Crank** Hörkuspennandi mynd um leigumorðingjann Chev Chelios sem er byrlað eitur af keppinauti sínum, sem virkar þannig að ef hann slakar á mun hann deyja.
**05.15 Fréttir og Ísland í dag** Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Steaua - Liverpool**
**17.45 Steaua - Liverpool**
**19.30 Á vellinum** Virkilega skemmtilegur þáttur helgaður ungu íþróttafólki. Fjallað er um íþróttaiðkun barna og ungmenna á fjölbreyttan og fræðandi hátt. Umsjónarmenn eru Ásmundur Haraldsson og Viðar Halldórsson.
**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir skoðaðir.
**20.30 La Liga Report** Leikir helgarinnar í spænska boltanum krufðir til mergjar og hitað upp fyrir leikina á Spáni.
**21.00 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**21.50 European Poker Tour 6 - Pokers** Sýnt frá evrópsku mótaröðinni í póker en að þessu sinni verður farið til Barcelona þar sem pókermenningin er í hávegum höfð.
**22.40 Box - Juan Manuel Marquez - Michael Katsidis**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.00 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta fram hjá sér fara.
**17.00 Stoke - Man. City**
**18.45 Man. Utd. - Blackburn**
**20.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**21.00 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu.
**21.30 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**22.00 Football Legends** Næstur í röðinni er hinn magnaði Raul, leikmaður Real Madrid á Spáni en í þessum þætti verða afrek þessa frábæra leikmanns skoðuð og skyggnst verður á bak við tjöldin.
**22.30 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu.
**23.00 Everton - WBA**

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (12:14) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (12:14) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.45 Rachael Ray**
**17.30 Dr. Phil**
**18.10 Friday Night Lights - Lokaþáttur** (13:13) (e)
**19.00 Melrose Place** (7:18) (e)
**19.45 Family Guy** (11:14) (e)
**20.10 Rules of Engagement** (6:13)
**20.35 The Ricky Gervais Show** (6:13) Bráðfyndin teiknimyndasería frá snillingunum Ricky Gervais og Stephen Merchant, sem eru þekktastir fyrir gamanþættina The Office og Extras.
**21.00 Last Comic Standing** (13:14) Bráðfyndin raunveruleikasería.
**21.45 30 Rock** (1:22) (e)
**22.10 Secret Diary of a Call Girl – Lokaþáttur** (8:8) (e)
**22.40 Law & Order: Special Victims Unit** (17:22) (e)
**23.30 Whose Line is it Anyway?** (1:39) (e)
**23.55 Cyclops** (e) Önnur kvikmyndin af fjórum í myndaflokknum „Fantasy Adventure Collection“.
**01.25 The Ricky Gervais Show** (6:13) (e)
**01.50 Jay Leno** (e)
**03.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**09.00 Dubai World Championship**
**13.00 Dubai World Championship (e)**
**17.10 Golfing World** (e)
**18.00 Golfing World**
**18.50 Dubai World Championship**
**22.50 Golfing World** (e)
**23.40 PGA Tour Yearbooks** (8:10) (e)
**00.40 ESPN America**

## EXTRA

**19.00 American Dad** (3:20) Fimmta teiknimyndaserían um Stan og fjölskyldu hans frá höfundum Family Guy.
**19.25 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**20.10 Smallville** (7:22) Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 NCIS: Los Angeles** (16:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington.
**22.35 Human Target** (7:12) Ævintýralegir spennuþættir um mann sem er hálfgerð ofurhetja og tekur að sér erfið verkefni sem enginn annar getur leyst.
**23.20 Life on Mars** (3:17) Bandarískur sakamálaþáttur sem fjallar um lögregluvarðstjórann Sam.
**00.05 Hopkins** (3:7) Vandaðir þættir um lífið á Hopkins-sjúkrahúsinu í Baltimore og gefur raunsæja mynd af því hvernig spítalalífið er í raun.
**00.50 Smallville** (7:22)
**01.35 Auddi og Sveppi**
**02.05 Fréttir Stöðvar 2**
**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Með Hildu Jönu Gísladóttur.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin tekur til sinna ráða.
**21.00 Vogaverk** Það gerist flest í Vogunum og nú hækkar fasteignaverð þar, ný gamanþáttaröð á ÍNN.
**21.30 Ævintýraboxið** Íslendingar í ævintýraleit með Stefáni Drengssyni á myndavélinni.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




skemmtilegri

# HLÁTURINN LENGIR LÍFIÐ Í KVÖLD!

**Ótrúlega fyndinn söfnunarþáttur fyrir UNICEF kl 20:00 í opinni dagskrá í beinni á Stöð 2**

Misstu ekki af einvala lið gleðigjafa sem fer á kostum fyrir gott málefni í kvöld!

Ilmur Kristjánsdóttir, Pétur Jóhann, Spaugstofan, Steindi jr., Ari Eldjárn, Þorsteinn Guðmundsson, Auðunn Blöndal, Rikka, Edda Björgvins, Nýdönsk, Memfismafían og margir margir fleiri!

unicef
www.rauttnef.is

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR BÍÓ BÍÓ EXTRA EXTRA AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.00**
**Dagur rauða nefsins**

Bein útsending sem haldin er vegna söfnunarátaks UNICEF á Íslandi handa bágstöddum börnum í Afríku. Boðið er upp á veglega skemmtidagskrá þar sem sannkallað landslið íslenskra grínista kemur saman og skemmtir þjóðinni með óborganlegu gríni.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Tilraunaglasið **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.03** Útvarpssagan: Himnaríki og helvíti **15.25** 2+2 eru 5 **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Eyðieyjan **21.10** Hringsól **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.05** Næturtónar

### BBC entertainment

**12.30** The Weakest Link **13.15** Deal or No Deal **13.55** Monarch of the Glen **14.45** ‚Allo ‚Allo! **15.15** ‚Allo ‚Allo! **15.45** Only Fools and Horses **16.20** Hustle **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** My Family **19.30** Whose Line Is It Anyway? **20.00** Whose Line Is It Anyway? **20.30** Survivors **21.20** My Family **21.50** Whose Line Is It Anyway? **22.20** Whose Line Is It Anyway? **22.45** Come Dine With Me **23.10** Come Dine With Me **23.35** Keeping Up Appearances

### DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **12.55** Kommandantens samling **13.00** 6200 Aabenraa **13.30** Sporløs **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **14.30** Boogie Listen **15.30** Absalons Hemmelighed **16.00** Fillmore **16.25** Cowboy, indianer og hest **16.30** Sebastians jul **16.40** Garfield **16.55** Fup og Svindel **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **18.30** Absalons Hemmelighed **19.00** Hva' så Danmark? **20.00** TV Avisen **20.30** The Forbidden Kingdom **22.05** The Hunted **23.35** Boogie Listen

### NRK 1

**12.10** Sjøsprøyt **12.50** Klasse 10 B **13.30** Fredag i hagen **14.00** NRK nyheter **14.10** Poirot **15.00** Filmavisen 1960 **15.10** Hjarte i Afrika **16.00** NRK nyheter **16.10** V-cup skiskyting **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul på Månetoppen **17.30** Filmavisen 1960 **17.40** Distriktsnyheter **18.35** Norge rundt **19.00** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Tause vitner **22.15** Kveldsnytt **22.30** Tause vitner **23.20** Roxy Music for your pleasure

### SVT 1

**13.00** Vinterstudion **13.05** Skidskytte **14.50** Vinterstudion **15.15** Rapport **15.20** Mitt i naturen **15.50** På spåret **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Från Lark Rise till Candleford **18.15** Julkalendern **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Dansbandskampen **20.30** Robins **21.00** Rapport **21.05** Alpint **22.05** Svindlarna **23.05** Min jul **23.10** Grotesco **23.40** Ransom


Salka / MEL

# HAGNÝTAR OG HEIMILISLEGAR

## HLÝJAR HENDUR

***Hlýjar hendur*** seldist tvisvar upp á síðasta ári. Nú er hún komin aftur – endurbætt og í gormi til hagræðis. Bókin er með 53 fallegum og frumlegum vettlingauppskriftum í öllum stærðum.




Frábær gjöf fyrir hannyrðafólk




## UNGA FÓLKIÐ OG ELDHÚSSTÖRFIN

Loksins fáanleg aftur, full af góðum heimilisráðum og uppskriftum að fiskréttum, kjötréttum, brauði, súpum og grænmetisréttum sem auðvelt er að fylgja. Einnig geymir hún leiðbeiningar um hagkvæm matarinnkaup, þvotta og þrif.

Handa þeim sem eru að byrja að búa

salka.is • Skipholti 50c • 105 Reykjavík

Salka

DAGUR RAUÐA NEFSINS 2010

unicef



512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**FÖSTUDAGSLAGIÐ**



*„Ég myndi segja What's My Name með Rihönnu þegar ég fer á djammið en til að koma mér í jólaskapið er það All I Want for Christmas Is You með Mariuh Carey.“*

Vala Grand

# Irena er á höttunum eftir athygli

„Mín tilfinning er sú að hún sé bara að sækjast eftir athygli,“ segir Kjartan Már Magnússon ljósmyndari. Eitt heitasta málið í tískuheiminum um þessar mundir er deila spænsku útgáfunnar af karlatímaritinu GQ og fyrirsætunnur Irinu Shayk sem er unnusta portúgalska knattspyrnukappans Cristiano Ronaldo. Shayk hyggst leita réttar síns vegna nektarmynda sem birtust í blaðinu en fyrirsætan heldur því fram að hún hafi alls ekki verið nakin heldur hafi fötin verið fjarlægð með Photoshop.

Ljósmyndarinn sem tók myndirnar heitir Vincent Peters og er feykilega virtur í sínu fagi. Hann og Kjartan eru góðir vinir, hafa unnið saman og halda góðu sambandi. Vincent hefur meðal annars sent Kjartani myndirnar sem málið snýst um og Fréttablaðið hefur fengið að sjá þær en hefur ekki leyfi til að birta þær enda væri það brot á höfundarrétti. Á óunninni myndinni sést húðlitaður strengur um mittið á fyrirsætunni. Þegar forritið hefur verið notað er strengurinn á bak og burt. Kjartan Már bendir á að Irina sé Victoria's Secret fyrirsæta og hún vinni við að vera á nærbuxunum. „Myndirnar eru smekklegar að mínu mati og þetta er ekki Vincent að kenna, hann gerði þetta bara í góðri trú.“





**UMDEILD MYNDATAKA** Kjartan Már, góðvinur ljósmyndarans Vincent Peters sem tók myndirnar af Irinu, segir fyrirsætuna vera á höttunum eftir athygli. Efnislítill þvengur sem fyrirsætan klæddist var fjarlægður og fyrirsætan hyggst fara í mál við tímaritið GQ af þeim sökum.

Ljósmyndarinn segist sannfærður um að Irina sé að leita eftir athygli og hún hafi fengið hana. „Þetta er ekki drottningin og hún hefði aldrei fengið þessa athygli ef ekki hefði verið vegna þessa máls.“

- fgg


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Leitin að jólunum**

| | | |
|---|---|---|
| Lau 4.12. Kl. 11:00 U | Lau 11.12. Kl. 11:00 U | Lau 18.12. Kl. 11:00 U |
| Lau 4.12. Kl. 13:00 U | Lau 11.12. Kl. 13:00 U | Lau 18.12. Kl. 13:00 U |
| Lau 4.12. Kl. 14:30 U | Lau 11.12. Kl. 14:30 U | Lau 18.12. Kl. 14:30 U |
| Sun 5.12. Kl. 11:00 U | Sun 12.12. Kl. 11:00 U | Sun 19.12. Kl. 11:00 U |
| Sun 5.12. Kl. 13:00 U | Sun 12.12. Kl. 13:00 U | Sun 19.12. Kl. 13:00 U |
| Sun 5.12. Kl. 14:30 U | Sun 12.12. Kl. 14:30 U | Sun 19.12. Kl. 14:30 U |

**Finnski hesturinn** (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Lau 4.12. Kl. 20:00 Ö | Sun 5.12. Kl. 20:00 Síðasta sýn. Ö |

**Fíasól** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 5.12. Kl. 13:00 Ö | Sun 19.12. Kl. 13:00 | Fim 30.12. Kl. 16:00 Ö |
| Sun 5.12. Kl. 15:00 Ö | Sun 19.12. Kl. 15:00 | Sun 2.1. Kl. 13:00 |
| Sun 12.12. Kl. 13:00 | Þri 28.12. Kl. 16:00 Ö | Sun 2.1. Kl. 15:00 |
| Sun 12.12. Kl. 15:00 | Mið 29.12. Kl. 16:00 U | |

**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 3.12. Kl. 20:00 Ö | Lau 4.12. Kl. 20:00 Ö | Fös 10.12. Kl. 20:00 Aukas. Ö |

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 10.12. Kl. 19:00 Aukas. U | Fim 30.12. Kl. 19:00 U | Sun 16.1. Kl. 19:00 Ö |
| Lau 11.12. Kl. 19:00 Aukas. U | Fös 7.1. Kl. 19:00 Ö | Lau 22.1. Kl. 19:00 |
| Sun 12.12. Kl. 19:00 Aukas. U | Lau 15.1. Kl. 19:00 Ö | Sun 23.1. Kl. 19:00 |

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Fös 2.12. Kl. 20:00 Ö | Fim 3.12. Kl. 20:00 Aukas. U |

**Lér konungur** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 26.12. Kl. 20:00 Frums. U | Lau 8.1. Kl. 20:00 4. sýn Ö | Fös 14.1. Kl. 20:00 7. sýn Ö |
| Þri 28.12. Kl. 20:00 2. sýn Ö | Sun 9.1. Kl. 20:00 5. sýn Ö | Fös 21.1. Kl. 20:00 8. sýn |
| Mið 29.12. Kl. 20:00 3. sýn Ö | Fim 13.1. Kl. 20:00 6. sýn Ö | |

FINNSKI HESTURINN „Fimm stjörnu Ólafía Hrönn“ GB, Mbl




**LEITAR AÐ HAMINGJUNNI** Ásdís Olsen ætlar að leita að hamingjunni með fimm íslenskum pörum í nýrri raunveruleikaseríu sem verður sýnd á Stöð 2.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**ÁSDÍS OLSEN:** ÉG HEF GENGIÐ MEÐ ÞENNAN DRAUM LENGI Í MAGANUM

# Raunveruleikaþáttaröð um leitina að hamingjunni

„Þetta er algjört draumaverkefni sem ég hef gengið með í maganum ansi lengi,“ segir Ásdís Olsen sálfræðingur. Hún stýrir nýrri raunveruleikaþáttaseríu sem hefur göngu sína á Stöð 2 í febrúar á næsta ári. Í stað þess að fólk stingi hvert annað í bakið, verði komið fyrir á eyðieyju eða látið búa saman í kommúnu eins og raunveruleikaþátta er siður fjallar raunveruleikaserían um leitina að hamingjunni og hefur verið gefið vinnuheitið Hamingjan sanna.

Á næstunni verður auglýst eftir fimm pörum til að taka þátt í verkefninu en það er Saga Film sem framleiðir. „Þættirnir verða byggðir á bókunum sem við höfum verið að gefa út,“ útskýrir Ásdís og vísar þar meðal annars til bókar dr. Tal Ben-Shahar, Meiri hamingja, sem sló eftirminnilega í gegn um síðustu jól en hann kom einmitt til Íslands og hélt fyrirlestur í Vodafone-höllinni sem var vel sóttur.

Ásdís segir það mikinn heiður fyrir sig að fá að auka hamingju þjóðarinnar. Hún ætli að gera það með því að nota aðferðir úr jákvæðri sálfræði, sem að hennar sögn hefur gert ótrúlega hluti fyrir fólk. „Pörin taka þátt í alls konar æfingum og verkefnum sem maður þarf að gera til að auka hamingju sína,“ útskýrir Ásdís og bendir á að jákvæði sálfræði sé skemmtileg og aðgengileg fræði. „Þessi tegund af sálfræði hefur sýnt og sannað að hún virkar ótrúlega vel, ég hef verið með þetta prógramm í mörg ár í kennslu uppi í háskóla og þetta hefur verið opinberun fyrir marga. Það eru ekki bara aðstæðurnar og ytra umhverfi sem ráða því hvernig okkur líður heldur við sjálf.“

Ásdís segir að þátttakendur verði að vera reiðubúnir til að leggjast í sjálfskoðun og ögra sjálfum sér því áhorfendur fái að fylgjast með hvernig þeim gangi á sjónvarpsskjánum heima. „Þau munu gera upp gamlar syndir, þakka gamla kennaranum sínum fyrir, semja við bankastjórann um skuldirnar, segja upp vinnunni og fara í nám. Þetta verða krossgöturnar í lífi hvers og eins og við ætlum að biðja fólk um að setja sig aðeins inn í líf sitt, vega það og meta.“

freyrgigja@frettabladid.is


VINSÆL VERÐLAUNABÓK

2. PRENTUN KOMIN

„... innihaldsrík, afskaplega vönduð og sögð á leikandi léttan hátt.“

Ingveldur Geirsdóttir / Morgunblaðið

„... merkileg bók ... falleg og óvenjuleg.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan, RÚV







VAKA-HELGAFELL

www.forlagid.is

„Höfundi er mikið niðri fyrir en höndlar efnið af næmleik og stillingu.“

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttatíminn

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA AF LANDSBYGGÐINNI

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

vísir.is


# Óvænt sena í miðnætursýningu

„Í rauninni hefði þetta alveg eins getað verið planað. Samræðurnar pössuðu einhvern veginn alveg við efnivið verksins,“ segir leikarinn Stefán Hallur Stefánsson, en undarleg uppákoma átti sér stað á miðnætursýningu Mojito á laugardaginn. „Þegar leikritið var hálfnað fann einn leikhúsgesturinn hjá sér þörf til að trufla sýninguna og tilkynna öllum að hann ætti konu frá Marokkó,“ segir Stefán Hallur, en í verkinu er meðal annars talað um austurlenskar konur og að það þurfi að bera virðingu fyrir menningu annarra landa. Maðurinn lét í sér heyra nokkrum sinnum meðan á sýningunni stóð og á endanum þurfti Stefán Hallur sjálfur að grípa inn í. „Við þurftum að biðja hann um að hafa sig hægan á meðan við kláruðum sýninguna.“

Hann segir þetta hafa verið ansi áhugavert. „Samræðurnar okkar á milli voru það skemmtilegar að margir spurðu mig eftir á hvort þetta hefði verið hluti sýningarinnar. Við vildum í rauninni bara skrifa niður þessar samræður og bæta þeim á einhvern hátt inn í efnið,“ segir Stefán Hallur og hlær. Þeir sem koma að sjá Mojito í Tjarnarbíói fá einn mojito við innganginn. Heldur Stefán Hallur að maðurinn hafi fengið sér fleiri en einn mojito? „Eigum við ekki að segja það?“ segir Stefán Hallur í léttum dúr.

- ka



**ÞURFTI AÐ GRÍPA INN Í** Stefán Hallur þurfti að segja leikhúsgesti að hafa sig hægan á miðnætursýningu Mojito á laugardaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8
7.900,- kr
Saiko
dömuúlpa
11.990,- kr
Verð áður: 14.990,-
Jakkaföt
2 gerðir
ESJA
Ný Íslensk hönnun
20%
AFSLÁTTUR
Esju
Útivistarvörur
AFSLÁTTARHELGI
3.- 5. DESEMBER
Snyrtivörur
nú enn meira úrval
20%
AFSLÁTTUR
40%
AFSLÁTTUR
Xti
dömuskór
30%
AFSLÁTTUR
Tommy Hilfiger
Herraskyrtur
3 FYRIR 2
TILBOÐ
Gæða amerískur
jólapappír
Cafe Milano
Hagkaup Skeifunni
GULA HÚSIÐ
www.gulahusid.is
LENGRI OPNUNARTÍMI UM HELGINA:
OPIÐ FRÁ 10 TIL 20 LÍKT OG VIRKA DAGA!

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR.IS Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hver (m)á hvað hjá RÚV?

Ríkisútvarpið afþakkaði fyrir nokkru pistlaskrif Láru Hönnu Einarsdóttur vegna þess að hún hafði þáð boð um að verða fastur penni á launum fyrir Smuguna, vefrit VG. „Þar birti hún meðal annars sömu pistla og hún hafði flutt í Morgunútvarpinu og fengið greitt fyrir,“ bentu umsjónarmenn morgun- og síðdegisútvarps Rásar tvö á í yfirlýsingu í nóvember. „Þetta samræmist, að okkar mati, ekki ritstjórnarstefnu dægurmáladeildar fréttastofunnar og kröfunni um hlutleysi Ríkisútvarpsins.“ Spurning hvernig þeim hugnast þá að **Magnús Hlynur Hreiðarsson** fréttamaður RÚV hafi gefið út DVD-diskinn „85 fréttir á 85 mínútum“, fréttir sem hann fékk væntanlega greitt fyrir að búa til fyrir RÚV á sínum tíma.



### Til í smá stuð

Norska Eurovision-stjarnan **Alexander Rybak** lendir á landinu í kvöld en hann syngur ásamt valinkunnum listamönnum á Jólagestum Björgvins Halldórssonar. Rybak hyggst nota föstudagskvöldið skynsamlega og ætlar að fara út að borða ásamt annarri stjörnu, Paul Potts. Síðan taka við stanslausar æfingar og tónleikar en Rybak ku vera heitur fyrir því að kíkja aðeins út á lífið á laugardagskvöldinu. Verður forvitnilegt að sjá hvort hann nýtur viðlíka vinsælda hjá kvenþjóðinni og sjónvarpsstjörnurnar sem sóttu landið heim um liðna helgi.



## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Segjast hafa fundið lækningu við Parkinsonsveikinni
2. Þorvarður sá svart – ætlaði ekki að bana föður sínum
3. Naktar breskar fyllibyttur slá í gegn á YouTube
4. Fundinn?
5. Sigurjón verst riftun og segist gjaldþrota gangi hún eftir


22.00

Opið til 10 öll kvöld frá 1. des. til jóla.

byggtogbúið TIGER KRINGLUNNI


